

# LAGAÐANKAR

Safn greina um réttarframkvæmd  
og lögfræði frá ýmsum tímum

Páll Sigurðsson

Páll Sigurðsson

# LAGAÞANKAR

Safn greina um réttarframkvæmd  
og lögfræði frá ýmsum tímum

Lagastofnun Háskóla Íslands

Reykjavík 2016

Lagastofnun Háskóla Íslands  
Reykjavík 2016

© Páll Sigurðsson 2016  
öll réttindi áskilin

Umbrot: Háskólaprent  
Prentun og prentumsjón: Háskólaprent

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefenda.

ISBN  
978-9979-9827-8-4

## Efnisyfirlit

Dómhúsið, sem gufaði upp	7
Inngangur	8
Nánar um húsnæðismál réttarins – Hrakningasaga fyrstu starfsáranna	9
Dómhúsið, sem aldrei var byggt	13
Lokaorð	18
Höfuðbúnaður kvenna, sem mótast af trúarlegum ástæðum	21
Almennt	22
Ýmis viðhorf	24
Hvað segir Kóraninn?	26
Búrkan og bílstjórinn	28
Lokaorð	30
Jarðakaup að fornum rétti	33
Almennt	35
Kaupsamningar um fasteignir	38
Aðrir fjármunagæringar varðandi fasteignir samkvæmt Grágás	38
Fylgifé með fasteign og skyld atriði	40
Samningshæfi	41
Kaupverð	42
Gjalddagi og afhending	43
Einkaréttur yfir landi – Lýrittur	43
Landabrigði – Brigðaréttur	44
Formreglur og skyld atriði	44
Merkjaganga	49
Vanefndir í jarðakaupum	50
Lokaorð	54
Lögfræði og kvenleg fegurð	57
Löggjöfin, siðgæðið og þjóðarsálin	65
Almennt	66
Refsiákvæði um „almenn“ meidyrði	70
„Almennt“ refsíákvæði um guðlast	73
Skiptar skoðanir um tilveru eða afnám 125. gr. hegningarlaganna	75
Er ákvæðinu um „almenn“ meidyrði ofaukið í hegningarlögum?	77
Guðlast	79
Lokaorð	81
Satt eða logið	83
Sáttanefndir	89
Inngangur	90
Ýmis skrif um sáttanefndir	91
Sáttanefndir settar á stofn	94

Meginatriði eldri laga fram til 1936 . . . . .	97
Ákvæði laga nr. 85/1936 . . . . .	99
Gagnrýni á gildi sáttanefnda – Vægi þeirra minnkar . . . . .	103
Sáttanefndir lagðar niður – Sáttastörf dómstóla . . . . .	105
Lokaorð . . . . .	106
Sjálfstæði háskóla og réttarstaða háskólaborgara fyrr á tíð . . . . .	109
Sjálfstæði og valdsvið háskólanna . . . . .	110
Háskólaborgarar – Háskólaborgarabréf . . . . .	113
Árétting á mikilvægi sjálfstæðis háskólanna, einkum við kennslu og rannsóknir . . . . .	116
Nánar um háskólaborgara og lögsögu háskólanna . . . . .	118
Viðurlög í akademískum refsimálum – Stúdentafangelsin . . . . .	121
Leifar af lögsögu og dómsvaldi háskólanna . . . . .	125
Gömul flökkusaga í íslenskum búningi . . . . .	127
„Stóri bróðir“ og listin . . . . .	129
Inngangur . . . . .	130
Bókarspjöll . . . . .	132
Leiksýningar . . . . .	136
„Ég vild' ég væri ...“ . . . . .	138
Ýmis lög, sem bönnuð voru í Ríkisútvarpinu . . . . .	140
Hafmeyjan í Tjörninni . . . . .	141
Háðungarsýning á listaverkum . . . . .	143
Klám og kvikmyndaeftirlit . . . . .	147
Lokaorð . . . . .	149
Tveir norðlenskir lögskýrendur . . . . .	151
Inngangur . . . . .	152
Lögbókin gamla, Jónsbók . . . . .	152
Þörf fyrir lögbókarskýringar . . . . .	153
Nánar um lögbókarskýringar Páls Vídalíns . . . . .	155
Prentaðar útgáfur lögbókarskýringa Páls lögmanns . . . . .	157
Örlítið um Björn á Skarðsá . . . . .	158
Lagaskrif Skarðsárbónnda . . . . .	159
Skýringar á dimmum fornyrðum lögbókar . . . . .	161
Lokaorð . . . . .	162
Heimildaskrá . . . . .	165
Skrá um bækur eftir Pál Sigurðsson . . . . .	169

## Formáli

Í þessari bók eru saman komnar allnokkrar greinar, er varða efni, sem á einn eða annan hátt snertir lög og lögfræði, en þó með mismunandi nánnum tengslum við hefðbundnar greinar lögfræðinnar.

Um margt er efnisvalið með frjálsslegra sniði en venjan er um hefðbundna þætti, sem snúa t.d. að laganemum í námi þeirra. Ýmsar greinanna eru sögulegs eðlis og fjalla um áhugaverðar menningarminjar, er snerta lögfræðina, réttarframkvæmdina og sögu háskólanna.

Allar eru greinarnar til orðnar eftir að ég lét af starfi mínu sem prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands haustið 2014 og vænti ég þess að þær endurspegli ýmis áhugamál mín, er lögfræði tengjast en sem ég hafði aldrei tök á að huga mikið að meðan ég gegndi starfi mínu og daglegar skyldur kölluðu sífellt á orku og tíma.

Allt frá starfslokum mínum hef ég notið þess að eiga vinnuafdrepp í Lögbergi, mínum gamla vinnustað (þótt með öðrum hætti sé en fyrrum), og færi ég Félagsvísindasviði og Lagadeild þakkir fyrir þá aðstöðu.

Lögbergi, 17. júní 2016





# Dómhúsið, sem gufaði upp

Tillögur að nýbyggingu fyrir Landsyfirrétt Íslands, sem ekki komust til framkvæmda

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	8
2. Nánar um húsnæðismál réttarins – Hrakningasaga fyrstu starfsáranna.....	9
3. Dómhúsið, sem aldrei var byggt.....	13
4. Lokaorð.....	18



## 1. Inngangur

Þau tíðindi urðu í réttarfarssögu Íslendinga um aldamótin 1800, að áfrýjunardómstólar landsins – Lögþingið og Yfirréttur, er störfuðu á Þingvöllum stuttan tíma ár hvert – voru lagðir af en nýr dómstóll, *Hinn konunglegi íslenski Landsyfírréttur*, þess í stað stofnaður á grundvelli konungsbréfs frá 11. Júlí 1800.<sup>[1]</sup> Sá dómstóll starfaði frá upphafi í Reykjavík. Hann var fyrst settur formlega 10. ágúst 1801 en fyrsti dómur hans var kveðinn upp 29. júní 1802. Landsyfírréttur var síðan æðsti dómstóll (áfrýjunardómstóll) hér innanlands fram til 1919, en dómum hans mátti áfrýja til Hæstaréttar í Kaupmannahöfn, allt þar til Hæstiréttur Ísland leysti Landsyfírréttinn af hólmi árið 1920. Síðasti dómur Landsyfírréttar var kveðinn upp 22. desember 1919.

Ýmsar ástæður lágu til þess, að Alþingi hið forna á Þingvöllum, með stofnunum er því tengdust, var lagt af, en hér skulu þær ekki raktar. Vitaskuld var að því stefnt, að starfsemi hins nýja dómstóls yrði til þess að auka réttaröryggi í landinu. Þess nægir að geta, að húskumbandi sá, er hýsti starfsemina á hinum gamla lögþingsstað, var orðinn svo illa farinn síðari starfsárin þar, að hann hélt hvorki vatni né vindum og var beinlínis orðið heilsuspillandi að norpa þar yfir dómum og öðrum embættisstörfum. Verður því að ætla, að þeir mætu menn, er í fyrstu voru ætluð sæti í Landsyfírréttinum nýja, hafi hugsað gott til glóðarinnar að komast í miklu betri húsakynni í Reykjavík og í fyrstu ekki geta látið sér detta annað í hug en að þau myndu hæfa vel þeirri virðingu, sem ætlast mátti til að borgarar landsins sem og embættismenn sýndu hinum nýja dómstóli.

Eins og nánar verður vikið að hér á eftir var í upphafi gert ráð fyrir því, að byggt yrði sérstakt hús fyrir Landsyfírréttinn – en það var aldrei reist, og má öruggt telja, að stjórnvöld hafi óað svo við áætluðum byggingarkostnaði hæfilegs dómhúss, að þau hafi fremur viljað notast við önnur og ódýrari hýsingarúrræði, með því að troða réttinum inn í eitthvert þeirra örfáu húsa, sem þá voru risin í Reykjavík. Ljóst varð þó frá upphafi, að þess háttar lausnir væru aðeins til bráðabirgða, en svo virðist að þegar nokkur ár voru liðin frá aldamótum 1800 hafi hugmyndir um nýtt og sérhannað dómhús koðnað niður.

---

1. Sbr. Lovsamling for Island VI, bls. 464 og áfr. Um hinn nýja áfrýjunardómstól sjá nánar ritið „Landsyfírdómurinn 1800-1919 – Sögulegt yfirlit“ eftir Björn Þórðarson, Reykjavík 1947.

Merkilegt má heita, hvað sem öðru líður, að undirbúningur undir starfsemi Landsyfrréttar skyldi ekki einkennast af meiri metnaði æðstu stjórnvalda í Kaupmannahöfn en raun bar vitni um. Einkum á það við um húsnaðismálin. Af sjálfu sér leiddi, að dómnum væri valinn staður í Reykjavík, sem þá var orðinn „höfuðstaður“ landsins enda þótt um smáþorp eitt væri að ræða.

Á þessum árum var farið að byggja sæmilega myndarleg timburhús, svo sem verslunarhús og örfá íbúðarhús kaupmanna og embættismanna, í Kvosinni, en þurrabýli fátæks fólks, sjómanna, smábænda og verkamanna, mátti líta á holtunum kringum þorpið. Stærstu húsin voru annars vegar *Fangahúsið* (síðar Stjórnarráðshúsið, sem nú um stundir hýsir embætti forsætisráðherra) – þá enn í fullu gildi sem afplánunarstaður dæmdra afbrotamanna en aflagt til þeirra hluta snemma á 19. öld – og hins vegar *Skólahúsið á Hólavelli*, sem tekið var í notkun 1786 en lagt niður til skólahalds 1804-1805. Það hús stóð vestan megin við Tjörnina norðanverða en var þó talið vera nokkuð utan hins eiginlega kaupstaðar!

## 2. Nánar um húsnaðismál réttarins – Hrakningasaga fyrstu starfsáranna

Eftir að ljóst varð, að allnokkurn tíma tæki að byggja nýtt hús fyrir Landsyfrréttinn (ef það reyndist á annað borð viðráðanlegt sökum kostnaðar) lá beint við að finna starfsemi dómsins stað í einhverju húsi, sem fyrir var, að minnsta kosti til bráðabirgða. Beindust sjónir yfirvalda þá einkum að þeim tveimur húsum, sem hér voru áður nefnd.

Var þá sú hugmynd uppi meðal stjórnarherra í Kaupmannahöfn, að troða dómnum með einhverjum hætti inn í fangelsisbygginguna, eins þó að fangar yrðu þá að deila því húsnaði með hinum virðulegu dómurum! Meðal annars var þá lagt til, að vandlega yrði skoðað, hvort ekki mætti bæta einni hæð ofan á Fangahúsið og yrði hún réttinum til afnota. Kemur þetta fram í stjórnarskjöllum frá því laust eftir 1800, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni Íslands.<sup>[2]</sup> Ljóst var þó, að slík framkvæmd

---

2. *Sigrúnu Guðjónsdóttur*, handritaverði á Landsbókasafni-Háskólabókasafni, eru hér með færðar þakkir fyrir aðstoð hennar við að lesa úr ýmsum gömlum stjórnarskjöllum varðandi þetta mál, sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni.

myndi meðal annars hafa talsverðan kostnað í för með sér og var því horfið frá þessari hugmynd.

Þess í stað var sú ákvörðun tekin, í samráði við stiftamtman, að rétturinn fengi til afnota dálítið rými í *Hólavallaskóla*, og yrði þá að deila húsakynnum með skólapiltum og kennurum.

Ekki fer á milli mála, að skólahúsið, sem var timburhús, var illa byggt og heilsuspillandi, vindar nauðuðu þar um stofurnar, bæði kennslustofur, heimavist nemenda og dómsalinn. Meðal annars af þeim sökum var skólahald lagt þar niður 1805 og skólinn fluttur til Bessastaða, þar sem hann starfaði í nokkra áratugi, eins og kunnugt er, áður en hann var á ný færður til Reykjavíkur eftir að þar hafði verið byggt nýtt og vandað skólahús, sem enn þjónar sínu hlutverki (hús Menntaskólans í Reykjavík). Landsyfirrætturinn var hins vegar enn um sinn í þessu niðurnídda húsi, eftir að skólinn var farinn – þannig að rúmt hefur þá verið um dómstólinn í þessari „höll vindanna“, þótt aðbúnaðurinn væri enn sem fyrr hraklegur og færi þó hratt versnandi enda engu til kostað að bæta úr aðstæðum.

Mátti með sanni segja, að stjórnin héldi utan um hvern ríkisdal, sem komið gat til greina að leggja í aðbúnað þessa ædsta innlenda dómstóls. Kom fyrir ekki þótt dómstjórinn, *Magnús Stephensen konferensráð*, sendi viðkomandi háyfirvöldum kvartanir og áskoranir um að bæta úr aðstæðum: Hann mætti að jafnaði tómlæti af hálfu fjármálayfirvalda.

Er réttur skyldi haldinn 3. febrúar 1807 var svo komið málum, að alls ekki varð lengur við unað og dómurarnir treystu sér hreinlega ekki til að athafna sig í skólahúsinu. Í bréfi, sem dómstjóri og einn dómari annar rituðu stiftamtmanni þann dag, segir m.a.:

En i Dag rasende Storm og højst poeeterende Kulde gjør det for Liv og Helbred farligt for Rettens svagelige Medlemmer at holde Session i det saa højt liggende for Blæst og Træk, gennem aabne Vinduer, Gulv og Dør, udsatte Skoleværelse, denne Gang.<sup>[3]</sup>

Ljóst var nú orðið, að ekki væri lengur unnt fyrir réttinn að starfa í skólahúsinu og leyfði því stiftamtmaður honum tímabundna „neyðaraðstöðu“ í íbúðarhúsi sínu, sem seinna varð Austurstræti 22, en þangað flutti rétturinn svo til langrar dvalar mörgum árum seinna, 1820 (sjá nánar síðar).

---

3. Tilvitnun tekin úr riti *Björns Þórðarsonar*: Landsyfirdómurinn, bls. 65

Nú loksins brást amtmaður snarlega við og um miðjan febrúarmánuð keypti hann fyrir hönd stjórnarinnar nýlegt hús í Reykjavík fyrir Landsyfírréttinn. Kaupverðið, á uppboði, var 1006 dalir. Húsið – sem var rífið fyrir löngu síðan – stóð á lóð, sem síðar var auðkennd sem *Austurstræti 4*, og var það fyrsta húsið, er reis við Austurstræti. Hafði það áður verið í eigu danskra manna, sem kenndir voru við hina svonefndu „Randersku verslun“. Hafði þar áður verið verslað og búið. Lengd hússins var 20 álnir en breiddin 12 álnir, eins og segir í úttektargerð, sem staðfest var vegna eigendaskiptanna. Dómsalur var á neðri hæð og auk þess tvö herbergi, sem voru afdrep handa dómendum, og eitt herbergi handa öðrum lögregluþjóni hins vaxandi þéttbýliskjarna.<sup>[4]</sup> Nauðsynleg en mjög einföld og ódýr húsgögn voru keypt í húsnæðið en heildarkostnaður vegna húskaupanna og húsgagna mátti þó ekki fara yfir 1600 dali.

Þegar rétturinn þurfti ekki á dómsalum að halda var hann stundum notaður fyrir skemmtanir, svo sem dansleiki og sjónleiki, á vegum Reykjavíkurklúbbsins svonefnda. Voru þá bekkir fengnir að láni úr dómkirkjunni, sem sumum fannst þó vera óviðeigandi.<sup>[5]</sup> Verður varla sagt með sanni, að þessar aðstæður hafi orðið til að auka veg og virðingu réttarins.

Svo virðist sem þetta húsnæði, þótt fremur einfalt og frumstætt væri, hafi verið mun skárra en stofan í skólahúsinu á Hólavelli, sem rétturinn notaði áður, að minnsta kosti var það ekki talið vera heilsuspillandi! Venja var að kenna hús þetta við Yfírréttinn, en eftir að hann flutti um síðir í húsið að Austurstræti 22 var eldra húsið enn um hríð gjarna kallað „Gamla Yfírréttarhúsið“.

Næst urðu tíðindi í húsnæðismálum Landsyfírréttar, þegar hann flutti í húsið, sem löngum hefur verið auðkennt sem *Austurstræti 22*, en þar hafði áður verið embættisbústaður stiftamtanna. Ísleifur Einarsson, dómari við Landsyfírréttinn, hafði látið reisa þetta bjálkahús rétt eftir aldamótin 1800, og var það allvandað miðað við það sem þá gerðist. Það var 21 alin á lengd en 11 álnir á breidd. Fór flutningurinn fram í októbermánuði 1820, en stiftamtmaður hafði áður flutt setur sitt í Fangahúsið fyrrverandi á Arnarhóli (nú Stjórnarráðshúsið gamla við

- 
4. Grunnmynd hússins (að vísu ógreinileg), eftir fyrrnefndri úttekt (skoðunargerð), er birt í ritinu „Kvosin – Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur“ eftir *Guðmund Ingólfsson, Guðnyju Gerði Gunnarsdóttur og Hjörleif Stefánsson* (Reykjavík 1987), bls. 148.
  5. Sjá m.a. *Björn Þórðarson*: Landsyfírdómurinn, bls. 66.

Lækjartorg) með ærnum tilkostnaði. Sæmilegur salur var í stiftamtmannshúsinu fyrrverandi, sem nú var farið að kenna við Yfirréttinn („Nýrra Yfirréttarhúsið“). Í honum hafði meðal annars verið haldinn frægur dansleikur á vegum Jörundar hundadagakonungs, sem notaði húsið um hríð sumarið 1809, eftir að þáverandi stiftamtmaður hafði verið handtekinn og komið fyrir „til geymslu“ í skipi, sem lá úti á höfninni. Reyndar hafði komið til tals um þetta leyti, að rétturinn fengi inni í Fangahúsinu fyrrverandi ásamt stiftamtmanni en það þótti ekki ráðlegt þegar til kom. Í sögu Landsyfírréttarins segir *Björn Þórðarson*:

Í sama húsi [þ.e. Austurstræti 22] fékk einnig bæjarþingið húsnaði og einn lögregluþjónn. Með kanselíbr. 3. maí 1823 var gerð sú ráðstöfun um notkun hússins, að þingstofa yfirréttarins var niðri hægra megin við innganginn, sem var á miðri norðurhlið hússins [sem snýr að Austurstræti, innskot mitt, PS], en til vinstri handar bæjarþingstofan, sem einnig var notuð fyrir uppboð og þess konar. Eldhús og eitt herbergi niðri hafði lögregluþjónninn, en dómendur yfirréttarins höfðu til afnota tvö kvistherbergi uppi í húsinu, og var annað þeirra með ofni. Gamla yfirréttarhúsið var selt, og fengust fyrir það rúmir 400 rdl.<sup>[6]</sup>

Hús þetta hafði Landsyfírrétturinn til sinna nota þar til 1874, er hann flutti í nýtt húsnaði á Skólavörðustíg, *Hegningarbúsið nýja*, sem hýsti síðan jafnt dómendur og fanga (ef svo má að orði komast) um langa hríð! Var aðstaða dómsins á efri hæð hússins. Verður sú saga ekki rakin hér nánar. Þá flutti *Prestaskólinn* inn í húsið að Austurstræti 22, er Landsyfírrétturinn var farinn þaðan, og var þar síðan til húsa þar til Háskóli Íslands var settur á stofn 1911, en guðfræðingarnir fengu þá inni í Alþingshúsinu við Austurvöll eins og aðrar deildir Háskólans nýja. Síðar var meðal annars veslun rekin í húsinu um langt skeið.

Þetta merka hús brann til grunna á árinu 2007 en var endurreist skömmu síðar sem næst sinni upphaflegu mynd (að minnsta kosti hvað útlit varðar) og prýðir nú Austurstræti. Er þar nú rekinn veitingastaður eins og kunnugt er.

Ekki er að efa, að sparsemi hafi löngum gætt af hálfu æðstu stjórnvalda Íslandsmála varðandi aðbúð réttarins í umræddu húsi. Sumarið 1854 var þó ráðist í vissar umbætur á húsnaðinu og aðstaða réttarins þannig bætt allnokkuð. Í blaðinu Þjóðólfi, 1. tbl. 7. árg. 1854, sem kom út 4. nóvember það ár, segir um þetta:<sup>[7]</sup>

---

6. *Björn Þórðarson*, Landsyfírdómurinn, bls. 74


7. Tilv. tölublað, bls. 4.



*Hólavallaskóli. Hér var Landsyfírréttur til húsa um skeið.*



*Austurstræti 4 og Veltusund 3. Á þessum stað var aðsetur Landsyfírréttar í allmörg ár.*



*Austurstræti 22 í sinni upphaflegu mynd. Um alllangt skeið hýsti þessi bygging Landsyfírrétt.*



*Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Á efri hæð var lengi aðsetur Landsyfírréttar og síðar Hestaréttar.*

Eptir tilhlutun stiptamtamanns vors greifa Trampe hefir „Yfírréttarhúsið“, sem kallað er, hér í bænum, þar sem yfírdómur landsins er haldinn, fengið prýðilega lagfæringu á þessu sumri. Yfírdómsstofan var lengi höfð í vesturenda hússins (til hægri handar úr fordyrinu), en Rósenörn stiptamtmaður lét færa hana þaðan í austur-stofuna en taka hina til bæjarþingsstofu. Nú, eptir það húsið var endurbætt í sumar, var þessu breytt, og vesturstofan undirbúin aptur handa yfírdóminum, og ný vébönd sett yfir þvera stofuna, þar sem dómendurnir eru fyrir innan, en fyrir framan málaflutningsmennirnir og tilheyrendurnir, því yfírdómurinn er haldinn í heyranda hljóði, eins og kunnugt er. Herbergið að sunnanverðu við þessa stofu er nú tekið og undirbúið til bóka- og skjalasafns yfírdómsins, en til þessa hefir skjalasafnið verið í vörslum dómsmálaskrifaranna (hinna yngri meðdómenda) heima í íbúðarhúsum þeirra. Hýbýli yfírdómsins hafa þannig tekið miklum og verulegum umbótum bæði að prýði og haganlegu fyrirkomulagi.

### **3. Dómhúsið, sem aldrei var byggt**

Ljóst er, að allt frá upphafi undirbúnings þess, að Landsyfírréttur væri settur á stofn, og allra fyrstu árin þar á eftir var gert ráð fyrir því, að sérstakt hús, *dómbús*, sniðið að þörfum réttarins, yrði byggt yfir starfsemi hans.

Þessi fyrirætlan kemur meðal annars skýrt fram í tillögum að stofnun Landsyfírréttar frá 8. apríl 1800, sem Magnús Stephensen, verðandi dómstjóri réttarins, stóð að ásamt nokkrum öðrum embættismönnum. Þar segir, að rétturinn skuli starfa í sérstöku Yfírréttarhúsi, sem byggt skuli í Reykjavíkurborg „og þægileg indrettet alene til Rettens holdelse“. Þeir lögðu þó til, að þar til dómhúsið nýja yrði tilbúið myndi rétturinn starfa annað hvort í fangahúsinu eða í kennslustofu í skólahúsinu.<sup>[8]</sup>

Í tilskipun um stofnun Landsyfírréttar á Íslandi er beinlínis gert ráð fyrir því, að sérstakt dómhús verði byggt og látið að því liggja, að ráðstafanir í þá veru hafi þegar verið gerðar, en til bráðabirgða starfi rétturinn þó í öðru hvoru þeirra húsa, sem tilgreind höfðu verið í fyrrnefndum tillögum frá Íslandi. Í 2. gr. tilskipunarinnar segir:<sup>[9]</sup>

Landsoverretten skal holdes i Reikevigs Kjøbstad, hvor Vi have foranstaltet, at den dertil fornødne Bygning vorder opført; og, indtil denne kan blive færdig, maa Retten holdes enten i den latinske Skoles eller Tugthusets Bygninger.

Af gögnum í Þjóðskjalasafni kemur skýrlega fram, að á þeim tíma, er hér um ræðir, lágu þegar fyrir áætlanir um kostnað vegna nýbyggingar fyrir Landsyfírréttinn og farið var að vinna að teikningum byggingarinnar, sem frá upphafi var ráðgert að yrði *steinhús* (flestar byggingar í Reykjavík voru á þeim tíma úr timbri). Með stjórnarbréfi frá 13. apríl 1800<sup>[10]</sup> fylgir sundurliðuð kostnaðaráætlun upp á 3091 ríkisdal og 4 mörk (nákvæmara gat það ekki orðið!), þar sem flutningskostnaður byggingarefnis frá Danmörku til Íslands er umtalsverður liður eins og við mátti búast. Áætlun þessari fylgdi einnig lausleg drög að teikningu að hinu nýja dómhúsi, sem merkt er *O. M. Aanum*. Sést af henni, að þar er gert ráð fyrir tveggja hæða húsi án kjallara.

Í bréfi Ólafs Stephensens stiftamtmanns til Kansallísins, dags. 16. september 1800, sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni, er gerð grein fyrir því, að fjármunir væru til, sem nægja ættu til að mæta þessu kostnaðarmati, og hvernig útgjöldin ættu að skiptast milli framlags frá kóngi, annars vegar, og úr dómsmálasjóðinum („Jústiskassanum“) hins vegar. Á þetta reyndi hins vegar ekki.

---

8. Þjóðskjalasafn Íslands. Hið danska kansellí. Í möppu merktri nr. 16.

9. Lovs. f. Isl. VI, á bls. 465.

10. Þjóðskjalasafn. Hið danska kansellí. Mappa merkt nr. 19.

Þessi teikning, merkt *O.M. Aanum*, sem hér er birt, er að því leyti merkileg meðal annars, að hún ber að öllu leyti með sér sama svipbragð og grunnhugsun, ekki síst varðandi útlit hússins, og teikningin eftir *Magens arkitekt* frá 1802, sem hér er jafnframt birt og brátt veður vikið nánar að. Þegar haft er í huga, að Aanum var ekki arkitekt þótt hann fengist við mælingar og kortagerð, verður að telja augljóst, að hann hafi einungis verið að útfæra hugmynd og frumriss arkitektsins og það verið látið óátalið, að hann merkti sér uppdráttinn!

Maðurinn, sem hér um ræðir, hét fullu nafni *Ole Mentzen Aanum* og var liðsforingi (lutenant) í fótgönguliðsflokki Þelamerkur í Noregi (sem á þessum tíma laut sama konungi og Danmörk og Ísland). Hann var sérmenntaður í mælingum og kortagerð á vegum hersins eins og ýmsir aðrir yfirmenn þar, sem unnu að landmælingum. Hann hafði um þetta leyti verið kvaddur til að vinna að strandmælingum hér á landi ásamt öðrum norskum liðsforingja, *Ole Olsen* að nafni. Komu þeir félagar hingað til lands í þeim tilgangi síðla í septembermánuði 1801 en varð lítið ágengt við fyrirhugaðar mælingar næsta vetur. Haustið 1801 mældu þeir þó og teiknuðu ágætt kort af Reykjavíkarkaupstað, sem allvíða hefur birst á prenti.<sup>[11]</sup> Í byrjun febrúarmánaðar 1803 var Aanum vikið frá mælingastarfi sínu „sakir drykkjuskapar og óreglu“, en fékk síðar skrifarastarf í rentukammerinu.<sup>[12]</sup> Olsen stóð sig hins vegar vel við mælingarnar.

Aanum var aldrei í annan tíma bendlaður við arkitektavinnu eða húsateikningar svo að greinarhöfundur sé kunnugt um, og virðist hann ekki hafa haft neinar forsendur til þess háttar faglegra starfa. Er því aðkoma hans að umræddri teikningu að dómhúsi í Reykjavík nokkuð undarleg að því er virðast má. Ekki verður þó dregið

---

11. Sjá meðal annars fyrrnefnt rit, „Kvosin“, bls. 14, og „Kortasaga Íslands – Frá lokum 16. aldar til 1848“ eftir *Harald Sigurðsson* (Reykjavík 1978), bls. 213. Þess skal hér sérstaklega getið, að í „Kvosinni“, bls. 15, eru birtar teikningar Magens að dómhúsi í Reykjavík, en þær eru þar smáar og án teljandi skýringa. Þar segir aðeins, við þessar teikningar: „Teikning af húsi fyrir Landsyfírréttinn, sem fyrirhugað var að byggja í Reykjavík um 1802. Húsið var aldrei byggt en í þess stað var Landsyfírréttinum komið fyrir í húsi sem síðar varð nr. 4 við Austurstræti“. Þarna er meðal annars ekki getið um dvöl réttarins í húsi Hólavallaskóla, þar sem hann hafðist þó við í ein sex eða sjö fyrstu starfsár sín.

12. Sbr. *Þorvaldur Thoroddsen*, *Landfræðissaga Íslands III* (Kaupmannahöfn 1902), bls. 254. Þorvaldur segir einnig á bls. 252, að Aanum hafi verið „mjög stutt við mælingarnar og mun af ýmsum ástæðum heldur hafa verið liðléttingur“. Má vel vera að þetta síðasta auðkennisorð sé full afdráttarlaust, en þess ber að gæta að Aanum var, ásamt Olsen, valinn úr nokkrum hópi manna, sem allir voru hæfir sem mælingamenn.



í efa – einkum með tilliti til nafnritunar hans á teikninguna frá 1800 – að hann hafi með einhverjum hætti komið að því verki og vel má vera, að kostnaðaráætlunin, sem fylgdi teikningunni, hafi að einhverju leyti verið unnin af honum. Um þetta verður nú ekki nánar fullyrt. Líklegt er, að hann hafi dvalið í Kaupmannahöfn að minnsta kosti síðari hluta vetrar 1800 og beðið þar fyrir mæla hlutaðeigandi stjórnvalda um strandmælingar við Ísland, sem drógust þó þannig á langinn að þær hófust ekki fyrr en 1801 eins og áður segir. Er þá vart fjarri lagi að ætla, að stjórnin hafi fengið honum þetta afmarkaða verkefni í samráði við og undir stjórn Mogens arkitekts.

Skemmst er frá því að segja, að dómhús, sem byggt væri eftir teikningunni merktri Aanum frá 1800, var aldrei reist.

Nú verður hins vegar vikið að þeirri teikningu að dómhúsi Landsyfirréttar, sem unnin var og árituð af *Mogens arkitekt* árið 1801 og fylgdi hingað til lands rentukammerbréfi til kansallísins frá 9. mars 1802, með nýrri kostnaðaráætlun – mun hærri en hin fyrri, sem áður var getið um – sjá og konungsbréf til rentukammersins frá 3. apríl það ár.<sup>[13]</sup> Eins og fyrr segir er sú teikning um margt mjög lík áðurgreindri teikningu frá 1800 þótt viss atriði skilji á milli. Það, sem greinir að, er einkum að á hinni nýrri teikningu er gert ráð fyrir húsi með einni aðalhæð og íbúðarhæfum kjallara með gluggum en fyrri teikningin sýnir hús með tveimur meginhæðum en engum kjallara. Kostnaður var nú áætlaður alls 5487 ríkisdalir – og má ætla, að sú upphæð hafi orðið ýmsum mætum embættismönnum þyrnir í augum! Á þessum árum – og reyndar lengi bæði fyrr og síðar – var það keppikefli stjórnvalda að spara sem mest í rekstri ríkisins og var sparsemi metin meðal hinna æðstu dyggða góðra embættismanna.

Þessi teikning Mogens er birt hér og er þar sjón sögu ríkari. Húsið er álitlegt þótt ekki sé það sérlega stórt. Þar kemur fram, að húsinu, sem átti að vera steinhús, var ætlað að vera um 22 álnir á lengd (að utanmáli) og um 15 álnir á breidd. Dyraumbúnaður er myndarlegur, þak hátt og inndregið en án kvista. Þegar komið er úr andyri á aðalhæðinni er næst til hægri forstofuherbergi („Forværelse“) en þá tekur við stærsta herbergi hússins, sem er dómsalurinn („Retten“) með gluggum, sem vísa að bakhlið hússins, og við hlið hans er skrifstofa („Contoir“). Inn af henni, við framhlið hússins, er skjalageymsla („Archiv“). Á kjallarahæðinni er gert ráð fyrir fjórum herbergjum, sem hýsa áttu gæsluvarðhaldsfanga („Arrester“) en jafnframt er þar eldhús („Kiökken“) og stofa umsjónarmanns fanganna („Arrestforvarerens

---

13. Þjóðskjalasafn. Hið danska kansellí, í möppu merktri nr. 46

Stue“). Efst í vinstra horni er ritað að um sé að ræða hugmynd að „en Over-Ret i Reijkiaviks Kiöbsted i Island“. Af þessu sést, að byggingin átti ekki einvörðungu að hýsa starfsemi réttarins heldur átti einnig að nýtast sem dvalarstaður fyrir gæsluvarðhaldsfanga ásamt fangaverði þeirra. Nokkuð svipuð hugsun kom til framkvæmda, þegar Hegningarhúsið við Skólavörðustíg kom til sögu 1874, en þar deildi Landsyfirrættur húsnæði með föngum og var svo um langa hríð. Athyglisvert er, að á uppdrætti Magens er ekki gert ráð fyrir neinu afdrepi fyrir dómarana eins og þó var í húsinu, er rétturinn flutti í árið 1807 eins og fyrr var frá sagt.

Sá fagmaður, sem ritaði á fyrrnefnda teikningu af nýju dómhúsi og árssett er 1802, hét fullu nafni *Johan Boye Junge Magens*. Hann fæddist í Kaupmannahöfn 1748 og andaðist þar í borg 1814. Hann var góður námsmaður og sannaðist það meðal annars, er hann stundaði arkitektanám á Listaháskólanum (Kunstakademiet) í Höfn, þar sem hann ávann sér gullmedalíu fyrir frábæran námsárangur. Hann stundaði lengi kennslu við þá stofnun, einkum í þrívíddarfræði, og varð þar að lokum fullgildur prófessor 1799. Jafnframt starfaði hann að ýmsum opinberum verkefnum, sem honum var trúað fyrir. Einkum fékkst hann þá við endurgerð gamalla bygginga í eigu ríkisins, svo sem ýmissa halla, en jafnframt teiknaði hann nokkrar nýjar byggingar, meðal annars fyrir sjóherinn. Má enn sjá nokkrar þeirra, er staðið hafa til okkar daga. Hann hlaut titilinn konunglegur hirðbyggingameistari 1789.

Magens varð aldrei í röð hinna kunnari arkitekta í Danmörku um sína daga og fékkst sjaldnast við meiri háttar viðfangsefni að því er best verður séð. Má vel vera, að það hafi að nokkru leyti verið því að kenna, að hann hafði mjög erfiða skapsmuni, að sögn, og samstarf við aðra hefur því vafalaust verið honum þungt og örðugt. Í Wikipediu segir: „Som menneske var Magens nok en besværlig person. Han passede ikke sin undervisning på Akademiet, som han måtte trues til at gennemføre, og han havde et voldsomt temperament“. Húsateikningar eftir Magens, sem varðveittar eru, gefa þó tvímælalaust til kynna, að hann hafi verið ágætur arkitekt þegar hann fékk að njóta sín.

Eitt af hinum minni verkefnum varðandi nýbyggingar, sem stjórnin fól Magens – þessum vanstillingarmanni! – var hönnun dómhúss fyrir hinn nýstofnaða Landsyfirrætt á Íslandi. Teikningin er stílhrein, með öllu skrautlaus nema hvað nokkuð er lagt í dyraumbúnað á framhlið hússins. Einfaldur og hreinskorinn stíll, með nokkuð svipuðum formerkjum og sést á dómhússteikningunni, birtist glögglega

í fleiri húsum, sem Magens hannaði. Alveg sérstaklega má benda á teikningu af sjúkrahúsi, sem Magens hannaði laust eftir 1790 og byggt var í *Helsingjaeyri* við Eyrarsund. Var það tekið í notkun 1796. Byggingin stendur enn í dag en var aflögð sem sjúkrahús fyrir allnokkrum áratugum. Er sjúkrahúsbyggingin á teikningu hans (sem finnanleg er á Netinu) bersýnilega mjög sviplík teikningunni af fyrirhuguðu dómhúsi í Reykjavík. Áberandi er til dæmis hvað dyraumbúnaður á framhlið hússins – „svípmikill“ og hreinn í sniðum – líkist sambærilegum dyraumbúnaði á dómhússteikningunni. Sjúkrahúsið var þó talsvert stærri bygging en dómhúsið okkar hefði orðið.


Það er einmitt þessi hreini og afdráttarlaus stíll, sem gerir dómhússteikningu Magens athyglisverða og minnisstæða.

#### 4. Lokaorð


Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um húsnæðismál Landsyfirréttar, sem stofnsettur var árið 1800 (tók til starfa litlu síðar) og starfaði alla sína tíð í Reykjavík, allt til 1919, en Hæstiréttur Íslands tók við hlutverki hans sem áfrýjunardómstóll 1920. Merkilegt má telja – sé litið á það mál í gegn um sjóngler nútímans, þegar við, sem í Reykjavík búum, erum umkringd glæsibyggingum af öllu tagi, oft stórum og vel búnum – hvað lítið var lagt í aðbúnað æðsta dómstóls landsins framan af starfsárum hans. Allt var naumlega skorið og hætt við sérsniðna nýbyggingu, sem þó hafði verið hönnuð, þegar farið var að skoða kostnaðaráætlun, sem tillögum að henni fylgdi. Réttinum var þá komið fyrir til bráðabirgða í afar lélegu húsnæði fram til 1820 – sem fyrstu árin var í raun og sannleika heilsuspillandi og ekki mönnum bjóðandi til neinnar íveru, hvað þá æðsta dómstóli landsins.

Má reyndar furða sig á því, hvað þeir valinkunnu dómendur, sem skipuðu réttinn á þessum árum, með sjálfan Magnús Stephensen dómstjóra í broddi fylkingar, létu sér sæma að búa við í þessum efnum, þótt vissulega reyndu þeir að minna stjórnendur Íslandsmála í Kaupmannahöfn á að mikilla og skjótra úrbóta væri þörf, sem þó kom fyrir ekki um langa hríð.

Hvað um það: Teikning sú frá 1802 eftir Magens, konunglegan hirðarkitekt, sem enn er varðveitt í Þjóðskjalasafni, ber að sínu leyti með sér vissan stórhug einhverra mætra embættismanna í stjórnkerfinu, sem vafalaust vildu skapa hinum



Tillaga O.M. Anums frá 1800 að nýbyggingu fyrir Landsyfirrætt.



Hugmynd Magens arkitekts frá 1802 að húsi fyrir Landsyfirrætt, sem aldrei var byggt.

nýstofnaða dómstól virðulegt starfsumhverfi sem fyrst frá upphafi starfsemi hans í Reykjavík, hinum örsmáa en þó vaxandi „höfuðstað“ Íslands. Aðrir embættismenn – voldugri og æðri hinum – hafa hins vegar haft sitt fram, þannig að í stað þess að byggja nýtt og sæmandi dómhús var af kostnaðarástæðum notast við ómerkilegt bráðabirgðahúsnæði árum saman – húsnæði, sem ekki var til þess fallið að skapa réttinum virðingu manna á meðal.

Því, sem hér sagði í máli og myndum um teikningar af nýju dómhúsi eftir Magens arkitekt og um afdrif þess máls, hefur hingað til lítt verið haldið á lofti, og greinargerð um það efni vantar í hið annars ágæta rit um Landsyfirdóminn eftir Björn Þórðarson, sem hér hefur áður verið vitnað til.

Hefði dómhúsið verið reist á sínum tíma hefði það áreiðanlega sómt sér vel í Kvosinni og líklega verið valinn staður á þeim stíg, sem var að myndast út frá Aðalstræti og síðar fékk heitið Austurstræti. Það hefði jafnvel getað staðið enn þann dag í dag, hefði það fengið að vera í friði fyrir niðurrifsöflum – en áreiðanlega ekki þjónað dómskerfi landsins lengur heldur væri þar sennilega rekin veitingasala af einhverju tagi! Hugmyndin, sem birtist í teikningunni, má vel „lifa“ áfram í umræðu um þá „Reykjavík, sem ekki varð“, meðal ýmissa góðra fyrirætlana og teikninga af opinberum byggingum, sumum glæsilegum og fögrum, er komust aldrei lengra en á teikniborðið en hefðu ella sett sinn svip á borgina ef risið hefðu.<sup>[14]</sup>

---

14. Sjá bókina „Reykjavík sem ekki varð“ eftir Önnu Dögg Ágústsdóttur og Guðna Valberg (Reykjavík 2014), þar sem þó er ekki minnst á þær teikningar af dómhúsi, sem hér hefur verið fjallað um.

# Höfuðbúnaður kvenna, sem mótast af trúarlegum ástæðum

Hugleiðingar um lögmæti afskipta stjórnvalda og skyld efni

## Efnisyfirlit

1. Almennt .....	22
2. Ýmis viðhorf .....	24
3. Hvað segir Kóraninn? .....	26
4. Búrkan og bílstjórinn .....	28
5. Lokaorð .....	30

## 1. Almennt

Hinn 1. júlí 2014 gekk dómur í Mannréttindadómstóli Evrópu í Strassborg í athyglisverðu – en afar umdeildu máli, sem snertir trúarlíf og trúarsíði margs fólks víða um lönd. Málsefnið sjálft var upprunið í Frakklandi, en það snertir álita- og deilumál, sem í sjálfu sér geta risið hvar sem er í Vestur-Evrópu, þar sem reynt getur á afstöðu stjórnvalda til klæðnaðar – einkum höfuðbúnaðar – kvenna, sem eru múslímar og tengja hefðbundinn klæðnað sinn við trú sína og gróna samfélagssiði. Sá búningur kann að vera talsvert frábrugðinn þeirri fatatísku, sem flestar vestrænar konur búa við. Í einstaka löndum hafa stjórnvöld gengið svo langt að banna notkun höfuðbúnaðar, sem hylur andlit kvennanna og gerir þær óþekktanlegar, þegar þær eru á almannavettvangi.

Í *Frakklandi* voru sett lög, 11. október 2010, sem banna fólki að hylja andlit sitt á opinberum stöðum eða svæðum, með klæðnaði, sem til þess er gerður. Gengu lögín í gildi 11. apríl 2011. Áður hafði farið fram mikil kynning á efni laganna, sem ætlað var að undirbúa fólk, sem málið varðaði einkum, fyrir þetta bann – sem í almannamunni hefur hlotið heitið „búrkubann.“ Í lögnum er hugtakið „opinberir staðir eða svæði“ skýrt svo, að þar undir falli meðal annars þjóðvegir og staðir, sem opnir eru almenningi eða ef þar fer fram opinber þjónusta af einhverju tagi. Viðurlög við brotum á lögnum er sekt að upphæð € 150, en auk þess má skylda viðkomandi til að sækja námskeið, sem ætlað er að kenna brotlegu fólki að meta „lýðræðisleg gildi varðandi þolinmæði og virðingu fyrir mannlegri reisn og að efla skilning á borgaralegri ábyrgð og refsíábyrgð, sem líf í mannlegu samfélagi leggur á fólk.“

Í reynd taka lög þessi einkum til kvenna, er játa Íslam og hylja að jafnaði andlit sitt utan heimilis síns með höfuðbúnaði (svokallaðri „búрку“) með þéttri grisju, er hylur andlitið að öllu leyti og ekki verður séð í gegn utan frá, þótt konan geti rýnt í gegn um hana, og eins með svípaðri grisju („níkab“), þar sem að vísu er mjó rífa fyrir augun, en andlitið er hulið að öðru leyti. Má ljóst vera, að þannig búin – og jafnframt í sínum skósíða kufli utan yfir léttari ígangsklæðum – er konan óþekktanleg öðrum en sínum allra nánustu.

Skemmst er frá því að segja, að dómstóllinn taldi ekki næga ástæðu til að lýsa umrædd lög andstæð Mannréttindasáttmála Evrópu. Lögín standa því enn í Frakklandi en hafa verið mjög umdeild. Sækjandinn í málinu, ung frönsk kona,

sem er múslími, og taldi bannákvæði laganna vega harkalega að sér, situr því uppi með sárt enni eins og ótaldar kynsystur hennar þar í landi, sem játa Íslam og telja sér ýmist rétt eða skylt að fylgja grónum síðum múslíma um klæðaburð – hvað sem löggjafinn segir.

Mikið var fjallað um þennan dóm Mannréttindadómstólsins í fjölmiðlum víða um heim, og kom þá í ljós, að fólk, er lætur sig málið varða, hefur misjafnar skoðanir á dómsniðurstöðunni og einnig á þeim röksemdum, sem að baki henni liggja. Ýmis mannréttinasamtök blönduðu sér í málið og létu þá gjarna í ljósi þá skoðun, að „búrkubannið“ í Frakklandi fæli í sér gróft brot gegn viðurkenndum mannréttindum. Væri þessi niðurstaða dómstólsins til þess fallin að hafa veruleg og neikvæð áhrif á trú- og tjáningarfrelsi víða um lönd. Niðurstaðan fæli í sér „glæpavæðingu“ á klæðnaði kvenna og að hún sé, með sínum hætti, innlegg í aukið, alkunnugt og ógnvænlegt kynþáttahatur í Vestur-Evrópu.

Í umfjöllun *Faneyjar Birnu Jónsdóttur*, lögfræðings og blaðamanns, í Fréttablaðinu 7. júlí 2014 (á bls. 10) segir um aðdraganda málsóknarinnar:

Málið hefur víða skírskotun til annarra Evrópuríkja. Það var höfðað af 24 ára gamalli franskri konu, sem er múslími og notar níkab yfir andlitíð í samræmi við trúarskoðanir sínar, menningu og persónulega sannfæringu. Konan lagði áherslu á, að hvorki eiginmaður hennar né nokkur annar fjölskyldumeðlimur þrýsti á hana að klæða sig með þessum hætti. – Konan lagði einnig áherslu á, að hún klæddist annað hvort búrku eða níkab á almannafæri og innan veggja heimilisins en þó ekki á stöðum þar sem þyrfti að vera hægt að þekkja hana og þar sem skilríkja væri krafist, til að mynda hjá lækni, í banka og á flugvöllum. – Þessi kona var af mörgum talin kjörin til að höfða þetta mál þar sem hún notar þessi klæði ekki reglulega en vildi hafa frelsi til að gera það, þegar henni leið þannig undir ákveðnum kringumstæðum, til dæmis á Ramadan, hinum heilaga mánuði múslíma, þegar hún taldi sig þurfa að nota klæðin til að láta í ljós trú sína. Markmið hennar var ekki að trufla aðra heldur að vera í sátt við sjálfa sig. Konan taldi lögin brjóta gegn mannréttindum hennar á grundvelli kynferðis, trúar og þjóðernis. Hún taldi bannið brjóta gegn nokkrum ákvæðum mannréttinasáttmála Evrópu, aðallega ákvæðum um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og hugsanafrelsi, samvisku- og trúfrelsi. Þar að auki taldi hún bannið brjóta í bága við ákvæði um bann við vanvirðandi meðferð, tjáningarfrelsi, funda- og félagafrelsi og bann við mismunun.

Við málsmeðferðina frammi fyrir Mannréttindadómstólnum í Strassborg var einkum látið reyna á efni 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (réttur til verndar einkalífi og fjölskyldu), á 9. gr. (réttur til hugsana-, sannfæringar- og trúfrelsis), á 10. gr. (tjáningarfrelsi) og á 14. gr. (bann við mismunun).



Í dómi Mannréttindadómstólsins var málið skoðað og rætt frá ýmsum áttum ef svo má að orði komast. Meðal annars koma þar fram áhyggjur dómstólsins af því, að meðan lögin voru í undirbúningi í Frakklandi hafi þar orðið afar hörð umræða, sem hafi markast af „íslamfóbískum“ ummælum. Ríkið hefði vissulega, með lagasetningunni, tekið þá áhættu að festa í sessi neikvæðar staðalímyndir af minnihlutahópum, en því bæri hins vegar rík skylda til að boða umburðarlyndi gagnvart ýmsum síðum innan þess háttar hópa í fjölmenningsarsamfélagi.

Athyglisvert er, að dómstóllinn hafnaði meðal annars þeim röksemdum frönsku ríkisstjórnarinnar að bannið væri nauðsynlegt til að vernda múslímskar konur gegn kúgun, og reyndar var einnig hafnað þeim rökum, að sökum almannahagsmuna yrði alltaf að vera hægt að bera kennsl á borgara landsins án tillits til þess hvar þeir væru.

Á hinn bóginn tók dómstóllinn undir þau rök frönsku stjórnarinnar, að „búrkubannið“ félli undir vernd á réttindum og frelsi annarra, sem tiltekin er í mannréttinasáttmálanum, og það hátterni að dyljast bak við blæju á almannafæri væri í andstöðu við það frumskilyrði að allir franskir borgarar gætu búið saman í sátt og samlyndi, þar sem það stæði í vegi fyrir því, að viðkomandi konur gætu átt í félagslegum samskiptum við aðra íbúa landsins. Ríkinu bæri hins vegar skylda til að skapa þær aðstæður, að allir borgarar gætu búið saman í öllum sínum fjölbreytileika. Lagði dómstóllinn áherslu á, að franska ríkið hefði töluvert *svigrúm* til að tryggja með lögum og réttarframkvæmd, að allir þegnar þess gætu búið saman í sátt og friði. Af þeirri ástæðu væri ekki um að ræða brot á ákvæðum sáttmálans.

## 2. Ýmis viðhorf

Ljóst má vera, að sá nýlegi dómur, er hér var kynntur til sögu, mun hafa veruleg áhrif meðal aðildarríkja að mannréttinasáttmála Evrópu, einkum þar sem minnihlutahópar múslíma eru áberandi og allfjöldmennir. Hvergi eru þó múslímar fjölmennari í Evrópulöndum en í Frakklandi, þar sem þeir munu vera um fimm milljónir að tölu. Talið hefur verið, að tiltölulega fáar konur úr þeirra hópi – aðeins um tvö þúsund að tölu – notist nú um stundir við búrku eða níkab. En fyrir þann litla hóp skiptir „búrkubannið“ auðvitað miklu máli og einnig, þótt óbeinlínis sé, fyrir múslíma almennt.



*Hijab*



*Niqab*



*Burka*

Til samanburðar má geta þess, að talið hefur verið, að meðal múslímakvenna í *Danmörku* megi nú um stundir telja þær konur á fingrum annarrar handar, sem hylja andlit sitt utandyra með búrku eða níkab – en þær eiga sinn rétt engu að síður sem og aðrar danskar múslímakonur, sem síðar kynnu að vilja fylgja fordæmi hinna.

Tekið skal fram, að hér er ekki verið að tala um búninga eða höfuðslæður múslímakvenna, sem *ekki hylja andlit* heldur aðeins eða að minnsta kosti aðallega *hár* þeirra – auk skósíðra kufla, er þær klæðast gjarna utan heimilis. Þar er einfaldlega um kvenfatatísku að ræða, sem greinarhöfundur þorir ekki að tjá sig um sökum vankunnáttu hans í tískufræðum. Ljóst er, að hvaða skoðun sem fólk – aðrir en múslímar – kunna að hafa á þeim klæðnaði, sem hér segir, verður hann ekki með neinni sanngirni borinn saman við búrku og níkab, er áður greindi frá, því að venjuleg höfuðslæða („skýla“) þarf alls ekki að hylja andlit þeirrar konu er hana ber.

Hér á landi er allnokkurt samfélag múslíma eins og kunnugt er, en ekki er vitað til, að klæðnaður kvenna úr þeim hópi hafi valdið neinum vandkvæðum gagnvart íslenskum stjórnvöldum eða öðrum. Ýmsar kvennanna ganga utanhúss með höfuðslæðu, sem hylur hár en ekki andlit og eru auk þess, sumar hverjar, í síðum möttli utan yfir léttari fót – og að sjálfsgöðu verður ekki að þessu fundið. Ekki er vitað til þess, að múslímakonur hér á landi hafi valið þann kost að ganga í búrku eða níkab á almannafæri.

Það gefur að vísu augaleið, að kona, sem hylur andlit sitt, verður að sveigja frá hörðustu stefnu í því efni við ýmis tækifæri, til dæmis ef hún þarf að sæta vegabréfsskoðun við komu eða brottför úr landi eða jafnvel í banka og svo mætti lengur telja. Væntanlega gæti hún þá krafist þess, að starfskona myndi afgreiða hana í stað karlmanns og fengi þá að sjá andlit hennar og bera það saman við mynd á persónuskilríki, en í raun réttari er það fyrst og fremst bann við því að karlmenn sjái

andlit kvennanna, sem máli skiptir á þessu ofurviðkvæma sviði. Í þessu sambandi má einnig nefna afgangslustörf af ýmsu tagi, svo sem í verslun, þar sem andlitshula gæti orkað neikvætt á viðskiptavini. Sérstök sjónarmið gilda svo um konur, er hylja andlit sitt en vilja engu að síður aka bifreið, sjá síðar.

Ekki verður hér almennt rætt um löggjöf annarra þjóða en Frakka, er á einn eða annan hátt snertir hyljandi klæðnað – sem væri þó verðugt viðfangsefni – nema þess eins getið, að árið 2010 var nýju ákvæði bætt við 260. gr. dönsku hegningarlögganna, þar sem segir, að ef einhver sé þvingaður til að bera klæðnað, sem hylur andlit hans eða hennar, geti refsing af þeim sökum orðið sektir eða fangelsi allt að fjórum árum.

Kona, sem dylst á bak við búrku eða níkab, er í vissum skilningi *dulklædd*, ef hún birtist þannig á almannafæri. Lengi vel var í gildi ákvæði í 2. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem bannaði fólki að ganga dulklætt á almannafæri. Í þeirri lögreglusamþykkt, sem nú er við lýði, gefur hins vegar ekki að finna þess háttar ákvæði. Á hinn bóginn segir nú í lögreglulögum nr. 90/1996, að ef uggvænlegt þyki að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað sé lögreglu heimilt að banna að maður *breyti andliti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, bettu, málningu eða öðru þess háttar, sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann*. Samkvæmt 19. gr. laganna er mönnum gert skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu, sem miða að því að halda uppi reglu á almannafæri. Brot gegn því varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 41. gr. laganna.

### 3. Hvað segir Kóraninn?

*Kóraninn* er höfuðtrúarrit múslíma. Hann myndar burðarsúlu í þeim lagaheimi, sem rekja má til trúar þeirra, en heildarsafn trúarlegra réttarheimilda múslíma nefnist *sjaría*, eins og kunnugt er.

Þrátt fyrir upphafna stöðu Kóransins sem réttarheimildar er að ýmsu leyti örðugt að beita honum sem *eiginlegri* réttarheimild, að skilningi vestrænna lögfræðinga, því að margt er þar þannig orðað, jafnvel með skáldlegu og upphöfnu yfirbragði, að afar ólíkt er þeim lagatextum, sem við þekkjum úr okkar umhverfi, og örðugt að skilja hinn helga texta á öllum stöðum og „jarðbinda“ hann.

Aðrar réttarheimildir, seinna til komnar en Kóraninn, skipta einnig miklu máli sem hluti af hinu heildstæða lagaverki, sjaríunni.

Þá verðum við jafnframt að hafa hugfast, að margvíslegar *venjur* og *síðir*, gamalgróin *boð* og *bönn*, tengjast trúarlífi múslíma (eins og vitaskuld á einnig við um aðra trúflokka, svo sem samfélag kristinna manna), án þess að þau jafngildi eiginlegum lagareglum, þegar grannt er skoðað, þótt ýmsir múslímar viti ekki betur en að þeir séu bundnir af þeim sem lög væru. Í því sambandi má meðal annars nefna ýmislegt, sem snertir klæðnað manna, karla og kvenna. Þó má geta þess, að í Kóraninum gefur vissulega að finna boðskap frá Allah, sem beinlínis vísar að klæðnaði – enda þótt þau fyriræli séu ekki tæmandi eða ýkja nákvæm. Einkum er þar ritað um klæðnað kvenna og áhersla lögð á að hann sé siðsamlegur.

Haft skal í huga, að þýðingar Kóransins af arabísku á önnur mál eru sumar ónákvæmar og umdeildar.

Einnig er vert að vekja athygli á því, að múslímar skilja ýmis atriði í hinum helgu fræðum með mismunandi hætti og hafa þannig myndast ýmsir „skólar“ eða trúarhópar. Ber mikið á sumum þeirra nú á tímum.

Í hinu helga riti, 24:30 og áfr., segir meðal annars (í íslenskri þýðingu):<sup>[1]</sup>

Segið trúuðum mönnum, að þeir skuli beina sjónum sínum burt frá freistingum og aftra girndum holdsins. Þá verður líf þeirra hreinna. Allah veit allt sem þeir hafast að. – Segðu trúuðum konum, að þeim beri að hverfa sjónum sínum burt frá freistingum og vernda hreinleik sinn, að hylja sína prýði, nema þá sem sýnd er að eðlilegum hætti, að bregða blæju yfir barm sinn og eigi sýna fegurð hans öðrum en eiginmanni sínum, föður sínum, tengdaföður, sonum sínum, stjúpsonum, bræðrum sínum, bræðrasonum og systursonum, þernum sínum og herteknum ambáttum, vönuðum þjónum og börnum sem ekkert vita um kvenlega nekt. Og eigi skulu þær slá fótum, svo sem til að sýna sín földu djásn.

Í 33:55-60 beinir Allah máli sínu til spámansins Múhameds og segir:<sup>[2]</sup>

Það skal vera vítalaut að konur Spámansins sýni sig án blæju feðrum sínum, bræðrum og sonum, bróðursonum og systursonum, þernum sínum og ambáttum. En óttist Allah, þér konur Spámansins, því Hann sér allt. – Spámaður, seg þú konum þínum, dætrum þínum, og konum sanntrúaðra, að sveipa þétt um sig skikkjum sínum. Best fer á því, svo að þær þekkest og verði ekki fyrir áreitni. Allah er sáttfús og miskunnsamur.

- 
1. Sbr. ritið Kóran, í þýðingu *Helga Hálfðanarsonar*, Reykjavík 1993, bls. 214-215.
  2. Sjá tilv. rit, bls. 261.

Enn í dag ríkja nokkuð misjafnar skoðanir á því, meðal lærðra múslíma, hvort hin helgu rit, Kóraninn og ýmis önnur forn grundvallarrit á sviði sjariunnar (sem geyma meðal annars kenningar fræðimanna) *skýldi* konur í raun og veru til að *hylja* andlit sitt að öllu leyti eða að hluta, sem og líkamann með sínum hætti. Eru eigi tók á að ræða þau álitamál nánar á þessum vettvangi. Hvað sem um það má segja er að minnsta kosti víst, að þær *hefðir*, sem tengjast þessu efni – klæðnaði kvenna – eru mjög sterkar og eru í reynd samofnar trúar- og siðaskoðunum ótölulegs fjölda fólks víða um heim, bæði í ríkjum, þar sem múslímar eru í meiri hluta og eins í öðrum löndum, þar sem þeir mynda minnihlutahópa.

#### 4. Búrkan og bílstjórinn

Eins og gefur að skilja getur verið örðugt fyrir konu, sem hylur andlit sitt, að aka bifreið þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Sé hún í búrku, sem hylur andlitið að öllu leyti – og þá einnig augun – þarf ekki að hafa mörg orð um getu hennar til að sjá fram á veginn og til hliðar eins og góðum bílstjóra hæfir, og enda þótt hún beri níkab, sem hefur mjóa rifu fyrir augun, er sjónsvið hennar einnig skert. Konur, sem eru þannig búnar, geta vissulega skapað hættu í umferðinni.

Þetta leiðir hugann að því, að í mörgum múslímaríkjum hefur verið lagt blátt bann við því að *konur aki bifreiðum* og er svo til dæmis enn í Sádi-Arabíu. Í því landi er lögð mikil áhersla á, að konur hylji andlit sitt utanhúss. Í ljósi þess má svo sem segja, að skynsamlegt samband sé á milli andlitsblæjunnar og akstursbannsins! Beri konur hins vegar aðeins höfuðklút, sem ætlað er að hylja hárið, ætti það ekki að koma niður á getu og hæfni til bifreiðaaksturs.

Á Vesturlöndum eru gerðar allríkar kröfur til þess, svo sem alkunna er, að ökumenn bifreiða hafi næga andlega og líkamlega getu til að stjórna bifreið, og þarf ekki að orðlengja frekar um það. Líklegt er, að konur með andlitsblæjur við akstur séu ekki vel séðar af löggæslufirvöldum í þeim löndum, sem við þekkjum best og höfum helst samskipti við. Því ágæta fólki, sem samdi umferðarlög okkar, sem nú eru nr. 50/1987, er að vísu ekki láandi að hafa látið hjá líða að taka upp í lögin sérstakt ákvæði um búrkuþannig við akstur! Þó er meira en líklegt, að ákvæðið í 2. mgr. 44. gr. laganna taki í reynd til þessa, ef vel er að gætt, en þar segir meðal annars, að enginn megi reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar,

ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna *eða annarra orsaka* er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Brot gegn þessu ákvæði leiðir af sér refsingu samkvæmt lögnum, eins og eðlilegt er. Hömlun á sjóngetu sökum blæjuburðar ætti væntanlega að geta fallið undir orðalagið „aðrar orsakir“, sem lagagreinin orðar svo. Þá má einnig minn á þá áherslu, sem lögð er á sjón væntanlegra bifreiðastjóra þegar þeir sækja um ökuskráteini.

Af þessu sjáum við, að „árekstrar“ geta hæglega orðið á milli ólíkra „menningarheima“, í þessu tilviki hins múslímska heims, annars vegar, og hins vestræna hins vegar. Það getur reyndar átt við á svo mörgum sviðum og er síður en svo bundið við akstur búrku- eða níkabklæddra kvenna!

Annars má geta þess, í óbeinu framhaldi af því, er hér sagði um búrkur og bifreiðar, að víða í „Arabaheiminum“ er akstur kvenna almennt litinn hornauga og sums staðar bannaður – án tillits til þess, hvort þær eru búrkuklæddar við stýrið eða ekki. Hvergi mun þó þetta almenna bann ganga lengra og vera haldið uppi af meiri hörku en í Sádi-Arabíu. Þar liggja refsingar að baki akstursbanni kvenna, mjög harkalegar og framandi að mati fólks hér á Vesturlöndum. Eru þess vissulega dæmi, að brotlegar konur hafi verið hýddar, jafnvel með tugum svipuhögga fyrir þá fífdirfsku að aka bíll! Snemma árs 2014 varð það alkunnugt, að kona hefði fengið 150 svipuhögg fyrir óleyfilegan bifreiðarakstur. Það er ekki sjálfgefið að allir lifi af refsingu af því tagi.

Á allra síðustu árum hefur nokkuð borið á hreyfingu meðal arabískra kvenna í þá veru að aka bifreiðum þrátt fyrir öll boð eða bönn. Hafa „demomstrasjónir“ af því tagi vakið athygli fjölmiðla víða um heim.

Á árinu 2013 bárust út um heim fréttir af því, að yfirvöld í Sádi-Arabíu hefðu í hyggju að milda akstursbann kvenna allnokkuð, þótt ekki yrði horfið frá því að öllu leyti. Leyfi til aksturs væri þá bundið við það, að konan væri orðin þrítug, hún mætti ekki aka eftir kl. 20 á kvöldin laugardaga og fram á miðvikudag, ekki fyrr en eftir kl. 07 að morgni á sömu dögum og ekki fyrr en eftir hádegi á fimmtudögum og föstudögum. Þá mætti konan alls ekki vera með neinn andlitsfarða undir akstrinum. Ennfremur mun hún þurfa skriflegt leyfi eiginmanns síns til að aka, en ella leyfi frá föður sínum, bróður eða syni. Innan borgarmarka mega konur aka án þess að

karlmaður þeim nákominn sé í bifreiðinni en utan borga verður karlmaður að vera í bílnum með konunni, gangi hinar nýju reglur í gildi.

Röksemdir fyrir akstursbanninu eru með ýmsum hætti í Sádi-Arabíu, allt frá því að bannið verndi þjóðfélagið fyrir illum og eyðandi öflum og til þess að allt of mikil bílaþröng yrði á götunum ef konum væri sleppt óheft út í umferðina! Röksemdir varðandi heilsuvernd kvenna hafa einnig heyrst í nefndu landi, og þá frá mönnum, sem telja sig hafa þekkingu á þeim hlutum auk mikils lærdóms í trúfræðum. Í DV á Netinu birtist til dæmis þessi klausa 18. febrúar 2015:

„Keyri kona bíl, ekki í neyð, getur það haft neikvæð áhrif á eggjastokka hennar. Þetta sýna læknisfræðirannsóknir“, sagði sáðíarabíski múslimaklerkurinn Saleh al-Lohaidan nýverið í samtali við þarlenda fréttamiðla og bætti við: „Það er ástæðan fyrir því að þessi hópur kvenna fæðir gjarna óheilbrigð börn“.

Þessi frétt birtist á netvef Pressunnar 11. febrúar 2015:

Sáðí-Arabíski sagnfræðingurinn Saleh al-Saadoon segir, að konum í löndum utan Sádi-Arabíu sé alveg sama þótt þeim sé nauðgað og þetta megi ráða af því, að þær aka bílum. Þetta sagði hann, þegar hann var að réttlæta bann við því að konur aki bílum í Sádi-Arabíu. Hann bætti við, að konum utan Sádi-Arabíu þætti kynferðislegt ofbeldi „ekkert stórmál“. Í nýlegu sjónvarpsviðtali sagði hann, að konum verði hugsanlega nauðgað ef bílar, sem þær aka, bila, en ólíkt öðrum löndum þá verndi Sádi-Arabía þarlendar konur gegn þessu með því að banna þeim að aka bílum. Hann sagði, að konum, sem búa utan Sádi-Arabíu, væri alveg sama hvort þeim væri nauðgað í vegköntum, en yfirvöldum í Sádi-Arabíu stæði ekki á sama. [...] Þáttastjórnandinn, kona, spurði sagnfræðinginn þá, hver hefði sagt honum að konum væri alveg sama þótt þeim væri nauðgað í vegkantinum. Hann sagði þá, að þetta skipti þær litlu máli nema hvað þetta skaðaði siðferðisvitund þeirra. Í Sádi-Arabíu væri þetta stærra vandamál því þar tengdist þetta félagslegri upplifun sem og trúarbrögðum. [Hann sagði] að konur væru meðhöndlaðar eins og „drottningar“ í Sádi-Arabíu því þar væri þeim ekið um af körlum, bæði úr fjölskyldunni og mönnum, sem starfa við akstur. Þáttastjórnandinn spurði hann þá, hvort hann væri ekki hræddur um að konunum gæti verið nauðgað af bílstjórunum. Al-Saadoon féllst á, að það væri ákveðin hætta á því en sagði að til væri góð lausn á því, en því miður vildu stjórnvöld og klerkarnir í landinu ekki hlusta á hana. „Lausnin er að flytja inn erlendar konur til að aka konunum okkar.“

## 5. Lokaorð

Hér hefur aðeins verið getið um fáein atriði, sem geta snert það efni, er fyrirsögn greinarinnar gefur til kynna, og önnur náskyld atriði, sem varða trúarsíði og grónar hefðir í sumum heimshlutum. Auðvitað þarf engan spámann til að sjá fyrir, að

ágreiningur af því lagi, sem hér var lýst, getur skotið upp kollinum víða um heim, í þeim löndum, þar sem trúarlegir minnihlutahópar hafa fest rætur – og erum við Íslendingar þar ekki undanskildir.

Á Vesturlöndum trúa margir því, að í öðrum heimshlutum, og einnig í smáum samfélögum í nýjum dvalarlöndum, séu konur þvingaðar eða *kegðar*, beint eða óbeint, til að klæðast með þeim hætti, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni. Í hugum margra hefur búrkan orðið eins konar táknmynd undirokunar kvenna, sem beri að vinna gegn með öllum leyfðum úrræðum, bæði í upprunalöndum kvennanna og í hinum nýju heimkynnum þeirra. Þessi sjónarmið eru mjög umræðu verð en hinu má heldur ekki gleyma, að margar múslímakonur hafa haldið því fram opinberlega, að þær sæti engum þvingunum í þessu efni heldur vilji þær hafa frelsi til að klæða sig með þeim hætti, sem þeim fellur best, og frábiðja afskipti annarra af klæðavali sínu.

Um þetta mætti margt segja, en hér er ekki vettvangur fyrir frekari vangaveltur um þetta viðkvæma og vandmeðfarna efni. Hvað sem líður umræðum um stöðu minnihlutahópa, svo sem múslíma, hér á landi og í grannlöndum okkar, er mikilvægt að þær snúist ekki upp í einhvers konar hatursumræðu, sem kemur að lokum öllu þjóðfélaginu í koll.

Að síðustu má minna á, að þótt við höfum á þessum blöðum verið að ræða um kventísku, sem felur í sér mikinn og hyljandi höfuðbúnað og skósíða möttla og brýtur gjörsamlega í bága við ríkjandi klæðatísku í okkar heimshluta, skyldum við vera þess minnug, að ekki er svo ýkja langt síðan íslenskar konur gengu í mjög síðum (jafnvel skósíðum) pílsum og báru höfuðklúta („skýlur“) utandyra, sem að vísu huldu ekki andlit þeirra heldur fyrst og fremst hárið. Greinarhöfundur minnst þessara tíma vel. Aðeins rámar hann einnig í *slör*, það er grisju, sem konur höfðu fyrir andlitinu við sérstök tækifæri svo sem í jarðarförum. Útfararslörin voru gjarna mjög dökk og þótt þau ættu að heita gegnsæ varð andlit konunnar illa greint utanfrá. Ekki olli þetta, á sínum tíma, neinum ágreiningi eða sundurþykkju manna á meðal.





# Jarðakaup að fornum rétti

Yfirlit um reglur Grágásar varðandi kaupsamninga um  
landareignir

Efnisyfirlit

1. Almennt	35
2. Kaupsamningar um fasteignir	38
3. Aðrir fjármunagæringar varðandi fasteignir samkvæmt Grágás	38
a. Forkaupsréttur – Máli á landi	38
b. Veðréttur í landi	40
4. Fylgifé með fasteign og skyld atriði	40
5. Samningshæfi	41
a. Fjárræði	41
b. Nánar um konur	41
c. Aldraðir menn eða heljúkir	42
6. Kaupverð	42
7. Gjaldtagi og afhending	43
8. Einkaréttur yfir landi – Lýrittur	43
9. Landabrigði – Brigðaréttur	44
10. Formreglur og skyld atriði	44
a. Almennt	44
b. Formæli	45
c. Handsal	46
d. Vottar	47
e. Lýsing	48
11. Merkjaganga	49
12. Vanefndir í jarðakaupum	50
a. Almennt	50
b. Af hálfu seljanda	51
c. Af hálfu kaupanda	52
13. Lokaorð	54

daga apēi öllö axtat sum h iþoanda kko  
 gande midnyco dag mirtt þg. Vrlagr ē hē  
 w. m. ö. ē fæ lætr dōa ef h læg eg loglo  
 go m t r s hnef dōl uplogo yatt hza ytt.  
 þ ē ce pa ē loglogo w hef hæt m. sum log  
 logo. ce ff h pa legia up þgscop et m. sū  
 ar fofto dag w þyra iþgi. pa ē h ce laus  
 f loglogo ef h yll. Nu yll h hza loglo  
 go lægr ef adē uya hō. pa ff ey meire  
 lutr logretto m rāda. Þ ē zat loglogo  
 m ē ut lagn m. ö. ef h kōr eg t alþgūf  
 fofto dag w þyra adē m gāgi t logbol  
 at nadsýnā lafo. enda eigo m pa at  
 tacā axtā loglogo m ef yllā. **L**ogretto þæt  
 agretto flo v ce eiga ce hza h hūv  
 fūat a alþgū. ce ff hō stia iþei stād ayat  
 se læg hef vtt. Þar flo pallar m. ja vþ  
 hūyfl logrettonā s ydir at rīlega me  
 gi stia ahūio þa fernar tþlpt m. þ eo  
 xii m ce fīoðūge hūio ē logretto leto  
 eigo. ce loglogo m v fīm s at þ flo rāda  
 logō ce logō. þ flo all stia amid palli rþ  
 eigo þpar yat kū. þ m xii. eigo logretto  
 leto ce noedlendinga fīoðūgi ē fa mēð  
 godōð þaxii. ē þ v pa hgd ē þ ato þg  
 fīe ā. ey godar m. ihūio þgi. Ey iollom  
 fīeþūgō ofþō. þa eigo m þ r. logretto  
 leto ce fīoðūge hūio ē fana m; godōð  
 full ce fōen þw ē þa v þriu rparþgi hū  
 io. er þg v m. fīoðūgi hūio. þa þōia.  
 enda flo þ all hza m; s māy ey ce þgi  
 hūio eno fōnd. s at þo eignt xii. m  
 logretto leto ce fīoðūgi hūio. En fōen  
 godōð noedlendinga öll eo fīoðūgi lēþ

at alþgūf neqno. v þull godōð ofþ öll a kē  
 h. Þ ē ce v þa m alla ē s eigo logretto se  
 to se m v tirt. at þa hū a at seipa tūei  
 m ilogretto t v rāda m; s gōðō f s ey ad  
 rō abac s. z lino þg m. pa vða pallar sci  
 padir t þult rþernar tþlpt m ahūio  
 palte. eng m flo stia f iþā palla þa ē  
 logretta ē rudd nēa þ ē mal eiguz vð  
 en stia ayat þ amlle. r a loglogo m at  
 seipa tū þ. ut f pollō a alþyða at stia  
 ei enō m ē rett at stāda up at logretto  
 þa ē þ ff hēa log e. lof. ē v mal m leto  
 mla rþei oðō ē yzt eo þa ē þ eo cōn. ut  
 lagn ē hūr m. ö. ē eg gōē s. r a fa soe ē  
 yll. En ef m tōðat s mico at logretto  
 f gndcoft e. gā þ hrang þ e. haryfti  
 at f þ q glapar mal m r v. þ. fo. se öll  
 þigl f glopon. f; þ m cōa t logretto  
 ē þ eigo set ey adē hza letz ut þa. þa  
 flo þ beida s rīa. ce ē hūio yral lastt ef  
 þ gāga þa ibr. En ef þ hira yð þa ē rīl  
 ē beitt. r v. þ m. ö. utl. þa ff eigande  
 beida leto fūy m; v. r v. þ fo. ef þa ef  
 yarnat. þ eo alt steyno sac. r ff q. w. h.  
 b. þ ē l. ef t ff. saca ey v. t utlegdar.  
 þ ē zat logretta lt ut fā dūel daga bāda  
 iþgi. ce þg lafna dag ce ayalt þ imille  
 ē loglogo m yll. e. meire lutr m. ce i  
 hūc lū ē m yllā tþydia logretto. þ flo  
 m retta log lū r gā nymæli g; yllā.  
 þ ar ff beida m syeno lejtā allra r latta  
 lejtā þa allra er einca lof fl at beida.  
 r māy lopa axtā. s se tirt ef ilogō.  
 þ ff alt metax s ilogretto se lofar se

Síða úr Grágásarhandriti

*Ef maður væður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkeja og heimilar fyrir hverjum manni er heimildar þarf að, þá er til er gengið sem á var kveðið, þá er það var keypt, og þau hálf með öllum auðæfum þeim er þá eru tínd.[1]*

## 1. Almennt

Þau lagafyrirmæli, sem tilgreind eru hér að framan, gefur að finna í upphafi 2. kafla svonefnds *Landabrigðisþáttar* í því meginhandriti Grágásar, sem kennt er við hið fornfræga stórbýli Staðarhól í Saurbæ. Þessi stutta grein laganna fornu gefur okkur, nútímamönnum, eins konar leiftursýn inn í aðstæður og umhverfi forfeðra okkar og formæðra á fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

Ákvæðið sýnir okkur, svo að ekki verður um villst, að menn hafa látið sér annt um að vel og tryggilega væri gengið frá kaupum um jarðeignir, sem hafa þá, eins og síðar varð til margra alda, verið meginuppistaðan í eignum manna, hvort heldur sem sú eign var mikil eða lítil á almennan mælikvarða. Smábýlið gat verið eiganda sínum jafndýrmætt, á sinn hátt, og höfuðbólið þeim stórbóndanum, er þar sat með reisu. Aleigan gat verið undir, einkum þó meðal almúgamanna í hópi jarðeigenda. Ákvæðið hefur að geyma kjarna eða höfuðinntak þeirrar lagaumgerðar, sem markaði kaupsamninga um bújarðir á ritunartíma Grágásarhandritanna um og eftir miðja 13. öld, og vafalaust löngu fyrir þann tíma.

Fram til síðari tíma voru jarðeignir meginstöð eignasöfnunar auðmanna og um leið lífsbjörg smábænda. Að minnsta kosti fram til þess að bankar og sparisjóðir komu til sögunnar var þessu háttað á þann veg, þótt nú séu hins vegar breyttir tímar, enda skiptir nú landbúnaður minna máli, í hagrænu tilliti, en fyrrum var. Þegar við ræðum hér um „landbúnað“ skulum við hafa hugfast, að sjósókn tengdist fyrrum landbúnaði í þrengri merkingu, þ.e. jarðeigendur við sjávarsíðuna voru hvort tveggja í senn bændur og útgerðarmenn. Leiguliðar reru gjarna á bátum, sem voru í eigu bænda í strandbyggðum.

- 
1. Úr Staðarhólsbók Grágásar, Grg. II, bls. 418. Í þessari samantekt, þar sem vísað er í síðutal í hinni stafréttu útgáfu Grágásar í þremur bindum, eru textabrot úr Grágás höfð með nútíma stafsetningu með svipuðum hætti og er í Grágásarútgáfunni frá 1992: Grágás – Lagasafni íslenska þjóðveldisins (*Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason* sáu um útgáfuna), Reykjavík 1992. Þar sem annars staðar er vísað orðrétt í texta Grágásar á þessum blöðum er vísað beint til hinnar vísindalegu og stafréttu útgáfu Vilhjálms Finsen, eins og venja er til, en nútímastafsetningu haldið.

Í ritgerð, sem höfundur þessarar greinar ritaði um réttarstöðu leiguliða fyrrum og nefnist „Jarðaleiga samkvæmt fornum rétti – Frá þjóðveldistímum til síðari alda“<sup>[2]</sup> segir meðal annars:<sup>[3]</sup>

Sá, sem flettir prentuðum útgáfum Grágásar, sér fljótlega að ákvæði þar, sem á einn eða annan hátt varða jarðeignir, eru bæði mörg og nákvæm. Sýnir það, að jarðeignir – eignarhald þeirra, sala, jarðaskipti og leiga – hafa verið mönnum mjög hugleiknar um það leyti sem Grágásarhandritin voru færð á bókfell. Enginn vafi er þó á því, að svo hefur verið öldum saman, áður en ákvæðin – í varðveittri mynd – voru ritfest, áreiðanlega allt frá landnámsöld: Jarðeignin var ævinlega undirstaða allrar tímanlegrar velferðar, ef svo má að orði kveða. – Í upphafi eignuðust margir landnámsmanna Íslands stór landflæmi með þeirri helgunaræferð, er nefnd hefur verið taka, og síðan gáfu þeir ýmsum fylgismönnum sínum, ættingjum og vinum, af landi sínu. Var eignarréttur hinna síðar nefndu því leiddur af frumeignarrétti þeirra fyrr nefndu. – Í landi, þar sem landbúnaður, í einni eða annarri mynd, var aðalatvinnuvegur flestra, var jarðeignin hinn trausti grunnur, sem lífsafkoman byggðist á, hvort sem um var að ræða þá menn, er bjuggu á eigin jörðum, eða þá, sem leigðu af þeim land til búskapar. Land hefur snemma tekið að ganga kaupum og sölum og jarðir jafnframt verið leigðar til lengri eða skemmri tíma. Eftir ýmsu hefur svo farið, á hverju tímaskeiði, hversu hátt hlutfall leigujarðanna hefur verið á móti fjölda þeirra jarða, þar sem sjálfseignarbúskapur var stundaður. – Vafalaust hafa allt frá fyrstu tíð verið til efnamenn, sem áttu allmargar jarðir, er þeir leigðu út frá sér. Má sjá dæmi um það í sumum Íslendingasögum – og er a.m.k. ekki ástæða til að rengja þær allar. Í Hænsna-Þóris sögu segir t.d. frá Blundkatli Geirssyni í Örnólfsdal, sem var „manna auðgastur og best að sér í fornum sið; hann átti þrjá tugi leigulanda.“<sup>[4]</sup> – Á síðari hluta miðalda tók auður, í auknum mæli, að safnast á færri hendur en fyrr og sjávarútvegur í tengslum við útflutning á fiskafurðum tók að gefa ýmsum mönnum miklar tekjur. Mætti ætla, að þetta hafi dregið úr þýðingu hefðbundins landbúnaðar og um leið bújarðanna, en svo var þó ekki í reynd. Efnamenn fjárfestu, enn sem fyrr, í jörðum og hélt svo allt til síðari tíma, enda var jarðeignin, gjarna ásamt leigufénaði, sem leigujörð fylgdi, nærfellt eina úrræðið til að ávaxta fé með sámilega tryggum hætti (þó aldrei áhættulaust). Bankastarfsemi kom ekki til sögunnar fyrr en seint á 19. öld, en lengi eftir það eimdi eftir af því álit margra gróinna eignamanna, að óvarlegt væri að treysta banka fyrir öllu sínu. Kvað því nokkuð að jarðasöfnum efnamanna vel fram á 20. öld. [...]

---

2. Sjá rit mitt „Lagastaður“, Reykjavík 2013, bls. 223 og áfr.

3. Tilv. rit, á bls. 224-225.

4. Íslendinga sögur I (*Grímur M. Helgason* og *Vésteinn Ólason* bjuggu til prentunar), Akranesi 1968, bls. 237.

Rétt er að hafa það, sem hér sagði um jarðeignir og mikilvægi þeirra á hinum fyrstu öldum Íslandsbyggðar, hugfast, þegar nánar er skyggst inn í reglur Grágásar um jarðakaupin.

Helstu ákvæði Grágásar um jarðakaup gefur að finna í Landabrigðisþætti, eins og hann er nefndur í Staðarhólsbók, og í Landbrigðaðætti, eins og kaflinn heitir í Konungsbók Grágásar.

Hér á eftir verður ritfest stutt yfirlit yfir helstu ákvæði Grágásar um kaupsamninga um jarðir. Um suma þætti þess réttarsviðs giltu allitarlegar og flóknar reglur samkvæmt Grágásartextum. Í þessu stutta máli verður einungis dregið á nokkur höfuðatriði, sem ættu að gefa sæmilega innsýn í sviðið í heild, en almennt ekki farið ofan í smáatriði.

Þess skal sérstaklega getið, að mjög lítið hefur verið ritað um fjármunaréttarákvæði Grágásar, ef borið er saman við öll þau skrif, sem birt hafa verið um önnur svið hinna fornu laga, það er um ríkisréttinn, einkum stjórnskipun, refsirétt og réttarfar. Um jarðakaup á þjóðveldistímanum hefur sáralítið birst á prenti hér á landi og sama gildir almennt um fjármunarétt samkvæmt Grágásarlögum. Er það ekki vansalaust.<sup>[5]</sup>

- 
5. Í þessu sambandi má þó geta um síðara bindi ritsins „Nordgermanisches Obligationenrecht – Westnordisches Obligationenrecht“, Leipzig 1895 (endurútgáfin 1973), eftir *Karl von Amira*, en þar er fjallað um margvísleg atriði úr fornum kröfurétti vest-norrænna þjóða. Þar í er þó margt flókið og fremur torskilið lesendum nú á tímum. Í ritverkinu mikla „Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid“ má finna ýmsar greinar á dönsku, stuttar, eftir íslenska fræðimenn, er fjalla um nokkra þætti úr íslenskum fornrétti, er varða atriði, sem dregið verður á í þessari samantekt. Ástæða er einnig til að geta um kandidatsritgerð við Lagadeild Háskóla Íslands frá 1991, er nefnist „Reglur Grágásar um kaupsamninga“ eftir *Árna Múla Jónasson* og *Erling Sigtryggsson*, en hún hefur aldrei verið birt. Hafði ég vissa hliðsjón af henni við gerð þessa þáttar og fékk til þess góðfúslegt leyfi frá höfundum hennar. Þá má enn geta þess, að varðveitt eru í Stofnun Árna Magnússonar handrit af stóru fræðiriti um flesta þætti Grágásarréttar eftir *Vilhjálms Finsens*, hæstaréttardómara í Kaupmannahöfn, sem var manna kunnugastur rétti þjóðveldisaldar, en hann féll frá áður en honum auðnaðist að ganga frá því handriti til útgáfu og var það aldrei gefið út. Í því handriti eru drög að ýmsum köflum um fjármunarétt Grágásar, þar á meðal nokkuð um kaupsamninga, en ekki er það í heillegri mynd. Ber handrit Vilhjálms safnnúmerið Access 6a. Kröfuréttarkafarnir bera þar númerið II. Afskrift *Boga Th. Melsted's* af handriti *Vilhjálms Finsens*, sem er um sumt aðgengilegri en frumrit Vilhjálms, ber safnnúmerið Access 6b, og samsvarandi kafli er þar einnig merktur með II.

## 2. Kaupsamningar um fasteignir

Með kaupum (kaupsamningi) um fasteign er átt við gagnkvæman samning þar sem annar aðilinn, seljandi, lætur af hendi eða lofar að láta af hendi tiltekna (nánar tilgreinda) fasteign til hins aðilans, kaupanda, en kaupandi greiðir eða lofar að greiða seljanda ákveðið fjárverðmæti sem endurgjald fyrir eignina. Um hugtakið „fasteign“ vísast til eignaréttar. Eftir rétti og venju nútímans er miðað við að endurgjaldið frá hendi kaupanda sé í formi peningagreiðslu, en fyrr á tíð, meðan lítið eða jafnvel ekkert var um peninga í umferð, var endurgjaldið ákvarðað í öðru verðmæti eins og síðar verður vikið að.

Nafnorðið kaup og sagnorðið kaupa er hins vegar til í mismunandi merkingu í fornum heimildum. Annars vegar um það, sem við í dag nefnum kaupsamninga og hins vegar um samninga almennt. „Keyptu þeir þessu“ er sagt í fornriti um það, er tveir menn höfðu komist að bindandi samkomulagi um sameiginlegt hagsmunamál, það er: „Sömdu þeir um þetta“, eins og sagt yrði nú. Sú merking er ekki notuð í nútímamáli, en hins vegar er kaup nú einnig notað um endurgjald fyrir vinnu, eins og alkunna er.

## 3. Aðrir fjármunagerningar varðandi fasteignir samkvæmt Grágás

### a. Forkaupsréttur – Máli á landi

Með forkaupsrétti er átt við rétt tiltekins aðila til að ganga inn í kaup um tiltekna eign annars manns, þegar sá maður vill selja hana.

Ætla verður, að fyrr á öldum hafi það sama gilt og á síðari tímum, að forkaupsréttarhafinn eigi rétt á að fá eignina með sömu kjörum, að því er verð og greiðsluskilmála snertir, og sá átti að fá sem í boði var sem kaupandi. Forkaupsréttarhafinn á því rétt á að „ganga inn í kaupin“, eins og það er oft kallað. Um hugtakið „forkaupsréttur“ vísast annars til umfjöllunar í almennum eignarétti.

Í Grágás eru ákvæði um forkaupsrétt að landi, sem bar að virða, þegar á reyndi. Þar er hugtakið forkaupsréttur reyndar ekki notað heldur er talað um mála eða lögmála á landi. Í fornu máli merkti orðið máli almennt samningur (sbr. einnig leigumáli, sem enn er þekkt hugtak) en með lögmála var einungis átt við samning um forkaupsrétt. Var þá sagt í lögum, að sá, sem vildi selja land sitt, gæti „lagt lögmála“ á landið, það er veitt tilteknum aðila forkaupsrétt að því, yrði það enn selt.

Sá gerningur var bindandi að lögum. Lagahugtakið máli gat einnig átt við lögmála. Land, sem lögmáli hvíldi á, nefndist málaland.

Inntaki forkaupsréttar er svo lýst í 14. kafla Landabrigðisþáttar Grágásar:<sup>[6]</sup>

Það er lögmáli á landi að hann [það er forkaupsréttarhafinn] skal eiga kost að kaupa fyrstur landið með slíku verði sem annar býður við, þá er land er falt. Enda má vera sá máli á landinu að þeir marki sjálfir verð á því, hve dýrt vera skal, ef falt verður.

Formreglur giltu um stofnun lögmála (forkaupréttar), sjá einnig um kaupsamninga hér síðar. Í 14. kafla Landabrigðisþáttar segir:<sup>[7]</sup>

Ef maður selur land sitt öðrum manni, og vill hann leggja á lögmála eða lögveð, þá skulu þeir handsalast þann mála eða það veð sem þeir eru á sáttir. [...] Þann mála skal lýsa að Lögbergi, eða lögveð ef það er í landi, sem þeir handsöluðust, hið næsta sumar á alþingi eftir kaup þeirra. [...] Þar er lögmáli er lýstur eða lögveð fyrir búum fyrst en síðan að Lögbergi, og þarf þann mála eigi oftast að lýsa meðan þeir vottar lifa og hann man votta, og þeir lifa báðir er þann mála áttust við. Ef vottar deyja, eða villast þeim lýsingarvottar er málann á, eða deyr sá er málinn var við, þá skal lýsa hið þriðja hvert sumar að Lögbergi mála þann. Ef eigi er svo lýstur málinn, þá er málinn af eða veð. Ef sá deyr er málann átti, þá skulu erfingjar hins dauða skipta þeim mála með sér, ef þeir eru fleiri en einn, og skal lýsa hið þriðja hvert sumar að Lögbergi sá er málann á eða veð, ef það er.

Eins og sjá má af þessu giltu sömu formreglur við stofnun lögmála á landi og við stofnun veðbanda á því, sjá síðar.

Um handsal og þýðingu þess vísast til þess, sem síðar segir um formreglur varðandi kaupsamninga um jarðir, en ljóst er af Grágás, að handsal var algert skilyrði þess, að gildur lögmáli (sem og veðsamningur) stofnaðist:

Ef menn mæla svo með sér að eigi skuli skylt vera að handsalast [...] og á það eigi að halda enda er þá hvorki á landinu veð eða máli.

Í Landabrigðisþætti eru meðal annars ákvæði um réttaráhrif þess að beitt er brekum, það er svikum („brek“ merkti svik í fornu lagamáli) í tengslum við forkauprétt. Er sérstaklega fjallað um það lögbrot, er eigandi málalands reynir að pretta málamann (það er eiganda forkaupsréttar) til að bjóða óeðlilega hátt verð fyrir eignina með því að fá annan mann til að bjóða slíkt verð án þess að hann ætlaði í raun að kaupa eignina.<sup>[8]</sup>

6. Grg. II, bls. 432.

7. Grg. II, bls. 432-434.

8. Grg. II, bls. 437-438.



## b. Veðréttur í landi

Til tryggingar fjárkröfum gat veðsali gefið öðrum manni veð í jörð sinni, þannig að ganga mátti að veðinu, ef greiðslufall varð. Þetta heitir samkvæmt Grágás að leggja lögveð á land. Í kafla 3-a hér að framan var getið um formkröfur þar að lútandi, sem voru í reynd hinar sömu eða að minnsta kosti svipaðar og var um stofnun forkaupsréttar að landi. Í Grágás eru allitarleg ákvæði um veðrétt í landi (en veð gat reyndar einnig stofnast í lausafé).

Ef veðtryggð fjárkrafa var ekki greidd varð hin veðsetta eign forveðja, sem kallað var, og eignaðist þá veðhafinn svo mikinn hluta hinnar veðsettu jarðar, sem fimm búar mátu, þannig að miðað var við að veðið tæki þá til tvöfaldrar þeirrar upphæðar, sem upphaflega var tryggð með veðinu. Sú regla að miða skyldi við tvöfalda veðupphæð átti þó ekki við ef aðilar höfðu samið um annan hátt, það er um minni upphæð en sem nam tvöfaldri frumupphæðinni.

Um þetta segir meðal annars í hinum fornu lögum:<sup>9]</sup>

Nú vill maður leggja lögveð í land manns, hvort sem hann átti það land áður, eða er það er þá selur hann honum. En það er lögveð, er maður skal taka tvo aura fyrir einn í landi, svo sem búar fimm virða við bók landið, þeir er landeigendur sé, hinn fimmta dag viku þann er sjö vikur eru af sumri hið sama vor, er hann missti gjalddagans. Þá eignast hann í landinu hálfu meira fé en hann ætti að honum. Búar skulu kvaddir vera þrem nóttum fyrir eða meira méli. Slíkt er það og lögveð, þótt þeir hafi markað verð á landinu.

Þegar hér er talað um að virða við bók, er átt við, að þeir leggi hönd á helga bók, og hefur því þetta formskilyrði ekki komið til sögu fyrir en nokkuð langt var liðið frá kristnitöku og helgar bækur fóru að tíðkast með lestrarkunnáttu lærðra manna.

## 4. Fylgifé með fasteign og skyld atriði

Grunnreglan hefur verið sú, fyrir og síðar, að öll þau jarðarhús, er voru fyrir hendi á jörðinni, þegar kaup fóru fram, hafa fylgt henni við söluna. Hefur vafalaust ekki þurft að taka það fram við kaupin. Frá þessu hefur þó mátt víkja ef sérstök ástæða var til, svo sem ef seljandi vildi taka hús niður og flytja viðina með sér, sem þó hefur væntanlega verið sjaldgæft. Um þetta segir *Páll Briem*, réttilega, í ritgerð sinni um hundraðatal á jörðum:<sup>10]</sup>

9. Grg. II, bls. 433.

10. *Páll Briem*: Hundraðatal á jörðum, Lögfræðingur IV., bls. 1 og áfr., á bls. 32.

Að fornu voru öll hús jarðarhús, sem nauðsynleg voru á jörðinni. Þegar menn seldu og keyptu jarðir, þá fylgdu að sjálfsögðu öll hús á jörðinni, og þegar menn tóku jarðir á leigu, þá fylgdu einnig með öll hús, sem nauðsynleg voru á jörðinni, og ef nauðsynleg hús vöntuðu á leigujarðir, þá hafði leiguliði heimting á að fá þau.

Um viðskilnað seljanda við jörð, er hann hefur selt, segir í Grágás:<sup>[11]</sup>

Þar er maður fer á braut af landi því, er hann hefir selt eða gefið, í fardögum, enda eigi hann þar eftir búskerfi [það er búshluti] í húsum eða hey í hlöðum eða í heygörðum, þá skal hann það svo á braut færa af landi því, hvort sem það er málaland eða annað, sem mælt er of leigending.

## 5. Samningshæfi

### a. Fjarræði

Fjarræði var að sjálfsögðu skilyrði þess, að menn mættu standa í jarðakaupum.

Almennur fjarræðisaldur karlmannna var 16 ár en kvenna 20 ár. Fjarráða karlmaður hafði full forráð á fé sínu og gat meðal annars selt eða keypt fasteign. Ófjarráða einstaklingar gátu það hins vegar ekki nema með leyfi fjárhaldsmanns þeirra. Enda þótt fjarræðisaldri væri náð gátu þó verið hnöktrar á því að maður réði fé sínu, ef greindarskortur háði honum. Mælikvarðinn var einfaldur (bæði varðandi fjarræði og arfgengi): Miðað var við að viðkomandi vissi „hvort [...] söðull skal fram horfa á hrossi eða aftur“. Stæðist hann þessa prófraun var hæfi hans sannað!

### b. Nánar um konur

Enda þótt konur yrðu almennt fjarráða tuttugu ára að aldri voru engu að síður hömlur á heimild þeirra til jarðakaupa eða jarðasölu. Eftir að fjarræðisaldri var náð mátti kona að vísu selja óbyggt land en ekki hálfá ábýlisjörð eða meira án samþykkis lögráðanda hennar, enda þótt hún væri ógift:<sup>[12]</sup>

Kona á eigi að selja land hálf byggðan bólstað eða meira án ráð [svo] lögráðanda [...].

Gift kona mátti ekki, án samþykkis eiginmanns síns, ganga að neinum kaupsamningum um fasteignir, svo framarlega sem hún bjó með manni sínum:<sup>[13]</sup>

Þar er samfarar hjóna eru og skal hann ráða fyrir fé þeirra og kaupum.

---

11. Grg. II, bls. 443.

12. Grg. II, bls. 174.

13. Grg. II, bls. 173.

### c. Aldraðir menn eða helsjúkir

Maður, sem orðinn var átræður eða meira og átti erfingja á lífi, mátti ekki selja land sitt nema með leyfi erfingjanna. Sama gildi, ef um mann var að ræða, sem lá fyrir dauðanum. Um þetta segir í Grágás:<sup>14</sup>

Eigi á maður að selja land undan erfingjum þá er hann er átræður eða eldri og svo ef hann liggur í helsótt nema erfingjar lofi.

Eigi varð þó slíkri sölu rift af hálfu erfingja ef sala landsins var nauðsynleg til að greiða skuld („nema hann megi eigi eiga fyrir skuld“, eins og það er orðað í Grágás<sup>15</sup>).

## 6. Kaupverð

Samningsaðilum hefur, að því er best verður vitað, verið frjálst að semja um kaupverð þess lands (jarðar eða jarðarluta), sem kaupsamningur snerist um. Hafa ber í huga, að peningar (í nútímamerkingu þess orðs) voru ekki í umferð á þeim tímum, er hér um ræðir. Tilteknir vöruflokkar voru því sá eini greiðslumiðill, sem gjaldgengur var. Hést svo lengi fram eftir öldum. Vissulega hafa menn getað samið um ákveðna vöru í þessu sambandi (svo sem tiltekinn fjöldi nautgripa, kvikfjár og þess háttar), en almennar og lögákveðnar viðmiðanir um greiðslumiðilinn – sem kallaðist lögaurar – giltu hins vegar í þessu sambandi ef svo hafði ekki verið gert. Kaupandi hefur þá væntanlega getað valið þann greiðslumáta, sem honum hentaði best, ef sú vörutegund var á annað borð talin til lögaura. Um þetta segir í Grágás:<sup>16</sup>

Ef mæltir eru lögaurar með mönnum og eru lögaurar kýr og ær. Það er og lögeyrir 6 álnir vaðmáls. Brennt silfur er enn og er eyririnn að mörk laugaura. Enda lögsilfur það er meiri hlutur sé silfurs en messingar og þoli skor og sé jafnt utan sem innan.

Melrakkaskinn 6 það er enn lögeyrir.

Yrðu samningsaðilar ekki sammála um það, hvort lögaurar þeir, sem boðnir voru fram til greiðslu samkvæmt samningi þeirra, væru fullnægjandi (varan gat til dæmis verið gölluð að mati seljanda) gátu þeir farið fram á mat svokallaðra lögsjáenda.

---

14. Grg. II, bls. 83-84.

15. Grg. II, bls. 98.

16. Grg. II, bls. 214.

Hvor um sig skyldi þá nefna til lögsjáanda, sem átti að skoða vöruna og meta hvort hún væri frambærileg. Ef lögsjáendur greindi á gildi álit þess, er vildi vinna eið að framburði sínum, en ef báðir vildu sverja eið var hlutkesti látið ráða.<sup>[17]</sup>

## 7. Gjalddagi og afhending

Ekki verður annað séð af heimildum en að kaupsamningur yrði bindandi þegar við stofnun hans. Hins vegar leiðir af hlutarins eðli að iðulega varð einhver frestur á því að aðilar stæðu að fullu við skyldur sínar samkvæmt samningnum. Algengt mun hafa verið, að gjalddagi kaupverðs skyldi vera „hinn fimmta dag viku er 7 vikur eru af sumri“.<sup>[18]</sup> Vilhjálmur Finsen taldi, að ættu aðilar skuldaþing saman – það er væru samþingsmenn á vorþingi – hafi gjalddagi verið á vorþingi, nánar til tekið á svonefndu skuldaþingi, sem var fyrri hluti vorþings (síðari hlutinn nefndist sóknarþing).<sup>[19]</sup> Vafalaust hafa aðilar getað samið um annan gjalddaga en leiddi af lagareglum.

Meginreglan hlýtur að hafa verið sú, að afhending hins selda lands hafi farið fram í síðasta lagi á gjalddaga, ef hún hafði eigi átt sér stað fyrr, en annars var miðað við fardaga.

## 8. Einkaréttur yfir landi – Lýrittur

Jarðareigandi, sem hafði full yfirráð yfir landi sínu, gat varnað öðrum mönnum afnot af landinu, og gekk sá réttur yfir til nýs eiganda við kaupsamning. Í þessu sambandi nota hin fornu lög gjarna orðalagið „að hafa eignarlýrit fyrir landi“, en lýrittur merkir í því sambandi rétt eigandans til að leggja á bann við tiltekinni notkun annars manns eða manna á landi hans. Til samanburðar má benda á orðalag í lögnum: „að selja / kaupa land laga kaupi og lýrittar“.

---

17. Grg. II, bls. 214-215.

18. Grg. II, bls. 428.

19. Sbr. *Vilhjálmur Finsen*, Grg. III, Ordregister, bls. 617 og 675-676.

## 9. Landabrigði – Brigðaréttur

Væri land selt án heimildar, þannig að hinn rétti landeigandi bar skaða af, gat hann endurheimt landið, það er brigðað því frá þeim, sem þá hafði landið í vörslum sínum. Grágás nefnir þetta landabrigði. Þar af er dregið nafn þess kafla í Grágás, er ber heitið Landabrigðisþáttur, þótt þar sé vissulega fjallað um marga aðra mikilvæga þætti kaupsamninga um fasteignir.

Meðal annars gat þetta komið til, ef fjárvarðveislumaður ólögráða manns seldi fasteign hans með óréttmætum hætti, að þá gat sá, er átt hafði eignina, brigðað henni frá hinum nýja eiganda eftir að hann hafði öðlast lögræði. Um þetta segir í upphafi Landabrigðisþáttar Grágásar:<sup>[20]</sup>

Ef ungum manni tæmist land að erfð eða gjöf, og selji fjárvarðveislumaður hans á braut, og á hann brigð til þess lands. Ef maður vex upp til landsbrigðar, þá skal hann hefja upp er hann er sextán vetra gamall. Nú á hann fleiri lönd að brigða en eitt þá skal hann brigða land á sumri uns öll eru brigð nema hann vilji fleiri brigða, og fyrnist þá eigi brigðin. Nú hefur hann síðar upp, eða lætur hann á milli verða, þá skal hann brigt hafa öll þau, er hann hyggur, sumar það er hann er áður tvítugur, ef hann er hér á landi alinn og upp fæddur.

Væri þessa úrræðis neytt varð fjárvarðveislumaðurinn að endurgreiða þeim, sem brigðað var frá, söluandvirði jarðarinnar.

Væri jörð seld, sem veð hvíldi á, gat veðhafinn brigðað jörðinni frá kaupandanum, er vann sér þá einnig til refsingar, ef hann hafði verið grandsamur við kaupin – og hið sama átti við um seljandann.<sup>[21]</sup>

Sá, er hugðist neyta brigðaréttar, varð að sanna mál sitt með vitnum (kaupsvátum, heimildarvátum)<sup>[22]</sup> eða kviðburði ella.

## 10. Formreglur og skyld atriði

### a. Almennt

Margvíslegar formreglur hafa löngum gilt lögum samkvæmt um gerð kaupsamninga um jarðir. Svo var vissulega á þjóðveldisöld meðan fyrirmæli Grágásar giltu um

---

20. Grg. II, bls. 410-411.

21. Grg. II, bls. 444 og áfr.

22. Grg. II, bls. 415.

Þetta, en ýmsar formreglur hafa einnig verið við lýði í fasteignakaupum um allar aldir, og er svo enn í dag.

Formreglunum var vitaskuld ætlað að stuðla að öryggi á þessu sviði, þar sem fasteignakaup voru á þeim tíma – sem og fyrr og síðar – einhverjir þeir mikilvægustu kaupsamningar, sem menn stóðu að á lífsleiðinni, og mikilvægt að vel væri frá þeim gengið í alla staði. Í þessu sambandi verðum við einnig að hafa hugfast, að á mörgum sviðum mannlegra samskipta gætti mikilla formkrafna, einkum á þjóðveldisöld, svo sem í réttarfari. Réttlættist það af því, að formið veitir hinum minni máttar eins konar skjól í samfélagi, sem er í mótun og þar sem ekki er hægt að útiloka að hinir máttarmeiri reyni að kúga hina til hlýðni og undirgefni. Stórbóndinn var bundinn af forminu engu síður en viðsemjandi hans, smábóndinn. Verður að líta á formreglur Grágásar um kaupsamninga á jörðum í ljósi þessa.

Þá verður einnig að hafa hugfast, að á þjóðveldisöld voru – að því er best verður vitað<sup>23)</sup> – ekki gerð skjöl til staðfestingar jarðakaupum (að minnsta kosti venjulegum kaupum meðal almennings) og voru því annars konar form notað, sem hafði svipuðu hlutverki að gegna og kaupbréfin höfðu síðar, eftir að þau voru tekin upp. Verður nú drepið í stuttu máli á nokkrar formreglur, sem lögmæltar voru og birtast okkur í Grágás.

## **b. Formæli**

Með formæli er átt við fastmótaðan munnlegan formála, sem var við hafður, er til vissra löggerninga var stofnað. Átti það sannarlega við um fasteignakaup. Þetta var ein af hinum mikilvægari formreglum, sem giltu á þessu sviði. Má öruggt telja, að samningur gat síðar verið metinn sem ógildur ef brugðið var frá reglum um formæli, einkum ef sleppt var einhverjum atriðum, sem formælið varð að hafa að geyma, með skýrum orðum, lögum samkvæmt. Minnir þetta á margs konar aðra formála, sem viðhafðir voru á mörgum sviðum á þessum tímum, varðandi lögskipti manna og í réttarfari (dómskaparétti), en þá varðaði miklu að ekki væri brugðið af réttu formi.

---

23. Vera má þó, að á síðari hluta þjóðveldisaldar hafi eitthvað kveðið að því, að meiri háttar samningar, svo sem um jarðakaup, væru skjalfestir, en um það eru engar varðveittar heimildir.

Vottar, sem ætíð voru kvaddir að gerð mikilvægra kaupsamninga, svo sem í fasteignaviðskiptum, gátu síðan borið um það, hvort gætt hefði verið réttra reglna um efni formælisins, að því er orðalag snerti.

Í Grágás segir:<sup>[24]</sup>

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og af réttu ef eru og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það laga kaupi og lýritar og hann handsalar honum land til þeirra merkja og heimilar fyrir hverjum manni er heimildar þarf að þá er til er gengið, sem á var kveðið þá er það var keypt, og þau hálf<sup>[25]</sup> með öllum auðæfum þeim er þá eru tínd.

Þarna birtist kjarni kaupsamningsins og ljóst er, hvaða atriði það eru, sem þurfti að geta um í þessu sambandi. Líklegt er, að báðir samningsaðilar hafi þurft að hafa yfir sömu orðin úr formælinu enda var það öruggast til þess að tryggt væri að ekkert færi milli mála.

Eftir að þessu formsatriði hafði verið fullnægt og handsal hafði jafnframt farið fram (sjá hér að aftan) var kominn á bindandi kaupsamningur.

### c. Handsal

Tekið var fram í b. hér að framan, að handsals skuli getið í formæli að jarðakaupum og var það því gildisskilyrði kaupsamnings. Án þess voru kaupin ekki fullnuð. Með handsali er átt við handarband milli seljanda og kaupanda og var það viðhaft til þess að „innsigla“ ýmsa samninga manna á milli.<sup>[26]</sup> Enn í dag takast samningsaðilar gjarna í hendur þegar þeir hafa orðið ásáttir um mikilvæg atriði í viðskiptum eða samskiptum þeirra, þótt handarbandinu, einu saman, fylgi ekki sömu formlegu áhrif og var fyrr á tíð.

Enginn vafi er á því, að handsalið (handarbandið), sem fram fór fyrir vottum, er kvaddir höfðu verið til að hlýða á formælið, var almennt skilyrði þess, að

---

24. Grg. II, bls. 418.

25. Nafnorðið hálf er hér haft í fleirtölu og tákna „hluta“.

26. Sbr. *Magnús Már Lárusson*: Handarband; handsal, Kult. hist leks. VII, bls. 113.

kaupsamningur hefði stofnast. Um það vitnar þetta ákvæði í Konungsbók Grágásar, sem er fortakslaust um öll kaup á landi:<sup>[27]</sup>

Handsala skal landkaup, svo er sem ókeypt sé ella.

Um þetta er einnig gefin regla í Staðarhólsbók en hún er flóknari og ekki eins afdráttarlaus. Þar virðist stærð hins selda lands skipti máli fyrir nauðsyn handsalsins, þó með nánari skilmálum:<sup>[28]</sup>

En ef land er eigi með votta handsalað þá er sem ókeypt sé ef það er hálfur bólstaður eða meiri hlutur þess bóls, er bælt sé á, enda skal þá hvortveggi þeirra hafa rift kaupið ef hyggur á 12 mánuðum hinum næstum. Ella er fast kaupið og eru þó þeir útlægir 3 mörkum við þann er sækja vill of það, er þeir höfðu eigi votta við.

Þetta síðarnefnda ákvæði ber sennilega að skilja svo, að það rými ekki út almennu reglunni um þýðingu handsals í jarðakaupum heldur snýr það að þeim ágalla, að vottar voru ekki að handsalinu.

„Þegjandi“ handsal, það er án orða sem fylgdu, hefur ekki verið fullgilt lögformlega heldur hafa samningsaðilar orðið að segja skýrt, þannig að vottar heyrðu, að hérmeð handsöluðu þeir samningi sínum.<sup>[29]</sup>

#### **d. Vottar**

Sökum þess að ekki (eða að minnsta kosti almennt ekki) voru gerð kaupbréf um jarðir á þessum tímum í sögu okkar var hlutverk votta, sem kvaddir voru til að heyra á formæli og sjá handsal vegna kaupanna, afar mikilvægt.

Formfesta fylgdi því, er vottar voru kvaddir til. Þeir voru nefndir með nafni, „nefndir í vætti“ eins og það var kallað, og fylgdi því fastur formáli þar sem hlutverki þeirra var lýst.

Vottar urðu að vera að minnsta kosti tveir í hvert sinn, en auðvitað gátu þeir verið fleiri. Það breytti ekki niðurstöðunni:<sup>[30]</sup>

Jafn fullt er vottorð að vottar séu 2 sem 10.

---

27. Grg. Ib, bls. 80

28. Grg. II, bls. 418-419.

29. Sú er skoðun *Vilhjálmis Finsen* í orðaregistri hans í Grg. III, bls. 621.

30. Grg. II, bls. 418.



Vottar skyldu bera um það, er þeir heyrðu eða sáu. Um það segir í Staðarhólsbók:<sup>[31]</sup>

Heyrn sína eða sýn skulu vottar bera með hverju vætti.

Að sjálfsgöðu gátu ýmsir mætir menn verið viðstaddir kaupsamning um fasteign en væru þeir ekki tilkvaddir formlega sem vottar, það er „nefndir í vætti“, gátu þeir ekki komið í votta stað, en kölluðust þá sannaðarmenn eða kennendur.

Fyrirnefnd regla um nauðsyn þess að vottar væru tilkvaddir gildi ekki um alla kaupsamninga eða aðra samninga heldur aðeins fjórar tegundir þeirra. Annars var meginreglan sú, að ekki þurfti að kveðja til votta að löggerningum. En þessar fjórar tegundir samninga voru allar mikilvægar (að „kaupa“ gat þýtt að semja í fornu máli, eins og áður var sagt). Í Konungsbók Grágásar segir:<sup>[32]</sup>

Öll skulu kaup haldast með mönnum vottlaus nema 4. Ef maður kaupir land eða goðorð eða hafskip eða fastnar sér konu.

Það varðaði refsingu að ganga á gerða samninga (sjá einnig síðar) en refsingin var mismikil eftir eðli samnings hverju sinni. Fjörbaugsgarði (sem var hörð refsing) varðaði ef maður „bregður“ (það er rífur sviksamlega) þeim fjórum tegundum samninga, sem hér voru taldar upp, en vægari viðurlögum, það er „þriggja marka útleð, um önnur kaup hvervitna þess er búar bera að keypt var eða vottar.“<sup>[33]</sup>

### e. Lýsing

Í Grágás er ekki kveðið á um það, að nauðsynlegt sé að lýsa kaupsamningum á þingi eða fyrir búum, enda þótt þar sé mælt fyrir um lýsingu ýmissa samninga, sem þó voru flestir léttvægari en til dæmis kaupsamningar um fasteignir. Vera má, að slíkum samningum hafi þó ídulega verið lýst á þingum og er alls ekki útilokað, að lagaregla hafi gilt þar um, þótt ekki hafi hún ratað inn í Grágásarhandritin.

Engu að síður varð að lýsa tveim tegundum mikilvægra samninga, sem gátu eftir atvikum tengst jarðakaupum, þ.e. samningum um stofnun forkaupsréttar í eigninni eða þá stofnun veðbanda á henni, en á hvort tveggja hefur áður verið minnst.

---

31. Grg. II, bls. 369.

32. Grg. Ib, bls. 75.

33. Grg. Ib, bls. 75.

## 11. Merkjaganga

Með merkjagöngu er átt við það, að aðilar að kaupsamningi um land „gangi á landamerki“ jarðarinnar til þess að staðfesta hvar þau liggja. Sögnina að „ganga“ má ekki taka of bókstaflega, því að það gefur augaleið, að allt eins mátti fara með merkjunum ríðandi, einkum ef hið selda land var stórt, og sá háttur hefur vafalaust oftast verið við hafður.

Ákvæði Grágásar um merkjagöngu endurspeglast í Jónsbók síðar og enn birtist okkur merkjagangan í gildandi löggjöf um landamerki, en í ágreiningsmálum um mörk landa, svokölluðum landamerkjámálum, hefur ætíð verið venja að málsaðilar gangi á merki með dómaramum áður en dómur verður upp kveðinn.

Merkjagangan hefur verið mikilvæg til þess að ekki léki vafi á því síðar, hvar mörkin lágu, en alkunna er, að ófá ágreiningsmálin hafa, fyrr og síðar, risið út af mismunandi skoðunum um það, hvar rétt merki tiltekinnar jarða væru. Merkjagangan skipti auðvitað meginmáli, meðan ekkert var skjalfest um merki jarða. Ekki er vitað, hvenær fyrst var tekið að lýsa merkjum skriflega hér á landi en vera má að einstöku dæmi þess hafi stofnast þegar á 11. öld, eftir að skriftlærðir menn komu til sögu, en það hefur þá vissulega verið sjaldgæft. Svo mikið er víst, að ekki hafa varðveist skjalfestar merkjalýsingar frá þeim tímum. Jarðakaupasamningar, þar sem merkjum var lýst, eru ekki varðveittir eldri en frá 14. öld, sjá í Lokaorðum.

Í Grágás er sú regla gefin, að þeir, sem standa að kaupsamningi um land, séu sammála um það, við stofnun samningsins, að þeir skuli ganga á merki hennar ásamt nábúum (það er þeim, sem eiga land að þessari tilteknu jörð) á tilteknum tíma, síðar:<sup>34</sup>

Menn eigu og að kveða á merkja göngu með sér fyrir vetur nætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal svo vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum er lönd eigu við 7 nóttum fyrr.

Í sjálfu sér virðist ekkert hafa verið því til fyrirstöðu, formlega, að merkjagangan færi fram hinn sama dag og kaupsamningur var gerður, ef báðum samningsaðilum og jafnframt nágrönnum hentaði. Sökum þess að almenna reglan var sú, eins og fyrr var getið, að afending seldrar jarðar miðaðist við fardaga var þarna gefinn allrúmur tími til þess að merkjagangan færi fram, það er allt fram að veturnóttum.

---

34. Grg. II, bls. 420-421.

Svo virðist sem ekki hafi verið skilyrði lögum samkvæmt, að ákveðið væri um merkjagöngu síðar, um leið og kaupsamningur var gerður, en væri svo ekki gert átti kaupandi að kveðja til göngunnar.<sup>[35]</sup>

Nú kveða þeir ekki á merkja göngu með sér í kaupinu þá skal kaupandi kveðja seljanda merkja göngu með votta 14 nóttum fyrir eða meira mæli að hann komi að sýna honum merki þau, er því landi fylgja er hann seldi honum, og kveða á daginn nær til skal koma og kveðja lögbönd en seljandi skal kveðja þá menn, er lönd eigu við, fyrir utan 7 nóttum fyrir eða meira mæli merkja göngu og svo þá menn, er þeir eigu skóga saman eða fjörur eða engjar.

Viðurlög lágu við því bæði gagnvart kaupanda og seljanda ef þeir létu hjá líða að ganga á merki innan tiltekins frests frá kaupunum. Óþarfi er að fjalla nánar um það atriði hér sem og um frekari ákvæði Grágásar um merkjagöngu, sem voru allýtarleg. Þó skal brugðið upp ákvæði, þar sem greint er frá því, hvar ekki þurfi að ganga á merki heldur nægi að sýna mörkin úr fjarlægð, sökum þess að tafsamnt eða torvelt sé að komast alveg að þeim.<sup>[36]</sup>

Þar er eigi skylt að ganga til merkja er firðir deila eða ár þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyrir og skal kveða á það. Nú á maður við annan mann eyjar þær, er mörk eru í, og skal sýna þá sem á megin landi. Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða og eigi er skylt að ganga úr búfjár gangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.

Refsing lá við því að greina ranglega frá merkjum jarða, hvort heldur sem var við sölu eða endranær.

## 12. Vanefndir í jarðakaupum

### a. Almennt

Eitt er að gera kaupsamning um jörð og annað að standa við hann. Á öllum tímum hefur verið alkunna, að aðilar að þess háttar samningum gætu ekki staðið við efndir þeirra þegar á reyndi, þrátt fyrir fögur fyrirheit – og ef til vill góðan hug og bjartar vonir í upphafi.

---

35. Grg. II, bls. 421.

36. Grg. II, bls. 421.

Á þjóðveldisöld voru í lögum ákvæði, sem ætluð voru til að knýja menn til efnda á gerðum kaupsamningum. Athyglisvert er, að þar var beinlínis lýst refsivert að vanefna þess háttar samninga. Eins og lýst var í kafla 10-d að framan fór þá refsingin eftir því um hvers konar kaup var að ræða.

Í Konungsbók Grágásar segir berum orðum<sup>[37]</sup>, að vanefndir á samningum um kaup á landi skuli varða hárrí refsingu, þ.e. fjörbaugsgarði. Með fjörbaugsgarði var átt við útleið úr landi um þriggja ára skeið. Var þessi refsingund einstæð miðað við rétt grannþjóða okkar á Norðurlöndum. Þeir, sem dæmdir voru til þessarar refsingar, nefndust „fjörbaugsmenn“, en dvöl þeirra erlendis meðan þeir afplánuðu dóm sinn kallaðist „landhreisun“. Fjörbaugsmaður missti einnig eigur sínar. Færi dæmdur fjörbaugsmaður ekki utan, svo sem honum var skylt, varð hann sekur skógarmaður, friðlaus, það er óalandi og óferjandi og hverjum manni rétttræpur.

## **b. Af hálfu seljanda**

### **aa. Vanheimild**

Að sjálfsögðu hefur það verið skilyrði að lögum, bæði fyrr og síðar, að seljandi fasteignar hefði fulla heimild til þess að ráðstafa henni með samningi. Annars var salan seljandanum vanheimil, en orðið „vanheimild“ í þessu sambandi er reyndar ekki notað í Grágás heldur kom það til sögu löngu síðar.

Væri eign seld í heimildarleysi var það refsivert fyrir seljandann. Í Grágás verður ekki fundin regla af þessu tagi, sem gildi sérstaklega um kaupsamninga um fasteignir almennt, án tillits til þess hvers eðlis vanheimildin var, en hins vegar er þar ákvæði, er snertir vanheimila sölu lands af hálfu fjárvarðveislumanns ólögráða manns, og var refsingin fjörbaugsgarður. Í Konungsbók segir:<sup>[38]</sup>

Þeim varðar fjörbaugsgarð er fyrst seldi landið við þann er keypti að honum og svo við hinn unga mann. Ef sá keypti vísitandi það land er hann vissi þriggja að von er fyrst keypti þá verður hinn eigi sekur við hann er honum seldi fyrstur en hann skal hafa aura sína jafn marga af þeim er fyrstur seldi og svo hver þeirra af öðrum og af sínum seljanda hver.

Einnig eru fyrir mæli um óheimila sölu málalands (það er lands, sem forkaupsréttur hvíldi á), en þar er þó vægar tekið á seljanda:<sup>[39]</sup>

---

37. Grg. Ib, bls. 75.

38. Grg. Ib, bls. 78. Með fjörbaugsgarði var átt við útleið úr landi í þrjú ár.

39. Grg. Ib, bls. 105.

Nú kaupir maður mála land og eigi vísvitandi þá verður hinn útlægur 3 mörkum er honum seldi við hvorn þeirra þann er keypti og við þann, er málað átti, og handsalsslit við hvorn tveggja.

Með útleög er hér átt við staðlað bótafé, sem fól í sér viðurlög sem refsing væri.

### **bb. Gallar á seldri eign**

Ekki verða í Grágás nein ákvæði fundin, sem beinlínis varða réttaráhrif þess að leyndir gallar reynist vera á seldri landareign, það er að hún svari ekki að stærð eða kostum til þeirrar lýsingar, sem seljandi gaf af henni við kaupin og sem ekki voru augljósir þá þegar eða að minnsta kosti eigi síðar en við merkjagöngu. Verður það að teljast merkilegt þegar litið er til þess, hve lagasafnið forna hefur að geyma mörg og stundum ýtarleg ákvæði um margt annað, sem reynt gat á í fasteignaviðskiptum.

Haft skal í huga, að auðvitað geyma hin varðveittu handrit Grágásar ekki tæmandi ákvæði um allt það, sem reynt gat á í mannlegum samskiptum, en það tákna ekki að á sumum mikilvægum sviðum viðskipta, þar sem engin bein ákvæði verða fundin, hafi verið um „lagalegt tómarúm“ að ræða.

Enginn vafi er á því, að reynt gat á ágreining vegna galla á fasteign og vafalaust hefur verið til einhver réttarregla um áhrif þessa, þótt hún hafi ekki varðveist í handritunum. Við vitum hins vegar ekki hvert efni hennar hefur verið.

### **cc. Brek**

Um réttaráhrif þess, að seljandi beitti beinlínis vísvitandi svikum (prettum) – eða brekum eins og það hét eftir tungutaki skrásetjara Grágásarhandritanna – við kaupin sjálf eru ekki ákvæði í Grágás, en öruggt má telja, að slíkt hafi leitt til viðurlaga, ef upp komst. Ákvæði um afleiðingar svika voru til dæmis um það, á hinn bóginn, ef föstnuð kona reyndist haldin einhverjum þeim annmörkum, sem forsjarmaður hennar vissi um en þagði yfir, en það gat varðað fjörbaugsgarði. Ólíklegt er, að minni viðurlög hafi legið við svikum í jarðakaupum.

Um áhrif breka í tengslum við forkaupsrétt (lög mála) var áður rætt.

### **c. Af hálfu kaupanda**

#### **aa. Almennt**

Meginskylda kaupanda jarðar var að sjálfsgöðu sú að greiða umsamið jarðarverð skilvíslega, bæði varðandi greiðslutíma og upphæð. Gerði hann það ekki var um vanefnd að ræða af hans hálfu. Vera mátti, að kaupandi stæði skil á hluta kaupverðsins

en gæti svo ekki staðið við að greiða eftirstöðvarnar. Gat það komið sér illa fyrir seljandann, sem átti almennt mikið undir réttum skilum gagnaðilans.

Skyldum við þá meðal annars hafa hugfast það, sem fyrir hefur verið sagt, að vanefndir í kaupum vörðuðu almennt refsingu.

Að sjálfsögðu varð þessi vanefnd kaupandans til þess að seljandinn eignaðist lögvarða kröfu á hendur honum um greiðslu.

Líklegt er, þótt ekki sé það beinlínis fest í texta varðveittra Grágásarhandrita, að þegar greiðslufall af hálfu kaupanda hafði verið staðfest hafi seljandinn getað endurheimt hina seldu eign.

### **bb. Yfirvofandi vanefnd**

Enda þótt greiðslutími kaupverðsins (eða hluta þess) væri ekki upp runninn gat vaknað rökstuddur grunur um, að kaupandinn ætlaði sér að komast hjá greiðslu með því að fara úr landi. Þegar svo stóð á átti seljandinn þess kost að leggja bann við för hins skulduga kaupanda af landi brott meðan skuldin var enn ógreidd. Hann gat þá lagt lýrítarbann við utanför skuldans og tilkynnt farmönnum (það er þeim, sem fyrir hafskipum réðu) um það bann. Í Konungsbók Grágásar segir:<sup>[40]</sup>

Ef maður á að manni fé eindagað og vill sá hlaupa á brott af landi þá er rétt að banna honum för þótt það sé fyrir eindagann en því aðeins verður sökin við hann eða við þá menn, er hann ferja á brott, ef féið kemur eigi fram að eindaga.

### **cc. Vextir – lögleigur**

Værijarðarverðið ekki greitt á réttum eindaga gat seljandinn krafist vaxta („lögleigna“) af skuldinni þar til greidd var. Vottar að kröfunni voru áskildir að lögum og þessari kröfu varð einnig að lýsa að Lögbergi hið næsta sumar. Lögbundnir vextir voru almennt 10% á þessum tímum. Í Konungsbók segir:<sup>[41]</sup>

Þess á hann [það er kröfuhafinn, hér seljandinn] og kost að segja lög leigur á féið að eindaganum meðan stendur undir honum [það er skuldaranum, hér kaupandanum] enda segja slíkt að lögbergi hið næsta sumar eftir þá hlýðir honum það meðan hann man vottana.

---

40. Grg. Ib, bls. 200.

41. Grg. Ib, bls. 143

### 13. Lokaorð

Hefur nú verið dregið á nokkra helstu efnisþætti, sem einkenna ákvæði Grágásar um jarðakaup, en einungis var þó um tiltölulega stutt yfirlit að ræða. Skal þá haft í huga, að í Grágás eru afar ýtarleg ákvæði um margt það, sem til þessa efnis heyrir, en engu að síður virðast vera eins konar „glompur“ í lagatextunum um sum mikilvæg atriði, sem hlýtur að hafa reynt á – það er að segja, að ekkert verður um þau fundið í texta varðveittra handrita. Er þó óvarlegt að ætla, að þau atriði hafi svifið í lögfræðilegu „tómarúmi“ heldur hafi dómstólar getað skorið úr þeim, þegar á reyndi.

Með lögtöku lögbókarinnar Járnsíðu og svo Jónsbók um áratug síðar, 1281, urðu veigamiklar breytingar á íslenskum rétti í mörgum atriðum, sem hér verður ekki fjallað nánar um. Var þar sumt bersýnilega tekið eftir hinum fornu ákvæðum frá þjóðveldistímanum en annað átti sér fyrirmyndir í Landslögum og/eða Bæjarmannalögum í Noregi. Haft skal í huga, að sami konungur ríkti þá í Noregi og á Íslandi.

Enn sem fyrr gaf í Jónsbók að finna margvísleg ákvæði um jarðakaup, líkt og verið hafði á Grágásartímum, og mikilvægt er að minnast þess, að þau giltu hér um margra alda skeið og mótuðu formleg samskipti manna í þess háttar viðskiptum. Ýmislegt breyttist á þessu réttarsviði með lögtöku Jónsbókar – sumt var tekið úr Grágás og annað úr Landslögum – en þegar á heildina er litið má fullyrða, að texti Jónsbókar sé almennt skýrari, betur saminn og skipulegri en átti við um hin fornu ákvæði í Grágásarhandritunum, sem um sumt eru fremur ruglingsleg.

Sem glögg dæmi um skýran texta, þar sem fjallað er um jarðakaup, má benda á eftirfarandi ákvæði í 6. kafla Landsbríðabálks Jónsbókar en þar segir:<sup>[42]</sup>

Nú vill maður selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land og skóga og engjar og reka, veiðar og afréttu ef eru, og allra gæða skulu þeir geta þeirra, er því landi eigu að fylgja, þó að það sé í önnur lönd, eða aðrir menn eigi þanneg ítök; síðan skulu þeir takast í hendur og kaupa með vottum tveim eða fleirum. Hann skal handsala honum land það með þeim ummerkjum hálfum, er landinu eiga að fylgja. Hann skal heimila honum fé það allt, sem þar kann finnast í jörðu og á jörðu, nema eigandi verði að. En ef land er eigi við votta handsalað, þá er sem ókeypt sé, en annar hvor skal rípt hafa innan .xii. mánaða, ella er fest

---

42. Jónsbók – Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 [...], *Ólafur Halldórsson* annaðist útgáfuna, Kaupmannahfön 1904, bls. 124-125. Hér er fylgt nútíma stafsetningu eins og gert var um Grágásartextana í þessari ritgerð.

kaup, og sekur .vi. aurum hvor þeirra við konung, ef þeir kaupa vottalaust. Skyldur er sá að ganga á merki, er honum seldi, innan .xii. mánaða, og stefna þeim öllum áður er til móts eigu. Þar er eigi skylt að ganga til merkja, er firðir deila eða ár þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyrir, og skal kveða á það. Nú á maður við annan mann eyjar þær er mörk eru í, og skal sýna þau sem á meginlandi. Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll eru, er vatnsföll deilast millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjargangi á fjöll upp, kveða skal þar á merki. Nú prófast svo að hann átti minna en hann hefur selt, bæti fyrir það eftir .vi. skynsamra manna virðingu, og haldist þau kaup þeirra.

Afar miklu skipti, að við lögtöku Jónsbókar 1281 var tekið upp ákvæði um, að skjalfesta skyldi efni jarðakaupasamninga og annarra meiri háttar kaupsamninga. Þessi fyrirmæli, sem treystu mjög allt öryggi um efni slíkra samninga, báru með sér nýjung í íslenskum rétti, en áttu sér fyrirmynd í hinum nýrri Landslögum (og Bæjarmannalögum) í Noregi.<sup>[43]</sup> Í 12. kafla Kaupabálks Jónsbókar, sem ber auðkenninguna „Um skjal og bréffagerð fyrir kaupum og cirographum“, segir um þetta:<sup>[44]</sup>

Öll þau skilorð er menn gera í kvennagiftingum, og svo ef menn kaupa jarðir, og fyrir hvert .vi. hundraða kaup og meira, þá skal hvor tveggi gera bréf eftir kaupi sínu og skildaga og nefna votta þá, er við voru, stund og stað, og hafa fyrir lögmanns innsigli eða sýslumanns eða nokkurra skilríkra manna, þeirra er vissu kaup þeirra; en ef ekki fær innsigli, geri þá cirographum, og ber það þá vitni kaupi þeirra, ef eigi eru vottar til, hvort sem það mál dæmist lögmanni eða öðrum réttum dómara þess máls.

Rétt er að geta þess til skýringar, að með cirographum er hér átt við bréf, sem skorið hafði verið í sundur með oddaskurði, eða bréf sem skrifað hafði verið í tvíriti út frá miðju sama blaðs, er var svo skorið í sundur, en þegar bréfschlutarnir voru settir saman aftur mátti sjá að þeir heyrðu saman, það er að segja voru úr sama skjalinu. Orðið cirographum er kunnugt úr fornu lagamáli hér á landi, en stundum var einnig talað um „skipt skjal“ í því sambandi.

Ætla verður, að skriflegir kaupsamningar um fasteignir hafi verið komnir til sögu í einhverjum mæli á næstu áratugum fyrir gildistöku Jónsbókar, þótt eigi væri lagaskylda til þess að skjalfesta þá fyrr en eftir tilkomu lögbókarinnar. Fyrirmæli í

---

43. Sjá um norskan fornrett á þessu sviði *Fr. Brandt*, Forelæsninger over den norske Retshistorie I, Kristiania 1880, bls. 194-195.

44. Jónsbók, áður nefnd útgáfa, bls. 222.



Þessa átt voru ekki í lögbókinni Járnsíðu. Eftir að efni Jónsbókar varð alkunnugt hefur fyrrnefndu ákvæði hennar vafalaust verið fylgt að jafnaði.

Elsta varðveitta bréf af þessu tagi, þar sem eigandi jarðar afhendir öðrum manni bújörð sína til fullrar eignar, er frumbréf á skinni frá 1351. Í bréfinu felst afsal á jörðinni Hólum á Skagaströnd. Um andvirði jarðarinnar er þar ekki getið en þó er tekið fram, að greiðsla fyrir jörðina hafi farið fram. Í því sambandi er þar talað um „fulla peninga“, sem þýðir fullt eða eðlilegt endurgjald. Lýsingu á merkjum jarðarinnar og hlunnindum er allitarleg en gat þó vissulega verið miklu flóknari og ítarlegri í sumum kaupsamningum. Í skjalinu segir:<sup>45]</sup>

Ég Þorsteinn Gunnarsson kennumst með þessu mínu opnu bréfi að ég hefi fengið síra Einari Hafliðasyni til fullrar eignar jörðina Hóla á Skagaströnd í Spákonufellspingum með öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni hefir fylgt og ég varð fremst eigandi að orðinn, með þessum rekum og ummerkjum: Úr ánni ræður keldan milli Spákonufells og lækur út úr henni til sjóar, en garður fyrir ofan Höfðann og eiga þó Hólar hálfá beit í Höfðanum en Hólamenn halda upp garðinum. Hólar eiga teig fyrir utan lækinn en Spákonufell torfskurð sem þarf í Hóla jörð. Spákonufell á fimmtung í reka inn frá læknum en Hólar fimmtung út frá læknum við Spákonufell gegnt markgarðinum. Eru og suður frá Höfðanum öll jöfn samlög að Hólar eiga fimmtung í reka umkringis Höfðann en Spákonufell fimmtung í rekanum suður frá að ánni. Eiga Hólamenn að geyma alla rekana. Hefi ég og fulla peninga upp borið fyrir greinda jörð af nefndum síra Einari. Og til sanninda hér um setti ég mitt innsigli fyrir þetta bréf. Gert við Einarshöfn næsta dag fyrir lárentsiús messu þá liðið var frá burð[i] Krist[s] þúsund þrjú hundrað fimmtígir og eitt ár.

Á þessum tímum var ekki farið að tíðkast, að menn settu nafnundirritun sína á skjöl – það varð ekki fyrr en nokkrum öldum síðar – heldur settu menn innsigli sín á skjölin, og eru mörg hinna fornu innsigla enn varðveitt.

---

45. Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) III, bls. 56-57. Hér birt með nútíma stafsetningu.

# Lögfræði og kvenleg fegurð

„Lilla“ kennir á bak við blæju

Sú var tíð, að *lögfræði* var dæmigert „karlafag“ í háskólum (eins og til dæmis verkfræði). Ein og ein ung kona slæddist þó inn í laganámið á þeirri tíð, er ég var laganemi (1964-1969), og vitaskuld þótti karlpeningnum í hópnum mikil þrýði að þessum verum. Með vísun til þess, sem síðar segir um athygli nemenda eða kannski öllu heldur athyglisbrest í kennslustundum, þykir mér meira en líklegt (og er reyndar fullvíst), að nærvera kvenkyns laganema hafi stundum leitt til einhvers skorts á ýtrustu athygli karlpeningsins í kennslustofunni. Oft hefur verið sagt – örugglega með nokkrum sanni en þó ekki endilega með réttu að öllu leyti – að lögfræðin sé „þurr“ fræðigreinin, en áreiðanlega má bæta úr þeim ágalla með ýmsum hætti, sem óþarfi er að ræða nánar um. Hvað um það: Kvenleg fegurð, annars vegar, og á hinn bóginn efnisatriði lögfræðinnar eða lagakennslunnar (þetta þurra stagl að sumra mati) virðast við fyrstu sýn eiga fátt sameiginlegt, en dæmi aftan úr öldum, sem brátt verður vikið að, sýnir okkur þó að frá þeirri meginreglu geta verið undantekningar þótt fátíðar séu.

Þegar ég segi, að stúlkur hafi verið fáar í laganámi þau ár, sem ég átti þar, voru þær auðvitað enn færri fyrir mína daga. Það þótti vissulega mjög frétt næmt, þegar fyrsta konan lauk embættisprófi í lögum við Háskóla Íslands 1935<sup>[1]</sup>, og örfáar fylgdu í kjölfarið um alllangt árabíl. Nú er hins vegar svo komið, að meiri hluti laganema við Háskóla Íslands er konur, og vissulega skila þær sér vel og með fullum sóma í öll möguleg lögfræðistörf úti í samfélaginu að námi loknu. Er sú þróun hvort tveggja í senn alkunn og ánægjuleg.

En hvað þá um kennarana? Allir mínir kennarar í lögfræði voru karlkyns og svo hafði það verið allt frá því að lagakennsla með akademísku sniði var tekin upp hér á landi 1908. Og, sé horft til eldri tíma: Þannig hafði það einnig verið alla tíð síðan lagakennsla var formlega tekin upp sem sjálfstæð kennslugrein til embættisprófs við Kaupmannahafnarháskóla 1736, en þangað sóttu íslenskir lögfræðingar löngum

---

1. Við Kaupmannahafnarháskóla tók fyrsta konan embættispróf í lögum 1905. Á tímabilinu 1905-1909 luku 4 konur slíku prófi á móti 537 karlmönnum. Heimild: „Kvinfo Køn-Viden / Information –Forskning“ á Netinu.

menntun sína meðan hún var ekki í boði í heimalandi þeirra. Ég hóf kennslustörf í Lagadeild haustið 1973 og þá var enn engin kona starfandi í hinum fámenna hópi fastra kennara þar. Það var ekki fyrr en 1976, að kona var fyrst ráðin í fullt kennarastarf í deildinni. Síðan hefur staðan breyst heldur betur, og nú kenna þar margar mikilhæfar konur eins og kunnugt er. Má vel vera, að þær muni ráða þar lögum og lofum áður en langt um líður – og er ekkert nema gott um það að segja!

Sé horft á hinn vestræna „háskólaheim“ almennt, það er að segja stöðu þessara mála í háskólum landa Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, er í grunninn svípaða sögu að segja: Lögfræði var löngum ekki talin vera aðlaðandi námsgrein fyrir ungar konur, sem á annað borð lögðu fyrir sig háskólanám (lengi voru þær í miklum minnihluta í hópi laganema), en þetta hefur sannarlega breyst mikið á síðari áratugum. Lagakennarar í háskólunum voru lengst af karlkyns, og svo hafði það verið frá fyrstu tíð, þegar tekið var að kenna lögfræði í hinum elstu háskólum í Evrópu.

Hinn elsti, frægasti og um margt merkasti þessara háskóla var í *Bologna* á Ítalíu. Þar var farið að kenna *almennan rómarrétt*, annars vegar, og hins vegar *kanónískan rétt* (það er rétt kaþólsku kirkjunnar) fyrr en annars staðar, eftir því sem best er vitað, eða um aldamótin 1100 (með mögulegum frávikum). Var það upphaf lögfræðikennslu með akademísku sniði á Vesturlöndum, en fræðin frá Bologna breiddust síðan smám saman út til annarra landa, þar sem háskólar voru stofnaðir. Um þetta efni, þ.e. háskólann í Bologna og lagakennsluna þar hef ég áður ritað og vísa hér til þess, er þar kemur fram.<sup>[2]</sup>

Í Bologna störfuðu ýmsir mætir fræðimenn og kennarar í lögum, sem fengust við lögfræðiiðkanir á grundvelli rómarréttar, bæði á almennu sviði og eins varðandi kirkjuréttinn, sem var í eðli sínu mjög byggður á grundvallaratriðum úr rómarrétti. Rómarréttur átti síðan eftir að verða hið helsta rannsókn- og kennslusvið í lagadeildum háskólanna um alda skeið, eins konar sameiginlegur og yfirþjóðlegur réttur Evrópuþjóðanna. Kennararnir lásu fyrir skýringar („glossae“ – „glósur“)

---

2. Sjá greinina, „Laganám í Bologna á miðöldum og áhrif fræðastarfsins þar“, í bók minni Lagabættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum, Reykjavík 1993, bls. 361 og áfr.

sínar á hinum fornu réttarheimildum og nemendurnir skráðu þær jafnóðum niður í kennslustundunum. Þannig urðu smám saman til mikil söfn slíkra lögskýringa.

Eins og lesandinn hefur þegar séð í hendi sér voru lagakennararnir í Bologna allt karlmenn – en þó reyndar með einni undantekningu varðandi kvenkyns forfallakennara, sem brátt verður vikið nánar að. Þessir lærdómsmenn nutu yfirleitt mikils álits í hinum akademíska heimi og nöfn flestra þeirra hafa varðveist til þessa dags. Eftir marga þeirra liggja þykkir doðrantar fræðiefnis í lögfræðilegum kennslugreinum, en allt voru það handrit ein framan af öldum því að þessi rómarréttar- og kirkjuréttarkennsla hafði farið fram í ýmsum háskólum um alda skeið áður en prentlistin kom til sögunnar.

Einn þessara manna, mjög kunnur kennari og glósuhöfundur, hét *Giovanni* (það er *Jóhannes* á okkar máli) *d'Andrea*. Talið er, að hann hafi fæðst um 1270 og andast 1348. Hann var sérfróður í kanónískum rétti og mikill áhrifamaður um túlkun þeirra réttarreglna, er þar til heyrðu. Oft var leitað til hans sem ráðgjafa, meðal annars af hálfu páfa og háklerka. Virðing sú, er lærðir samtíðarmenn hans báru fyrir honum, birtist meðal annars í þeirri auðkenningu, er þeir gáfu honum: „*Iuris canonici fons et tuba*“, sem má útleggja: „Uppspretta og lúður kanónísku réttar“.

Jóhannes nam ungur lögvisi við háskólann í Bologna og kenndi síðan við nokkra háskóla annars staðar áður en hann hóf kennslu í Bologna, sem hann mun hafa stundað fram á gamals aldur. Einkum flutti hann þar fyrirlestra um *Decretum Gratiani*, sem var ein af höfuðheimildum kirkjuréttarins. Hann var kvæntur maður. Eiginkona hans hét *Melansía* og áttu þau sjö börn, þrjá syni og fjórar dætur. Melansía hafði áhuga á lögfræði og var vel vís á því sviði, þótt ekki hefði hún sig neitt í frammi á akri fræðanna. Er haft eftir Jóhannesi, að iðulega hafi hann rætt lögfræðileg álitaefni við konu sína. Er ekki vitað til þess, að aðrir lagakennarar á miðöldum hafi almennt leitað til eiginkvenna sinna í sama augnamiði.

En Jóhannes d'Andrea átti sér fleiri lögfróða fjölskyldumeðlimi en Melansíu sína. Tvær dætur hans, *Bettina* og *Novella*, urðu sannir lögspekingar. Eru þær báðar kunnar af samtímaheimildum fyrir hina miklu lögvisi sína, sem vissulega var óvenjuleg um ungar stúlkur – bæði á þeirra tímum og lengi síðan. Ekki er beinlínis vitað, hvernig þær öðluðust þessa lögfræðipækkingu, sem var svo djúp og yfirgripsmikil, að báðar fengust þær við akademíska lagakennslu, að minnsta kosti í ígripum. Þó er ólíklegt, að þær hafi setið í formlegum kennslustundum hjá karli föður þeirra en hitt sennilegra,



*Novella kennir á bak við blæju.*

að um heimalærdóm hafi verið að ræða sem og viðræður við föðurinn, þar sem líklegt er að móðir þeirra hafi stundum verið viðstödd og lagt orð í belg. Á þeim tímum þótti ekki við hæfi og var í reynd óhugsandi, að stúlkur væru í hópi formlegra nemenda í lögfræði eða útskrifuðust úr lagadeild háskóla, en það má leika sér með þá hugmynd, að þær systur hafi öðru hvoru fengið að sitja í einhverju skoti eða afkima

kennslustofunnar (ef til vill á bak við tjald), meðan faðir þeirra eða aðrir lögspekingar þrusuðu þar um fræði sín! Hvað sem um það er fer ekki á milli mála, að þær Bettína og Novella hafa verið stórvel gefnar, hraðnæmar og vafalaust tekið mörgum karlkyns nemendum fram um þekkingu og skilning á þeim kirkjuréttarlegu lögvisindum, sem stunduð voru við háskólann í Bologna.



*Lögfróðar systur, Novella og Bettina.*

Novella mun hafa verið yngsta barn Jóhannesar og Melansíu. Talið er, að hún hafi fæðst í Bologna 1312. Um dánarár hennar er ekki vitað, en hún mun þó ekki hafa orðið sérlega langlíf. Nafn hennar er óvenjulegt, en það getur meðal annars þýtt: *sú litla* eða *yngsta* (í barnahópi), það er að segja „Lilla“ eftir íslenskri málvenju.

Heimildir eru fyrir því, að Lilla hafi verið svo vel að sér í kirkjulögum, að hún hafi iðulega leyst föður sinn af sem kennari, þegar hann var forfallaður.<sup>[3]</sup> Sagt er, að þessa forfallakennslu hafi hún stundað meðan ævin entist, enda bjó hún alltaf í Bologna. Það eitt, að Lillu var trúað fyrir kennslu við elsta og virðulegasta háskóla í heimi hér, sýnir, hvaða álits hún naut og hvaða traust menn báru til lærdóms hennar og kennarahæfileika. Vera má, að Lilla hafi verið fyrst kvenna til að annast háskólakennslu í lögum, en reyndar benda heimildir til þess, að fyrrnefnd systir hennar, Bettína, hafi einnig fengist eitthvað við sömu iðju í háskólanum í Padúa,

3. Elsta heimildin, sem gjarna er vísað til varðandi þetta efni, er í ritinu „Bókin um Borg kvenna“ (Le Livre de la Cité des Dames) eftir kvenrithöfundinn *Christine de Pizan*, sem var ítölsk að uppruna en bjó lengst af í Frakklandi og ritaði á frönsku. Hún var fædd 1364 en andaðist um 1430. Ekki er um samtímaheimild að ræða, því að talið er, að bókinni hafi Christine lokið um 1405.

en þar bjó hún á fullorðinsárum enda gift manni, sem var fastur kennari við þann háskóla.

En nú kemur annað til sögu, sem er vissulega afar óvenjulegt – í reynd vafalaust einsdæmi í sögu háskólanna. Svo góður kennari sem Lilla var náði inntak hinna lærðu fyrirlestra hennar í fyrstu ekki til nemendanna með þeim hætti, sem æskilegur var og að var stefnt. Heimildir greina frá því, að Lilla hafi verið afburðafögur ung kona, og er þá ekki nema eðlilegt að þessi kvenlega fegurð hafi fangað athygli hinna karlkyns nemenda hennar og leitt hugi þeirra inn á óvæntar brautir eða jafnvel á hreinar villigötur. Það kom nefnilega snemma í ljós, að nemendurnir gátu alls ekki einbeitt sér að fræðunum sem skyldi sökum útlits og geislandi persónu kennarans. Þessi athyglisbrestur stóð þeim beinlínis fyrir þrifum í fræðum og námi. Nú voru góð ráð dýr og finna varð lausn á þessu vandamáli. Bersýnilega kom ekki til mála að amast við kennslu Lillu, en sú lausn var nú fundin að koma fyrir *tjaldi* eða *dúk* fyrir framan kennarastólinn, þannig að nemendurnir sæju ekki kennslukonuna fögru meðan hún þuldi fyrir þeim fræðin!

Vonandi hefur þetta borið tilætlaðan árangur – en þó kunna efasemdir að vakna. Er ekki hugsanlegt, að ímyndunarafli laganemanna hafi verið vel virkt þrátt fyrir blæjuna? Má ekki vera, að töluverð sannindi felist, þegar alls er gætt, í þessum vísuorðum Hannesar skálds Hafstein?:

Fegurð hrífur hugann meira  
ef hjúpuð er,  
svo andann gruni ennþá fleira  
en augað sér.

Og nú má spyrja: Eigum við Íslendingar, fáir og smáir, einhverja heimild um kennslustörf kvenna í æðri skóla hérlandis á miðöldum? Svo vill til, að eitt dæmi, reyndar mjög merkilegt og eftirminnilegt, má finna um það. Að vísu var ekki um að ræða kennslu í háskóla, því að hann var enginn til hér á landi, en hins vegar kennslu og námsaðstoð í latínuskóla, lærðum skóla þeirrar tíðar, sem „framleiddi“ presta fyrir þjóðina. Í sögu *Jóns biskups Ögmundssonar* eftir Gunnlaug munk greinir meðal annars frá því, að biskupinn stofnaði þess háttar skóla á biskupssetri sínu, það er á *Hólum í Hjaltadal*, en Jón var biskup þar frá árinu 1106 allt til dauðadags 1121. Einn kennarinn þar hafði algera sérstöðu, því að það var stúlka, sem kenndi latínu

og aðrar lærdómsgreinar þegar svo bar undir, og fórst það afburðavel af hendi. Nefndist hún *Ingunn* og var af skagfirskri höfðingjaætt. Í sögu biskups segir:<sup>[4]</sup>

Þar var ok í fræðinæmi [svo] hreinferðug jungfrú, er Ingunn hét. Öngum þessum<sup>[5]</sup> var hon lægri í sögðum bóklistum, kenndi hún mörgum *grammaticam*<sup>[6]</sup> ok fræddi hvern er nema vildi; urðu því margir vel mentir undir hennar hendi. Hún rétti<sup>[7]</sup> mjök látínubækur, svá at hon lét lesa fyrir sér, en hon sjálf saumaði, tefldi<sup>[8]</sup> eða vann aðrar hannyrðir með heilagra manna sögum, kynnandi mönnum guðs dýrð eigi at eins með orðum munnnáms, heldr ok með verkum handanna.

Lítill vafi er á því, að hefði hér verið um að ræða lögfræðikennslu „á háskólastigi“ í stað lítills klerkaskóla í þröngum dal á Norðurlandi, hefði jungfrú Ingunn verið fljót að tileinka sér þau fræði og kenna þau síðan, að minnsta kosti í forföllum hinna föstu kennara, með svipuðum hætti og kynsystir hennar, hún Novella eða Lilla í Bologna tveim öldum síðar. Þess er reyndar ekki getið í heimildum, að Ingunn hafi þurft að setja upp blæju milli sín og nemendanna, sem til hennar leituðu, en það þarf vitaskuld alls ekki að tákna, að hún hafi eigi verið fögur kona ásýndum.

Ekki fer sögum af því, að nein þeirra fjölmörgu og vel hæfu kvenna, sem nú um stundir fást við kennslustörf í Háskóla Íslands eða öðrum íslenskum háskólum, hafi neyðst til að kenna bak við blæju – en hver veit hvenær á það kann að reyna?

- 
4. Biskupa sögur gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi I., Kaupmannahöfn 1858, á bls. 241.
  5. Það er: lærdómsskörungum og kirkjulegum fyrirmönnum, sem fyrr í sögu biskupsins voru nafngreindir sem skólasveinar á Hólum áður en þeir hlutu forfrömun.
  6. Það er: latneska málfræði.
  7. Það er: leiðrétti.
  8. Þetta ber að skilja sem svo, að hún hafi ofið tiglóttan dúk, sem kallaður var „teflingur“, en hann var meðal annars notaður í altarisklæði.





# Löggjöfin, siðgæðið og þjóðarsálin

## Hugleiðingar um meiðyrði og guðlast

### Efnisyfirlit

1. Almenn	66
2. Refsiákvæði um „almenn“ meiðyrði	70
3. „Almenn“ refsiákvæði um guðlast	73
4. Skiptar skoðanir um tilveru eða afnám 125. gr. hegningarlaganna	75
5. Er ákvæðinu um „almenn“ meiðyrði ofaukið í hegningarlögum?	77
6. Guðlast	79
7. Lokaorð	81

## 1. Almenn

Við stærum okkur gjarna af því að vera þegar ríkis, þar sem ríkir friður og öryggi í samskiptum borgaranna innbyrðis. Við trúum því vafalaust flest, að íslenska ríkið teljist óhrekjanlega til *réttarríkja*, þar sem landslög slái skjaldborg um mannréttindi einstaklinga og hópa og löggjafinn leitist við að vernda menn gegn árásum á líf og limi jafnt sem æru þeirra. Í þessu sambandi er gjarna bent á það, að sú löggjöf, sem um þessi efni gildir, sé um margt vel úr garði gerð og hafi reynst allvel þegar til heildar er litið, enda þótt einstök atriði hennar kunni að vera umdeilanleg og löggjafinn geti lengi bætt um betur.

Hér verður vikið nánar að tveimur þáttum réttindalöggjafar okkar, sem báðir áttu sér fastan sess í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 fram undir þetta. Svo er enn um annan þáttinn en hinn hvarf af sjónarsviðinu nýverið. Nánar til tekið er hér, annars vegar, um að ræða ákvæði um viðurlög við „*almennum*“ *meiðyrðum* í 234. gr. laganna og hins vegar ákvæði um *guðlast* í 125. gr. þeirra, sem afnumið var með lögum nr. 43 frá 8. júlí 2015, er samþykkt voru á Alþingi 2. júlí 2015. Farið verður nokkrum orðum um þessi ákvæði. Hvað varðar núgildandi ákvæði um meiðyrði verður meðal annars tekin afstaða til þess, hvort ástæða sé til að afnema það. Einnig verður fjallað með gagnrýnum hætti um fyrrnefnt ákvæði hegningarlaga um *guðlast*, en í reynd einkum í sögulegu ljósi, því að það var nýlega afnumið eins og fyrr segir, en hafði hins vegar fylgt þjóðinni um allar aldir fram til júlímánaðar 2015.

Við skulum hafa hugfast, að því fer víðs fjarri að *skráð lög* leysi allan vanda í mannlegum samskiptum, þótt þau gefi oft góðar leiðbeiningar. Miklu fremur reynir oft á mannskilning, gott uppeldi, lífsreynslu og siðferðislegan þroska þeirra einstaklinga, sem við sögu koma hverju sinni. Við *framkvæmd* eða *eftirfylgni* laganna, reynir mjög á mannlega eiginleika – í reynd *mannkosti* – þeirra, sem þar um fjalla. Má í því sambandi meðal annars benda á lögreglurannsóknir, ákærur og dómsstörf af ýmsu tagi. Alveg sérstaklega á þetta þó við, þegar um er að ræða svo „viðkvæm“ réttarsvið sem þau, er hér verða gerð að umræðuefni.

Flest lög eru *gagnleg* – að minnsta kosti um ákveðinn tíma – en engin lög eru þó *heilög*. Lög má endurskoða og breyta þeim eða afnema eftir því sem þarfir samfélagsins krefjast á hverjum tíma. Af sjálfu leiðir þó, að varkárni verður að beita við þess háttar endurskoðun og nýsmíði laga, því að margt gagnlegt getur falist í „gömlum“ lögum, sem geyma í sér mannvit og reynslu fyrri kynslóða. Einkum er varúðar þörf

Þegar fjallað eru um löggjöf varðandi sérlega viðkvæma og vandmeðfarna þætti mannlífsins.

Áður en lengra verður haldið er vert að áréttu það, sem reyndar er alkunna, að núgildandi lagaákvæði um *almenn meidyrði*, eru mjög í sviðsljósinu nú um stundir, og svo var einnig um almenna ákvæðið um *guðlast* meðan það var í lögum.

Við opnum varla svo fjölmiðil – hvort sem er í hefðbundnu blaðaformi, á Netinu eða í útvarpi – að ekki sé þar getið um nýjan dóm í *meidyrðamáli* eða þá frétt um, að þessi eða hinn hyggist fara í meidyrðamál vegna tiltekinna, rætinna ummæla, sem hann hafi orðið að þola opinberlega, eða að minnsta kosti, að hann íhugi að kanna réttarstöðu sína í því sambandi. Eins og að líkum lætur hafa *lögmennt* komið mjög við sögu í þess háttar málavafstri og má helst virðast, að sumir þeirra hafi með vissum hætti sérhæft sig á sviði meidyrðamála – og taki einnig að sér, auk hefðbundinnar lögmennspjónustu, að koma fram sem eins konar blaða- eða fjölmiðlafulltrúar fórnarlambins!

Enginn þarf að velkjast í vafa um, að málshöfðanir og málsvarnir af þessu tagi kosti aðila drjúga fjármuni og víst er, að sá langi biðtími, sem oft líður frá því að meidandi ummæli féllu og þar til endanlegur dómur gengur, getur orðið þolandanum örðugur, og ætla má einnig, að ýmsum falli þungt að tapa máli af þessu tagi – upplifa það sem aukna eða jafnvel nýja smánun.

Öll þessi málaferli sýna okkur meðal annars, að æran er flestum mönnum dýrmæt og *sjálfsvirðingin* afar viðkvæm og auðsærð. Víst er, að menn vilja oft kosta miklu til að fá eins konar sáraumbúðir á meiddar tilfinningar, að því marki sem dómstólar fá megnað. En ekki má heldur gleyma því, að margir, sem trú á rétt sinn og málstað, verða að lúta í lægra haldi frammi fyrir dómsvaldinu – hinum æruprýddu dómurum þessa lands – og öðlast ekki þá uppreist æru, sem að var stefnt.

Þegar það er virt, er hér var sagt um ærumeiðingarnar og tíðni og vægi meidyrðamála í samfélagi okkar, fer vart á milli mála, að vel þarf að vera búið að þeirri *löggjöf* – þeim *lagaramma* – sem gildir á því sviði, og ekkert er þar hafið yfir endurskoðun og breytingar, ef fullnægjandi ástæða liggur að baki. En hvað um það: *Siðferðislegu gildin*, sem hér reynir á, vega þó áreiðanlega þyngra en lagaákvæði ein saman. Aðalatriðið verður, enn sem fyrr, að engum á að líðast, siðferðislega, að særa og niðurlægja aðra menn að vild sinni. Lögreglukylfan er þó tæplega rétta verkfærið til að stjórna *hugarfari* fólks – og það á einnig, sannarlega, við á mörgum fleiri sviðum,

svo sem um *guðlast*, sem brátt verður vikið að. Lögum má að vísu framfylgja með valdi en það á að jafnaði ekki við um siðferðisþrek og almenna breytni manna. Lítið gagn er að lögum, sem styðjast ekki við almennar siðgæðishugmyndir þorra manna.

Hið „klassíska“ ákvæði almennra hegningarlaga um *guðlast* átti sér lengi vel „skjól“ í frumskógi refsíákvæða af ýmsum sviðum og var lítt í sviðsljósinu hér á landi á síðari tímum jafnt sem meðal grann- og frændþjóða okkar í norðanverðri Evrópu. Meðal sumra þeirra þjóða eru orðnir margir tugir ára síðan seinast var refsað fyrir guðlast. Hér á landi gerðist það síðast með dómi Hæstaréttar frá árinu 1984 (í „Spegilsmálinu“ svonefndu), og áður höfðu fáir guðlastsdómar gengið á okkar landi.

Á síðari árum hefur „landslagið“ hins vegar gerbreyst: Vestrænar þjóðir, þar á meðal Norðurlandþjóðirnar, hafa verið minntar harkalega á, að guðlast getur verið *daudans alvara*, í þess orðs fyllstu merkingu. Ekki eru mörg ár síðan verulegs óróa og áþreifanlegs haturs gagnvart Dönum gætti víða um lönd, í heimi Íslams, í kjölfar birtingar kaldranalegra skopmynda af Múhamed spámanni í danska blaðinu Jyllandsposten. Höfundir þeirra var hótad lífláti og þurfti vernd á tímabili, með svipuðum hætti og rithöfundurinn Salman Rushdie allnokkrum árum fyrr vegna bókar hans „Söngvar Satans.“

Þessi tvö dæmi, sem hér voru nefnd, urðu uppspretta mikilla gedshræringa víða og afar mikillar fjölmiðlaumfjöllunar eins og kunnugt er. Allt var það þó tiltölulega meinlítið miðað við það, sem síðar gerðist, í ársbyrjun 2015, þegar fjöldamorð voru framin í París (margir starfsmenn skopblaðsins Charlie Hebdo líflátnir) og í Kaupmannahöfn – í nafni Íslam, að því er sagt var. Vart verður þó efast um, að morðingjarnir voru öfgamenn, sem ekki höfðu neinn stuðning til þessara hermdarverka meðal almennra múslíma úti um heimsbyggðina heldur fóru eftir eigin hugmyndum eða einhverra annarra, er fyrirmæli gáfu, og tóku sér bessaleyfi til að myrða menn í nafni trúarhreyfingar, sem telur nú álitlegan hluta jarðarbúa eða nærfellt 1,7 milljarð manna víða um heim.

Þessi voðaverk voru sannarlega framin í okkar heimshluta, annað þeirra meðal granna okkar og frændþjóðar, Dana, í friðsælli borg, sem eitt sinn var okkar höfuðstaður jafnt sem hinnar dönsku þjóðar. Þangað tekur um tvær og hálf klukkustund að fljúga eða svipaðan tíma og fer í það að aka frá Reykjavík norður á Hvammstanga. Það er ekki lengra en þetta á vígvöll trúarofstækis.

Hvar bera öfgafullir hryðjuverkamenn niður næst? Eru Íslendingar algerlega óhultir í þessu efni? Það væri barnaskapur og skammsýni að álykta að svo hljóti að vera – enda þótt við viljum trú á því, að land okkar sé „fjarri heimsins vígaslóð“, eins og eitt sinn var sagt, og okkur hafi verið blessunarlega hlíft við hryðjuverkum fram til þessa.

Alkunna er, að héraendis er farið að gæta spennu í hugarfari allmarga „rótgróinna“ Íslendinga gagnvart aðfluttu fólki svo sem flóttafólki, einkum þó gegn múslímum, sem búa að nokkru leyti í öðrum „menningarheimi“ og við rótgróna siði af öðrum toga en meiri hluti þjóðarinnar, þar sem lögmál Íslams – Sjárian svonefnda – hefur mikil áhrif á hugsunarhátt og hegðun margs fólks úr nefndum minnihlutahópi, þó í mismiklum mæli. Sumir landa okkar hafa haft uppi mjög hörð ummæli gagnvart múslímum, bæði á heimsvísu og gegn þeim, er hér búa. Reynsla frá öðrum löndum kennir okkur, að stutt kann að vera milli orða og athafna á því sviði – og hermdarverk geta að sjálfsgöðu kallað á gagnaðgerðir, jafnvel án nokkurrar vægðar. Þetta skyldum við meðal annars hafa hugfast, þegar rædd eru málefni flóttamanna frá Mið-Austurlöndum og víðar að, sem leita sér athvarfs á okkar landi.

Af þeim dæmum, er hér voru nefnd, og mörgum öðrum, sem of langt mál yrði að rekja, sjáum við gjörla, að trúartilfinningar fólks eru mörgum afar dýrmætar og viðkvæmar og ýmsir eru þeir, sem eru reiðubúnir til að grípa til harkalegra varna ef að þeim tilfinningum og lífsgildum er vegið með grófum hætti. Ekki er að efa, að í hópi prýðilegra múslíma á Íslandi eru margir, sem taka trú sína mjög alvarlega og vilja leitast við að framfylgja kenningum eða lögmáli hennar í sínu lífi – gagnvart sjálfum sér og sínum nánustu – að því marki sem almenn landslög leyfa. Við vitum ekki á þessari stundu, hvort einhver finnist í þeim hópi, er gæti hugsað sér að ganga eitthvað lengra en íslensk lög leyfa, ef hann telur harkalega að sér og sínum vegið. Eins vitum við ekki, hvað kann að gerast á komandi árum.

En það er með guðlastið eins og meiðyrðin – þessi tvö tilfinningaþrungnu réttarsvið, sem eru svo raunhæf í nútímanum – að lagaákvæði um það verða að sæta gagnrýni og jafnframt breytingum ef næg ástæða sýnist til. Við þess háttar endurskoðun verður þó vitaskuld að gæta varkárni og sjá til þess að fólk standi ekki varnarlaust gagnvart árásum á þau mikilvægu gæði, sem æra manna og trúartilfinning eru eða geta verið.

Verður nú snúið að því að ræða í stuttu máli um þau lagaákvæði, sem gilda enn eða giltu, að öðrum kosti, til skamms tíma um þessi efni í okkar rétti, og bornar fram spurningar um það, hvort ekki megi eða hafi mátt breyta réttarumhverfi á þessu sviði almenningi að skaðlausu.

## 2. Refsiákvæði um „almenn“ meiðyrði

Samkvæmt 234. gr. hegningarlaga skal hver sá, sem meiðir æru annars manns með *móðgun* í orðum eða athöfnum, og hver sem ber slíkt út, sæta *sektum eða fangelsi allt að einu ári*. Sammæli eru um það meðal lagamanna, að þetta ákvæði verndi fyrst og fremst *sjálsvirðingu* manna, það er snúi að þólandanum sjálfum og sjálfsímynd hans og athæfið særi hann þannig, án þess að spyrja þurfi um það, hvort maðurinn sé í reynd lítillækkaður í hugum *annarra manna*.

Því fer fjarri, að með þeirri meiðingu, sem hér um ræðir, sé verið að núa viðkomandi því um nasir, að hann hafi framið eitthvert ódæði eða því um líkt, sem skerði virðingu hans í augum annarra manna. Undir þetta ákvæði falla því til dæmis ummæli eins og fífl, drullusokkur, túlípani, jólasveinn, auli, kjáni og fleira í þeim dúr, svo að einungis fá dæmi séu nefnd.

Ummæli af þessu tagi eru yfirleitt með þeim hætti, að þar getur vart reynt á *sannindi* ummælanna sem refsibrottfallsástæðu, sem hins vegar skiptir máli varðandi beitingu 235. gr. laganna, sjá síðar.

Ummælin segja einnig oft meira um þann, sem viðhefur þau, heldur en þann, sem þau beinast að.

Eitt er svo að bera fram ummælin og svo hitt að *breiða þau út*, en þar getur þriðji maður komið til skjalanna. Verknadur hans er þá einnig refsiverður eins og segir í ákvæðinu.

Vel má segja með réttu, að ákvæðið í 234. gr. fjalli um afleiðingar *almennra* meiðyrða, ef borið er saman við 235. gr, sem brátt verður nánar getið, en þar er brotið *sérgreint*. Efni þessara tveggja ákvæða er því talsvert ólíkt, þótt þau eigi það sameiginlegt, að í báðum tilvikum hefur æra manns verið meidd.

Hér skal ekki farið fleiri orðum um nákvæma skýringu á þessari grein hegningarlaganna heldur vísað til frekari umfjöllunar minnar í bókinni *Fjölmiðlaréttur*; Reykjavík 1997, einkum bls. 202 og áfr. Þar er jafnframt rætt um efni annarra ákvæða

í þeim lögum, sem snerta á einn og annan hátt meiðyrði – öðru nafni ærumeiðingar. Í því sambandi skiptir meginmáli ákvæðið í 235. gr. þar sem segir, að ef maður *dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út*, þá varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Hér er, með öðrum orðum, vegið að æru manns með þeim hætti, að það er ekki aðeins sjálfsvirðing þolandans, sem biður skaða, heldur hefur hann orðið fyrir ummælum, sem eru til þess fallin að skerða virðingu hans og álit í augum samborgara hans. Þar getur komið til hvers kyns ámælisverð (þar á meðal refsiverð) háttsemi, sem maðurinn er borinn, eða annað það, er verða má til að sverta hann út á við. Er almennt litið svo á, að í meiðyrðum af þessu tagi felist mun meiri ávirðing en varðandi „almenn“ meiðyrði samkvæmt 234. gr., enda kemur það fram af mun meiri þyngd viðurlaga, það er fangelsi allt að tveimur árum í stað eins árs fyrir hin vægari meiðyrðin.

Þegar hér er talað um fangelsisrefsingar skal haft í huga, að í reynd er oftast beitt sektarrefsingum í meiðyrðamálum en ekki fangelsi, og nægir hér að segja, að höfundur þessarar greinar er ekki kunnugt um, að fangelsi hafi verið beitt samkvæmt 234. gr. í minni núlifandi manna, ef svo má að orði komast. Gefur það meðal annars til kynna, að ákvæðið sé þegar af þeirri ástæðu ekki alveg í takt við tímann, sjá nánar síðar.

Í 237. gr. eru ákvæði um *brigsþyrði*, sem höfð eru uppi án nokkurs tilefnis, og varða þau sektum þótt sönn séu.

Af öðrum ákvæðum laganna um ærumeiðingar skal svo hér látið nægja að benda á 241. gr., þar sem segir, að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert er við. Þetta úrræði, sem stendur meiddum mönnum og dómstólum landsins til boða, er allsérstætt, því að það felur ekki í sér viðurlög í venjulegum skilningi heldur er því ætlað að hjúkra særðum tilfinningum í nafni alls réttlætis og veita meiddum mönnum eins konar uppreist æru, að því marki sem löggjafinn og dómskerfið megna það á annað borð. Sannleikurinn er sá, að fáar aðrar þjóðir hafa ákvæði um ómerkingu ummæla í löggjöf sinni enda þótt meðal flestra þjóða, sem við þekkjum best og höfum helst samskipti við, sé gert ráð fyrir viðurlögum fyrir ærumeiðingar af ýmsu tagi án þess að hér verði nánar rakið.

Óhjákvæmilegt er að benda á, að oft getur verið skammt eða jafnvel óljóst bil milli *almennra meiðyrða*, annars vegar, og *aðdróttana* hins vegar. Eitthvert skýrasta dæmið um þetta er málefnið í *dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/2014*, sem var kveðinn



upp 20. nóvember 2014. E krafðist þar refsisdóms gagnvart I, sem hafði farið mjög hörðum orðum um E á Netinu, einkum vegna þessara ummæla af hálfu I: „Fuck you raping bastard“. Séu þau orð skilin bókstaflega virðist með þeim verið að gefa til kynna að E sé nauðgari (sem getur auðvitað kallast mjög alvarleg og refsiverð aðdróttun, ef hún verður ekki sönnuð), en Hæstiréttur leit þó svo á, að horfa yrði til þess í hvaða samhengi orðin voru sett fram. Varð þá niðurstaðan sú, að um *fúkyrði* væri að ræða, er sett hafi verið fram í óvæginni þjóðfélagslegri umræðu og þar með *gildisdóm* um E en ekki raunverulega staðhæfingu um að hann hafi gerst sekur um nauðgun. Var því talið, að umrædd tjáning I hafi verið „innan marka þess frelsis, sem honum er tryggt í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar“. Var hann því sýknaður af refsikröfu í málinu. Í máli þessu dæmdu einungis þrír dómendur og voru tveir þeirra sammála um þá niðurstöðu, er hér var greint frá. Einn dómari skilaði hins vegar sératkvæði og vildi sakfella I á grundvelli 235. gr. hegningarlaga. Taldi hann ummælin „ekki fela annað í sér en grófa aðdróttun um að [E] hafi gerst sekur um grafalvarlegt refsivert afbrot og verða þau ekki réttlætt með vísan til þess að þar hafi stefndi einungis verið að láta frá sér fara mat á staðreyndum eða gildisdóm um [E], sem skilja bæri með öðrum hætti en ætla má við fyrsta lestur.“ Engu að síður taldi þessi dómari, að „á grundvelli reglna um meðalhóf og að virtri 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar“ væru ekki næg efni til að I ætti að þola refsingu í máli þessu þótt um lögbrot hafi verið að ræða.

Líklegt er, að dómur þessi hafi fordæmisgildi enda þótt hann sé vissulega umdeilanlegur.

Þegar í dómnum er rætt um „fúkyrði“ í eins konar afsökunarskyni skulum við hafa hugfast, að almenn meidyrði í skilningi 234. gr. hegningarlaga myndu í reynd oft falla undir þann flokk tjáningar. Þau eru einmitt iðulega höfð uppi í reiði, þegar ýmislegt er látið flakka, sem ekki yrði sagt á rólegri stundum. En dómurinn gefur okkur einnig bendingu um, að fúkyrða kunni að gæta á því sviði, sem um er fjallað í 235. gr., það er varðandi mögulegar eða meintar aðdróttanir.

Að dómi þessum verður aftur vikið síðar, þegar skoðað verður hvort rétt sé að láta 234. gr. „lifa“ til frambúðar.

### 3. „Almennt“ refsíákvæði um guðlast

„Ég upplýsi stolta múslíma heimsins um, að höfundur „Söngva Satans“, sem er árás á Íslam, spámanninn og Kóraninn, og að allir þeir, sem eru viðriðnir útgáfu bókarinnar og vita um innihald hennar, eru hér með dæmdir til dauða.“ Þannig hljóðaði boðskapur (fatva) Ayatollah Khomeinis erkiklerks í Íran árið 1988. Af þessu dæmi og fjölmörgum öðrum, sem alkunn eru víða um heim, sjáum við, svo að ekki verður um villst, að *guðlast* getur verið *dauðans alvara*. Hér á landi höfum við ekki enn þurft að horfast í augu við afleiðingar af þessu tagi, en dæmin frá öðrum þjóðum hræða.

Í kristnum sið hefur einnig löngum verið tekið hart á guðlasti, bæði í veraldlegum skilningi og andlegum, þótt nú sé afstaða ýmissa kirkjudeilda orðin mildari en áður var. Minnumst þess, að í Markúsarguðspjalli 3:28-29 gefur að finna þessi kröftugu orð Krists:

Sannlega segi ég yður: Allt verður manna börnum fyrirgefið, allar syndir þeirra og lastmælin, hve mjög sem þeir kunna að lastmæla, en sá sem lastmælir gegn heilögum anda, fær eigi fyrirgefningu um aldur, hann er sekur um eilífa synd.

Hið gamalgróna ákvæði í hegningarlögum okkar um guðlast og afleiðingar þess gaf að finna í 125. gr. þeirra:

Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum. Mál skal ekki höfða nema að fyrirlagi saksóknara.

Þetta var hið „almenna“ ákvæði um guðlast, ef svo má að orði komast, en sérhæfðara ákvæði og nokkuð annars eðlis er hins vegar í 233. gr. a í hegningarlögum:

Hver, sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarhátar, trúarbragða eða kynhneigðar, sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Þetta ákvæði í 233. gr. a er að stofni til fremur nýlegt í refsilöggjöf okkar. Því var bætt inn í lögina 1973 vegna aðildar íslenska ríkisins að samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 1965. Síðar var bætt inn í textann einstaklingsvernd og jafnframt vísun til kynhneigðar.

Ákvæðið í 125. gr. var hins vegar fellt brott með lagabreytingu frá því í júlí 2015.

Vafalaust er rétt að líta svo á, að efni 125. gr. hafi snúið að *huglægum gæðum*, það er trúarlífi manna og trúarkenningum, sem kunna að móta líf þeirra, og tilfinningum, sem þeirri sannfæringu og trúarhefðum fylgir. Áður fyrr var hins vegar almennt talið, að ákvæðinu (eða sambærilegu ákvæði í eldri löggjöf) væri ætlað að vernda hin *gudlegu öfl*, sem trúarbrögð byggjast á, en á síðari tímum mun það vera orðið sammæli, að verndin snúi fremur að *trúartilfinningum* manna, sem mörgum eru viðkvæmar og dýrmætar, heldur en að sjálfum guðdóminum – sem áreiðanlega getur varið sig sjálfur, bæta ýmsir við! Ákvæðinu í 233. gr. a er hins vegar ætlað að vernda einstaklinga og hópa manna, meðal annars gegn *meiðandi ummalum* eða *athæfi* en einnig gegn *beinum ógnunum* (svo sem *líflátsbótunum* og *bótunum um misþyrmingar*), sem kunna að fylgja í kjölfar árása gegn minnihlutahópum. Ljóst er, hvað sem öðru líður, að í þessu ákvæði hegningarlaganna er miðað við mun harkalegra athæfi heldur en fólst í fyrrnefndri 125. gr. laganna.

Mjög er misjafnt, hvernig löggjöf um viðurlög við guðlasti er háttað úti um heimsbyggðina. Í sumum löndum, ekki síst í Arabaheiminum þar sem múslímar eru í miklum meiri hluta og lögmál Íslams gildir jafnvel óskorað, getur *líflátsbegning* legið við guðlasti, en svo er reyndar ekki meðal annarra þjóða, sem enn halda ákvæðum af þessu tagi í löggjöf sinni. Þar getur þó gætt strangra refsinga af öðru tagi.

Í *Bandaríkjunum* eiga ákvæði um guðlast ekki stoð í lögum enda er litíð svo á, að þau myndu vera í andstöðu við hin sterku trúfrelsisákvæði í bandarísku stjórnarskránni. Í sumum vestrænum ríkjum hafa ákvæði af þessu tagi verið numin úr lögum. Í því sambandi má meðal annars benda á *Svíþjóð*, þar sem afnámið fór fram fyrir allmörgum árum. *Danir* og *Norðmenn* hafa hvað eftir annað leitast við að afmá „almenna“ guðlastsákvæðið úr refsilöggjöf sinni en það „lafir“ þó enn inni í lögunum, þótt því hafi lítt sem ekki verið beitt í langan tíma (líkt og var hjá okkur). Ákvæði um vernd gegn árásum á einstaklinga og hópa vegna trúarskoðana þeirra eru hins vegar víða í lögum, en þau eru annars eðlis en „almenna“ ákvæðið eins og fyrr segir.

Athygli vekur, að Írar, sem höfðu á sinni tíð afnumið guðlastsákvæði í sinni löggjöf, tóku aftur upp ákvæði af því tagi fyrir nokkrum árum.

#### 4. Skiptar skoðanir um tilveru eða afnám 125. gr. hegningarlöganna

„Almenn“ guðlastsákvæðið var felld brott úr hegningarlögum okkar með lögum nr. 43 frá 8. júlí 2015, sem samþykkt voru á Alþingi 2. júlí það ár.

Um var að ræða þingmannafrumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem lagt var til, að almenna ákvæðið um viðurlög við guðlasti í 125. gr. yrði afnumið, sbr. þingskjal 821, 475. mál, á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Við atkvæðagreiðslu um frumvarpið á Alþingi greiddu fjörutíu og þrjár þingmenn atkvæði með því, einn þingmaður sagði nei, þrjár greiddu ekki atkvæði en sextán voru fjarstaddir. Ljóst er því, að frumvarpið naut almenns stuðnings alþingismanna.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Tjáningarfrelsið er einn af hornsteinum lýðræðis. Það er grundvallaratriði í frjálsu samfélagi að almenningur geti tjáð sig án ótta við refsingar af nokkru tagi, hvort heldur sem er af völdum yfirvalda eða annarra. 125. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smáan trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.“ Með þessu frumvarpi er lagt til að ákvæðið verði afnumið. Fólk hefur ólíka sýn á lífið og því er viðbúið að tjáning sem einn telur eðlilega telji annar móðgandi. Sem betur fer eru upplifanir fólks af lífinu og tilverunni afskaplega ólíkar. Því er með öllu óraunhæft að ætla mannlegum hugsunum, tilfinningum og skoðunum að rúmast alltaf innan ramma svokallaðs almenns velsæmis. Því hefur verið haldið fram að óþarfi sé að hafa áhyggjur af þeirri lagagrein sem hér er lagt til að felld verði brott þar sem kæruehimildin sé afar sjaldan notuð og lagagreinin því í rauninni dauður lagabókstafur: – Í fyrsta lagi gengur sú röksemdafærsla út frá því sem gefnu að lagagreinin sé óréttmæt. – Í öðru lagi hefur almenningur rétt á því að geta kynnt sér hegningarlög og áttað sig með einhverjum hætti á því hvaða takmarkana sé ætlast til á hegðun manna og tjáningu. Því geta lögin haft hamlandi áhrif á samfélagið án þess að komi til kasta dómstóla. – Í þriðja lagi geta ráðamenn Íslands ekki fordæmt beitingu sambærilegra lagagreina í ófrjálsari löndum meðan þær er einnig að finna í refsilöggjöf hérlendis. Nýverið var gerð mannskæð árás á ritstjórn tímaritsins Charlie Hebdo í París og er talið að tilefni árásarinnar sé m.a. það að útgáfan hefur birt teikningar af Múhamed spámanni. Slíkar árásir á fólk vegna tjáningar eru því miður ekki nýlunda og lýðræðissamfélög verða að svara slíkum árásum með þeim skýru skilaboðum að tjáningarfrelsið muni aldrei lúta fyrir manndrápum, ofbeldi eða hótunum. Meðal annars af þeirri ástæðu leggja flutningsmenn frumvarpsins til að Alþingi leggi sitt af mörkum við að koma þeim skilaboðum á framfæri með því að gera frumvarp þetta að lögum.

Enda þótt frumvarpið nýti fylgis á Alþingi verður ekki fram hjá því litið, að afstaða ýmissa umsagnaraðila til þess var og er ólík.

*Biskupsstofa og Prestafélag Íslands* studdu afnám ákvæðisins. Í umsögn sinni bendir Biskupsstofa á, að kirkjuþing 2014 hafi samþykkt ályktun þar sem stuðningi sé lýst við fyrrnefnt frumvarp. Ekki standist nútímaviðhorf til mannréttinda að setja tjáningarfrelsinu skorður með þessum hætti. Prestafélagið bendir á, í sinni umsögn, að í almennum hegningarlögum sé nú þegar til staðar ákvæði í 233. gr. a (sem áður var getið um), er nái yfir það, sem refsivert ætti að vera í þessu samhengi.

*Kapólska kirkjan* á Íslandi lagðist hins vegar gegn frumvarpinu og bar fram þau rök, að í lífi trúaðra manna sé trúin og guðsmyndin veigamikill þáttur í sjálfsmynd og æru. Leiði tjáningarfrelsi til þess, að óheft megi smána sjálfsmynd trúaðs einstaklings sé verið að grafa undan trúfrelsi. Ótakmarkað og óheft tjáningarfrelsi án ábyrgðar geti leitt til andlegs ofbeldis. Geti kirkjan þar af leiðandi ekki samþykkt þann möguleika, að unnt sé að beita einstaklinga og/eða hóp einstaklinga andlegu ofbeldi.

*Hvítasunnukirkjan Filadelfía* bar fyrir sig, að með því að afnema núgildandi lög um guðlast væri verið að „lögleiða hatursorðræðu.“ Þágildandi lög (125. gr.) banni ekki frjálsa tjáningu skoðana né gagnrýni á trúarbrögð. Þau banni skrumskælingu, háð og fordómahvetjandi tjáningu.

Við nokkuð annan tón kveður hins vegar í umsögn *Hvítasunnukirkjunnar í Keflavík*, sem að sumu leyti studdi frumvarpið, en þar er meðal annars sagt að telja megi að Guð sé sjálfur fær um að refsa eða öllu heldur fyrirgefa þeim, sem ekki trúa á hann.

Ýmsir aðilar, sem gáfu umsagnir um frumvarpið, studdu það. Má þar nefna *Félag íslenskra bókaiútgefenda*, *IMMI á Íslandi*, *PEN á Íslandi*, *rikkissaksóknari* og félögin *Síðmennt* og *Vantrú*.

Eins og fyrr greinir var ekki fullkominn einhugur meðal alþingismanna um frumvarpið um afnám 125. gr., þegar það kom til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi. Á þingfundi 1. júlí 2015 skýrði einn þingmaður hina neikvæðu afstöðu sína með þessum orðum:

Þetta er partur af afsiðun þjóðarinnar. Það er flest orðið heimilt, til dæmis finnst fólki hvers kyns ummæli í kerfum svokallaðra netmiðla bara alveg sjálfsögð. Það þykir alveg sjálfsagt mál að senda þingmönnum til dæmis skeyti um það, að næst þegar viðkomandi muni mæta þingmanninum á götu þá muni hann hrækja á hann. Þetta eru skeyti, sem ég hef fengið, og ég tel, að þetta sé angi af sama meidi.

Þessum ummælum svaraði annar þingmaður, sem sannarlega var fylgjandi frumvarpinu:

Það er fallett að búa í samfélagi, þar sem þingmenn mega fá póst eins og háttvirtur þingmaður rakti [...], án þess að við því séu viðurlög.

## 5. Er ákvæðinu um „almenn“ meiðyrði ofaukið í hegningarlögum?

Margt sýnist mæla með því, að almenna ákvæðið um ærumeiðingar í 234. gr. hegningarlaganna verði fellt úr lögum. Staða þess er bersýnilega veik, að minnsta kosti fræðilega, þótt talsvert sé látið á það reyna fyrir dómstólum. Þau málaferli eru þó oftast misráðin, því að með því að halda uppi langdreginni lögsókn vegna einhverra illyrða í stað þess að reyna einfaldlega að gleyma þeim (og helst að fyrirgefa gerandanum í kristnum anda!) ýfir þolandinn sárindi sín og umhugsunin um þau kann smám saman að leiða til þráhyggju.

Áður fyrr var ytri vettvangur fyrir meiðandi ummæli, sem hugsanlega gátu fallið undir efnissvið 234. gr., fremur þröngur, svo sem skammir og svívirðingar drukkinna manna á samkomum (og þar af leiðandi í vitna viðurvist) eða illyrtar skammir og stóryrði í fjölmiðlum. Á það er þó að líta, að í þá daga voru fjölmiðlar almennt undir ritstjórn manna, sem oft höfðu vit á því að hafna birtingu stóryrða og ummæla, sem voru óþarflega meiðandi. Væri út af brugðið var þó yfirleitt unnt að benda á þann, sem ábyrgð bar að lögum. Nú hefur *Netið* tekið við sem hinn risastóri, landamæralausi og „alltumlykjandi“ miðill, þar sem hver og einn getur að vild sinni – að því er best verður séð – atað meðbræður sína og -systur í mannfélaginu auri að vild sinni, með hvers kyns illyrðum og meiðingum, sem í sjálfu sér gætu fallið undir 234. gr. hegningarlaga (og reyndar iðulega einnig 235. gr.) ef þau væru skoðuð í því ljósi. Það myndi hins vegar æra óstöðugan að ætla að fara að elta uppi aurslettur af þessu tagi og efna til dómsmála vegna þeirra. Á því yrði enginn endir! Oft yrði einnig örðugt eða jafnvel ógerlegt að finna gerendurna, sem fela sig iðulega á bak við dulnefni af ýmsu tagi. Allt er þetta kunnara en frá þurfi að segja.

Höfum einnig hugfast, að ummæli, sem fella má undir 234. gr. hegningarlaga, eru yfirleitt ómerkileg *fúkyrði*, oft mælt eða rituð í bræði, sem segja meira um uppstökkan eða illa áttaðan geranda en um þolandann, sem þau eiga þó að lýsa. Og

skulum við þá meðal annars minnst þeirrar niðurstöðu (að vísu umdeilanlegar að sumra mati), sem birtist í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 214/2014, en þar voru afar gróf ummæli um mann nokkurn talin vera refsilaus fúkyrði en ekki raunveruleg aðdróttun í merkingu 235. gr. hegningarlaga. Enn frekar hefði sambærileg niðurstaða átt við ef ummælin hefðu mögulega getað fallið undir hina vægari tegund meiðyrða, sem um ræðir í 234. gr.

Eðlilegt er því að spurt sé, hvort rétt sé, þegar litið er til framtíðar, að hafa í lögum ákvæði, sem býður upp á að dómstólar landsins séu ónáðaðir með kvabbi af þessu tagi – með öllum þeim kostnaði, sárindum og orkueyðslu, sem því fylgir óhjákvæmilega.

Enn er eitt ótalið, sem miklu máli kann að skipta um frambúðarstöðu ákvæðisins í 234. gr. hegningarlaga okkar. Það snýr beinlínis að hinni ædstu réttarheimild okkar, sjálfri stjórnarskrá lýðveldisins. Í 3. mgr. 73. gr. hennar segir, að tjáningarfrelsi megi aðeins setja „skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

Athyglisvert er, að í þessari mikilvægu grein stjórnarskrárinnar er aðeins getið um að skerða megi tjáningarfrelsi vegna *mannorðs* manna, er hlýtur að vísa til þeirra gæða, sem varin eru gegn *aðdróttunum* í 235. gr. hegningarlaga. Ekkert er þar minnst á *heiður* manna, einn saman, sem myndi hins vegar vísa til hinna veigaminni ærumeiðinga, er 234. gr. tekur til. Hér er, með öðrum orðum, átt við það álit, sem *aðrir* hafa á manni, og um mögulegan missi eða rýrnun þess álits. Það er því ekki verið að höfða til *sjálfsálits* eða *sjálfsmyndar* manna. Þetta orðalag er einnig með sambærilegum hætti og sömu merkingar í mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 10. gr. hans (þar notað orðið „reputation“ eða „mannorð“), en fyrrnefndu stjórnarskrárákvæði var breytt til samræmis við þetta orðalag í sáttmálanum árið 1995.

Verður þá jafnframt að hafa hugfast, að *undantekningarákvæði* stjórnarskrárinnar um frávík frá hinni grundvallandi meginreglu 73. gr. um tjáningarfrelsið verður að skýra þröngt, þannig að ekki má leggja víðari merkingu í ákvæðið en skýrt orðalag: „mannorð“ felur í sér. Í ljósi meginreglunnar um tjáningarfrelsi, verður vart séð, að skerðing tjáningarfrelsis með vísun til meiddrar sjálfsvirðingar, einnar saman, geti samrýmst stjórnarskránni.<sup>[1]</sup>

---

1. Sjá jafnframt fyrrnefnt rit mitt, Fjölmíðlaréttur, bls. 223-224.

## 6. Guðlast

Eins og áður hefur komið fram hefur um langa hrið lítt sem ekki reynt á refsíákvæði um guðlast meðal Norðurlandþjóðanna, þar með talið hér á landi meðan ákvæðið í 125. gr. hegningarlaganna var í fullu gildi.

Hafa verður hugfast, að það er vitaskuld unnt að veða að tilfinningum fólks með margvíslegum hætti án þess að neina lagaákvæði sporni við því. Að vísu skyldum við varast að gera lítið úr trúartilfinningum manna en þá má spyrja sig að því, hvort nægileg ástæða sé til þess að vernda þetta sérstaka svið með refsilögum umfram ýmis önnur tilfinningasvið og huglæga hagsmuni af mismunandi toga.

Almennt verður að ætla, að trúartilfinningar alls þorra Íslendinga séu ekki svo næmar og vakandi nú um stundir, að það þurfi refsivönd laganna – jafnvel með hótun um fangelsishegningu – til þess að vernda þær. Vafalítið hefur þessum tilfinningum verið ólíkt háttað hjá mörgu fólki fyrrum, en nú á dögum má svo virðast, að meiri hluti manna sé fremur fálátur í trúarefnum. Er þá reyndar átt við þjóðkirkjumenn, en hin íslenska þjóðkirkja er lang stærsta trúfélag hér á landi, þótt ekki njóti hún sama fylgis, hlutfallslega, og var fyrr á árum.

Auðvitað má búast við því, að ýmsir minnihlutahópar fólks af erlendum uppruna, sem hér hafa fest rætur, hafi sterkari skoðanir á og tilfinningar fyrir trúmálum en meiri hlutinn, sem fyrir er, en spyrja má þess, hvort réttlætlanlegt sé að halda úti „almennu“ lagaákvæði af þessu tagi vegna þeirrar sérstöðu, sem þessum hópum fylgja.

Eftir stendur alltaf, að sýn manna á efni og tilvist lagaákvæðis af því tagi, sem fólst í 125. gr. hegningarlaganna, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, er ólík manna á meðal. Hætt er við, að refsíákvæði nái illa tilgangi sínum nema þau séu til samræmis við réttlætistilfinningar alls þorra manna. Frá því sjónarhorni séð mátti því ýmsum virðast, að óheppilegt væri að sitja uppi til langframa með refsíákvæði, sem var orðið svo umdeilt sem þessi tiltekna lagagrein.

Allir samfélagsþegnar verða nú á tímum að vera í stakk búnir að þola margvíslegt áreiti í orðum umfram það, sem áður var í kyrrlátara samfélagi. Einkum á þetta við innan marka Netheimsins, og nærgöngult tal um trúarefni af ýmsu tagi þarf ekki að vera ólíkt ýmsu öðru, sem þar er að finna. Hverjum og einum á að vera frjálst að gagnrýna trúarbrögð, sín eigin og annarra, eins og hvað annað, sem máli skiptir í þjóðfélaginu. En um leið er hætt við, að sumir þoli alls ekki neina gagnrýni af



Því tagi, jafnvel þótt engin stóryrði hafi verið notuð, og telja hana bera með sér svívirðilegt guðlast. Tjáning, sem einn telur eðlilega og málefnalega, telur annar móðgangi og særandi. Ákvæðið í 125. gr. varð, hvað sem öðru líður, að túlka þannig, að ekki væri þar með gengið um of á almennt tjáningarfrelsi, er gildir jafnt um trúmál sem önnur málefni.

Miklu máli skiptir vitaskuld, að við erum hér að ræða um *tjáningarfrelsið*, sem talið er til dýrmætra mannréttinda og um leið ein helsta burðarsúla lýðfrelsis og nútíma stjórnarháttanna úti um hinn vestræna heim. Tjáningarfrelsi verður ekki haldið uppi svo að gagn sé að ef frá grunnreglunni eiga að gilda margar undantekningar lögum samkvæmt. Í því ljósi verðum við meðal annars að meta réttlættingu fyrir afnámi 125. gr. hegningarlögganna.

Hér skal því ekki haldið fram, að ákvæðið í 125. gr. hafi beinlínis stangast á við stjórnarskrá okkar, enda þótt það hafi skert tjáningarfrelsi verulega. Í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar segir meðal annars, að tjáningarfrelsi megi „setja skorður með lögum vegna réttinda annarra“, eins og það er orðað. Má væntanlega segja, að almenna guðlastsákvæðið hafi getað rúmast innan hugtaksins „réttindi annarra“. En engu að síður sýnist staða 125. gr. hafa verið afar tæp gagnvart meginreglunni um tjáningarfrelsi, sem er ein af grunnreglum stjórnskipunar okkar.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið á borð borið, verð ég að telja að þungvæg rök hafi mælt með því að afnema hið almenna guðlastsákvæði í 125. gr. hegningarlögganna, eins og til dæmis íslenska þjóðkirkjan lagði til að gert yrði.

Áður en við skiljum við þennan þátt, er varðar lagavernd gegn guðlasti, skulum við vera þess minnug, að enda þótt sú hafi orðið niðurstaðan að ákvæðið í 125. gr. væri lagt af stendur enn eftir réttarvörn gegn vissum árásum á menn sökum trúarskoðana þeirra. Hið sterka „verndarákvæði“ í 233. gr. a í hegningarlögum, sem ætlað er að skýla einstaklingum jafnt sem minnihlutahópum við háði, rógi, smánun, og ógnun á opinberum vettvangi vegna trúarbragða þeirra heldur að sjálfögðu gildi sínu. En þar er ógnin að vísu „áþreifanlegri“ og um leið meiri heldur en fylgt getur einhverjum orðavaðli, sem hugsanlega gat fallið undir 125. gr. Ákvæðinu í 233. gr. a er meðal annars ætlað að vernda líf og limi manna fyrir árásum, er stjórnast af hatri og mannfyrirlitningu, sem á rætur að rekja til ofsafenginna trúarskoðana eða þar sem þess háttar afstaða er að minnsta kosti „réttlætt“ með vísun til trúarsannfæringar gerendanna.

## 7. Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um hugtökin ærumeiðing/meiðyrði og *guðlast* og hugað að margvíslegum atriðum, sem þeim tengjast. Einkum hefur athyglin beinst að tveimur ákvæðum í hegningarlögum okkar, það er 234. gr. (refsinæmi „almennra“ meiðyrða), og fyrrverandi 125. gr. (refsinæmi „almenns“ guðlasts).

Ljóst er, að ærumeiðingar og guðlast skipta í reynd miklu máli í samtíð okkar og umfjöllun um þau er gjarna á háum nótum í fjölmiðlum – ekki síst á Netinu. Harkaleg hefndarviðbrögð við guðlasti í grannlöndum okkar eru vissulega „dauðans alvara.“

Vitaskuld verður því ekki neitað, að einhver vörn gegn andlegum sárindum, sem birtast í grimmilegri umfjöllun eða tjáningu, geti falist í refsíákvæðum, en óvíst er þó hversu mikið hald er í þeirri vörn, þegar til kastanna kemur.

Vissulega voru færð fram ýmis rök fyrir því að halda í 125. gr., þótt niðurstaðan yrði önnur. Má í því sambandi meðal annars nefna umsögn Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, sem lagðist gegn afnámi ákvæðisins. Skulum við þá hafa í huga, að um það bil fimmtán þúsund manns eru skráðir í það trúfélag hérlendis.

Í greinargerð með umræddu frumvarpi koma hins vegar sannarlega fram ýmis rök fyrir því að afnema bæri ákvæðið og athyglisvert er, að Íslenska þjóðkirkjan og Prestafélag Íslands tóku undir þær röksemdir í megindráttum, auk ýmissa annarra aðila.

Ég hef, að athuguðu máli, talið að þau rök, sem helst mæltu með samþykkt frumvarpsins, vegi þyngra en gagnstæð rök, er borin voru fram. Skiptir þar vitanlega mestu máli, að ákvæði af þessu tagi, sem heimila að lögreglu- og dómsvaldi verði beitt til að hjúkra meiddum tilfinningum fólks, fela í sér veigamikla skerðingu á tjáningarfrelsinu, sem er stjórnarskrárvarið og meðal hinna mikilvægustu frelsis- og lýðræðisréttinda okkar. Enda þótt 125. gr. hegningarlaganna um „almennt“ guðlast sé nú úr gildi fallið, ættu menn ekki að þurfa að æðrast, því að eftir stendur „sterk“ verndargrein í 233. gr. a, sem skiptir miklu meira máli heldur en ákvæðið í 125. gr. Í henni felst kröftug vörn gegn árásum og ógnunum gegn einstaklingum og hópum á grundvelli trúarskoðana þolendanna.

Þá tel ég lítinn skaða skeðan þótt ákvæðið um „almenn“ meiðyrði í 234. gr. hegningarlaganna hverfi úr löggjöf okkar. Það nýtur meðal annars, að mínum dómi, ekki ótvíæðrar stjórnarskrárverndar sem skerðingarheimild á tjáningarfrelsinu samkvæmt 73. gr. hennar.

# Satt eða logið

Áreiðanleiki fréttu í fjölmiðlum

Fjölmiðlaheimur nútímans er um margt orðinn gjörólíkur því, sem var í árdaga blaðamennsku á Íslandi og reyndar lengi síðan. Mesta byltingin kom þó til sögu á síðari árum með „netmiðlunum“, sem margir spá að muni taka við af prentuðum fjölmiðlum áður en mjög langt um líður. Það mun sammæli margra, að hætt sé við því, að ritstjórn sé gjarna slakari á netmiðlunum en var fyrr á tíð, á tímum hinna hefðbundnu, prentuðu blaða. Þá hefur blogg frá lesendum, sem gjarna fylgir fréttum á netinu, breytt „andrúmsloftinu“, ef svo má að orði kveða, en þar birtist oft margvíslegur sori, stundum undir dulnefnum. Svipað er að segja um margvíslega „samskiptamiðla“ eða „samfélagsmiðla“, eins og alkunna er, og skal hér ekki orðlengt um, nema óhjákvæmilegt er að benda á, að þeir hafa nú þegar í einhverjum mæli tekið á sig hlutverk fréttamiðla – en þá auðvitað án allrar ritstjórnar. Verður nú ekki séð fyrir endann á þeirri þróun.

Þegar horft er yfir fjölmiðlasviðið rekast lesendur/áheyrendur afar oft á missagnir og að sínu leyti einnig á rætnar frásagnir, sem ætlað er að koma höggi á keppinauta eða andstæðinga og sverta þá og málstað þeirra í augum annarra. Hvað er þá *frétt* og hvað *umfjöllun* um frétt – eins konar *fréttaskýring*? Að margra mati fer í reynd miklu minna fyrir eiginlegum fréttum í fjölmiðlum en skoðunum, sem fréttum tengjast. Oft rennur þetta reyndar saman, að því er virðist. Lesandinn þarf að beita dómgreind sinni – eftir því sem hún hrekkur til – við að mynda sér skoðun á málum, skynsamlega innsýn, og meta það fyrir sitt leyti, hvað hann taki sem *staðreyndir* og hvað séu *skoðanir* einhverra misvandaðra manna. Stundum stöndum við þá frammi fyrir mati á því, *hvað sé satt* og *hvað sé logið*, svo að talað sé tæpitungulaust.

Á það ber þó að líta á hinn bóginn, að bloggtækni nútímans gerir lesendum eða áheyrendum fréttu kleift – að minnsta kosti að vissu marki – að leiðrétta rangan eða villandi fréttuflutning í fjölmiðlum og veitir þeim þannig aðhald.

Hugleiðingar um þessi efni tengjast vissulega *fjölmiðlarétti* meðal annars, þar sem fjallað er um réttarstöðu fjölmiðla og þeirra manna, sem þeim stjórna eða fóðra þá með efni.

Óvönduð fjölmiðlamennska getur af sér málaferli af ýmsum toga, eins og almenningi er mætavel kunnugt um. Þar getur reynt á *refsiverð meidýrði* og *brot gegn friðbelgi einkalífs*, svo að nærtæk dæmi séu tekin.

En svo áleitin sem viðfangsefni lögfræðinnar eru nú á dögum, þegar horft er yfir fjölmiðlasviðið, skulum við einnig vera minnug þess, að blaðamenn og ritstjórnar

voru ekki heldur endilega eins og „saklaus lömb“ fyrir á tíð. Meiðyrðamál milli ritstjóra dagblaða voru alltið fyrir á árum, svo að dæmi sé nefnt. Ónákvæmni í fréttáflutningi gætti þá stundum, ekki síður en nú. Því skyldum við tala varlega um ósómamann í nútímanum!

Já, dæmi um þetta má sannarlega finna frá fyrri tímum, sbr. fréttaglefsur úr tveimur íslenskum blöðum frá 1905, sem hér eru birtar. Helstu blöð landsins voru á þeim tímum Ísafold, annars vegar, og Þjóðólfur hins vegar. Ísafold var aðalmálgagn Valtýinga, er svo kölluðust, en Þjóðólfur var höfuðmálgagn Heimastjórnarflokksins.

Ritstjórar þessara fjölmiðla (orðið fjölmiðill var reyndar ekki komið til sögu á þeim tíma!) voru báðir þjóðkunnir gáfu-, hugsjóna- og baráttumenn, afar pólitískir en algerlega á öndverðum meiði í pólitíkinni. Hafa ber hugfast, að á þessum tíma var sú flokkaskipan, sem við þekkjum í dag, ekki komin til sögunnar. Ritstjóri Ísafoldar var *Björn Jónsson* en Þjóðólfi stýrði *Hannes Þorsteinsson*. Ritstjórnarnir rituðu sjálfir meginefni blaða sinna, sem ekki birtust á hverjum degi og töldu einungis fáar síður.

Í fjölmiðlasögu sinni segir *Guðjón Friðriksson* um þessa mætu menn:<sup>[1]</sup>

Björn í Ísafold og Hannes Þjóðólfsritstjóri voru á öndverðum meiði í öllum málum og nánast eins og hundur og köttur alla sína tíð sem höfuðritstjórar þjóðarinnar. Þeir áttu stöðugt í meiðyrðamálum hvor við annan og gátu engan veginn unnt hvor öðrum sannmælis í neinu máli.

Í dæminu, sem brátt verður nefnt, var það reyndar Björn Jónsson, sem beindi háði sínu að *Hannesi Hafstein* ráðherra, leiðtoga Heimastjórnarflokksins, og viðhafði í því augnamiði flím um opinbera athöfn, brúarvígslu, sem fjöldi manns var viðstaddur. Frásögn Þjóðólfs af sama atburði er hins vegar hófstíllt – en auðvitað getur enginn vitað lengur, hvað var satt og hvað upplogið í þessum skrifum, nú, þegar liðin eru á annað hundrað ár frá því að atburðurinn varð, nema um þau atriði, sem báðum heimildunum ber saman um.

Báðir voru ritstjórar nefndra blaða mjög ritfærir menn en víluðu ekki fyrir sér að ausa pólitíska andstæðinga sína auri og háði, ef þeir töldu það vera málstað sinna manna til framdráttar. Svo má virðast, að veröldin hafi alls ekki litið eins út í augum

---

1. *Guðjón Friðriksson*, „Nýjustu fréttir! – Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga“, Reykjavík 2000, á bls. 51.

hvors um sig – og sínum augum lítur hver á silfrið! Frásagnir þeirra af sama atburði gátu verið mjög ólíkar, bæði hvað varðar meintar staðreyndir og eins blæbrigði frásagnarinnar og svipmót allt. Nú eru liðið á aðra öld síðan umrædd blaðskrif urðu og líklegt að fátt annað sé til vitnisburðar um það, sem gerðist á umræddu mannamóti, en frásagnir þessara blaða, svo ólíkar sem þær eru að mörgu leyti. Verða lesendur einfaldlega að gera það upp við sig, hverju þeir vilja trúna, en hverjum manni má ljóst vera, að frásagnirnar eru síður en svo samhljóða um margt, sem máli skiptir, t.d. um það, hvernig ræðu ráðherrans var tekið.

Ætla verður, að ritstjórar beggja blaðanna hafi verið viðstaddir brúarvígsluna og séu að lýsa því, sem fyrir augu þeirra og eyru bar.

Í Þjóðólfi (stuðningsblaði Hannesar Hafstein) er frásögnin að mestu slétt og felld, að því er best verður séð. Í blaðinu 15. september 1905 segir:<sup>[2]</sup>

Laugardaginn 9. þ.m. var veður bjart og fagurt, og mátti þá sjá mannareið um Árnessýslu. En allir flokkarnir stefndu að Sogsbrúnni, er ráðherrann<sup>[3]</sup> ætlaði að vígja þann dag kl. 2. Úr Reykjavík var meðal annars hátt á 3. hundrað manna, að því er næst varð komist. [...] En alls voru staddir við vígsluna fullt 1000 manns eða hátt á 11. hundrað eftir því sem sumum taldist. Ráðherrann kom að aflíðandi hádegi að Soginu, að austanverðu, Grímsnesmegin. En mestur hluti mannfjöldans var fyrir vestan ána og gekk smátt og smátt austur yfir, því að þar var ræðupallurinn reistur við brúarsporðinn. [...] Þá er klukkan var 2 og allir (eða nær því allir) komnir austur yfir var spennt silkiband yfir brúna. [...] Þá er fólkið var komið saman á eystri bakkanum sté ráðherrann upp á ræðupallinn og hélt þar ræðu [...] og fannst flestum mikið um bæði efni og framburð, en maðurinn sjálfur hinn gervilegasti og veðrið skínandi fagurt, en skógarilminn lagði að vitum manna og varð því allt til að gera athöfn þessa sem hátíðlegasta. Að lokinni ræðu og um leið og ráðherrann sté niður af ræðupallinum var hrópað: „Lifi ráðherrann“ og tók mannfjöldinn undir það með níföldu húrra. [...] Síðar um daginn hélt Gísli Jónsson á Mosfelli ræðu og talaði aðallega um þá erfiðleika, er þetta brúarmál hefði átt við að stríða, og þótti mælast vel. Einn hálfsvínkaður Reykvíkingur, er ekki þótti ræðan eftir valtyískum nótum, var stöðugt að gjamma fram í og flissa heimskulega, og stórhneyksluðust allir á slíkum götustrákshætti og þótti maðurinn vera fremur „krúkk“ að kurteisi [...].

- 
2. Á bls. 168. Í sama tölublaði er jafnframt birt orðrétt ræða sú, sem ráðherrann flutti við vígsluna, og allýtarleg frásögn er einnig um viðburðinn. Hér er aðeins tekinn upp lítill hluti þeirrar frásagnar.
  3. Þ.e. *Hannes Hafstein*.

Mun stinnari eru hins vegar fjörtökin í frásögn Ísafoldar af þessum atburði í blaðinu, sem út kom 13. september<sup>4</sup>, og ekki sparað háð og spé:

Ræðustól hafði verið klambrað saman úr braki, rétt áður en ráðgjafinn<sup>5</sup> kom, við brúarsproðinn eystri og breitt brekán yfir. Þar flutti ráðgjafinn ræðu sína og þótti segjast stórum miður en margir höfðu við búist. Gerðu fáir að festa sér í minni það, er hann hafði fram að flytja nema ef vera skyldi um mikla vináttu þeirra, hans og Þjóðólfsmannsins, og hlökkun yfir því, að nú væri von bráðar land vort traustum stálstrengjum tengt við umheiminn, þ.e. ritsímanum. Þar við hnýtti hann harmatölum yfir flokkasundrung. Hefir sjálfsagt átt við þá ósvinnu, að þjóðin þegir ekki eins og lamb til slátrunar leitt, þegar verið er að misþyrma henni og ofurselja hana útlendu einokunar- og kúgunarvaldi. [...] Ráðgjafinn hafði verið svo forsjáll að hafa með sér héðan [þ.e. úr Reykjavík, innskot mitt, PS] einn konungkjörinn skósvein sinn, uppgjafarektor BMÓ [Björn M. Ólsen, innskot mitt, PS] til þess að hrópa bravó! og heyr!, þar sem við þótti eiga í ræðunni. Hann gerði það svikalaust, heldur oftast en góðu hófi gegndi, að áheyrendum fannst; þeir brostu mjög að þessu margir, en enginn tók undir nema einn hrossasmali reykvískur. Og er ræðunni var lokið þuldi rektor jafnharðan síðari kafla síns hlutverks bak við mannþvöguna næstu, en það voru orðin: „lengi lifi ráðgjafinn!“ og lét fylgja hátt og rámt húrra! En á því tæptu með honum þreföldu, sumir segja 7-8 en aðrir allt að 20 af þeim um eða yfir 1000 manns, er þar voru saman komnir. Utarlega í mannþrönginni hafði heyrst: niður með ráðgjafann! húrralaust þó. [...] Ekkert var talað fram af ræðustóli fyrr en undir kvöld. Þá sté í stólinn ónefndur prestur, ölvaður nokkuð – hinn eini í sýslunni, er við drykk er dreift – og virðist hafa ætlað að votta þakkir þeim, er mestir hefði verið stuðningsmenn brúarsmíðisins, og nefndi þeirra á meðal 1. þingmann Árneseinga [...] Þá fóru einhverjir að hlæja. „Ætlið þið að hlæja? Þegið þið!“ kallaði ræðumaður. „Ég get ekki annað en hlegið“, svaraði einhver. Síðar í ræðustól þessum tók klerkur til að telja upp aftur stuðningsmenn brúargerðarinnar, var þá búinn að gleyma því, sem hann hafði sagt áður. Þá grípur einhver fram í og spyr, hvort hann ætli að gleyma honum Þjóðólfi. „Haltu kj....!“ hrópar prestur þá: „Á ég að setja bókina í hausinn á þér?“ Það var nótnabók, er þar lá á ræðustólnum. Þá var hlegið dátt af mannsöfnuðinum, körlum og konum. Við það lauk ræðu prests og þaut hann burt og inn í „ráðgjafatjaldið“.

---

4. Á bls. 242-243.

5. Þ.e. *Hannes Hafstein* ráðherra.





# Sáttanefndir

## Aflagt réttarfarsúrræði

### Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	90
2. Ýmis skrif um sáttanefndir .....	91
3. Sáttanefndir settar á stofn .....	94
4. Meginatriði eldri laga fram til 1936 .....	97
a. Almennt .....	97
b. Úrskurðarvald sáttanefnda .....	98
5. Ákvæði laga nr. 85/1936 .....	99
a. Almennt .....	99
b. Meginatriði .....	99
c. Úrskurðarvald sáttanefnda .....	101
d. Sáttatilraunir dómara .....	102
6. Gagnrýni á gildi sáttanefnda – Vægi þeirra minnkar .....	103
a. Almennt .....	103
b. Sérstætt sáttamál .....	104
7. Sáttanefndir lagðar niður – Sáttastörf dómstóla .....	105
8. Lokaorð .....	106

## 1. Inngangur

Þegar *sáttanefndir* voru lagðar af 1981 urðu í reynd þáttaskil í einkamálaréttarfari okkar, enda þótt sú nýbreytni þætti ekki miklum tíðindum sæta meðal íslenskra lögfræðinga, miðað við þær aðstæður, sem þá voru uppi. Sáttanefndir höfðu þá átt sér stoð í íslenskum lögum í meira en eitt hundrað og áttatíu ár og voru, að minnsta kosti framan af, mikilvægar í réttarfari okkar, meðan meginreglan var sú, að einkamál yrði ekki höfðað fyrir dómstólum fyrr en málið hefði áður verið borið upp fyrir sáttanefnd en án þess að sátt tækist með aðilum. Svo mikilvægar sem sáttanefndirnar voru fyrrum hafði vægi þeirra farið minnkandi á síðari áratugum, þegar sleipir lögmennt leitudo allra leyfilegra ráða til að smjúga með mál sín fram hjá þeim. Margir löglærðir menn voru þá orðnir þeirrar skoðunar, að málsmeðferð frammi fyrir sáttanefnd væri einkum orðin formið eitt og hefði í för með sér óaskilegan drátt á eðlilegri málsmeðferð.

Þegar sáttanefndum var komið á laust fyrir aldamótin 1800 var sú ákvörðun áreiðanlega almennt talin bera með sér umtalsverða réttarbót og ótvírætt hagræði fyrir almenning í landinu. Hugsunin var sú, að mikilvægt væri – eins og framast væri unnt – að koma í veg fyrir langvinn og kostnaðarsöm réttarhöld og löng og oft erfið ferðalög þeim tengd, í strjálbyggðu og hrjúfu landi. Með sáttanefndunum, sem þá voru nýjung í íslenskum rétti (sem og í rétti Dana og Norðmanna) átti að skapast heppilegur og einfaldur vettvangur fyrir friðsamlega úrlausn margvíslegra mála, með lágmarks útgjöldum og hófsamlegum ferðalögum til sáttafunda í stað ferða til sýslumanns, sem oft gátu verið mun lengri og tafsamari.

Sáttanefndir voru á mörkum þess að teljast til hins eiginlega dómstólakerfis landsins en tengsl þeirra við það kerfi voru þó svo mikil og náin að ekki var unnt að gera grein fyrir dómskaparétti í einkamálum svo að ekki væri jafnframt fjallað um sáttanefndirnar. Skipti þá meðal annars miklu, að löglega gerðar sættir, er fram fóru fyrir tilstilli sáttanefnda, voru lögmætur *aðfarargrundvöllur* á sambærilegan hátt og dómur í einkamálum. Að vissu marki var sáttanefndum einnig leyfilegt að kveða upp bindandi úrskurði, og var þá greinilega komið inn á hið eiginlega dómsmálasvið þótt á mjög takmörkuðu sviði væri.

Sáttanefndunum var, með sínum hætti, ætlað að stuðla að *friði* og *samlyndi* í þjóðfélaginu og var almennt talið, að væri vel að sáttamálum staðið væru áhrif þess mannbætandi og að þau eflu þjóðarhag. Alkunn eru þau sannindi, að þegar

fríður ríkir manna á meðal verða samskipti þegnanna að jafnaði átakalítill, viðskipti blómstra og gróska fylgir í hvers kyns menningarmálum<sup>[1]</sup>. Ein hin helsta skylda konunga fyrrum var að halda uppi *fríði*, bæði innanlands og helst einnig í samskiptum við aðrar þjóðir.

Til marks um það, hvað sumir fyrri tíðar menn töldu sáttum til tekna, er gamla máltækið: „Betri er mögur sátt en feitur dómur“. Ekki er þó víst að allir þeir, sem náðu fram „feitum dómum“ í málaprættum sínum, hafi getað tekið undir þetta!

Árangur sáttameðferðar, hvort heldur sem er fyrir sáttanefndum, dómstólum eða án atbeina þeirra, fer eftir því, hvort sáttahugur vaknar með deiluaðilunum eða ekki. Náist fram góður eða réttur „andi“ á sáttafundi er líklegt að hann leiði til sáttar, sem bæti samskipti aðilanna, bæði í bráð en oft einnig til lengri tíma. Sátt getur meðal annars verið gerð í anda kristinnar trúar (sem var nær algild hér á landi á gildistíma sáttanefndanna). Má þá minna á þessi orð Krists í ritningunni: „Vertu skjóttur til sáttar við andstæðing þinn, meðan þú ert enn á vegi með honum, til þess að hann selji þig ekki dómáranum í hendur og dómari þjóninum og þér verði varpað í fangelsi“. Þarna má reyndar virðast sem sátt sé gerð af klókindum, til að vernda eigin hagsmuni, en svo er að minnsta kosti ekki, þegar sáttin mótast af mannkærleika, það er kærleiksboðskap Kristinnar, sem sannarlega birtist einnig í Fjallræðunni. Svo má þó virðast, sem fyrr og síðar hafi eiginhagsmunir og kappgirni iðulega vegið þyngra í hugum margra deiluaðila en náungakærleikurinn. Mætti lesandinn spyrja sig og aðra að því, hvort hann eða þeir þekki ekki dæmi þessa.

## 2. Ýmis skrif um sáttanefndir

Til marks um það, hve sáttum í deilumálum var fyrrum gert hátt undir höfði á lögfræðilegu sviði má geta þess, að tvær bækur um sáttanefndir og verkefni þeirra eftir kunna og virta fræðimenn í lögum voru gefnar út á 19. öld, meðan „veldi“ sáttanefndanna var enn óskorað.

Annar þeirra var *dr. jur. Magnús Stephensen*, dómstjóri og konferensráð, sem sennilega var kunnasti og áhrifamesti lögfræðingur sinnar samtíðar hér á landi (f. 1762, d. 1833)<sup>[2]</sup>. Nefnist rit hans, sem er allmikið að vöxtum (148 síður), „Athugaverdt

- 
1. Sjá m.a. grein *Alexanders Jóhannessonar*, „Ár og fríður“, í *Lögréttu* 1. desember 1932, bls. 478-481.
  2. Sjá nánar grein mína, „Lögvísi við aldaskil – Lagaleg fræði- og útgáfustörf Magnúsar Stephensens dómstjóra“, í ritinu: *Lagaþræðir – Greinar um lög og menn*, Reykjavík 2006, bls. 239-412.

við Sætta-Stiptanir og Forlíkunar-Málefni á Íslandi – Handqver Embættismanna, Sættanefnda, Málsparta etc.“, útg. í Viðey 1819. Er það rit í raun rétttri einkum byggt upp sem skýringarrit við einstakar greinar sáttanefndatilskipunarinnar svonefndu, sem brátt getur nánar um. Eru greinar hennar birtar þar í íslenskri þýðingu Magnúsar (ásamt afar ýtarlegum útlistunum hans), en þær voru hins vegar aldrei þýddar á íslensku að tilstuðlan yfirvalda, sjá nánar síðar. Ritið er hið ýtarlegasta, sem birst hefur um hlutverk og störf sáttanefnda, en ekki er það árennilegt til lestrar nú á dögum, meðal annars vegna knúsaðs málfars – og hefur ef til vill ekki hendur verið það á fyrri hluta 19. aldar, en samtímamönnum Magnúsar þótti hann almennt ekki vera sérlega lipur rithöfundur.

Í riti sínu fjallar Magnús meðal annars um samfélagslegt gildi satta, sem liggur til grundvallar sáttanefndum, er rit hans snerist um, og í því sambandi um grundvallarskyldur sáttanefndarmanna. Hann segir þar (hér fært til nútíma stafsetningar):<sup>[3]</sup>

Snjöll og eftirtektarverð er ræða konferensráðs og riddara, Andrésar Björns Rothe's 1801<sup>[4]</sup>, um skyldur forlíkunarmanna, hverra hann sjálfur lengi var einhver hinn nafnfrægasti forsprakki: „Fagurt – segir hann – tignarlegt og allrar viðleitnis manna verðugt er takmarkið, sem vér keppumst að ná, að fá stiptað frið og einingu meðal meðbræðra. En veri það, til varanlegs minnis, ævinlega innprentað vorum sálum, að ef vér réttilega gagna eigum með því verki voru, þá er vor fyrsta og mikilvægasta skylda að útvega oss sanna og rétta þekkingu á landsins lögum, svo að vér ekki villum þá, er þráttu saman, ekki afvegaleiðum þann fáfróða, sem vér vegleiða áttum. Lítilsvert og lítið sómasamlegt skulum vér álíta að geta sýnt fjölda mikinn af enduðum sáttagiörðum, séu þessar ekki allar saman svo vaxnar, að þær, fyrir réttlætisins og sannsýnis dómstóli fái staðist. – Enn framar: Það er ekki með lokkandi yfirtölum, ekki með því að beita því, er hinn slægvitri hefir fram yfir þann fákæna, sættum skal á koma. Látum oss forðast þau meðöll! Þau vekja vissulega gremju málspartanna, vekja vantraust á þessari ráðstöfun og þyngja oss erfíðið. Einungis þá rækjum vér þetta vort kall sem ber, þegar vér, eftir það vér með athygli og þolinmóðri eftirtekt höfum hlýtt á partanna kærumál, eigum bæði vit og vilja til að komast að sannleikanum, að sýna þeim fáfróða þau lög, sem hlýða upp á hann, og loksins gefum sættinni það form, sem verndar partana við misbrúkun og nýjum þrætum“.

Taldi Magnús þessi föðurlegu orð hins danska fyrirmanns eiga við um íslensku sáttanefndirnar engu síður en þær dönsku.

---

3. Tilv. rit, bls. 7-8.

4. Hér vísar Magnús til formála rits eftir *Rothe*, er nefnist „Samling af de til Forligelses Væsenet henhørende Forordninger ...“, Kaupmannahöfn 1801, á bls. XIV-XVI.

Hart nær þrjátíu árum eftir að fyrrnefnd bók Magnúsar Stephensens kom út birti Þórður Jónasson, er oft nefndi sig *Jónassen*, mjög gagnlega og vel samda bók um sáttanefndir. Nefnist hún „Um sáttamál á Íslandi“ og var gefin út í Reykjavík 1847. Þórður var dómari við Landsyfrréttinn eins og Magnús Stephensen hafði verið. Ritið er 82 síður að lengd auk formála, mjög greinargott og aðgengilegt til lestrar. Ljóst er, að á dögum Þórðar var litið á tilkomu sáttanefndanna sem verulega réttarbót og að þær hefðu í verulegum atriðum náð samfélagslegum tilgangi sínum. Þórður Jónasson var sannarlega þeirrar skoðunar. Í riti sínu segir höfundurinn meðal annars:<sup>[5]</sup>

Sáttanefndir urðu, eins og alkunnugt er, fyrst til í Danmörku og hér á landi um næstliðin aldamót, og ber öllum saman í því, að það sé einhver hin hagfelldasta réttarbót í þeim kafla löggjafarinnar, sem hún hnígur að. Málasóknir eru nefnilega kostnaðarsamar, langvinnar og bundnar mikilli óvissu, svo kemur kapp og þrætugirnir sér oftast en skyldi við í þeim efnum, en það gjörir aftur erfiðleika þeim, sem þurfa að sækja rétt sinn með lögsóknum. Á þessum vandkvæðum er sáttanefndum ætlað að ráða bót; þær eru skipaðar í þeim góðgjarna tilgangi að girða fyrir óþarfa þrætur og kostnaðarsamar lögsóknir; fyrir þeirra meðalgöngu ætlast löggjafinn til að hlutaðeigendur miðli málum milli sín með góðu, tali sig saman og jafni með sér það, sem þeim ber á milli, og þar skynsömum málspötrum er ætlandi, að þeir kjósi heldur að miðla málum milli sín með þessu móti, og það enda með nokkurri tilslökun og ívilnun, en að leggja út í málasóknir við réttinn, svo láta sáttalögin þá sjálfráða um það hvort þeir vilja sættast á mál sín eða ekki, en leggja aðeins ríkt á um það, að þeir í hverju því máli, sem ber undir sáttanefnd, leiti hennar áður en þeir leggi út í lögsókn, ræði málið fyrir henni og reyni til fyrir hennar góðu tillögur og meðalgöngu að leiða þar misklíðarefni þeirra til lykta. Hvers konar nauðung er þannig bægt frá þessari tilskipun; hlutaðeigendur þurfa ekki að sættast á málið nema því aðeins að þeim þyki svo betur fara, og þar sáttanefndinni er gjört það að skyldu að leggja það eitt til hvers máls, sem þeir hyggi réttast vera, án allrar hlutdrægni, eftir bestu vitund og samvisku, þá þurfa málspartarnir ekki heldur að vera hræddir um það, að þeir verði á sáttafundum teigðir til sætta, sem beri rétt þeirra aflaga, því forlíkunarmönnum er það ætlandi, að þeir jafnan muni láta sér hugfast að gegna sinni áriðandi og heidarlegu köllun með varúð og ráðvendni, svo hver og einn nái rétti sínum.

Árið 1911 birtist síðan efnismikil og vönduð bók um íslenskt réttarfar eftir *Einar Arnórsson prófessor*, útgefin í Reykjavík. Nefnist hún „Dómstólar og réttarfar á Íslandi“. Þar er meðal annars, á 75 síðum, gerð ýtarleg grein fyrir nærfellt öllum þeim lagaatriðum, sem snert gátu sáttamál og störf sáttanefnda á útgáfutíma bókarinnar.

---

5. Tilv. rit, bls. III-IV. Hér haft sem næst nútímastafsetningu.

Alls er ritið 656 síður, en af þessu sést, að greinargerð höfundar um sáttamálin tekur verulegt rými í bókinni og gefur það, eitt saman, skýra vísbendingu um, að hann áleit þau mikilvæg og skipa allháan sess í réttarfarir okkar. Verður að ætla, að svo hafi í reynd verið á þeim tímum enda þótt síðar minnkaði vægi sáttanefnda í réttarkerfinu og ýmsir færu að efast um gagnsemi þeirra. Um það efni má meðal annars vísa til ummæla sama höfundar, Einars Arnórssonar, frá 1952 í 6. kafla þessarar ritsmíðar, þar sem fjallað er um aðdraganda þess, að sáttanefndir voru lagðar af. Þau ummæli hans benda ótvírætt til þess, að hann hafi þá verið búinn – að einhverju marki – að missa trúna á gagnsemi sáttanefnda, en er síðari ummælin birtust á prenti voru reyndar liðin meira en 40 ár frá því að bók hans um dómstóla og réttarfar kom fyrir manna sjónir.

Um sáttanefndir voru síðan tekin upp ýtarleg ákvæði í lög nr. 85/1936, eins og síðar verður greint frá. Enginn vafi er á því, að þá voru sáttanefndir enn taldar mikilvægar við úrlausn deilumála manna á milli. Einar Arnórsson hafði vissulega áhrif á samningu frumvarps til nefndra laga.

Árið 1941 kom út í Reykjavík fjölríttuð bók eftir *Einar Arnórsson*, sem lengst af síns langa fræðimannsferils var talinn vera hinn helsti réttarfarssérfræðingur okkar þjóðar. Nefnist hún „Almenn meðferð einkamála í héraði“ og var öll mun efnisminni en hið fyrrnefnda rit sama höfundar, „Dómstólar og réttarfar á Íslandi“, en engu að síður er þar fjallað um sáttamál fyrir sáttanefndum á 25 blaðsíðum. Þar við bætast svo 6 síður um úrskurðarvald sáttanefnda og skyld efni í öðru fjölríti sama höfundar, „Afríðileg meðferð einkamála“, 2. útg., Reykjavík 1942.

Er þá upp talið hið helsta, sem ritað var fræðilega um sáttamál og sáttanefndir fram til þess að þær voru lagðar niður 1981.

### 3. Sáttanefndir settar á stofn

Sáttanefndum í einkamálum var komið á með konungsboði í *Danmörku* og *Noregi* laust fyrir aldamótin 1800, en bæði löndin heyrðu þá undir Danakonung. Hér var um að ræða nýjung í réttarfarir. Var þetta gert í tveimur atrennum, annars vegar með *tilskípun um stofnsetningu sáttanefnda í Danmörku auk kaupstaðanna í Noregi* („Forordning ang. Forligelses-Commissioners Stiftelse i Danmark, samt i Kjøbstederne i Norge“) og

frá 10. júlí 1795<sup>[6]</sup>, og hins vegar með *tilskipun um sáttanefndir utan kaupstaðanna í Noregi* („Forordning om Forligelses-Indretninger paa Landet i Norge“) frá 20. Janúar 1797<sup>[7]</sup>. Störfuðu síðan sáttanefndir í þeim löndum um langa hríð.

Íslendingar fóru ekki varhluta af þessari nýbreytni í einkamálaréttarhari. Skal þá haft hugfast, að á þessum tímum giltu hér meginákvæði *Norsku laga* (norsku lögbókarinnar frá 1687) um réttarfar í einkamálum og opinberum málum, en stofnun sáttanefnda hÉrlendis hafði í för með sér verulegt frávik frá réttarhari Norsku laga, þar sem ekki var gert ráð fyrir neinum sáttatilraunum áður en mál gengju til dóms (hvorki áður en málum væri stefnt til dóms eða meðan þau væru til dómsmeðferðar). Er ekki vafi á því, að sáttanefndir báru með sér markverð nýmæli og ætlunin með stofnun þeirra var jákvæð.

Báðar þær tilskipanir, það er frá 10. júlí 1795 og 20. janúar 1797, sem fyrr var getið um, voru leiddar í íslensk lög með þeim hætti að þær voru birtar á Alþingi, sem þá var talið vera skilyrði þess, að lagafyrirmæli, sem samin voru fyrir Danmörku og/eða Noreg, gætu einnig öðlast gildi hér á landi. Haft skal í huga, að á þessum einveldistímum skipti í raun rétttri ekki meginmáli, hvort lagastafir voru í *lögum* fremur en *konunglegum tilskipunum*, því að vilji einvaldsins kom fram með sama móti og batt þegnana með sama hætti.

Fyrri tilskipunin var birt hér á Alþingi 20. júlí 1796<sup>[8]</sup> en hin síðari 11. júlí 1798<sup>[9]</sup>. Þær voru aldrei formlega þýddar á íslensku fremur en lengi var um flest þau lög eða tilskipanir af erlendum stofni, sem öðluðust gildi á Íslandi. Var þannig farið eftir þessum tilskipunum, í hinni dönsku mynd þeirra, allt þar til þær misstu gildi sitt jafnhliða gildistöku laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Kjarni þessara tilskipana var sá, að ekki mátti stofna til einkamála fyrir dómstólum nema áður hefði farið fram sáttatilraun frammi fyrir *sáttanefnd*, en þær voru nú settar á stofn eftir nánari fyrirmælum í þessum konungsboðum. Næðist sátt með þessum hætti fyrir sáttanefnd varð að sjálfsögðu ekki af áframhaldandi málaferlum um það ágreiningsefni fyrir dómi en ella varð að framvísa vottorði frá sáttanefnd við dómarrann, þar sem staðfest var að sátt hafi verið reynd en orðið árangurslaus. Þá

---

6. Birt á dönsku í Lovsamling for Island VI, bls. 209-221.

7. Birt á dönsku í Lovsamling for Island VI, bls. 262-272.

8. Sbr. Alþingisbækur Íslands XVII, bls. 277.

9. Sbr. Alþingisbækur Íslands XVII, bls. 341.



fyrst var hægt að hefjast handa um málsmeðferð fyrir dómi. Hugsunin var sú, að með þessu fyrirkomulagi væri dregið úr langvinnum og kostnaðarsömum málaferlum, því að meðferð fyrir sáttanefnd átti að vera tiltölulega einföld. Kemur þessi tilgangur konungs vel fram í lagaboðunum báðum. Frá meginreglunni um skilyrðið varðandi sáttanefndarmeðferð giltu að vísu frá upphafi ýmsar undantekningar, sem voru nákvæmlega tíundaðar í tilskipununum.

Hver sáttanefnd skyldi skipuð tveimur mönnum. Væri annar þeirra prestur eða einhver annar valinkunnur dánumaður, sem ekki væri bóndi, en hinn skyldi vera bóndi.

Tilskipuninni frá 1795 var fylgt í Reykjavík nema þeim ákvæðum hennar, sem sérstaklega áttu við danska staðhætti en ekki íslenska, en tilskipuninni frá 1797 var fylgt hér um allt land, utan Reykjavíkur.<sup>[10]</sup> Efnislegur munur á ákvæðum þessara tveggja tilskipana er ekki verulegur, þannig að hér verður almennt fjallað um þær í einu lagi, án aðgreiningar. Þess skal þó þegar getið varðandi skipun sáttanefnda, að í Reykjavík valdi bæjarstjórn fyrst fjóra af borgunum bæjarins en síðan kusu þeir, sem áttu kosningarétt til bæjarstjórnar um einn af þessum fjórum mönnum. Síðan varð það föst venja, að dómkirkjupresturinn var einnig í nefndinni. Utan Reykjavíkur skipuðu amtmenn lengi vel sáttanefndamenn.

Mörk sáttaumdæmanna úti um landið voru þannig hugsuð, að enginn þyrfti að eiga lengri leið til samkomustaðar hlutaðeigandi sáttanefndar en 2 til 4 danskar mílur (ein dönsk míla = 7.5 km). Í reynd var hér víðast miðað við hreppa- og þingháaskiptingu landsins. Í Reykjavík var fastur samkomustaður sáttanefndar í bæjarþingssalnum, sem seinast var í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, eftir að það var byggt á síðari hluta 19. aldar, en úti um landið var fastur samkomustaður sáttanefndar yfirleitt á heimili annars hvors sáttanefndarmannsins, oftast en ekki heima hjá prestinum, en prestar sátu oftast í sáttanefndum.

---

10. Sbr. *Einar Arnórsson*, *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, Reykjavík 1911, bls. 49.

## 4. Meginatriði eldri laga fram til 1936

### a. Almennt

Almenn skilyrði þess að mega gegna starfi sáttamanns voru meðal annars þau, að hlutaðeigandi maður væri skynsamur og ráðvandur (eins og segir í sáttanefndatilskipuninni), fullveðja og sjálfum sér ráðandi.

Fyrr á tíð máttu *konur* ekki gegna sáttastörfum en því var breytt árið 1911.

Vanhæfisreglur giltu um sáttasemjara, þannig að þeir máttu ekki tengjast málefni eða aðilum sáttamáls.

Sum mál þurfti ekki að leggja fyrir sáttanefnd, það er:

- a. einkalögreglumál,
- b. gestaréttarmál og
- c. skiftamál.

Í þessum málum bar *dómara* þá að leita sátta. Að vísu *mátti* leggja mál af þessu tagi fyrir sáttanefnd, en tækjust þá ekki sættir með aðilum varð dómarrinn að leita sátta.

Samkvæmt hlutaðeigandi tilskipunum skyldi leggja fyrir sáttanefnd „öll borgaraleg mál, hvort sem þau snerta eignir, óðul, tilköll, skuldakröfur eða annað“. Með borgaralegum málum er átt við öll *einkamál*, sem nú nefnast svo í réttarfarsfræðum.<sup>[11]</sup>

Svo að mál yrði tekið fyrir hjá dómstólum með lögmatum hætti varð að sýna fram á, að sáttatilaun hefði farið löglega fram, það er með lögformlegum hætti, þar á meðal að réttu formi varðandi sáttakærana hafi verið fylgt, en vissar kröfur voru gerðar til skýrleika kærunnar. Um þetta segir *Einar Arnórsson*.<sup>[12]</sup>

Oftast mun vera nauðsynlegt að tilfæra helstu ástæður þær, sem krafan er byggð á, því að annars verður ef til vill eigi séð, hvort sáttakrafan er hin sama og dómkrafan. Of ef þessar ástæður eru tilgreindar, tjóar ekki að byggja dómkröfuna aðallega á öðrum ástæðum, t.d. ef sáttakrafan er byggð á samningi en dómkrafan á skaðabótaskyldu verki. Hins vegar skiptir það eigi máli, þótt atvik séu tilfærð fyrir dómi, er sáttakæran hefur eigi greint, ef auðsætt er samt sem áður, að krafan er hin sama.

---

11. *Einar Arnórsson*, Dómstólar og réttarfar, bls. 63.

12. Dómstólar og réttarfar, bls. 79.

Málsaðilum, bæði kæranda og kærða, var skylt að mæta á sáttafundum, nema lögleg forföll hömluðu, en þá átti hlutaðeigandi aðili að senda einhvern „vandaðan“ mann í sinn stað.

Sáttafundi skyldi ætíð halda fyrir luktum dyrum.

Kæmist sátt á ritaði sáttanefnd efni hennar í „sáttabók“ og jafnframt rituðu aðilar nöfn sín undir sáttina. Þeir gátu síðan fengið staðfest afrit af sáttinni, eins og hún hafði verið færð til bókar. Yrðu ekki sættir var sú niðurstaða jafnframt færð til bókar og afrit af henni var þá unnt að leggja fyrir dómara.

Í sátt fólst *bindandi samningur* milli hlutaðeigandi aðila og jafnframt mátti gera *aðför* í eignum hins kærða á grundvelli sáttar, það er: hún var *aðfararhæf* eins og það heitir á réttarfarsmáli.

#### a. Úrskurðarvald sáttanefnda

Eins og fyrr segir giltu fyrrnefndar tilskipanir um sáttamál á Íslandi frá 1795 og 1797 allar götur fram til 1936. Frá því varð þó undantekning, sem fólst í tilkomu laga um úrskurðarvald sáttanefnda nr. 32/1911. Með lögum þessum færðust sáttanefndir nokkuð nær hinu eiginlega dómsvaldi en áður var, þótt efnissvið laganna væri ekki sérlega víðtækt.

Kjarni laganna felst í 1. gr. þeirra, en þar segir, að í skuldamálum, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meira en 50 kr., skuli sáttanefnd kveða upp úrskurð ef skuldheimtumaður krefs þess,

- a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkalls og sáttanefndin hefur eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi löglög forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.
- b. Þegar sáttanefnd hefur eftir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann virðurkennir afdráttarlaust að skylt sé honum að greiða hana en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýmis aukaatriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómaksþóknun til skuldheimtumans og kostnað.

Frá þessu giltu nokkrar undantekningar samkvæmt lögnum.

Úrskurðir sáttanefndar voru *aðfararhæfir* en þeim var þó unnt að skjóta til hlutaðeigandi héraðsdómara.

## 5. Ákvæði laga nr. 85/1936

### a. Almennt

Hinar eldri reglur um sáttameðferð í einkamálum giltu að meginstefnu til, í sínum danska búningi, þar til ný og endurskoðuð ákvæði um það efni litu dagsins ljós í nýjum og ýtarlegum lögum um meðferð einkamála í héraði árið 1936. Í I. kafla þeirra laga, nánar til tekið í 1.-28. gr., gaf að finna nákvæm ákvæði um sáttir og sáttanefndir.

Hér var um að ræða viðamikla heildarlöggjöf um meðferð einkamála, sem var vissulega vönduð smíð, er stóð í megindráttum þar til ný lög um sama efni leystu þau af hólmi mörgum áratugum síðar, það er árið 1991, en nokkrum árum fyrr, 1981, höfðu ákvæðin um sáttameðferð reyndar verið afnumin, sjá nánar síðar.

Athyglisverð eru þau ummæli í greinargerð með frumvarpi að einkamálalögum 1936, þar sem fjallað er um ákvæðin um sáttanefndir, að „alltaf hafi sáttamönnum og dómstólum tekist að ljúka allmörgum málum með sátt, og því þyki rétt að halda reglunum um sáttatilraun, þótt því verði ekki neitað, að boðið um, að sáttatilraun skuli almennt fram fara fyrir sáttanefnd, tefji málin og valdi dálitlum kostnaði“.

Hér eru ekki tók á né heldur tilefni til að rekja af neinni nákvæmni ákvæði einkamálalaganna frá 1936 um sáttir heldur aðeins stiklað á stóru. Verður skammstöfunin *eml* höfð um þau lög.

Tekið skal fram, að flest grundvallaratriði eldri reglna um sáttanefndir og stöf þeirra endurspeglast í hlutaðeigandi ákvæðum *eml*. Þótt margt væri skýrar orðað í hinum nýju reglum.

### b. Meginatriði<sup>[13]</sup>

Í 1. gr. *eml*. sagði, að hver hreppur og hver kaupstaður skuli vera sáttaumdæmi, en þó gat dómsmálaráðherra vikið frá þessu. Í hverju sáttaumdæmi skyldu vera tveir sáttamenn og tveir varasáttamenn. Tók þá varamaður sæti aðalmanns, ef hann var forfallaður og eins tók hann sæti í nefndinni ef ágreiningur varð milli aðalsáttamannanna. Í kaupstöðum skipaði bæjarstjórn sáttamenn en utan kaupstaða hreppsnefnd til 4 ára í senn.

---

13. Um þessi atriði má m.a. vísa til fyrrnefnds rits *Einars Arnórssonar*, Almenn meðferð einkamála í héraði, bls. 19 og áfr.

Almennt var það *borgaraleg skylda* að taka sæti í sáttanefnd en lágmarksaldur var bundinn við 25 ár. Tekið var fram, að karlar og konur eigi sama hæfi til nefndarstarfa af þessu tagi, sbr. 4. gr. Í greinargerð með þessu ákvæði segir, að „það hafi þótt rétt að binda hæfileika til sáttastarfans við 25 ára aldur, enda þótt almennur lögræðisaldur sé nú 21 ár. Til þess að laða menn til sætta mun eigi skaða, þótt sáttamaður kynni að hafa aflað sér nokkru meiri mannþekkingar og lífsreynslu en 21 árs menn og konur almennt hafa. Auk þess hafa sáttamenn nú með höndum dómstörf, þótt venjulega séu þau að vísu einföld og óbrotin“.

Í 5. gr. var sú meginregla gefin, að öll *einkamál skuli almennt leggja til sátta fyrir sáttamenn*. Séu slík mál ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun sé ekki framkvæmd, þar sem þess sé kostur, skuli vísa máli frá dómi.

Í 1.-4. lið 1. mgr. eml. voru talin upp nokkrar tegundir mála, sem voru undanþegin sáttatilraun en óþarfi er að rekja þau ákvæði hér.

Um *vanhæfi* sáttamanna til meðferðar einstakra sáttamála, sem undir þá voru borin, ræðir í 6. gr. eml., og var þar um að ræða svipaðar ástæður þeim, er áttu við um vanhæfi dómenda.

Sáttamál hófst á því, að sækjandi sneri sér til annars hvors sáttamannsins í sáttaumdæmi verjanda með *skriflega beiðni (sáttakæru) um fyrirtöku málsins á sáttafundi þar*, sbr. 8. gr. eml. Í beiðninni skyldi greina nöfn aðilja, stöðu og heimili, ásamt lýsingu á málavöxtum, kröfum þeim, sem sækjandi hyggðist halda uppi, kröfu um úrskurð sáttamanna, ef því var að skipta, og kröfu um að máli yrði vísað til aðgerða dómstóla, ef sáttatilraun yrði árangurslaus. Um birtingu sáttakæru skyldi fara að sömu reglum og um birtingu dómstefnu.

Samkvæmt 9. gr. skyldi aðili sækja sjálfur sáttafund nema lögleg forföll hömluðu, en ella skyldi hann senda þangað *umboðsmann* sinn. Senda mátti *málflutningsmann (lögmann)* til sáttafundar með umboði. Í greinargerð segir, að „jafnheimilt sé að senda málflutningsmenn sem aðra á sáttafund“, og síðan (í varnarskyni fyrir lögmannastéttina): „Það er víst engin reynsla fyrir því nú á dögum, að málflutningsmenn spilli sáttum, heldur mun mega segja, að þeir dragi fremur saman sættir en flestir aðrir menn“.

Ef sátt komst á skyldi rita efni hennar í *sáttabók* og var sáttanefnd skyldug til að afhenda aðiljum staðfest eftirrit af sátt, sbr. 15. gr.

Í 16. gr. var tekið fram, að sátt væri löglegur *aðfarargrundvöllur*.



*Dómsalur á efri hæð Hegningarhússins við Skólavörðustíg. Þar hafði Sáttanefnd Reykjavíkur aðstöðu um árabil.*

Samkvæmt 20. gr. skyldi dómari meta öll atriði varðandi réttarfarsgildi árangurslausrar sáttatilaunar.

Tekið var fram í 18. gr., að ef *sátta yrði ekki auðið* og sáttamenn neyti heldur ekki úrskurðarvalds, skuli þeir geta þess í sáttabók að sáttatilaun hafi reynst árangurslaus og að máli sé vísað til aðgerða dómstólanna, og jafnframt skyldu þeir rita samsvarandi vottorð á sáttakæru.

### c. Úrskurðarvald sáttanefnda<sup>[14]</sup>

Samkvæmt 21. gr. eml. höfðu sáttamenn úrskurðarvald um eftirtalin mál:

- a. Ef sækjandi sótti ekki eða lét sækja sáttafund að forfallalaus, gátu sáttamenn eftir kröfu verjanda úrskurðað honum hæfilega þóknun fyrir árangurslausa fundarsókn.
- b. Eftir kröfu sækjanda skyldu sáttmenn úrskurða mál: 1) ef verjandi sótti ekki sáttafund, þótt hann væri löglega til þess kvaddur og forföll ekki sönnuð og hafi sækjandi látið þess getið í sáttakæru að hann myndi krefjast úrskurðar, eða 2) ef verjandi sótti að vísu sáttafund og samþykkti berum orðum kröfu sækjanda, en sátt komst þó ekki á vegna ágreinings um aukaatriði, svo sem um vexti, afborganir, greiðslu sáttakostnaðar eða „af öðrum ástæðum“, eins og það var orðað.

Tekið var fram, að sáttamenn mættu því aðeins úrskurða kröfu, að hún væri til „greiðslu peninga borgaralegs eðlis eða greiðslu opinbers gjalds í peningum, enda næmi innstæða kröfunnar aldrei yfir 500 krónum“.

Í 24. gr. segir, að úrskurði sáttanefndar skuli rita í *sáttabók* eða úrskurðabók, ásamt fullnægjandi rökstuðningi.

Úrskurðir sáttanefnda voru *aðfararhæfir*.

---

14. Sjá nánar *Einar Arnórsson*, Afbrigðileg meðferð einkamála, bls. 1 og áfr.

**a. Sáttatilaunir dómara<sup>[15]</sup>**

Í 5. gr. eml. eru, auk annars, talin upp í 16 liðum þau mál, sem ekki áttu undir sáttanefndir en sem *dómari skyldi hins vegar leita sátta í*. Þessi mál voru:

1. Mál um faðerni barna
2. Mál milli húsbænda og hjúa
3. Mál til kaupgreiðslu kaupafólks og ýmissa sjómanna
4. Mál, sem sjó- og verslunardómur fór með
5. Mál þar sem varnaraðilum er skylt að þola dóm utan varnarþings
6. Mál til staðfestingar kyrrsetningu og lögbanni
7. Málum um skipti og nauðasamninga
8. Sakauka- og meðalgöngumál
9. Gagnsök, þar sem sjálfstæðs dóms er krafist um gagnkröfu
10. Víxil-, skuldabréfa- og tékkamál
11. Mál þar sem aðiljar hafa skriflega fyrirfram samið um að ganga fram hjá sáttanefnd
12. Landamerkja- og fasteignamál
13. Hjónabandsmál
14. Mál um rétt manna til atvinnurekstrar og skyld efni
15. Ef báðir aðiljar lýstu því skriflega fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað væri að sátt kæmist á í málinu fyrir sáttamönnum.
16. Ef gallar þóttu vera á sáttatilaun sáttamanna en dómari taldi sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafist þess, að dómari leiti sátta í málinu.

---

15. Sjá nánar *Einar Arnórsson*, Almenn meðferð einkamála í héraði, bls. 22 og áfr.

## 6. Gagnrýni á gildi sáttanefnda – Vægi þeirra minnkar

### a. Almennt

Svo sem áður hefur komið fram ritaði Einar Arnórsson, prófessor og síðar hæstaréttardómari, einn virtasti lögfræðingur landsins, manna mest um sáttanefndir á sinni tíð – sem og um réttarfar almennt. Ljóst er, að þegar komið var fram um 1950 hefur hann í reynd verið orðinn andvígur því að hafa ákvæði um sáttanefndir í lögum. Verður að ætla, að margir lögfræðingar hafi þá verið orðnir sama sinnis og jafnframt að skoðanir Einars í þessa átt hafi haft áhrif á ýmsa aðra. Hug sinn til þessa máls viðrar Einar vel og skýrlega í stuttri grein, er hann ritaði í Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1952, og nefnist „Sáttatilaunir sáttanefnda“.<sup>[16]</sup> Þar segir hann meðal annars:

Sannast að segja veldur það bæði töfum, fyrirhöfn og dálitlum kostnaði, ef leggja skal mál til [sáttanefnda] og tilraun þeirra verður árangurslaus, sem oft vill verða. Og sérstaklega á þetta við, ef dómari telur síðan sáttatilaun ófullnægjandi og vísar máli frá dómi vegna þess, svo sem og stundum hefur við borið. Einkum verður töfin og kostnaðurinn mikill, ef hæstiréttur þarf að vísa máli frá héraðsdómi af þessum sökum. – Boðið um sáttatilaun fyrir sáttanefndum, sem er, svo sem kunnugt er, frá síðustu árum 18. aldar, hefur sennilega verið þarft í upphafi. En nú eru aðstæður mjög aðrar en þá voru þær. Samgöngur eru í allt öðru horfi, svo að nú er langvídast auðvelt að ná til dómara og honum því einnig auðveldara en áður að koma á dómstað. *Mætti víst að skadlitlu nema sáttalöggjöfina úr gildi og losa aðilja með þeim hætti undan þeim óhagræðum, sem sáttalöggjöfin, það sem eftir er af henni, bakar aðiljum enn þá* [leturbreyting mín, P.S.]. – Á móti þessu kunna þau andmæli að koma, að stundum takist þó sáttanefndum að ljúka málum með samkomulagi milli aðilja. Það sé þeim venjulega hagur, því að þeim sparist þá kostnaður, tími og fyrirhöfn. Sé ekki vert að svipta aðilja þessu hagræði. Því verður sjálfsagt ekki neitað með réttu, að nokkuð kunni að vera hæft í þessu, þó að þetta hagræði vegi tæplega alveg móti því óhagræði, sem lögbundinni nauðsyn til lagningar mála til sáttanefndar er einatt samfara.

Af Dómsmálaskýrslum þeim, sem Hagstofa Íslands hefur lengi gefið út, sést meðal annars, að þegar komið var fram undir lok sjöunda og á fyrstu árum áttunda áratugar liðinnar aldar, voru afar fá mál tekin fyrir af sáttanefndum – miðað við heildarfjölda einkamála fyrir dómstólum ár hvert. Afgreiddar sáttir (langflestar í Reykjavík) voru þá 121 árið 1969 (afgreidd einkamál það ár 1393); 50 árið 1970

---

16. Tilv. rit, bls. 245-247.



(afgreidd einkamál það ár 5409); 63 árið 1971 (afgreidd einkamál það ár 5482); 52 árið 1972 (afgreidd einkamál það ár 6346); 84 árið 1973 (afgreidd einkamál það ár 6127), og 38 árið 1974 (afgreidd einkamál 6282 það ár).

Þetta sýnir betur en annað, hvað vægi sáttamála í réttarkerfinu var orðið lítið þegar hér var komið sögu.

Í því sambandi munaði áreiðanlega mestu, að mjög var farið að tíðkast á þessum tíma, og orðið mun algengara en ekki, að aðiljar gátu *með samningum og yfirlýsingum fyrir dómara komið málum sínum undan sáttanefndum, sbr. 11. og 15. tölulíð 5. gr. eml.*, sem raktir voru í kafla 4-d hér að framan.

Flest voru sáttamálin í Reykjavík, þar sem jafnframt var farið með langflest einkamálin og má víst fullyrða, að sáttanefndir víðast úti um landsbyggðina (í smærri kaupstöðum og í hreppum landsins) hafi verið verkefnalausar eða því sem nær á því árabili, sem hér um ræðir.

Miðað við það, sem hér hefur komið fram, er ekki nema eðlilegt að samhugur skapaðist um það meðal lögfræðinga og stjórnámálamanna að afnema sáttanefndir með öllu, sjá næsta kafla.

## **b. Sérstætt sáttamál**

Sem lítið dæmi um sérstætt og öldungis óvenjulegt sáttamál, sem sáttanefnd Reykjavíkur fékk inn á sitt borð á sjöunda áratugnum, skal hér getið um sáttakæru, sem *Helgi Hóseasson* (þjóðkunnur mótmælandi, baráttumaður gegn „kerfinu“ og harðsvíraður andstæðingur trúarbragða og Þjóðkirkjunnar) beindi gegn Þjóðkirkjunni og þáverandi biskupi Íslands með kröfu um að verjendur féllust á að ógilda þá kristilegu *skírni*, sem hann kvaðst hafa orðið að taka á móti sem ómálga og varnarlaust barn á sínum tíma, og jafnframt *fermingu* sína.<sup>[17]</sup>

Snemma árs 1964 var sáttakæran tekin fyrir í þáverandi húsnæði sáttanefndar í Hegningarhúsinu gamla við Skólavörðustíg, en í kærinni sagði meðal annars:

Ég hef árangurslaust farið þess á leit við biskup Íslands, að hann ógildi skírnina og ferminguna eða leysi mig frá þeim sáttmála, sem Jehóvi gerði við mig í skírninni og fermingunni, sbr. kver það, sem ég lærði undir fermingu. – Ég leyfi mér því að fara þess á leit við sáttanefnd Reykjavíkur, að hún kalli biskup Íslands, Sigurbjörn Einarsson, fyrir sig ásamt mér til að reyna að fá hann til að ógilda á formlegan hátt sáttmála þann, sem Jehóvi gerði við mig í skírninni, og votti, svo um grun sé gert [orðað svo], að nafn mitt sé ekki tengt honum lengur [...] Komist sátt eigi á, óskast málinu vísað til aðgerða dómstólanna.

---

17. Upplýsingar um sáttamál þetta eru fengnar af Netinu.

Sáttanefndin kvaddi síðan biskup til að mæta ásamt kæranda á formlegan sáttafund, „sem haldinn skyldi í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9 hér í borg mánudaginn 20. apríl kl. 4 e.h.“ Stefnuvottar afhentu biskupi þessa kvaðningu en hann mætti ekki á boðuðum tíma. Málinu var því vísað til aðgerða dómstólanna, eins og það var orðað, og varð að einu sérkennilegasta einkamáli, sem rekið hefur verið fyrir íslenskum dómstóli, en niðurstaðan varð þar sú, að lög og landsréttur næðu ekki yfir málsefnið!

## 7. Sáttanefndir lagðar niður – Sáttastörf dómstóla

Þegar sáttanefndir voru lagðar af með *lögum nr. 28/1981*, um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, höfðu þær átt sér stöð í íslenskri löggjöf allar götur frá því fyrir aldamótin 1800. Þegar litið er til heimilda, sem snerta sögu þeirra, verður helst ráðið að framan af hafi þær talist til réttarbóta, sem væru til þess fallnar að draga úr langvinnnum málaferlum, enda var það vissulega hugsunin, sem lá til grundvallar tilkomu þeirra á sínum tíma. Þegar komið var fram um miðja 20. öld – og ef til vill fyrr – fór að halla undan fæti fyrir sáttanefndunum, ef svo má að orði komast. Bæði kom þá fram neikvæð gagnrýni á gildi þeirra og gagnsemi og eins varð þróunin sú, að einungis lítill hluti einkamála fékk meðferð í sáttanefndum, þannig að svo var að lokum komið, að margir löglærðir menn litu á þær sem leifar eldri tíma og eins konar „þröskuld“ í réttarfari landsmanna. Um þetta vísast til þess, er sagt var í næsta kafla hér að framan.

Á 97. löggjafarþingi 1975-1976 var lagt fram á Alþingi frumvarp um breyting á þágildandi lögum um meðferð einkamála nr. 85/1936, þar sem lagt var til að I. kafla laganna, *um sáttir*, félli niður en sáttastörfin færðust til almennu dómstólanna.<sup>[18]</sup> Hafði réttarfarsnefnd samið frumvarpið.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir meðal annars:

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt, að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítill. [...] Í eml. (þ.e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður en taka efni nokkurra ákvæða í I. kafla eml. upp í aðrar greinar laganna.

---

18. Sbr. 281. mál á málaskrá þingsins það ár.

Ekki náði frumvarp þetta samþykki á því þingi og heldur ekki á þeim næstu, þótt endurflutt væri. Það var ekki fyrr en á 103. löggjafarþingi 1980 að lagt var fram frumvarp í þessa veru<sup>19)</sup>, sem náði samþykki Alþingis sem *lög nr. 28/1981*. Þar með var hlutverki sáttanefnda í hinu almenna einkamálaréttarfari lokið. Þess í stað var sú meginregla lögfest, að *héraðsdómarar* skyldu leita sátta í einkamálum, eins og síðan hefur verið. Í 106. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála er sérstakur kafli (XV. kafli), sem ber heitið „Sáttir“ (106.-110.gr). Þar segir í 106. gr.:

Dómari leitar sátta ef aðilar fara með forræði á sakarefni nema hann telji víst að sáttatilaun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna. – Dómari leitar að jafnaði sátta eftir að stefndi hefur lagt fram greinargerð sína en áður en þing er háð til aðalmeðferðar. Dómara er heimilt að leita sátta fyrr, svo og við aðalmeðferð eða eftir að flutningi máls er lokið. Ekki stendur það í vegi sáttaumleitana að þær hafi áður verið reyndar án árangurs.

Alkunna er, að allur gangur er á því, hvernig dómarar standa að sáttatilaunum og hvað þeir – sem og málsaðiljar – leggja mikla áherslu á þær. Munu þær stundum farast fyrir með öllu. Áherslan á sáttatilaunir er nú ekki orðin meiri en svo, að tekið er beinlínis fram í 3. mgr. 106. gr., að úrlausn héraðsdóms verði ekki ómerkt fyrir æðra dómi fyrir þær sakir að sátta hafi ekki verið leitað. Þó er vitað um einstaka héraðsdómara á síðari áratugum, sem hafa tekið sáttahlutverk sitt mjög alvarlega og lagt áherslu á að reyna að leiða aðiljana saman til sátta – en þar mun fremur vera um untantekningar að ræða en hitt.

## 8. Lokaorð

Líklegt verður að telja, að fáir séu þeir meðal löglærðra manna, sem myndu leggja til – ef slíkt væri í boði – að sáttanefndirnar gömlu væru lögfestar á ný. En vera má, að gagn væri að því ef hert væri á sáttatilaunum héraðsdómara í einkamálum og þá meðal annars með skarpari lagareglum þar að lútandi ef ástæða þykir til. Þó er vert að minna á, að í Noregi starfa sáttanefndir („forliksråd“) ennþá og virðast gera sitt gagn. Þar í landi kjósa sveitarastjórnir menn til setu í nefndum þessum, sem einvörðungu fást við einkamál. Má vissulega velta því fyrir sér, hvort það sé einhver munur á þjóðareðli héraðs og í þessu grannlandi okkar, sem varð til þess að í

---

19. Sbr. 181. mál á málaskrá þingsins það ár.

öðru landinu var sáttanefndum að lokum hafnað meðan þær dafna í hinu landinu. Hugsanlega má hreyfa því, að Íslendingar séu ekki sérlega sáttfús þjóð – þótt ekki skuli því beinlínis haldið fram hér! Í Noregi er lítið svo á, að sáttanefndirnar séu hluti af réttarkerfi landsins.

Á síðari árum hefur svonefnd *sáttamiðlun* rutt sér til rúms, bæði hér á landi og víða erlendis, en þar fer óháður fagmaður með mál, sem aðiljar hafa orðið ásáttir um að bera undir hann, og leitast við að laða þá til sátta. Er þetta form „frjálsra“ (það er ólögfesta) sáttatilauna orðið vel kunnugt hér í einkamálum en í sakamálum er það fremur á tilraunastigi enn sem komið er. Má vissulega ætla, að sáttamiðlun eigi framtíð fyrir sér og stuðli, með sínum hætti, að sáttum og samlyndi í þjóðfélaginu.

Sáttamiðlun verðskuldar sannarlega sérstaka umfjöllun, sem þó verður ekki komið við á þessum blöðum.<sup>[20]</sup>

---

20. Í þessu sambandi má benda á tvær ML-ritgerðir frá Háskólanum í Reykjavík, sem varðveittar eru í tölvutæku formi á Skemmumni (hjá Landsbókasafni): *Eva Margrét Kristinsdóttir*: „Betri er mögur sátt en feitur dómur“ – Sáttamiðlun til lausnar ágreiningi, 2012, og *Dorgils Dorgilsson*: Sáttamiðlun sem leið til þess að leysa ágreining í viðskiptum, 2010.



# Sjálfstæði háskóla og réttarstaða háskólaborgara fyrr á tíð

## Efnisyfirlit

1. Sjálfstæði og valdsvið háskólanna . . . . .	110
2. Háskólaborgarar – Háskólaborgarabréf . . . . .	113
3. Árétting á mikilvægi sjálfstæðis háskólanna, einkum við kennslu og rannsóknir . . . . .	116
4. Nánar um háskólaborgara og lögsögu háskólanna . . . . .	118
5. Viðurlög í akademískum refsimálum – Stúdentafangelsin . . . . .	121
6. Leifar af lögsögu og dómvaldi háskólanna . . . . .	125
7. Gömul flökkusaga í íslenskum búningi . . . . .	127

## 1. Sjálfstæði og valdsvið háskólanna

Á okkar tímum er almennt viðurkennt í rétti þeirra þjóða, sem eru okkur skyldastar um réttarfar og menningu, að *rikið* hafi – og eigi að hafa – *lögsögu* um flest þau ágreinings- og úrlausnarmál, sem borgarana varða, og að jafnaði einnig um þau mál, er snerta þá menn, sem dvelja innan marka ríkisins með lögmætum hætti. Undantekningar frá þessu hafa lengi gilt um sendimenn erlendra ríkja, sem njóta svonefnds úrlendisréttar í dvalarlöndum sínum, eins og alkunnugt er, sem og til dæmis um erlenda hermenn, sem hafa aðsetur í öðrum löndum en heimalandi þeirra samkvæmt samningi milli hlutaðeigandi ríkja (sjá t.d. ákvæði þar um í hverndarsamningi Íslands, sem gildi hér fram til síðari tíma). Þá má minna á reglur um *herdómstóla* (*herrétti*) meðal margra þjóða, sem byggja á sérstakri lögsögu.

Fyrr á tíð giltu víða um lönd verulegar takmarkanir á dómssvaldi ríkisstjórnvalda gagnvart sumum einstaklingum og stofnunum. Þar munaði mest um dómssvald *kaþólsku kirkjunnar* í hinum vestræna lagaheimi, en kirkjan átti þá lögsögu (í reynd bæði í einkamálum og refsimálum) yfir sínum starfsmönnum eða embættismönnum auk þess sem dómssvald kirkjunnar teygði sig einnig til mála, sem vörðudu aðra en kirkunnar menn í þröngum skilningi. Það gat náð til alls almennings ef því var að skipta, allt eftir málasviðum. Um þetta efni voru ákvæði í íslenskum lögum um margra alda skeið.

Lengi eimdi eftir af þessu dómssvaldi kirkjunnar hér á landi og í grannlöndum okkar – í reynd allt fram til síðari tíma. Mest var sjálfstæði kirkjunnar, hvað lögsögu varðar, í kaþólskri tíð. Síðan dró að vísu úr áhrifavaldi kirkjunnar eftir siðaskipti og dómssvald hennar „þynntist út“ eftir því sem líða tók á aldir. Skýrar leifar þessa mátti þó enn sjá í íslenskri löggjöf fram á okkar tíð, þótt þar væri fremur en ekki um að ræða lagaákvæði, sem dagað höfðu uppi, ef svo má að orði komast, og var ekki lengur framfylgt. Fyrr á öldum giltu hér ákvæði í lögum um skonefndan *Prestadóm* (sem var mjög forn að stofni til) og jafnframt yngri ákvæði um *Prófastsdóm*. Klerkar einir skipuðu þessa dómstóla, sem dæmdu um kirkjuleg málefni, til dæmis um refsimál gagnvart prestum. Allt frá lögtöku laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og fram til gildistöku nýrra laga um það réttarsvið nr. 19/1991 voru í gildi ákvæði um *Kirkjudóm*, sem var sérdómstóll á lægra dómstigi, er fór með rannsókn og ákvörðun viðurlaga vegna afbrota presta og biskups út af hneikslanlegu framferði þeirra í embætti eða í einkalífi, þó að því tilskyldu að ekki væri um almenn refsiverð

brot að ræða. Tók þá Kirkjudómur við hlutverki Prófastsdóms, sem jafnframt var af lagður. *Synóðalréttur* nefndist áfrýjunarstig á þessu kirkjulega réttarsviði, er átti sér síðast stoð í lögum um Hæstarétt nr. 75/1973, sem nú eru reyndar löngu brott fallin. Kirkjudómur og Synóðalréttur voru fjölskipaðir dómur, skipaðir löglærðum embættismönnum auk tilkvaddra guðfræðinga. Ekki er vitað til, að þessir síðastnefndu sérdómstólar hafi starfað í reynd.<sup>[1]</sup> En þessi dæmi nægja þó til að sýna, að almenn dómslögsaga íslenska ríkisins hefur ekki alltaf verið jafn víðtæk og óskoruð og nú er orðið. Hefur þróunin reyndar orðið sú, að ýmsir sérdómstólar, sem áður voru í lögum, hafa lagst af og hið almenna dómstólakerfi ríkisins yfirtekið verksvið þeirra, þótt ekki sé þetta algilt.

Víða um lönd, ekki síst meðal Evrópuþjóða var dómsvald kaþólskra kirkjudeilda öflugt og tryggilega lögvarið fram til síðari tíma, er það tók að veikjast og riðlast. En á sömu landsvæðum döfnuðu einnig um margra alda skeið annars konar dóms- og réttarkerfi, „til hliðar“ við hið almenna dómstóla- og lagakerfi hlutaðeigandi ríkja, þar með talið varðandi refsivörslu. Var sérstakt lögsögukerfi af þessu tagi meðal annars tengt við *háskólana*, sem tóku að blómstra í flestum Evrópuríkjum þegar á miðöldum. Hélt það í hendur við sjálfstæði háskólanna gagnvart megin-valdastofnunum ríkjanna og dóms- og úrskurðarvaldi þjóðhöfðingja og embættismanna þeirra sem og kirkjunnar manna.

Þess má einnig geta, að í sumum Evrópuríkjum laut *adallinn* sérstakri lögsögu að nokkru leyti og aðalsmenn urðu ekki dæmdir af öðrum en mönnum úr aðalsstétt.

Liðu svo aldir fram, allt frá því að tekið var að stofna háskóla víðs vegar um Vestur-Evrópu, að lögð var mikil áhersla á það, að þeir nytu *sjálfstæðis* og *sjálfræðis*, meðal annars hvað varðaði *dómsögu* yfir „þegnum“ sínum, hinum svonefndu „háskólaborgurum“ og ýmsum öðrum, sem veruleg tengsl höfðu við háskólaborgarana eða við háskólana að öðru leyti. Jafnframt þurfti að treysta réttarstöðu þessara stofnana gagnvart ríkisvaldi og kirkju. Almennt var talið á þeim tímum, að sjálfstæði háskólanna yrði ekki haldið uppi í reynd nema þessi sérstaka lögsaga þeirra væri vel tryggð. Að þessu leyti var því líkast, að hver háskóli um sig væri eins konar „ríki í ríkinu“ eða „eyja“ í réttarhafi ríkisins.

Hér eru ekki tók á að ræða í ýtarlegu máli um sjálfstæði háskólanna almennt, hvorki fyrir á tíð né nú um stundir, en aðeins minnt á, að nú – þegar sérstök lögsaga

---

1. Sjá nánar í grein minni, „Straumhvörf í kirkjurétti“, *Lagaslóðir – Greinar um lög og rétt*, Reykjavík 2005, bls. 181 og áfr., á bls. 193 (nmgr. 21).



þeirra með dómsvaldi er ekki lengur við lýði – birtist sjálfstæðið einkum í því, að virða skal rétt þeirra og einstakra háskólakennara til að stunda rannsóknir og kenna fræði sín án nokkurra efnislegra fyrirmæla frá handhöfum ríkisvalds eða jafnvel frá stjórnendum hlutaðeigandi háskóla. Með öðrum orðum: *Skodanafrelsi* og faglegt *tjáningarfrelsi* akademískra stofnana og starfsmanna þeirra skal vera tryggt eins vel og kostur er á.<sup>[2]</sup> Almennt er nú viðurkennt í háskólasamfélagi þjóðanna, að sjálfstæði af þessu tagi sé undirstaða framfara á öllum fræðasviðum, sem háskólar láta sig varða, og nauðsynlegt sé, að ríkisvaldið standi, auk háskólanna sjálfra, vörð um hið akademíska sjálfstæði, meðal annars með setningu laga og reglna um það efni.

Um sjálfstæði háskólanna á sviði kennslu og rannsókna er fjallað í 2. gr.-a laga um háskóla nr. 63/2006 þar sem segir:

Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé ...

Þessu ákvæði var bætt inn í fyrrnefndu lögum með l. nr. 67/2012, sem var meðal annars ætlað að auka og bæta sjálfstæði og lýðræði í háskólum. Í athugasemdum, er fylgdu þessari grein í frumvarpi til laganna frá 2012<sup>[3]</sup>, segir m.a.:

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um fræðilegt sjálfstæði, sem öllum fræðimönnum ber saman um að sé ein mikilvægasta forsendan fyrir framgangi vísinda og fræða og starfrækslu háskóla. Fræðilegt sjálfstæði felur í sér rétt starfsmanna til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Allar kennslugreinar afmarkast af viðurkenndum fræðasviðum. Hugtakið rúmar einnig þá þætti sem felast í almennum skilningi á „akademísku frelsi“, sem vísar til þess að frá sjónarhóli fræðimannsins nýtur hann þess frelsis að haga rannsóknum sínum eins og hann sjálfur kýs. Fræðilegt sjálfstæði háskólanna á þó ekki að draga úr ábyrgð þeirra á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar þeirra. Gengið er út frá því að viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skuli vera óháð afskiptum þeirra, sem eiga skólann eða veita honum fé.

- 
2. Sjá til nokkurrar hliðsjónar grein mína, „Tjáningarfrelsi akademískra starfsmanna“, Lagavangur – Um forn lög og ný, Reykjavík 2012, bls.47 og áfr.
  3. Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012, þingskjal 714 – 468. mál.

## 2. Háskólaborgarar – Háskólaborgarabréf

Hið „akademíska frelsi“, sem hér var getið um – og vert væri nánari athugana og umfjöllunar en þessi samantekt leyfir – nær fyrst og fremst til þeirra manna, sem áður heyrðu undir hugtakið „akademískir borgarar“ í þrengri skilningi, þ.e. til nemenda háskólanna og þó einkum þeirra háskólastarfsmanna (hvaða starfsheiti sem þeir bera), er fást við rannsóknir og kennslu. Þessi grunnregla er enn í gildi þótt ekki sé lengur talað um háskólaborgara í hinni gömlu og formbundnu merkingu.

Um margra alda skeið var það almenn regla í vestrænum háskólum, að þegar nýnemar (eins og þeir eru kallaðir nú) höfðu verið innritaðir til náms í hlutaðeigandi háskóla fengu þeir í hendur formlegt *skjal* (fram til síðari tíma víðast ritað á latínu), þar sem því var lýst yfir af hálfu háskólarektors, að stúdentinn, handhafi bréfsins, væri frá þeirri stundu orðinn „háskólaborgari“ með þeim réttindum og skyldum gagnvart hlutaðeigandi háskóla, sem lög og reglur kvæðu á um. Var þetta nefnt *háskólaborgarabréf*. Að jafnaði var það afhent stúdentum við hátíðlega háskólaathöfn, þar sem rektor rétti hverjum og einum skjal hans, og var sú afhending „innsiglið“ með handabandi. Fyrir á tíð var hér um merkan og afdrifaríkan löggæringing að ræða, því að með þessum sérstaka hætti gekk stúdentinn undir lögsögu háskólans og dómsvald hans, sem síðar verður nánar vikið að – og sagði sig þar með í vissum skilningi undan almennri lögsögu ríkisins með undanþágu frá ýmsum kvöðum, sem lagðar voru á almenna þjóðfélagsþegna. Á síðari tímum, eftir að eiginleg lögsaga háskólanna (meðal annars með eigin dómsvaldi) hvarf, var engu að síður haldið áfram að gefa út háskólaborgarabréf til nýstúdentanna í flestum vestrænum háskólum, með hátíðlegri afhendingu, en þau hurfu þó smám saman af sviðinu víðast hvar í tíð núlifandi manna.

Sá, er þetta ritar, tók við sínu háskólaborgarabréfi úr hendi rektors haustið 1964, en eftir því sem best er vitað voru þess háttar bréf frá Háskóla Íslands síðast afhent á háskólahátíð 1973.<sup>[4]</sup> Við Kaupmannahafnarháskóla lagðist þessi siður af á sjöunda áratug 20. aldar. Þau háskólaborgarabréf, sem Háskóli Íslands gaf út, voru mjög stuttorð og einföld að efni, en þar kom fram, að háskólarektor og háskólaráð gerðu

---

4. Upplýsingar fengnar frá *Áslaugu Marinósdóttur*, verkefnisstjóra í skjalasafni Háskóla Íslands, en hún vísaði til varðveittrar heimildar um þetta frá Erlu heitinni Elíasdóttur aðstoðarháskólaritara, sem var allra manna kunnugust háskólaathöfnum af þessu tagi.

kunnugt, að N.N. „hafi verið ritaður á skrá borgara Háskóla Íslands og heitið að halda lög hans og reglur“. Þá sagði og: „Til sannindamerkis þessa hef ég, rektor Háskólans, látið gera bréf þetta í Reykjavík ..... dag .... mánaðar og staðfesti það með undirskrift minni.“

Þegar hér var komið sögu fólst einvörðungu í efni háskólaborgarabréfsins, að viðkomandi námsmaður hefði heitið því að fylgja viðteknum siðum og reglum háskólans hvað varðaði hegðun og þess háttar, en því fór auðvitað fjarri, að hann væri þar með að segja sig úr almennum lögum samfélagsins! Enn var þó notað hið forna heiti: „borgari“ Háskóla Íslands, sem vísaði til liðins tíma. Bréfið var þó að mestu leyti orðið formið eitt – ef borið er saman við það, sem fyrrum gildi í háskólum Evrópuþjóða, þegar háskólaborgarar lutu lögsögu og dómssvaldi háskólanna. Enn er háskólayfirvöldum vissulega heimilt, lögum samkvæmt, að beita nemendum *agaviðurlögum*, brjóti þeir þær siðgæðis- og háttarnisreglur, sem kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglum um háskóla, en ekki verður því valdi jafnað til þess dómssvalds, sem áður var, meðal annars samkvæmt fornu regluverki Kaupmannahafnarháskóla, sem hinn nýstofnaði Háskóli Íslands (1911) tók sér að mörgu leyti til fyrirmyndar eins og eðlilegt var.

Í íslenska háskólaborgarabréfinu var að vísu kveðið á um *skyldu* stúdentsins („háskólaborgarans“) til að halda lög og reglur háskólans en ekki var þar nánari lýsing á inntaki skyldunnar né heldur kveðið á um *réttindi* stúdentsins. Í hátíðarræðum sínum, þegar borgarabréfin voru afhent nýliðum, fjölluðu rektorar háskólans þó yfirleitt nánar um réttindi og skyldur háskólaborgara eftir þeim skilningi, sem þá var almennt lagður í það efni. Í ávarpi til stúdenta við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands 1. október 1914, meðan stofnunin var enn í frumbersku ef svo má að orði komast, fjallaði þáverandi háskóla rektor, *Jón Helgason guðfræðiprófessor*, um stöðu háskólaborgara, eftir að hann hafði afhent hinum nýskráðu stúdentum borgarabréf þeirra. Í blaðinu Ísafold 3. október 1914 segir svo frá ræðu rektors:

Ræða háskóla rektorsins snerist um réttindi og skyldur háskólaborgara. *Réttindin* væru þau, að mega færa sér í nyt alla þá fræðslu, sem slík mentastofnun sem háskólinn er, hefði að bjóða í þeim vísindagreinum, sem þar væri veitt tilsögn í. Staða námsmanna við háskólann væri í verulegu tilliti ólík því sem þeir hefðu vanist áður, þar sem námið væri hér í öllu tilliti frjálst og óbundið. Þeim væri í sjálfs vald sett að prófa alt og rannsaka með eigin augum. Hér væri ekki af þeim heimtað það sem í gamla daga var kallað „*jurare in verba magistri*.“ Þeir væru yfir höfuð

ekki skyldir til að gjalda jákvæði sitt neinum öðrum skoðunum og kenningum en þeim, sem þeir hefðu sjálfir, við nákvæma prófun og athugun, sannfærst um að væru sannar og réttar. Einn höfuðtilgangur háskólanámsins væri einmitt sá, að hjálpa nemendunum til að mynda sér *sjálfstæða skoðun* á hlutunum, en slíkt væri því aðeins mögulegt, að námið væri algerlega *frjálst*, enda væri það eitt sambandið eðli vísindanna. Frumtak (princíp) þeirra væri sannleikurinn og markmið þeirra þekking sannleikans og ekkert annað. Hinar vísindalegu hvatir væru í insta eðli sínu hungur og þorsti eftir sannleikanum. Sannleiks-leitin hefði þá líka guðlegt fyrirheit: „Sannleikurinn mun gera yður frjálsta“. Því auðugri að sannleiksþekkingu sem vér yrðum, þess frjáltsari menn yrðum vér líka. – Ræðumaður lýsti hinu „akademiska frelsi“ á þá leið, að það væri frelsi til að hugsa sjálfur, reyna og prófa sjálfur óbundinn af öllum hliðsjónum öðrum en hliðsjóninni á því sem er satt og rétt, — frelsi til að mynda sér sjálfstæðar skoðanir á hlutunum og á tilverunni í heild sinni grundvalladar á eigin athugunum og rannsóknum, svo langt sem þær ná. – Því næst minti rektor á *skyldur* námsmanna. Því miður væru ávalt einhverjir, sem gerðu sér ekki ljóst að hér er um skyldur að ræða, — þeir virtust líta á hið akademiska frelsi svo sem frelsi til þess að leggjast í iðjuleysi, til að slá slöku við náminu, til að *vanrækja* þær skyldur sem þeim væri á herðar lagðar sem háskólaborgurum. Hve fráleitur misskilningur það væri og hve bersýnilegur vottur þroskaleysis lægi þar í augum uppi. – Höfuðskylda allra háskólastúdenta væri að nota sem best hin akademisku réttindi til að menta anda sinn og auðga að nytsamri þekkingu, þroska og þróa þá hæfileika, sem þeim væru af guði gefnir. – Staða stúdentsins í borgaralegu félagi væri í mörgu tilliti orðin önnur en hún hefði áður verið. Geislaljóminn, sem áður hefði staðið af stúdentsnafninu í meðvitund almennings, væri að mestu horfinn. Þó væri stúdentsnafnið enn svo virðulegt heiti, að fyllsta ástæða væri til að minna þá, sem það bæru, á hið gamalkunna „*nobilitas obligat*“. Það væri ekki nóg að *heita* stúdent, það sem á riði væri að *vera* það í sannleika. Því hefði verið sagt, að fyrsta hlutverk hvers stúdents væri að festa sér í minni, svo aldrei gleymdist, virðingu orðsins „studiosus“. – Ræðumaður minti á þessar hendingar úr gömlum íslenskum sálmi: „Ónotuð stund leið allmörg hjá, / sem aldrei framar gagna má“ og kvaðst óska þess, að þær yrðu sem allra fæstar „ónotuðu stundirnar“ í lífi hinna nýju stúdenta, að þeir létu stúdentsnafnið sífellt minna sig á kostgæfni og kapp í því að nota sem allra best námstímann, til að afla sér allrar þeirrar menntunar, sem kostur væri á hver í sinni vísindagrein, og þeir væru hæfileikum búnir til að færa sér í nyt.

### 3. Árétting á mikilvægi sjálfstæðis háskólanna, einkum við kennslu og rannsóknir

Árið 1988 var haldið upp á 900 ára afmæli háskólans í Bologna á Ítalíu.<sup>[5]</sup> Að frumkvæði stjórnvalda þess háskóla var, á veglegri og fjölmennri afmælishátíð, staðfest skjal, sem hefur að geyma grundvallaratriði, er einkum varða hlutverk og sjálfstæði háskóla í Evrópulöndum. Hinn 18. september það ár komu rektorar 430 háskóla saman á höfuðtorginu (Piazza Maggiore) í Bologna og staðfestu þar með undirritun sinni þetta merka skjal, sem síðan hefur notið mikils álits í háskólaheiminum. Rektor Háskóla Íslands var þar á meðal. Síðan hafa fjölmargir háskólar bæst í hóp þeirra, er fyrst stóðu að yfirlýsingunni. Í þeim kafla skjalsins, sem ber heitið „Grundvallarskilyrði“, segir (í íslenskri þýðingu):

1. Háskólar eru sjálfstæðar stofnanir í kjarna hvers samfélags. Skipulag þeirra er mismunandi vegna þess að þeir búa við ólíkar landfræðilegar og sögulegar aðstæður. Þeir skapa, fjalla um, meta og flytja áfram menningu með rannsóknum og kennslu. Til að mæta þörfum þess samfélags sem þeir starfa í, verða rannsóknir og kennsla að vera siðferðilega og þekkingarlega óháð öllu pólitísku og efnahagslegu valdi.
2. Tvinna verður saman kennslu og rannsóknir í háskólum eigi fræðsla þeirra ekki að dragast aftur úr breyttum þörfum þegnanna, kröfum samfélagsins, eða framförum í vísindalegri þekkingu.
3. Frelsi í rannsóknum og þjálfun er grundvallarskilyrði háskólasamfélagsins og bæði stjórnvöld og háskólar verða, eins og þeim er unnt, að tryggja virðingu fyrir þessu grundvallaratriði. – Þar sem háskólar hafna hleypidómum og eru ávallt opnir fyrir samræðu eru þeir kjörinn samstarfsvettvangur fyrir kennara, sem eru hæfir til að miðla þekkingu sinni, og vel búnir til að þróa hana með rannsóknum og nýbreytni, og nemendur, sem eiga tilkall til og eru fúsir til að auðga andann með þeirri þekkingu.

---

5. Sjá m.a til hliðsjónar grein mína, „Laganám við Háskólann í Bologna á miðöldum og áhrif fræðastarfsins þar“, Lagapættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum, Reykjavík 1993.

4. Háskólar standa vörð um húmaníska hefð Evrópu; sókn eftir algildri þekkingu er stöðugt á stefnuskrá þeirra; til að rækja köllun sína leita þeir útfyrir landfræðileg og pólitísk landamæri og leggja áherslu á grundvallarþörf hvers menningarheims til að þekkja og hafa áhrif á aðra menningarheima.

Hinn 15. júní 2005 undirrituðu rektorar allra íslenskra háskóla skjal, sem felur í sér yfirlýsingu háskólanna um „forsendur og frelsi háskóla“. Í yfirlýsingu þessari, sem ber með sér meginviðhorf um frelsi háskólanna, í anda Bologna-yfirlýsingarinnar fyrrnefndu, segir m.a.:

Hlutverk háskóla er að skapa skilyrði til frjálsrar þekkingarleitar, -sköpunar, -varðveislu, og -miðlunar á sviði vísinda, fræða og lista. Með starfsemi sinni þjóna þeir fræðunum og langtímahagsmunum samfélagsins. Háskólar miðla þekkingu til samfélagsins og efla einstaklinga til þroska og sjálfstæðis. Þeir eru vettvangur gagnrýninnna vinnubragða og öflunar og úrvinnslu nýrrar þekkingar. Í þeim mætast straumar alþjóðlegra hugmynda og í ljósi þeirra er menningararfur rannsakaður, varðveittur og efldur. Háskóli er samfélag þar sem menn geta óhræddir rætt á gagnrýninn hátt um hvaðeina sem leitar á hugann. [...] Háskólum ber að standa vörð um akademískt frelsi sem felur m.a. í sér að einstaklingur geti stundað rannsóknir, kennslu, eða nám án óeðlilegrar íhlutunar laga, stofnana, eða félagshópa. Sá sem nýtur akademísks frelsis getur leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum. Akademískt frelsi háskólakennara felur í sér rétt hans til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Það felur í sér rétt til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum, í samræmi við þá stefnu sem deild eða háskólastofnun hefur samþykkt. Akademískt frelsi nemenda felur í sér rétt til að velja námsgrein, komast að eigin niðurstöðum og tjá skoðun sína. Akademískt frelsi til rannsókna felur í sér rétt til að velja viðfangsefni og aðferðir. Það felur í sér rétt og skyldu til að birta niðurstöður opinberlega, hverjar sem þær kunna að vera, svo framarlega sem rannsóknin stenst kröfur faglegs jafningjamats. Akademískt frelsi í háskólasamfélagi felur í sér rétt háskólamanna til að gagnrýna stefnu og starfshætti stofnunar sinnar. Það felur í sér borgaralegan rétt til tjáningar og þátttöku í stjórn- og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á árangursmati, framgangi, eða starfskjörum. Akademísku frelsi einstaklings fylgir sú ábyrgð að hann starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið og taki þátt í mótun þeirra með sannleikann að leiðarljósi. Því fylgir sú skylda að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi starfsmanns dregur ekki úr ábyrgð hans á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar.

#### 4. Nánar um háskólaborgara og lögsögu háskólanna

Eftir að Háskóli Íslands tók til starfa má ljóst vera, að einungis var hér talað um *nemendur* í háskólanum sem „háskólaborgara“. Það sama átti þá við, og á enn, um aðra evrópska háskóla, eftir því sem best er vitað. Fyrr á öldum var þó staðan önnur í háskólaheiminum. Þá var almenna reglan sú, að ekki einungis háskólastúdentar heldur einnig *háskólakennarar* og jafnvel *fjölskyldur* hinna síðar nefndu, voru í reynd taldir til háskólaborgara, þótt einungis nýstúdentar fengju í hendur háskólaborgarabréf. Hafði þessi regla myndast þegar á miðöldum en er líða tók á 18. öld varð sú breyting á, að einungis nemendur háskólanna voru taldir til háskólaborgara. Miklu varðaði, að ljóst væri hverjir féllu undir það hugtak, því að *lögsaga* háskólanna og þar með *dómsvald* þeirra náði einungis til háskólaborgara og annarra manna, sem sérstök tengsl höfðu við háskólana en gegndu ekki akademísku hlutverki.

Segja má, að vísir að sjálfstæðri lögsögu háskóla hafi komið til sögu þegar í upphafi þeirra, það er þegar hinir fyrstu háskólar voru stofnaðir í Evrópulöndum, fyrst í Bologna undir lok 11. aldar. Reglur þar að lútandi áttu síðan eftir að þróast, þó með örlítið mismunandi hætti í hverjum háskóla, en þeir tóku að spretta í túni víða um lönd á síðari hluta miðalda. Þessi sérstaka lögsaga var liður í því að *tryggja og treysta sjálfstæði háskólanna*. Er greinilegt að á þeim tímum hafa margir velhugsandi menn haft áhyggjur af því, að æðstu stjórnvöld í þjóðríkjunum, hvort heldur veraldlegir þjóðhöfðingjar eða kirkjulegir valdhafar, reyndu að seilast til beinna áhrifa innan háskólanna, þannig að ekki mætti rannsaka og kenna annað en það, sem þeim háu herrum þóknaðist. Kröfurnar um akademískt sjálfstæði urðu ekki til af engu – og enn eru þær uppi eins og fyrr hefur verið rakið. Má reyndar merkilegt heita, að víðast höfðu æðstu stjórnvöld – bæði veraldleg og kirkjuleg – skilning á þörf háskólanna fyrir sjálfstæði á sviði fræða og kennslu og studdu þá í myndun réttarreglna, sem áttu að tryggja það.

Vitað er, að stundum gat örlað á vissum „núningi“ milli einstakra háskóla og háyfirvalda um mörk háskólalögsögunnar gagnvart lögsögu ríkis eða kirkju, en hvergi varð það þó til þess, að háskólar væru sviptir sérrettindum sínum og dómsögu yfir „þegnum“ sínum.

Fór svo fram um margra alda skeið eða fram á 19. öld, þegar almennt tók að draga úr sérstöðu háskólanna innan ríkisheildar og lögsagan var smám saman af þeim tekin.

Því var kaþólska kirkjan nefnd hér í þessu sambandi, að hinir fyrstu háskólar – og síðar einnig margir þeirra – nutu verndar hinna æðstu kirkjulegu valdhafa, yfirleitt sjálfs páfans í Róm, en páfabréf lá oft til grundvallar stofnunar ýmissa háskóla. Í reynd voru oft sterk tengsl milli einstakra háskóla og kirkjunnar, enda skal þá haft í huga, að í mörgum háskólum var lögð mikil áhersla á kennslu í guðfræði og guðfræðideildir háskólanna voru lengi öflugar og gegndu leiðandi hlutverki innan viðkomandi háskóla. Eftir reglum sumra háskóla var jafnvel unnt að áfrýja vissum úrskurðum eða ákvörðunum af vettvangi hlutaðeigandi háskóla til kirkjulegra stjórnvalda án þess þó að með því væri um of vegið að sjálfstæðri lögsögu háskólanna.

Tekið skal fram áður en lengra er haldið, að reglum um sérstaka lögsögu háskólanna var aldrei á einn veg háttað innan allra háskóla heldur voru ýmis afbrigði tíðkanleg þótt heildarmyndin væri hin sama í hinum vestræna háskólaheimi.

Fram eftir öldum náði lögsaga háskólanna almennt til *allra stúdenta, kennara og ýmissa annarra háskólastarfsmanna auk fjölskyldna þeirra* (þ.e. *eiginkvenna og barna – ekki þó prófessora ekki undan skildar*). Tók þessi sérstaka lögsaga bæði til *einkamála*, sem nú nefnast svo, og til *refsimála* en auk þess til hvers konar *agabrota* gagnvart reglum háskólanna. Þeir, sem undir lögsöguna heyrðu, voru þá jafnframt undanþegnir lögsögu ríkisins. Oft gerðu reglur einstakra háskóla ráð fyrir því, að fram færi formleg sókn og vörn frammi fyrir tilheyrandi háskólayfirvaldi og var þá séð til þess meðal annars, að sakborningi eða málsaðila væri tryggð nægileg aðstoð fyrir háskólaréttinum, t.d. að einhver prófessor (eða jafnvel deildarforseti) úr viðkomandi háskóladeild væri *réttargæslumaður* hans og talaði máli hans frammi fyrir háskóladómstólnum.

Þess skal hér getið, þegar nefnd er lögsaga háskólanna í sakamálum, að *refsilögsaga* einstaka þýskra háskóla, svo sem í Vínarborg, Heidelberg og Tübingen, var – á miðöldum – í reynd án takmarkana, þannig að þeir gátu fjallað um stærri jafnt sem smærri mál, meira að segja um morðmál eða annars konar manndrápsmál, og gátu líflátsdómar þá komið til álita. Þeim dómum var þá reyndar ekki framfylgt innan hlutaðeigandi háskóla (háskólarnir höfðu enga böðla!) heldur tók ríkisvaldið að sér að fullnægja þeim í samráði við háskólayfirvöld – en þess háttar dómar voru reyndar afar sjaldgæfir.

Misjafnt var eftir háskólum, hvernig háskóladómstólum var háttað að formi til, þ.e. hvaða aðili það var innan hvers háskóla, sem fór með dómsvaldið. Sums staðar var það hlutaðeigandi háskólarektor (þá gjarna með tilkvöddum aðstoðarmönnum)




en oftast þó háskólaráðið sjálft (constitorium), sem var æðsta stjórnvald háskólans. Smám saman tóku háskólaráðin alfarið við þessu hlutverki af rektorunum einum. Eftir reglum sumra háskólanna mátti áfrýja dómum þeirra – a.m.k. í stærri málum – og gat þá áfrýjunarvaldið ýmist verið í höndum þjóðhöfðingja (eða æðsta dómstóls hans) eða kirkjulegra háfyrvalda.

Þegar komið var fram á síðari hluta 18. aldar hafði réttarþróun á þessu sviði leitt til þess, að hin sérstaka lögsaga háskólanna hafði „þrengst“ mjög frá því sem áður var, þannig að hún náði einvörðungu til stúdenta en ekki annarra, svo sem háskólakennara. Var það síðan svo meðan dómsaga háskólanna var við lýði. Með tímanum fækkaði einnig dómsúrlausnum háskólanna í *einkamálum* meðal háskólaborgara.

Að sjálfsgöðu þurfti sérstaka starfsmenn á vegum hvers og eins háskóla til að fylgjast með því að góð regla væri höfð í heiðri („háskólalögregla“) og til að hafa umsjón með hlutaðeigandi stúdentafangelsi (í reynd fangaverðir). Í Þýskalandi var slíkur umsjónarmaður eða vaktmeistari kallaður *Pedell* en *Proctor* í Englandi. Nutu þeir góðu menn, er gegndu þessum embættum, mismikillar virðingar og vinsælda meðal háskólanema.

Þýskaland var lengi forystuland í háskólaheimi Vesturlanda og þar gildi háskólalögsagan lengi fullum fetum eða langt fram á 19. öld. Um miðbik þeirrar aldar gerði þó margvíslegur órói vart við sig meðal ýmissa þjóðfélagsstétta eins og kunnugt er, m.a. í hópi háskólastúdenta, víða í hinum þýsku ríkjum. Fóru þá að heyrast raddir um það, úr röðum stúdenta, að tímaskekkja fælist í hinum fornu og hefðbundnu reglum um sérstaka lögsögu háskólanna – en margir prófessorar mæltu hins vegar í fyrstu gegn þeirri skoðun og töldu að hinn forni háttur væri til þess fallinn að tryggja sjálfstæði háskólanna eins og verið hafði. Hvað um það: Eftir að þýsku ríkin höfðu verið sameinuð undir einum keisara eftir miðja 19. öld tók að gæta margvíslegrar löggjafar, sem náði til *alls* hins nýja ríkis og var ætlað að sameina réttarframkvæmd á gjörvöllu því landsvæði, en þar gætti einnig margvíslegrar nýbreytni. Með allsherjarlöggjöf um réttarfar í keisaradæminu frá 1879 var, berum orðum, tekið fyrir hvers kyns „afbrigðilegar“ lögsögur hvað dómsvald snerti. Þar með misstu þýsku háskólarnir hið eiginlega dómsvald sitt. Eftir stóð þó vald þeirra til að úrskurða í málum stúdenta, sem einungis snertu meint brot þeirra á góðum siðum og reglum („Disziplinargerichtsbarkeit“) og ákvörðun viðurlaga við þess



*Stúdentafangelsið gamla í Konstitorium-  
húsinu í Kaupmannahöfn.*

háttar brotum.<sup>[6]</sup> Héldust valdheimildir háskóla í þá veru víða í háskólum á meginlandi Vestur-Evrópu allnokkuð fram yfir aldamótin 1900 – og, með sínum hætti, allt til okkar tíma, en nú í mjög „útþynntri“ mynd.

## 5. Viðurlög í akademískum refsimálum – Stúdentafangelsin

*Viðurlög* þau, sem fylgdu áfellsdómum í refsimálum yfir háskólaborgurum á öllum þeim öldum, er dómsaga háskólanna yfir þegnum þeirra var við lýði, voru með misjöfnum hætti, allt eftir því, hvers eðlis brotin voru. Ekki giltu heldur nákvæmlega sömu viðmið í öllum háskólum, um ýmis frávik (oftast þó minni háttar). Að

sjálfsögðu endurspegluðu viðurlögin alvarleika einstakra brota. Ef frá eru taldar allra þyngstu refsingarnar fyrir manndráp og aðra höfuðglæpi (sem vitaskuld voru sjaldgæfar) var meðal annars beitt *brottvikningu* úr viðkomandi háskóla, annað hvort tímabundið (svo sem í eitt ár) eða fyrir fullt og allt, ef sakir voru miklar. *Sektir* gátu einnig komið til greina með fangelsisvist sem vararefsingu, ef sektarféð var ekki greitt (sem vafalaust hefur oft átt við um févana stúdenta!). Í einstaka þýskum háskólum þekktust dæmi um, að hinir brotlegu væru beittir *búðláti*, en það heyrði til undantekninga. *Fangelsisrefsing* var lengst af mjög tíðkuð meðan hin sérstaka refsilögsaga háskólanna hélt velli. Einnig var *gasluvarðhaldi* oft beitt en þá sjaldnast

6. Víða í ritum þýskra fræðimanna má finna mikinn fróðleik um hina sérstöku lögsögu háskólanna þar í landi fyrir á tímum. Nægir hér að benda á eftirtalin rit: *Klaus Michael Alenfelder*, „Akademische Gerichtsbarkeit“, Baden-Baden 2000; *Friedrich Stein*, „Die akademische Gerichtsbarkeit in Deutschland“, Leipzig 1892; *Heinrich Maaack*, „Grundlagen des studentischen Disziplinarrechts“, Freiburg in Breisgau 1956; *Heinz-Joachim Toll*, „Akademische Gerichtsbarkeit und akademische Freiheit“, Neumünster 1979; *Eckhard Oberdörfer*, „Der Heidelberger Karzer“, Köln 2005.

um langan tíma í senn, eingöngu fram til þess að dómur var upp kveðinn.

Eftir að hið víðtæka viðurlagavald háskólanna í sinni gömlu mynd hvarf smám saman af sviðinu, á 19. öld eða jafnvel fyrr, héldu þeir flestir hverjir um sinn valdi til að dæma viðurlög við smæstu brotum stúdenta, sem einkum beindust gegn góðu siðferði og háskólareglum (agabrot). Oft var þá um að ræða drykkjuskap á almannafæri eða þá slagsmál, sem stundum fylgdi áfengisneyslunni, fjárhættuspil, lauslæti eða ýmis konar drabb og slabb, sem villuráfandi ungmenni kunna að glepjust á. Var þá algengast að beitt væri fangelsisrefsingu gagnvart hinum ungu og brotlegu námsmönnum. Eftir að tekið var að banna *einvígi* meðal stúdenta víða um lönd (en þau höfðu sums staðar verið afar algeng og reiknast þátttakendunum til sæmdarauka í sínum hópi) varð algengast að stinga hinum brotlegu í fangaklefa hlutaðeigandi háskóla. Reglan var að jafnaði sú, að væri stúdent staðinn að broti, sem hann hafði framið *utan* háskólans, t.d. fyrir ofurölvun og óspektir á almannafæri, gat almenna lögreglan í viðkomandi borg að vísu handtekið hann og stungið honum í „steininn“ rétt yfir blánóttina en varð svo, eftir réttum lögum og siðum, að fara með hann strax í morgunsárið og afhenda hann háskólalögreglunni, sem tók hann þá í sínar vörslur (gjarna með gæsluvarðhaldi í stúdentafangelsinu). Yfirleitt mun venjan hafa verið sú, að hinir akademísku brotamenn væru ekki dæmdir til sérlega langrar fangavistar, enda voru brot þeirra oft ekki stórvægileg, a.m.k. á mælikvarða okkar tíma.

Háskólarnir notuðust ævinlega við sín *eigin fangelsi* (þ. „Universitätskarzer“), og enginn háskóli, sem vildi láta taka sig alvarlega, gat verið án *stúdentadýflissu*. Þær voru í húsakynnum háskólanna, oft í dimmum og loftlitlum kjöllum. Stúdentarnir, sem þar sátu inni fyrir brot sín, stór eða smá eftir atvikum, reyndu bersýnilega að gera sér sitthvað til dundurs eftir því sem bágbornar aðstæður frekast leyfðu. Í miklum mæli krotuðu eða rispuðu þeir nöfn sín á veggum dýflissunnar og hafa varðveist þúsundir slíkra nafnritana, t.d. í þýskum háskólafangelsum. Þar má m.a. finna nafn *Ottos von Bismarks* (er síðar varð heimskunnur kanslari), sem segir okkur, að oft getur orðið góður hestur úr göldnum fola! Hitt var þó merkilegra, að þau stúdentafangelsi, sem enn eru varðveitt (en tugir þeirra eru enn til sýnis í byggingum gamalla þýskra háskóla) hafa að geyma eins konar „myndlistarsöfn“, þ.e. mikið safn mannamynda og jafnvel annars konar mynda, sem teiknaðar og/eða málaðar hafa verið á veggum dýflissuklefanna. Oft er þar um að ræða sjálfsmýndir hinna lisfrjóu fanga en margt annað slæðist með. Má t.d. sjá þess merki, að fagrar konur hafa verið sumum þeirra

hugleiknar, þegar einsemdin lék þá grátt í loftlitlum og köldum kjöllum. Eru sum gömlu fangelsanna fræg fyrir þessi myndverk, sem sannarlega eru áhrifamikil og eftirminnileg, mörg hver. Má ljóst vera, að þar hafa iðulega listfengir og dráthagir ungir menn fengið að iðrast syna sinna. Sum fengelsin eru, enn þann dag í dag, höfð aðgengileg fyrir ferðamenn eða aðra þá, sem vilja heimsækja þau og sjá alla dýrðina! Hið kunnasta stúdentafangelsi, sem nú er opið sem safn, er í háskólabýggingunum í *Heidelberg*, þeirri gömlu þýsku háskólaborg, en þar er myndasafnið á veggjunum einna víðamest. Er það nú löngu orðið meðal þess, sem margir ferðamenn vilja helst skoða í borginni, enda liggur þangað að jafnaði straumur forvitinna safngesta. Þetta sérstæða „háskólasafn“, sem og önnur hliðstæð við ýmsa aðra háskóla þar í landi, er nú talið til verðmætra menningarminja. Einnig má sérstaklega benda á háskólafangelsið í *Tübingen* í Þýskalandi, sem vel er myndskreytt og tekur á móti fjölda forvitinna ferðamanna ár hvert, enda vel auglýst á Netinu og í kynningarbæklingum um borgina líkt og er um Heidelberg.

Mörgum heimildum ber saman um, að þegar komið var fram á 20. öld – og reyndar eitthvað fyrr – var það farið að verða keppikefli, eins konar „sport“, margra stúdentna að lenda í stuttan tíma í fangaklefa síns háskóla og helst að fá að upplifa þar nokkra dvöl í hópi annarra glaðra og skemmtilegra skólafélaga (og skilja svo eftir nafnið sitt á vegg!).

Stúdentafangelsin, sem nú voru aðallega orðin samastaður ungra stúdentna vegna agabrota o.þ.h., voru við lýði við marga þýska háskóla nokkuð fram á 20. öld. Síðast mun fangelsið við háskólann í Marburg hafa verið notað í þessum tilgangi 1931 og er það yngsta kunna dæmið.

Lítum aðeins á frændur okkar á Norðurlöndum:

Stúdentafangelsi voru í gömlu háskólunum í *Uppsölum* og *Lundi*, eins og við mátti búast, enda bjuggu þeir frá fornu fari við eigin lögsögu af því tagi, sem fyrr hefur verið lýst. Þar hélst sérstök háskólalögsaga fram á 19. öld en eftir það dæmdu háskólarnir eingöngu í málum vegna aga- og siðferðisbrota stúdentanna. Árið 1908 féll að lokum brott heimild til að dæma háskólaborgara fyrir þess háttar brot, sem framin voru innan einnar mílu frá miðsvæði háskólanna (eins og verið hafði fram að því).



*Listskreyting á veggjum í stúdentafangelsinu í Freiburg í Þýskalandi.*



*Úr stúdentafangelsinu gamla í Freiburg.*



*Skreytingar í stúdentafangelsinu í Heidelberg.*



*Listrænar skreytingar í fangaklefa í stúdentafangelsinu í Tübingen í Þýskalandi.*

Háskólinn í Ósló er tiltölulega ung stofnun miðað við marga evrópska háskóla og þar mun ekki hafa þróast eiginleg lögsaga bundin við háskólaþegna. Ekki var þar heldur komið upp stúdentafangelsi frekar en hér á landi.

Hins vegar er *Kaupmannahafnarháskóli* (sem um margt var fyrirmynd Háskóla Íslands) forn að stofni, komið á fót á miðöldum. Þar var vissulega um sérstaka lögsögu að ræða fyrir á öldum – og ekki skorti þar stúdentafangelsi.<sup>[7]</sup> Húsakynni hinnar akademísku dýflissu eru enn varðveitt, hverjum manni sýnileg, sem eftir leitar við hlutaðeigandi starfsmenn Hafnarháskóla. Stúdentafangelsið var, nánar tiltekið, í kjallara þeirrar eldfornu byggingar að húsabaki á háskólalóðinni (Universitetsgården) nálægt Frúartorgi í Kaupmannahöfn, sem hefur lengst af þjónað sem samkomustaður fyrir æðsta stjórnvald þess háskóla, það er *háskólaráðið*

7. Varðandi sérstaka lögsögu Hafnarháskóla fyrir á tíð sjá m.a.: *Henning Matzen*, „Kjøbenhavns Universitets Retshistorie 1479-1879“, Første Del, Kaupmannahöfn 1879, einkum á bls. 329 og áfr., og Anden Del, Kaupmannahöfn sama ár, einkum á bls. 142 og áfr. Sjá einnig ritið *Universitetet 1479-1979, Bind II – Almindelig historie 1788-1936* (*Leif Grane* og *Kai Hørby* önnuðust um útgáfuna), Kaupmannahöfn 1993.

eða *Konsistorium* (fram til 2004), en við það er byggingin kennd: *Konsistoriumhuset*.<sup>[8]</sup> Húsið ber aldurinn vel, en það var byggt á 15. öld (aðeins yngra en háskólinn sjálfur) og stóð af sér borgarbruna, þegar flest hús háskólans urðu eldi að bráð. Er húsið meðal hinna allra elstu bygginga í borginni. Á aðalhæð hússins, sem ekki er sérlega stór bygging, er myndarlegur salur, sem rúmaði fundi háskólaráðs, en í kjallara, sem nú hefur að hluta til verið breytt í samkvæmissali, var forðum háskólafangelsið, „Carceret“ eins og það var kallað. Dýflissan sjálf tók þó aðeins yfir lítinn hluta kjallarans. Á veggjunum gefur að líta ókalkborinn rauðan múrstein. Þar má sjá fjölmargar nafnristur á múrsteinunum – og er sagt að þar megi, ef vel er eftir leitað, líta nöfn ungra stúdenta, sem síðar urðu kunnir menn í Danmörku og Noregi, m.a. sem þingmenn eða prestar og prófastar – jafnvel prófessorar í guðfræði og öðrum lærdómsgreinum! Myndir, krotaðar á vegg, er þar ekki að finna gagnstætt því sem er í mörgum þeim stúdentafangelsum, er varðveist hafa<sup>[9]</sup>. Ekki mun hafa farið fram nein rannsókn á því hvort eða þá í hve miklum mæli finna megi nöfn íslenskra námsmanna á þessum stað, en ekki er það þó ólíklegt ef hafðar eru í huga alkunnar sögur um tilþrif góðra landa okkar í skemmtanalífi hinnar gömlu höfuðborgar okkar við Sundin. Er þar um verðugt rannsóknarefni að ræða.

Sérstök lögsaga Hafnarháskóla, með dómsvaldi yfir þegnum sínum, háskólaborgurunum, lagðist fyrr af en almennt var um þýska háskóla, eða 1770. Enn um sinn var þó háskólafangelsið notað sem tímabundinn íverustaður þeirra stúdenta, sem frömdu aga- og siðferðisbrot af ýmsum toga, en langt er nú orðið síðan háskólinn sá til þess sjálfur að tukta þegna sína.

## 6. Leifar af lögsögu og dómsvaldi háskólanna

Hin sérstaka lögsaga og dómsaga, sem háskólar víða um Vesturlönd nutu fyrr á tímum, er nú víðast horfin með öllu, eins og áður hefur verið rakið. Einna lengst var hún við lýði í hinum fornfrægu háskólum í *Oxford* og *Cambridge*, eins og vænta

- 
8. Traustar heimildir eru fyrir því, að húsið hafi hýst samkomur háskólaráðs allt frá 1563 og fram til 2004, þegar breyting var gerð á yfirstjórn Hafnarháskóla og háskólaráð í sinni hefðbundnu mynd lagt niður og annars konar stjórnvald kom í staðinn.
  9. Greinarhöfundur hefur heimsótt nokkur kunnustu stúdentafangelsin í Þýskalandi, svo sem í Heidelberg og Tübingen, og nú síðast í Kaupmannahöfn í desembermánuði 2014.

mátti um stofnanir, sem byggja á svo fornum merg og þar sem margvíslegir síðir hafa varðveist um alda skeið, jafnvel allt frá miðöldum. Hið forna dómssvald er þó nýlega af lagt. Í þessum gömlu háskólum hefur fram til síðari ára verið starfandi sérstök *háskólalögregla* og jafnframt embættismenn, svokallaðir *proctors*, sem höfðu – og hafa enn – margvíslegum eftirlitsstörfum að gegna, einkum að því er varðar háskólaathafnir af ýmsu tagi, ytri umgjörð próftöku og jafnframt siðgæðisvörslu á háskólasvæðunum að nokkru marki. Þeir hafa m.a. vald til að sekta stúdenta, sem verða uppvísir að svindli á prófum! Fram til 2003 hafði háskólalögreglan formlega heimild til að handtaka brotlega menn (háskólaborgara og almenna borgara) innan 6 km fjarlægðar frá hverri einstakri háskólabyggingu. Sökum kvartana og mótmæla frá fjölmörgum borgurum í Oxford vegna afskipta háskólalöggunnar af mönnum, sem ekki tengdust Oxfordháskóla, tók háskólaráðið ákvörðun um það að leysa lögreglulið þess háskóla upp. Var þá m.a. borið við miklum kostnaði við að senda lögreglumenn háskólans í lögreglunám og sérþjálfun af ýmsu tagi. Síðar var þessi sérstaka lögæsla reyndar endurreist í breyttri mynd og með breyttu valdsviði.

Í *Bandaríkjunum* mun ekki hafa verið nein hefð fyrir sérstakri lögsögu þarlandra háskóla og þegna þeirra, en hins vegar er þar víða haldið uppi öflugri lögregluvernd og löggæslu á háskólasvæðum af hálfu sérstakra lögregluliða (Campus Police), sem viðkomandi háskólar bera þá kostnað af.

Í flestum vestrænum háskólum er að finna reglur, sem gilda um *aga- og siðferðisbrot* stúdenta, þ.e. brot gegn innri starfsháttum háskólanna hvað hegðun einstaklinga varðar. Þar má e.t.v. greina einhvern enduróm af hinni fornu skipan um dómssvald háskólanna – þó að vísu í mjög „útþynntri“ mynd. Innan Háskóla Íslands er t.d. starfandi „siðanefnd“, sem getur tekið á meintum brotum af vissu tagi eða ágreiningsmálum innan stofnunarinnar, sjá jafnframt ákvæði um „réttindi og skyldur nemenda“ í 19. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, sbr. einnig 17. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og 51. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, er fjallar um réttindi og skyldur háskólanema sem og um *agaviðurlög*. Svo mikið er þó víst, að þar er ekki gert ráð fyrir dvöl brotlegra ungmenna í stúdentadýflissu að úrskurði gengnum!

## 7. Gömul flökkusaga í íslenskum búningi

Að lokum má birta litla sögu, sem lengi gekk meðal nemenda við Háskóla Íslands (t.d. á námsárum þess, er þetta ritar) en er nú væntanlega flestum gleymd. Hún ber væntanlega með sér dálitlar (en að vísu daufar) minjar frá þeim tímum, er afskipti háskólanna af hegðunarbrotum nemendanna voru meiri en síðar varð. Bersýnilega er um að ræða erlenda „flökkusögu“, sem einhvern tíma hefur orðið til í háskólaheiminum án þess að gerlegt sé að rekja uppruna hennar eða feril. Að lokum hefur hún borist til Íslands, og þótt fáfengileg sé hefur hún eflaust orðið til að skemmta einhverjum háskólanemum á fyrri árum 20. aldar, meðan Háskóli okkar var enn ung stofnun, sem fékk margt til „láns“ frá erlendum háskólum, einkum þó Kaupmannahafnarháskóla – þaðan sem sagan hefur væntanlega borist hingað og síðan verið færð í viðeigandi íslenskan búning, staðfærðan á sæmilega sannfærandi hátt. Sagan hljóðar svo:

Ungur laganemi (en þeir kölluðust fyrrum „lögfræðistúdentar“), sem var að skemmta sér í miðbæ Reykjavíkur seint að kvöldi, hafði drukkið mun meira en góðu hófi gegndi og var með mikla háreysti og uppivöðslu á almannafæri. Var hann tekinn í vörslu lögreglunnar og honum stungið í „Steininn“, sem í því tilviki var kjallarinn undir lögreglustöðinni við Pósthússtræti, en sú fangageymsla var illræmd og ömurleg, rök og dimm, enda gætti þar flóðs og fjöru að því er sagt var. Hann streyttist mjög á móti og urðu laganna verðir að beita hann nokkru afli til að geta dregið hann að fangaklefanum, þar sem honum var ætlað að dúsa þar til af honum rynni og honum væri treystandi út í lífið á ný. Einnig var hann afar hávær og hrópaði svo hátt að heyrðist um allt húsið, í þann mund sem átti að fara að loka klefadyrunum á hann: „Ég er lögfræðistúdent við Háskóla Íslands og ég krefst þess sem háskólaborgari, að forseta Lagadeildar Háskólans verði þegar í stað gert viðvart um handtöku mína og fangelsun, þannig að hann geti gætt réttar míns og haldið uppi vörnum fyrir mig!“

„Það er mér bæði ljúft og skylt“ heyrðist þá úr næsta klefa!





# „Stóri bróðir“ og listin

Hvað leyfist og hvað ekki?

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	130
2. Bókarspjöll .....	132
3. Leiksýningar .....	136
4. „Ég vild' ég væri ...“ .....	138
5. Ýmis lög, sem bönnuð voru í Ríkisútvarpinu .....	140
6. Hafmeyjan í Tjörninni .....	141
7. Háðungarsýning á listaverkum .....	143
8. Klám og kvikmyndaefirlit .....	147
9. Lokaorð .....	149

## 1. Inngangur

„Ars longa, vita brevis“ („listin er löng en lífið stutt“) segir í fornu latnesku spakmæli. Og mikið rétt, listsköpun, í einhverri mynd, er ævarandi einkenni á mannlífínu. Á einu stuttu æviskeiði sjáum við breytingar á listasmekk og margvíslegum straumum og stefnum í listum – en vitum fullvel, að þar verður ekki um neina endastöð að ræða meðan mannkynið heldur velli. Listin heldur alltaf áfram. Listin tekur á sig óteljandi myndir og smekkur þeirra, sem um eiga að dæma, er einnig afar misjafn. Almennt er sammæli um, að hin æðstu birtingarform listarinnar verði ekki til í einhverju tómarúmi heldur spretti þau upp í jarðvegi, sem miðlungs litamenn hafa ræktað, og að þroskabrautir geti verið langar. „Öll stórskáld byrjuðu sem smáskáld“ var eitt sinn sagt, réttilega, við hátíðlegt tilefni.

Öll höfum við einhverjar skoðanir á *list* – en þær eru reyndar sundurleitar og litast af smekk hvers og eins og jafnframt af viðteknum venjum og hefðum. Við getum einnig deilt um það, hvað sé list – og þá fyrst fer að hrikta í stoðum! Nýlegur<sup>[1]</sup> listviðburður, sem fram fór á vegum Listaháskóla Íslands og var liður í formlegu námi tiltekins listnema þar, fólst í því að neminn sat allsnakinn inni í glerkassa í heila viku og var sjónvarpað frá veru hans þar allan tímann. Þessi viðburður vakti sannarlega mikla athygli, bæði hérlandis og erlendis – en var þetta list? Ekki voru allir á einu máli um það.

Mörg dæmi eru um það, að stjórnvöld eða áhrifamenn víða um heim hlutist, með einum eða öðrum hætti, til um listsköpun í löndum sínum, ákveði hvað sé list og hvað ekki, hvað megi sýna almenningi og hvað ekki og jafnvel hvaða listamenn séu á vetur setjandi. Er þá sumum úthýst úr musterinu en aðrir lifa á opinberum styrkjum í skjóli ráðamanna. List, sem ekki þóknast þessum háu herrum, hefur þá gjarna verið kölluð „úrkynd“ eða öðrum álíka nöfnum. Frægar að endemum voru til dæmis listaverkabrennur og háðungarsýningar þýskra nasista á valdatíma þeirra, þegar ráðist var af mikilli hörku gegn „úrkyndri“ list („entartete Kunst“), sem sögð var hafa spillandi áhrif á þær þjóðir, sem lutu valdi þeirra, en um þetta ræðir hér síðar. „Stóri bróðir“ veit sem er, að list hefur *ábrif*, flytur *boðskap*, er með sínum hætti *pólítísk* (í víðtækri merkingu) – og valdhafar geta orðið fyrir barðinu á henni.

---

1. Þetta er ritað síðla hausts 2015.

Þá er að leita uppi skaðleg listaverk og tortíma þeim í eldi og eimyrju og stundum fara jafnvel hættulegustu listamennirnir undir lás og slá, ef þeir þá fá að halda lífi.

Svona er og hefur málum gjarna verið háttað í svokölluðum einræðisríkjum, en það getur líka verið hollt að líta sér nær. Það þarf jafnvel ekki að fara út fyrir pollinn til að sjá skýr dæmi um atburði, sem fela í sér forsjárhyggju valdhafa eða annarra áhrifamanna gagnvart því hvaða list megi skapa og birta fyrir almenningi. Og dæmin þurfa alls ekki að vera sérlega gömul.

Gera má ráð fyrir því, að meiri hluti almennings sé nú um stundir andvígur því að krumla „stóra bróður“ eyði listaverkum eða hamli birtingu þeirra, en á það er hins vegar að líta, að afskiptasemi af þessu tagi fer einmitt oft fram í nafni almennings, að því er sagt er, og til að vernda hann gegn skaðlegri list. Má þá einnig vænta þess, að einhverjir úr röðum alþýðunnar fylgi „stóra bróður“ í þessum efnum og fagni því ef siðlausum eða ljótum listaverkum (að þeirra mati) er eytt eða þau sett kyrfilega til hliðar.

Íslendingar búa í *réttarríki* og lögbrotum er (eða á að vera) fylgt eftir með viðurlögum lögum samkvæmt. En við skulum vera þess minnug, að lögin, ein saman, segja ekki alla sögu um þann veruleika, sem við búum við í samfélagi við aðra menn. Lögum er ekki alltaf fylgt og ýmsir – einnig þeir sem yfir aðra eru settir – eiga það til að stíga út af hinum þrönga vegi dyggða og löghlýðni.

Hvað um það: *Höfundar* listaverka og annarra hugverka af hvaða tagi sem er – sem og *listfytjendur* – eiga sinn *sæmdarrétt*, sem er hluti af lögvörðum höfundarrétti þeirra og felur í sér vernd gegn því að verk þeirra sæti leyfislausum breytingum eða afskræmingum eða þeim sé eytt á hatursbáli ofstækisfullrar forræðishyggju.<sup>[2]</sup> Með öðrum orðum: *Höfundarbeiður* listamanna á að vera helgur réttur þeirra, sem löggjafinn og stjórnvöld landsins standa vörð um. Nægir hér að minna á 2. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972, þar sem segir að óheimilt sé *að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því sambengi, að skert geti höfundarbeiður hans eða höfundarsérkenni*. Í 3. mgr. sömu gr. segir, að ógilt sé afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt séu tilgreind bæði um tegund og efni. Brot gegn sæmdarrétti listamanna eru *refsiverð* og að sjálfsögðu getur reynt á *skaðabætur* þeim til handa, bæði vegna fjártjóns og miska, eftir almennum reglum.

---

2. Sjá nánar bók mína „Höfundaréttur – Meginreglur íslensks réttar um höfundavernd“, Reykjavík 1994, bls. 162 og áfr.

Brot gegn sæmdarrétti listamanna geta hvort heldur sem er verið framin af yfirvöldum eða almennum borgurum, sem trúa því að þeir séu að gera almenningi greiða með því að ráðast gegn ósiðlegum eða óæskilegum listaverkum, stundum í skjóli nætur.

Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um íhlutunarsemi hérlendra yfirvalda eða annarra ráðamanna, sem beindist að listaverkum eða öðrum sköpunarverkum, sem höfundaréttur fylgir. Dæmin eru mismunandi en sýna okkur ýmsar hliðar þessara mála í nokkuð skýru ljósi. Þótt þau sé ekki ný af nálinni eru þau, að minnsta kosti flest hver, ekki eldri en það að margir núlifandi menn muna eftir þeim af umfjöllun fjölmiðla á sínum tíma. Öll eru dæmin umhugsunar verð, meðal annars í ljósi lögfræðinnar en ekki síður heilbrigðs samfélagsanda og góðra samskiptahátta manna á milli, sem ættu að einkennast af virðingu fyrir listamönnum, eins og öðrum mönnum, og fyrir listsköpun þeirra – án tillits til þess, hvaða form eða efni listamaðurinn hefur valið og hvernig hann kýs að birta verkið.

Tekið skal fram, að þau dæmi, sem hér verða á borð borin, eru engan veginn tæmandi, hvað íslenskt menningarumhverfi varðar, og vitað er um ýmis fleiri, sem unnt væri að grafa upp ef vilji væri fyrir hendi.

## 2. Bókarspjöll

Árið 1960 kom út í Reykjavík safn smásagna eftir *Baldur Óskarsson*, þá ungan rithöfund, sem nefnist „Hitabylgja“. Bókin, sem var fyrsta bók höfundarins, fékk misjafna dóma en var þó, almennt séð, þokkalega tekið. Eitt af því, sem einkennir bókina og gerir hana eftirminnilega, er myndskreyting hennar, sem er eftir *Jón Engilberts listmálara*, einn af kunnustu listamönnum landsins á sinni tíð. Ekki verður því neitað, að ýmsum fannst sumar þessara mynda vera á mörkum hins siðlega eða jafnvel fara út fyrir þau mörk. Er þar einkum átt við myndir af nöktum konum en einkum þó fyrstu myndina í bókinni, sem sýnir karl og konu allsnakin og greinilega í nánnum samskiptum – þótt varla geti mynd, sem á annað borð sýnir þess háttar athæfi, verið öllu þrúðmannlegri, „sakleysislegri“ og snyrtilegri en þessi. Og þessar myndir komu við ýmis kaun, eftir að þær birtust í bókinni, þótt þær hefðu reyndar verið sýndar á Mokka í Reykjavík og í Kaupmannahöfn án þess að höfundurinn yrði fyrir aðfinnslum eða aðkasti.



*Umdeild mynd eftir Jón Engilberts í bókinni  
Hitabylgja eftir Baldur Óskarsson.*

bókarinnar, sem starfsmönnum þar (og honum sjálfum) þótti einkum hneykslanleg, nánar til tekið þá myndina, er fyrr var sérstaklega getið. Þegar höfundar texta og mynda bókarinnar (sem ekkert hafði verið rætt við áður en látið var til skarar skríða) fréttu af þessu reiddust þeir, sem vonlegt var og stefndu, í skjóli sæmdarréttar, Snorra fyrir hönd Borgarbókasafnsins sökum grófrar atlögu gegn höfundarheiðri þeirra með þessari afskræmingu á hinu myndskreytta ritverki. Með þessum tiltektum hafði safnið viljað vernda börn og unglunga við óhollum og skaðlegum áhrifum af þessum myndum, sjá nánar hér síðar.

Í dagblaðinu Tímanum, 25. júní 1963, eru birt viðtöl við Baldur Óskarsson bókarhöfund, Jón Engilberts listmálara og myndskreyti og við þann mann, er viðbrögð höfundanna beindust að, Snorra Hjartarson, eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar.

*Baldur Óskarsson segir þar meðal annars:*

Hagyrðingar létu ekki sinn hlut eftir liggja. Sú mynd, sem grófust þótti, sýnir viðkomandi persónur að gamna sér á heyi í hlöðu, enda er það svo í smásögunni, sem myndin fylgir. Af þessu tilefni og með skýrskotun til myndarinnar orti sá landskunnhi hagyrðingur *Egill Jónasson* á Húsavík:

Hitabylgja hafði gert  
hunangsilin úr töðunni,  
og þá varð alveg engilbert  
ástandið í hlöðunni.

En nú tók sannarlega að hrikta í stoðum! Ekki ómerkari maður en *Snorri Hjartarson*, stórskáld og borgarbókaforður, yfirmaður Borgarbókasafns Reykjavíkur, lét rífa úr eintökum safnsins af Hitabylgju þá síðu

Verknaðurinn er lögbrot, sem varðar við Bernarsáttmálann, en um hliðstæður, að safnfólk hafi tekið sér fyrir hendur að rífa niður bækur safnsins, er mér ekki kunnugt.

Eftir *Jóni Engilberts* er þetta haft:

Ég er dálítið hissa á honum Snorra, vini mínum, því að hann hefur gengið á listaháskóla og veit að mynd er því aðeins klám að hún sé klaufalega gerð.

*Snorri Hjartarson* sagði, aðspurður um hvað fyrir honum hefði vakað:

Þessar bækur eru lánaðar inn á heimili, þar sem börn og unglingar komast í þær, og ég taldi að þessar myndir væru börnum og unglingum ekki hollar. Það hefði aldrei komið til máls að rífa þessar myndir úr bókinni, ef einungis fullorðnir menn hefðu komist í hana. [...] Það má að vísu segja, að þetta sé lemstrun á bók, einkum þar sem um opinberan aðila er að ræða, en einstakir menn lemstra bækur án þess við sé gert. [...] Ég bauðst [...] til að innkalla þær bækur, sem í útlánum eru, og taka þær úr umferð.

Þeir, sem hér koma helst við sögu, eru allir fallnir frá og eru því ekki lengur til frásagnar um það, sem síðar gerðist í einstökum atriðum, en *héraðsdómur í málinu*, sem gekk í bæjarþingi Reykjavíkur 26. maí 1964, talar þó sínu máli, en þar var *Snorra Hjartasyni* (sem var stefnt persónulega en ekki fyrir hönd Borgarbókasafns Reykjavíkur) gerð refsing fyrir brot gegn lögvörðum hagsmunum, sem felast í sæmdarrétti höfunda listaverka. Stefnendur voru þeir Baldur Óskarsson og Jón Engilberts eins og áður greinir. Dómur þessi er varðveittur í Þjóðskjalasafni.<sup>[3]</sup>

Dómurinn var fjölskipaður. Auk embættisdómarans dæmdu tveir sérfróðir meðdómsmenn í málinu, annar sérfræðingur í höfundarétti en hinn þjóðkunnugt skáld.

Dómkröfur voru þær, að stefndi yrði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög frekast leyfðu, til greiðslu miskabóta, til greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins á opinberum vettvangi svo og til greiðslu málskostnaðar. Stefndi krafðist sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Í rökstuðningi stefnenda segir, að stefndi, Snorri Hjartarson, hafi látið rífa fremstu myndina úr öllum þeim eintökum, sem safnið noti til útlána, en með þessari lemstrun á bókinni hafi stefndi felld dóm um bók og mynd. Töldu stefnendur

---

3. Þakkir skulu færðar *Unnari Ingvarsyni*, skjalaverði þar, sem útvegaði mér ljósrit af dóminum. Dómur þessi var ekki, á sínum tíma, færður inn í málaskrá Borgardóms og varð því að gera mikla leit að honum.

Þessa athöfn móðgandi og meiðandi fyrir æru sína og varði slíkt við 234.-236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kváðu stefnendur bók og myndir mynda eitt heildarlistaverk og eigi því bæði höfundur bókar og höfundur mynda samaðild að máli þessu. Þeir kváðu stefnda ekki hafa neinn „ritskoðunarrétt“ og að hið opinbera hafi ekki séð ástæðu til að amast við myndinni, en hið opinbera sé sá eini löglegi aðili, sem hugsanlega hefði vald til að gera einhverjar ráðstafanir vegna myndarinnar. Þeir bentu einnig á það, að athafnir stefnda, sem sé forstöðumaður eins stærsta bókasafns landsins og viðurkenndur bókmenntamaður, séu mjög meiðandi fyrir listamannsæru stefnenda, því að með þeim fullyrði stefndi, að myndin sé ekki listaverk heldur argasta klám, og eiginlega séu báðir stefnendur, samkvæmt því, brotlegir við almennt siðgæði og lög landsins. Síðan segir í dómsforsendum um málsástæður stefnda, Snorra Hjartarsonar:

Stefndi gerir í greinargerð svofellda grein fyrir málsatvikum og kröfugerð sinni, að hann sem yfirbókavörður við Borgarbókasafnið hafi látið kaupa nokkur eintök af bókinni Hitabylgja eftir Baldur Óskarsson, en bók þessi sé myndskreytt af Jóni Engilberts. [...] Bókina kveðst hann hafa látið kaupa til útlána og afnota í lestrarsal. En við fyrstu smásögu sé grófgerð mynd af samförum karls og konu. Hafi hann látið nema á brott mynd þessa úr útlánseintökum safnsins, til þess að hún komi ekki fyrir augu barna og unglunga. Hins vegar kveðst hann ekki hafa látið nema myndina á brott úr *lesstofueintaki* safnsins, enda sé aðgangur að lesstofunni einungis heimilaður fullorðnum. Ljóst megi því vera, að hann hafi ekkert kveðið á um listrænt gildi myndarinnar, heldur aðeins talið rétt, að hún komi ekki fyrir augu barna og unglunga. Fráleitt sé því að halda því fram, að hann hafi meitt listamannsæru stefnenda. Í stað þess að taka bókina alfarið úr umferð hafi hann gripið til þess ráðs að nema margnefnda mynd á brott úr þeim eintökum, sem komið geta fyrir augu barna og unglunga, haldi lesstofueintaki óskertu og láni bókina út án þessarar einu myndar, einmitt vegna þess, að hann telji bókina þannig útlítandi eiga erindi til allra, jafnt ungra sem gamalla. Virðist því engin rök mæla með því að listamannsæra stefnenda hafi verið meidd með þessum verknaði.

Dómendur segja í dómsforsendum, er þeir rökstyðja niðurstöðu sína:

Ekki verður fallist á það sjónarmið stefnenda, að stefndi, með því að láta nema á brott margumrædda mynd úr útlánseintökum Borgarbókasafnsins af bókinni Hitabylgja, hafi með þeirri háttsemi sinni fellt dóm um bók og mynd, er sé móðgandi og meiðandi fyrir æru stefnenda og varði við 234.-236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Enda hefur ekkert það komið fram í málinu, er gefi ástæðu til, að dregin verði í efa sú staðhæfing stefnda, að tilgangur hans með þessu hafi aðeins verið sá að koma í veg fyrir að myndin kæmi fyrir augu barna og unglunga, sem fengju bókina að láni úr safninu, þar sem hann taldi myndina



Þess eðlis, að hún myndi eigi alls kostar holl lesendum á því aldursskeiði. Og það, að stefndi lætur eigi nema brott myndina úr lesstofueintaki bókasafnsins, þar sem fullorðnir hafa einir aðgang, þykir ótvírætt benda til, að stefnda hafi eigi gengið annað til með umræddu athæfi sínu en það, er að framan greinir. Þykja því ekki efni til að líta svo á, að stefndi hafi, með umræddu athæfi sínu fellt dóm um listgildi áðurgreindrar myndar, né heldur gerst brotlegur við ærumeiðingaákvæði almennta hegningarlaga. – Hins vegar þykir stefndi, með því að nema brott umrædda mynd úr bókinni Hitabylgja, hafa gerst brotlegur við 6. gr. a Bernarsáttmálans, sem lagagildi hefur hér á landi<sup>[4]</sup>, sbr. lög nr. 74/1947 og auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.<sup>[5]</sup> Þá leiðir og af 9. gr. 3. mgr. laga nr. 13/1905 um rithöfundarétt og prentrétt<sup>[6]</sup>, svo og af grundvallarreglum höfundaréttar, að óheimilt er að breyta verki eða eintökum þess án samþykkis höfundar, ef tilætlunin er að koma verkinu síðan á framfæri við almenning með einhverjum hætti. – Ekki hafa stefnendur leitt að því fullnægjandi rök, að þeir hafi af umræddum sökum orðið fyrir neinu fjártjóni eða miska. Verður því krafan um miskabætur þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. [...] Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að stefndi hafi unnið til refsingar samkvæmt 18. gr. laga nr. 13/1905. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi tveggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.

Dómi þessum var ekki áfrýjað.

### 3. Leiksýningar

Höfundur er kunnugt um tvö *leiksviðsverk*, sem lögregluþyrirvöld í Reykjavík hafa stöðvað til sýninga.

Annað þeirra, sem var gamansöm revía, nefndist „Allt í grænum sjó“ og sýndu stúdentar í Reykjavík það snemmsumars 1913 í fjáröflunarskyni. Var leikurinn sýndur fyrir fullu húsi, með leyfi lögreglustjóra, og munu áhorfendur hafa skemmt sér vel.

- 
4. Sú athugasemd skal hér gerð, að ekki verður séð að Bernarsáttmálinn, í þáverandi mynd, hafi haft lagagildi hér á landi og þess er ekki getið í lögum nr. 74/1947, að svo sé. Sjá nú hins vegar 1. gr. laga nr. 80/1972, þar sem kveðið er á um lagagildi sáttmálans.
  5. Auglýsingin, sem nefnd er í dóminum, er birt í A-deild Stjórnartíðinda (en ekki í B-deild, þar sem auglýsingar frá stjórnvöldum eru almennt birtar) og ber þar númerið 110/1947, sjá A-deild, bls. 331 og áfr., en þar er allur Bernarsáttmálinn í þáverandi mynd birtur sem fylgiskjal.
  6. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1905 hljóðaði svo: „Rétthafi má eigi án leyfis höfundar gjöra breytingar á riti og birta það þannig“.

Var þá önnur sýning ákveðin, einnig með leyfi lögreglustjórans í Reykjavík, og varð jafnframt uppselt á hana. Síðdegis á þeim sýningardegi varð hins vegar sá atburður, að *Einar H. Kvaran*, þjóðkunnur rithöfundur og einn mesti áhugamaður hérlendis um sálarrannsóknir og samband við framliðna, snéri sér til lögreglustjórans með kröfu um, að hann legði bann við sýningu leiksins. Var orðið við þeirri beiðni og sýning bönnuð bæði það kvöld og framvegis. Voru aðgöngumiðar endurgreiddir. Í grein, er Einar skáld ritaði í blaðið Ísafold 15. maí segir hann meðal annars:

Í gamanleik stúdentanna er „bræðingurinn“ svonefndi hafður sem aðalefni. Fyrir samtökum þessum bundust, eins og kunnugt er, Björn Jónsson og Hannes Hafstein. Andriki og glæsilega fyndni þessarar stjórn málaádeilu „gamanleiksins“ geta menn nokkuð markað af því, hvað Hannes Hafstein er látinn tala þar dauður og ósýnilegur, jafnframt því sem vandlega er eftir honum hermt. Hann tjáir sig vera, ásamt Sigurði Hjörleifssyni, í grútarpotti í helvíti og djöfullinn kyndir þar undir þeim með kolum og steinolúu. [...] Annar aðaltilgangur gamanleiksins er sá að minnst þeirra tilrauna, sem gerðar hafa verið hér á landi til þess að rannsaka, hvort samband við framliðna menn sé fáanlegt. Þar með er fengið tilefni til að sýna W. Stead sem draug!

Einar getur þess jafnframt, að í fylgd með draugnum Stead hafi verið „Júdas Iskariot, Barrabas, manndráparinn nafnkenndi [...], og maðurinn, sem tjáði sig kominn beint úr kvalastaðnum eins og áður er vikið að.“ Enn segir Einar meðal annars:

Svo hátt er beitt upp í klámvindinn í orðum og athöfnum, sem mennirnir þorðu fyrir lögreglunni. Hjú eru sýnd í rúminu. [...] Miklum fjölda áhorfenda skilst svo, sem þeim væri ætlað að sjá, að nú væri athöfn í byrjun, sem skynlausar skepnur einar láta fara fram í annarra augsýn.

Bannið á revíunni olli miklum blaðaskrifum og umræðum manna á meðal – og sitt sýndist hverjum.

Hitt dæmið er frá 1940, en í aprílmánuði það ár bannaði lögreglustjórinn í Reykjavík sýningu á gamanleiknum „Stundum og stundum ekki“ eftir *Arnold* og *Bach*, sem *Emil Thoroddsen* hafði þýtt og staðfært.

Áður en frumsýning fór fram á vegum Leikfélags Reykjavíkur kom babb í bátinn. Þann dag kvaddi lögreglustjórinn til blaðamannafundar og er þetta haft eftir honum:<sup>[7]</sup>

---

7. Hér tilfært eftir ritinu „Öldin okkar – Minnisverð tíðindi 1931-1950“, Reykjavík 1951, bls. 139.

Undir eins og lokaæfing hafði farið fram í fyrrakvöld fóru að berast til lögreglunnar raddir um að sjónleikurinn væri, vægast sagt, lítt hæfur til sýningar. Sjálf hafði lögreglan ekki fengið boð um að senda fulltrúa á lokaæfingu. Það var að vísu ekki skylda Leikfélagsins en hefði þó getað orðið til þess að firra það vandræðum. Eftir að tilmæli málsmetandi manna höfðu borist um að leikurinn yrði bannaður kvaddi ég á minn fund fimm menn, sem verið höfðu á aðalæfingu, og bað þá um álit þeirra á leiknum. Þrír þeirra létu í té sameiginlegt álit, er var svohljóðandi: „Við lítum svo á, að sjónleikur þessi sé mjög klúr, siðspillandi og brjótí í bág við reglur og velsæmi og að sýning hans ætti ekki að leyfast.“ Að fenginni þessari yfirlýsingu ákvað ég að banna sýningar á leiknum.

Stjórn Leikfélagsins hlutaðist nú til um það, að haldin yrði sérstök sýning fyrir boðsgesti einvörðungu og að tilkvaddir yrðu dómbærir menn til að sjá sjónleikinn. Gæti lögreglan síðan leitað álits valinna manna um það, hvort þeir teldu hann hæfan til sýningar. Varð lögreglan við þessari ósk. Fjórir af þeim fimm mönnum, sem hér um ræðir og valdir voru, gáfu lögreglustjóra síðan það álit, að „enda þótt þeir teldu leikinn nauðaómerkilegan og ósamboðinn virðingu Leikfélags Reykjavíkur, þá myndu leikhúsgestir vera færir um að dæma hann sjálfir og því væri ekki ástæða til að banna hann“.<sup>[8]</sup> Einn hinna útvöldu lagði hins vegar til, að leikurinn yrði afdráttarlaust bannaður.

Á grundvelli þessa álits fjórmeninganna tók lögreglustjóri ákvörðun um að afturkalla sýningarbann sitt og fór frumsýning fram í Iðnó fyrir fullu húsi.

#### 4. „Ég vild' ég væri ...“

Miklar umræður urðu í kjölfar þess að hljómplata með vinsælu dægurlagi var brotin í beinni útsendingu í Ríkisútvarpinu í marsmánuði 1953. Gerðist það í útsendingu vinsæls dægurþáttar, „Óskastundarinnar“, með tali og tónlist. Stjórnandi þátta þessara var *Benedikt Gröndal*, þá ungur maður en síðar kunnur stjórnámálamaður og seinast forsætisráðherra. Hann hafði skorað á hlustendur að senda sér upplýsingar um það, hvaða dægurlag þeir vildu helst heyra og eins um það, hvaða lag þeir vildu síst heyra, og lofaði hann því þá formlega, að þeirri plötu myndi hann farga í upptökusalnum. Höfðu þá heyrst raddir meðal almennings um að full ástæða væri

---

8. Öldin okkar, sama stað.

til að brjóta plötur með lögum, sem særðu smekk fagurkera.<sup>[9]</sup>

Margar ábendingar bárust Benedikt um vinsælasta lagið og jafnframt, og ekki síður, um það lag, sem menn vildu láta eyða. Í ljós kom þá, eins og Benedikt kynnti í þættinum, að plata með laginu „Ég vild‘ ég væri...“, sem ungur dægurlagasöngvari, *Svavar Lárusson*, söng við erlent lag, var „tvöföld í roðinu“, ef svo má að orði komast, því að hún lenti í öðru sæti á vinsældalistanum en hlaut á hinn bóginn jafnframt „vinninginn“ meðal þeirra, sem vildu láta eyða henni! Skal þess reyndar getið, að fram fór undirskriftasöfnun meðal almennings með ósk um, að plötunni yrði fargað, og munu hátt á annað hundruð manns hafa ritað nöfn sín á þá pappíra.

Var nú í þættinum spilaður nokkur hluti af plötunni með þessu lagi, en síðan var spilun stöðvuð og við kvað brothljóð, sem barst um öldur ljósvakans til útvarpshlustenda, er þáttarstjórnandinn braut plötuna fyrir framan hljóðnemann.

Söngvarinn vinsæli, Svavar Lárusson, var ekki hafður með í ráðum að neinu leyti og er vitað, að hann tók þessum örlögum plötunnar frammi fyrir alþjóð þunglega. Fyrir liggur, að Benedikt Grömdal, sjálfur textahöfundurinn, hafði beinlínis beðið Svavar um að syngja þennan texta á plötu. Hins vegar var textahöfundarins ekki getið á plötunni og ekki skýrði heldur stjórnandinn útvarpshlustendum frá nafni hans, þegar hann fjallaði um plötuna með „hænuhananum“ í útvarpsþætti sínum. Síðar varð þó alkunna, hver höfundurinn var.

Margir andstæðingar plötunnar báru það fyrir sig, að textinn, sem sunginn var, væri svo fáránlegur og lítilfjörlegur að hann ætti ekki skilið að lifa meðal þjóðarinnar! Einkum mun það hafa verið orðið „hænuhanagrey“, sem fór þannig fyrir brjóstið á mörgum. Bentu ýmsir mætir menn þá á þá staðreynd, að orðið „hænuhani“ ætti sér engan stað í íslenskri tungu. Höfundur textans mun hins vegar hafa haft í huga frétt, sem þá hafði komið í Ríkisútvarpinu skömmu áður, og skýrði frá því, að hæna ein á Eyrarbakka hefði skyndilega viljað líkjast hana í mörgum háttum og meðal annars farið að gala eins og hani! Hún átti því greinilega við einhvern kynáttunarvanda að glíma og lá þá beint við, fannst textahöfundinum, að uppnefna hana „hænuhana“. Í textanum fræga sagði meðal annars (hér birt þrjú erindi af sex):

---

9. Hér er höfð hliðsjón af upplýsingum, sem fram koma í BA-ritgerð *Ólafs Þórs Þorsteinssonar* í sagnfræði, „Saga íslensku hljómplötunnar 1910-1958“, sem varðveitt er í Þjóðarbókhlóðu, en sú ritgerð er frá árinu 2006. Upplýsingarnar koma þar fram á bls. 33.

Ég vild' ég væri hænuhanagrey.  
Ég vild' ég væri hænuhanagrey.  
Þá mundirðu, hjartað mitt, horfa á mig,  
og heillaður gæti ég blínt á þig.  
Ég vild' ég væri hænuhanagrey.

Ég vild' ég væri silfurrefaskinn.  
Ég vild' ég væri silfurrefaskinn.  
Þá myndi ég hlýtt um hálsinn þinn  
hjúfra mig daginn út og inn.  
Ég vild' ég væri silfurrefaskinn.

Ég vild' ég væri varalitur þinn.  
Ég vild' ég væri varalitur þinn.  
Þá mundi ég, kæra, við munninn þinn  
mynnast daginn út og inn.  
Ég vild' ég væri varalitur þinn.

Auðvitað varð eyðilegging plötunnar í beinni útsendingu ekki til þess að bannfæra hana algerlega frá Ríkisútvarpinu, þegar um fór að hægjast og tímar liðu, en ekki var hún leikin oftár í hlutaðeigandi dægurlagaþætti, svo mikið er víst. Vafalaust hafa einnig margir dægurlagaunnendur átt eintök af plötunni. Afar langt er þó um liðið síðan bókarhöfundur heyrði síðast þetta notalega lag með hinum prýðilega og skemmtilega texta um „hænuhanann“ í útvarpi allra landsmanna eða á öðrum útvarpsstöðvum, en nú er það hins vegar birt á Netinu í hinum gamla og fyrrum bannaða flutningi Svavars Lárussonar og öllum aðgengilegt þar.

## 5. Ýmis lög, sem bönnuð voru í Ríkisútvarpinu

Plötunni góðu með „hænuhanagreyinu“, sem rétt var um í 4. kafla hér að framan, var reyndar aðeins tortímt að tilhlutun eins þáttastjórnanda í Ríkisútvarpinu og án sérstaks samþykkis yfirmanna þeirra stofnunar. Á hitt ber þó að líta, að þetta var veigamikil ákvörðun stjórnandans því að þetta var þá eina útvarpsstöðin á landinu.

En einnig eru til skýr dæmi um, að plötum hafi verið eytt þar á bæ eða þær fjarlægðar úr plötusafni stofnunarinnar vegna fyrirmæla eða að undirlagi ráðamanna Útvarpsins. Um þetta má að nokkru marki vísa til umfjöllunar með allmörgum dæmum í þessa veru í dagblaðinu *Pressunni*, 18. apríl 1991.<sup>[10]</sup> Þar kemur

---

10. Sjá bls. 28-29 í því tölublaði. Hér er sums staðar fylgt orðalagi úr blaðagreininni.

skýrt fram, að ýmsar hljómplötur eða einstök lög á plötum voru bönnuð af hálfu forráðamanna Ríkisútvarpsins meðan það var eina útvarpsstöð allra landsmanna. Var plötunum þá einfaldlega fleygt þar á bæ eða þær að öðrum kosti geymdar í plötusafni stofnunarinnar með grófum rispum yfir einstaka lög eða jafnvel þau öll. Stundum voru þar límdir miðar á plötur með fyrirmælum um, að þær mætti ekki spila í Útvarpinu.

Ljóst má vera, að árum saman fór fram eins konar „ritskoðun“ í Útvarpshúsinu.

Ástæður þess, að plötur eða einstök lög voru bannfærð, gátu verið af ýmsum toga, allt frá meintu klámi upp í lélega meðferð íslensks máls – með ótal tilbrigðum þar á milli.

Fyrsta platan, sem bannað var af fullri alvöru að leika í útvarpi (ef undan er skilið fyrrnefnt dæmi um „Ég vild' ég væri...“ frá 1953) kom út 1955. Þar söng *Hallbjörg Bjarnadóttir* hin gamalkunnu lög „Björt mey og hrein“ og „Vorið er komið og grundirnar gróa“ með sinni djúpu röddu og á þann veg, að hneykslaði marga þjóðholla menningarunnendur og þar á meðal ráðamenn Útvarpsins. „Sök“ hennar fólst í því að „djassa upp“ þessi gömlu lög, sem voru mörgum kunn og kær.

Fyrsta rokklagið með íslenskum texta, sem nefndist einfaldlega „Vagg og velta“, fór einnig á bannlista. Lagið birtist 1957 í flutningi *Erlu Þorsteinsdóttur*. Höfundur textans var *Lofur Guðmundsson*, og var honum fundið til foráttu að snúa út úr þjóðararfinum með því að nota gömul vísubrot og hendingar.

Lagið vinsæla „Allt á floti alls staðar“ var sungið inn á plötu 1958, en fjótlega var það bannað sökum þess að það þótti geyma klúra hendingu.

Platan „*Karlagrobb*“ með Ómari Ragnarssyni var bönnuð 1962.


*Trúbrot* söng inn á plötu 1969, og var lagið „Elskaðu náungann“ af þeirri plötu bannað, en þar var um að ræða útsetningu með íslenskum texta á Pílagrímakór Wagners. Lagið „Konuþjófurinn“ á plötunni var einnig bannað vegna málfarsvillu í textanum.

Fleiri dæmi mætti ugglaut nefna um inngríp Ríkisútvarpsins í hljómlistarflutning á öldum ljósvakans.

## 6. Hafmeyjan í Tjörninni

*Nína Samundsson* (1882-1965) var í hópi kunnustu myndlistarmanna Íslendinga áratugum saman, en hún starfaði lengi í Bandaríkjunum. Verk hennar voru gjarna mikils metin þar í landi og vestanhafs gefur að finna ýmis verk eftir hana

á opinberum vettvangi. Hér heima á ættlandi hennar var hún hins vegar á tímabili mjög umdeild sem listamaður og verk hennar féllu ekki alltaf að ríkjandi skoðunum eða tískustraumum í myndlistinni.<sup>[11]</sup> Þetta átti meðal annars við um þjóðkunna höggmynd hennar, „Hafmeyjuna“, sem komið var fyrir úti í Tjörninni í Reykjavík sumarið 1959 að höfðu samráði við listakonuna.



*Nína Sæmundsson skapar „Hafmeyjuna“.*

en slys urðu ekki á mönnum. Aldrei hefur orðið uppvíst, hver eða hverjir áttu hér hlut að máli. Grunur beindist óhjákvæmilega að mönnum, sem höfðu haft sig í frammi gegn styttni, en þeir sóru slíkt af sér. Er hér sannarlega um dularfullt mál að ræða – því að almenna reglan er sú, að allt fréttist hér í fámenninu!

Vitað er, að þetta tilræði við list Nínu fékk mjög á hana.

Nokkrum dögum eftir að illvirki þetta var unnið barst sumum dagblaðanna nafnlaust bréf frá manni, sem kvaðst vera frumkvöðull þess að Hafmeyjan var sprengd í loft upp. Aldrei hefur vitnast um höfund bréfsins. Í dagblaðinu Þjóðviljanum, 12. janúar 1960, er bréfið birt en í því segir:

Þetta mæltist, vægast sagt, illa fyrir meðal ríkjandi „listaakademíu“ í höfuðstað landsins. Ýmsir forkólfar Bandalags íslenskra listamanna báru fram kröfur um, að Hafmeyjan yrði fjarlægð hið fyrsta, en við því var ekki orðið af hálfu opinberra aðila, sem báru ábyrgð á listaverkinu.

Hafmeyjan fékk að þessu sinni ekki að sitja ýkjaleingi á stalli sínum í Tjörninni því að á nýársnótt 1960 var hún sprengd í loft upp. Lágu hlutar styttnar eins og hráviði á ísilagðri Tjörninni

11. Sjá nánar efnismikla bók eftir *Hrafnhildi Schram*, „Nína S: Nína Sæmundsson 1892-1965 – Fyrsti íslenski kvenmyndhöggvarinn“, Reykjavík 2015.

Atburður sá, er átti sér stað á nýársnótt, er stytta Hafmeyjan var eyðilögð, hefur komið þvílíku róti á hugi manna, vakið svo hvassar umræður, að ég, sem frumkvöðull þessa verknaðar, finn mig knúinn til þess að rita fáein orð þessu lútandi. – Þetta var ekki verk óðs krakkaskríls, rekens áfram af stjórnlausri skemmdarfíkn, heldur unnið af fámennum hóp, eftir nákvæma yfirvegun og undirbúning, og var fyllstu varkárni gætt til þess að forðast slys á mönnum. – Við gerum okkur ljóst, að verknaður sem þessi samrýmist ekki þjóðfélagsreglum Íslendinga, en við bendum á að þetta var neyðarráðstöfun, sem gripið var til, er öll önnur sund voru lokuð. Lengi hefur harðri gagnrýni verið beint að „listaverki“ þessu og staðsetningu. Þótt höfundur þess, fr. Nína Sæmundsson, hafi sannað að hún sé ósvikin listakona, sem sé stétt sinni til sóma, er sýnt, að henni hefur brugðist bogalistin í þetta sinn. Vissulega er sjálfsagt, að listamenn fari inn á nýjar brautir í sköpun sinni, en þessi stytta, þessi hryllilegi vanskapnaður, sem er ömurlegt sambland abstraktstefnunnar og hinnar gömlu „réttsköpunarstefnu“, hlýtur að misþyrma fegurðartilfinningu manna og vera bænum og landinu til skammar. Er nefnd sú, er sér um uppsetningu listaverka í bænum, ekki vanda sínum vaxtin, eða erum við svo örsnauð af þeim, að grípa verði til slíkra óyndismynda? Sé hið síðar nefnda tilfellið, bendum við á, að betra er að vera án þeirra heldur en að halda þeim verkum á lofti, sem níða í stað þess að þrýða. – Að lokum vil ég geta þess, að ólíklegt er, að við munum grípa til slíks óyndisúrreðis framár. Við höfum á eftirminnilegan hátt vakið athygli á andstöðunni gegn slíkum fegrunartilraunum og er þá tilganginum náð.

Lengi var hljótt um Hafmeyjuna eftir þetta en sumarið 2014 var, eins og kunnugt er, afsteypu af þessu ágæta listaverki komið fyrir á ný á Tjörninni, við suðurenda hennar. Heyrðust þá engar mótmælaraddir í fjölmiðlum.

## 7. Háðungarsýning á listaverkum

Árið 1937 efndu nasistar í Þýskalandi til mikillar *málverkasýningar* í München þar sem sýnd voru 650 málverk, sem tekin höfðu verið úr söfnum og víðar að, án leyfis listamannanna, og voru nú sýnd sem grófgerð dæmi um „úrkynda list“ (entartete Kunst), hlutaðeigandi skapendum þeirra til háðungar. Þarna sýndu valdhafar ríkisins almenningi hvernig *ekki* átti að mála myndir. Aðalhvatamaður að sýningunni var ekki minni maður en *Jásef Göbbels*, einn af æðstu mönnum ríkisins, en yfir-sýningarstjórinn var *Adolf Ziegler*, forseti Listmenntaráðs þýska ríkisins (Reichskammer der bildenden Künste). Síðan var farið með sýninguna til fleiri stórborga í Þýskalandi og munu milljónir manna hafa séð hana áður en yfir lauk. Mörgum þessara listaverka var síðan eytt að sýningum loknum, enda voru verkin talin skaðleg í menningarlegu tilliti. Er þetta eitthvert skýrasta og eftirminnilegasta



dæmi um inngríp stjórnvalda í listsköpun, sem finnanlegt er, fyrr og síðar.

Að vísu voru nasistar einnig ötulur við að halda myndarlegar *bókabrennur*, þar sem úrkynjuð og sóðaleg ritverk eða verk eftir höfunda, sem ekki áttu upp á pallborðið hjá stjórnarherrum, voru látin rjúka upp í eldi og eimyrju, til dýrðar stjórnmalalegum rétttrúnaði í þessu gamalgróna ríki listar og menningar. Í brennunum fólst sannarlega lofsömun þjóðlegra, arískra gilda og germanskra hetjuhugsjóna, engu síður en var um háðungarsýninguna miklu. Flutningur tónlistar „úrkynjaðra“ og óheppilegra tónskálda var einnig bannaður – og svo mætti lengur telja. Miklu varðaði að hreinsa „þúsund ára ríkið“ af menningarspillingu og sora, sem samræmdust ekki hinni hreinskornu framtíðarsýn æðstu ráðamanna þess.

Um það bil fimm árum eftir að málverkasýningin mikla var haldin í Þýskalandi var, hér heima á gamla Fróni, einnig efnt til *háðungarsýningar* á málverkum nokkurra íslenskra listamanna. Hæpið er þó að segja, að um nokkurt beint samband hafi verið að ræða milli þessara tveggja „menningarviðburða“, því að þeir þjóðhollu menn, sem stóðu fyrir íslensku sýningunni, voru alls engir fylgismenn nasista – en hafa þó vafalaust vitað mætavel um þýska dæmið. Þá voru viðkomandi listaverk, sem hér voru sýnd, ekki eyðilögð að sýningu lokinni!

Um þetta leyti voru nýjar stefnur að ryðja sér til rúms í listum, vegna erlendra áhrifa, og töldu þá ýmsir málsmetandi menn, að þær samrýmdust illa viðteknum, fagurfræðilegum og þjóðlegum gildum meðal alls almennings. Kom til spennu og núnings manna á milli af þessum sökum – og síðan voru „verkin látin tala“. Kom þá til sögu hin svonefnda „listamannadeila“, sem setti mjög mikið svipmót á menningarumræðu hér á landi á árunum 1941-1942 og reyndar einnig síðar.

Um þetta segir *Björn Th. Björnsson* réttilega í riti sínu um íslenska myndlist:<sup>[12]</sup>

Það er í eðli listar, einkum á breytingarskeiðum, að hún lendi í kasti við pólitíska valdhafa. Hlutverk hennar er nýmyndun, þéttun hugmyndalegs efnis, sem samfélag hefur vakið af sér, þótt það eigi sér enn ekki stað í neinni annarri raunveru. Þjóðfélagsstjórn er hins vegar íhaldssöm – hversu róttæk svo sem stefna hennar kann að vera: Hún byggir, þegar best lætur, á hugmyndafræði, sem mótast hefur við aðrar aðstæður en ríkjandi eru á líðandi stund, hún leitar vísvitað sögulegra tengsla og hún óttast og snýst gegn hverri þeirri nýmyndun, sem sækir lengra fram, lengra út, en stefnuskrá hennar sjálftrar nær til. Í slíku skynjar hún upplausn,

---

12. „Íslensk myndlist á 19. og 20. öld – Drög að sögulegu yfirliti“, II bindi, Reykjavík 1973, bls. 209. Á síðum 209-211 í nefndu riti ræðir höfundurinn einnig almennt um „listamannadeiluna“.

hrun sinnar eigin afstöðu. [...] Hér mynduðust [...] skarpar menningarlegar andstæður milli „þjóðlegs“, rómantíks afturhvarfs og nýrra, róttækra viðhorfa, sem oft höfðu erlendar eða alþjóðlegar stefnur að leiðarljósi. [...] Hið furðulegasta í þessum aðstæðum, sem nærri má kalla harmskoptlegt, var það, að stjórnmalalegur foringi bændastéttarinnar var í senn valdamesti maður um listir í landinu um þetta leyti. Það var Jónas Jónsson frá Hríflu, formaður Menntamálaráðs. Jónas og meiri hluti ráðsins [...] virðist hafa litið á það sem listpólitíska köllun sína að verðlauna frásagnarlega eða náúralíska list, einkum þar sem um „þjóðleg“ myndefni var að ræða, en sniðganga með öllu þá, sem fóru nýrri leiðir.

Í maímánuði 1941 sendu fjórtán myndlistarmenn Alþingi kvörtun vegna listaverkakaupa Menntamálaráðs fyrir íslenska ríkið, en þeir töldu að innkaup á listaverkum væru afar dræm og byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Hvöttu þeir til þess, að Alþingi tryggði, að í ráðinu sæti að minnsta kosti einn maður, sem hefði sérþekkingu á íslenskri myndlist. Töldu þeir, að ráðamenn vildu helst kaupa frásagnarlist með þjóðlegu ívafi, einkum eftir eldri listamenn, en sniðgengju um leið verk margra yngri og vel menntaðra listamanna, sem bæru með sér nýrri og ferskari stefnur og strauma.<sup>[13]</sup>

Um þessar mundir var *Jónas Jónsson frá Hríflu* formaður Menntamálaráðs, eins og fyrr sagði, og réð í reynd málefnum þess, en ráðið annaðist meðal annars innkaup málverka fyrir ríkið. Var það að sjálfsgöðu mikið hagsmunamál fyrir listamenn, hvort málverk þeirra væru keypt á vegum ríkisins eða ekki, en hugsjónaeldur brann einnig mörgum þeirra í brjósti. Jónas frá Hríflu hafði þá árum saman verið áhrifamesti stjórnmalamaður landsins og vildi sannarlega láta til sín taka í málefnum menningar og lista ekki síður en á mörgum öðrum sviðum, þar sem hann hafði óneitanlega komið miklu til leiðar.

Menntamálaráð svaraði þessu ávarpi listamannanna opinberlega fáum dögum síðar og listamenn svöruðu aftur um hæl. Var nú deila milli þessara aðila orðin kunn alþjóð – og sitt sýndist hverjum. Fóru svo leikar, að á árinu 1941 keypti Menntamálaráð ekkert verk af íslenskum myndlistarmönnum. Var fjárskorti borið við en sumir sögðu, að um eins konar „hefnarráðstöfun“ væri að ræða. Harðorðar greinar flugu um og gneistar voru í lofti.

Í greinaflokki í *Tímanum*, sem birtist þar 31. mars og 2., 9. og 11. apríl 1942 og bar yfirskriftina „Skáld og hagarðingar“, réðst fyrrnefndur formaður Menntamálaráðs

---

13. Sbr. Morgunblaðið 7. maí 1941, bls. 5, þar sem ávarp listamannanna með nöfnum þeirra er birt í heild.

mjög harkalega að listamönnum, sem staðið höfðu að ávarpinu fyrrnefnda, kallaði þá einu nafni „lánleysingja, sem guð hefur synjað um alla getu til að skapa listaverk og yfirleitt synjað um alla hæfileika til annars en þess að skruma og blekkja“. Hann kveðst þekkja vel til verka þessara „klessumálara, sem þykjast hafa reynslu fyrir bláum engjum, grænum himni og brennisteinsgulum skýjum. [...] Ég ætla mér ekki



*Málverkið „Þorgeirsboli“ eftir Jón Stefánsson var á bannlista um skeið.*

að rökræða við þessa sjónvilltu menn, en ég vil í nafni þjóðar minnar leggja blátt bann við því, að þessum grátlega ógæfusömu mönnum gefist tækifæri til að halda áfram að blekkja landslýðinn og telja honum trú um að það, sem þeir séu að gera, sé list“.

Og nú tók fyrir alvöru að hrykta í röftum: Í nafni Menntamálaráðs opnaði Jónas

nú, 16. apríl 1942, sýningu í sjálfu Alþingishúsinu á nokkrum málverkum íslenskra listamanna, sem skyldu sýna, svo að ekki yrði um villst, mörkin milli „góðs og ills“ í íslenskrri myndlist. Voru þær myndir, er þar voru til sýnis, allar því marki brenndar, að mati Jónasar og meiri hluta Menntamálaráðs, að þær væru öfugu megin við þessi mörk! Að nokkrum dögum liðnum (26. apríl) var svo sýningin – sem var sannkölluð *háðungarsýning* – færð úr Alþingishúsinu í búðarglugga Gefjunar (sem var í eigu Kaupfélags Eyfirðinga) við Aðalstræti í Reykjavík. Um var að ræða sex verk eftir fimm kunna listamenn, sem ekki voru í náðinni hjá ráðinu. Þessir menn og verk þeirra voru: *Jón Stefánsson*: „Þorgeirsboli“; *Gunnlaugur Scheving*: „Hjörtur Snorrason“ (protrett); *Jóhann Briem*: „Kona“; *Jón Engilberts*: „Í sjávarþorpi“; *Þorvaldur Skúllason*: „Við höfnina“ og „Blá kann“.

Mikil og heit blaðskrif urðu í tilefni af þessari sýningu og margir listamenn risu upp gegn þessu gerræði Menntamálaráðs, sem þeir töldu vera. *Steinn Steinarr* skáld ritaði í Nýtt dagblað 20. apríl sama ár:

Hvað sanna svo þessar myndir? Þær sanna aðeins það, sem raunar var áður á margra vitorði, að hér eru á ferðinni fimm ágætir listamenn. Myndirnar eru hver annarri betri og eitt ljósasta dæmi um það, hve íslensk málalag er langt komin, ekki lengri þroskabraut en hún á að baki sér. Að benda á þessar myndir til viðvörðunar og hneykslnar er hið sama og benda á allt hið fegursta og besta í evrópskri nútímalist í sama tilgangi. Að hæða tilraunir þessara málara er hið sama og að fyrirlíta allt hið besta í íslensku þjóðlífi.

Umrædd listaverk voru síðan fjarlægð úr sýningarglugga Gefjunar í Aðalstræti 2. maí, en sama dag var þess í stað komið fyrir þar, einnig að undirlagi Jónasar Jónssonar, *nýrri sýningu*, sem átti að sýna „heilbrigða“ og þjóðholla list með verkum eftir sjö listmálara, til samanburðar við hin „ósköpin“. Það merkilega var, að þar var meðal annars fagurt málverk („Lómar“) eftir *Jón Stefánsson*, sem einnig hafði átt mynd á háðungarsýningunni, það er málverkið af sjálfum Þorgeirsbola, er mest var um talað á þessum tíma, en það er afar sterkt og áhrifamikið og hefur ótal sinnum birst á prenti, m.a. í vönduðum listaverkabókum. Er það meðal kunnustu verka í Listasafni Íslands.<sup>[14]</sup>

## 8. Klám og kvikmyndaeftirlit

Að síðustu skal hér nefnd, sem dæmi um afskipti „stóra bróður“ af list og opinberri sýningu á afrakstri listrænnar tjáningar, starfsemi *Kvikmyndaeftirlits ríkisins*, sem stofnað var 1932 og starfaði, undir því nafni, til 1997. Eftir það tók *Kvikmyndaskoðun* og síðar *Smás* við því hlutverki að skima kvikmyndir í því augnamiði að ákveða, hvað væri sýningarhæft og hvað ekki, miðað við ákveðna aldurshópa ungmenna. Kvikmyndaeftirlitið bannaði nokkrar myndir en gaf þó framleiðendum kost á að leggja að nýju fram klippta útgáfu af myndinni. Eftir daga þeirrar stofnunar munu engar myndir hafa verið klipptar eða bannaðar með öllu. Gerð og sýning *klámmýnda*, svokallaðra, getur þó verið refsiverð, enn sem fyrr, sbr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Felst vitaskuld í því *takmörkun á tjáningarfrlsi*, sem ákæru- og dómsmálayfirvöld landsins standa að.

Í þessu sambandi skal hér kynntur til sögu athyglisverður dómur *héraðsdóms* og síðan Hæstaréttar í *H 1990, bls. 1103*, þar sem meðal annars gefur að finna „alþjóðlega“ skilgreiningu á hugtakinu klámi:

---

14. Um listamannadeiluna, háðungarsýninguna og fleira, sem því tengist, er til ágæt heimildarmynd (24 mín.) frá 2006 eftir *Steingrím Dúa Másson*, þar sem mikið er fjallað um hlut Jónasar frá Hríflu. Er hún aðgengileg á Netinu undir síðuheitinu „Úrkynjuð list on Vimeo“.

Aðfaranótt 24. september 1989 var sýnd á sjónvarpsstöðinni *Stöð 2* danska kvikmyndin „Í tvíburamerkinu“, og aðfaranótt 22. október sama ár var sýnd á sömu sjónvarpsstöð kvikmyndin „Í nautsmerkinu“. Var fyrri myndin kynnt í svonefndum „Sjónvarpsvísi“ stöðvarinnar sem „ljósblá gamanmynd með ekta dönskum húmor“ og síðari myndin sem „ein ljósblá og dönsk“. Í dagskrárkynningu sjónvarpsstöðvarinnar voru báðar þessar myndir stranglega bannaðar börnum.

Ákærvaldið taldi, að myndir þessar væru *klámmyndir* í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga og vísaði jafnframt í ákæruskjali til 35. og 37. gr. þágildandi útvarpslaga. Beindist ákæran gegn þáverandi útvarpsstjóra Stöðvar 2, *Jóni Óttari Ragnarsyni*. Í ákæruskjalinu sagði meðal annars: „Í báðum myndunum koma fyrir mörg klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna, kynmök samkynja fólks og ósamkynja, mök fleiri en tveggja í einu og fólk við sjálfsfróun og eru slík atriði a.m.k. 6 í fyrrgreindu myndinni og a.m.k. 10 í þeirri síðargreindu, og er sýningartími atriðanna allt frá nokkrum sekúndum til rúmra fjögurra mínútna“.

Í *héraðsdómi* varð niðurstaðan sú, að útvarpsstjórinn hefði gerst sekur um sýningu klámmyndar, í framangreindri merkingu, og var honum dæmd sektarrefsing og 40 daga varðhald til vara. Í forsendum héraðsdómsins segir meðal annars:

Af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografía) og kynþokkalist (erotika), þannig að klám var skilgreint sem ögrandi framsetninga á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar. Í kvikmyndum þeim, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, er greinilega lögð áhersla á að sýna á ögrandi hátt í langflestum þeim atriðum, sem ákært er út af og áður er lýst, oft í nærmynd, kynfæri karla og kvenna, kynmök fólks og fólk við sjálfsfróun, án þess að séð verði, að það þjóni neinu augljósu markmiði öðru en að sýna kynlífsathafnir. Listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur þessara atriða í myndunum þykir eigi vera sýnilegur. Er það álit dómsins, að í öllum þeim tilvikum, sem ákært er út af [nema einu, innskot mitt, PS] sé um að ræða klám í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

*Hæstiréttur* staðfesti þessa niðurstöðu með þessum orðum:

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þau ákæruatriði, sem ákærði var sakfelldur fyrir, varði við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að hann beri á þeim refsibábyrgð, sbr. 1. og 6. mgr. 35. gr. útvarpslaga nr. 68/1985.

Ekki skal hér fjallað sérstaklega um svokallað *barnaklám*, sem er alvarlegt vandamál í okkar netvæddu veröld og mikið mætti rita um.

## 9. Lokaorð

Ekki er ástæða til að hafa hér uppi langa umfjöllun um þau dæmi, sem voru tilgreind að framan. Þau skýra sig að mestu leyti sjálf og hver og einn, sem ber þau augum, getur sjálfur myndað sér skoðun á þeim. Flestir munu sennilega álykta sem svo, að afar ólíklegt sé (svo að ekki sé meira sagt), að þau atvik, sem þar er lýst, gætu endurtekið sig – en allur er þó varinn góður. Mannedlið breytist lítið í tímans rás (og alls ekkert á nokkrum áratugum) og vissar tihneigingar til að hafa vit fyrir öðrum í listrænu tilliti, jafnvel með einhverjum þvingunaraðgerðum, geta komið til sögu nú eða á næstu árum sem fyrr. Ljóst er þó, hvað sem öðru líður, að frjálsir fjölmiðlar nútímans veita mikla vörn í þessu efni. Enn eru þó stórar þjóðir, sem búa við ritskoðun af ýmsu tagi og skert tjáningarfrelsi á listrænu sviði. Er það kunnara en frá þurfi að segja. Við skyldum aldrei gleyma þeim þvingunum, er listræn sköpun þarf að sæta úti um heim – sem er að nokkru leyti orðinn „landamæralaus“ á öld Netsins.

Þótt mannsævin sé vissulega stutt nægir samt meðalævi manns til að hann fái áttað sig á því, að skoðanir fólks á ýmsum málefnum breytast. Sumt það, sem áður þótti ámælisvert, þykir það ekki í dag, nema síður sé. Flest þau dæmi, er nefnd voru hér að framan, horfa undarlega – jafnvel broslega – við, þegar við virðum þau fyrir okkur núna. Við getum hins vegar undrast hve stutt er síðan sum atvikin, sem þar er lýst, áttu sér stað. Þar erum við ekki að tala um neina fjarlægá fortíð.

Í þessu sambandi getum við nefnt *klámið*, sem vikið er að í nokkrum dæmanna, sjá einkum í 2. og 8. kafla. Skoðanir manna á því, hvað sé klám (í skilningi laganna) og hvað ekki eru eigi allar á einn veg. Hafa hugmyndir manna, bæði hér á landi og erlendis, breyst talsvert á síðari áratugum, þannig að margvísleg umfjöllun og tjáning um kynferðisleg málefni, sem birtist í fjölmiðlum, þar á meðal í kvikmyndum, sem sýndar eru á tjaldi eða í sjónvarpi, telst nú vafalaust ekki vera klámkennd, þótt svo hefði verið fyrir tiltölulega fáum tugum ára. Þess gætir nú mjög, að við mat þess, hvort tiltekin umfjöllun eða annars konar tjáning sé klámkennd eða ekki, sé höfð hliðsjón af því hvaða *tilgangi* tjáningunni er ætlað að þjóna, og þá meðal annars hvort hún birtist í „viðurkenndum“ tilgangi, svo sem í *listrænu* eða *fræðilegu* augnamiði. Ef svo er telst þá efnið oftast ekki vera klám gagnstætt því, sem kann að gilda ef því er einkum ætlað að svara frumstæðum og lostugum kenndum. Í þessu sambandi er þó margt að skoða og ætla verður, að afar „mild“ sýn á klámhugtakið verði ofan á

nú um stundir, þegar á reynir, og blási um leið fyrrnefndum dæmum út í buskann. Nú um stundir myndi klám væntanlega einkum vera tengt *misneytingu* eða *ofbeldi*, sbr. skýringu félagsfræðingsins *Diana E.H. Russel*: „

Klám er efni, sem sýnir kynlíf og/eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu, þannig að slík hegðun sé studd, látin óátalin eða jafnvel hvatt til hennar.<sup>[15]</sup>

Kám getur að vísu enn verið refsivert, en mikið þarf nú til að koma að það leiði til harðra viðbragða opinberra aðila. Netheimurinn hefur brotið niður margar varnargirðingar á því sviði sem á ýmsum öðrum.

Dæmið um bókarspjöllin í Borgarbókasafni: Ólíklegt er, að það endurtaki sig, hvað sem öðru líður. Ekki hefur heyrst af slíkum tiltektum þar á bæ í marga áratugi! Þess verður óhjákvæmilega að geta, að refsheimild vegna brota af þessu tagi var afar ómarkviss og óskýr á þeim tímum, er dómur gekk. Nú á dögum eru gerðar miklu meiri kröfur til skýrleika og nákvæmni refsíákvæða en fyrrum var. Má væntanlega segja, að ákvæði núgildandi höfundalaga fullnægi kröfu í þá veru. Nú í dag hefðu vafalaust einnig verið dæmdar miskabætur til handa stefnendanna í einkarefsimálinu, en heimild til þess var ekki eins skýr og nú er orðið samkvæmt almennum skaðabótalögum.

Auðvitað yrðu gömlu leiksviðsverkin, sem bönnuð voru á sínum tíma, ekki bönnuð nú um stundir. Má jafnvel vera, að sérstakar barnasýningar færu fram!

Það, að banna ýmis sönglög og texta í Ríkisútvarpinu heyrir væntanlega einnig fortíðinni til – og nú eru hvort sem er við lýði ýmsar aðrar útvarpsstöðvar, sem á engan veg væru bundnar af slíku banni. Bann af þessu tagi myndi nú hæglega geta falið í sér brot gegn sæmdarrétti höfunda og flytjenda. „Hænuhanagreyið“ myndi því áreiðanlega fá að vera í friði nú.

Ekki fer á milli mála, að meðferðin á Hafmeyjunni í Reykjavíkurtjörn fól í sér gróft brot, bæði eignaspjöll og brot gegn sæmdarrétti höfundar, þótt aldrei yrði uppvíst um sökudólginn eða –dólgana, en verndarákvæði laga um sæmdarréttinn voru að vísu óljósari þá en nú er orðið eftir gildandi lögum.

---

15. Hér tekið af Vísindavefnum, af síðu er ber fyrirsögnina „Hvað er klám“.

# Tveir norðlenskir lögskýrendur

Lögbókarskýringar Páls lögmans Vídalíns og Björns  
Jónssonar, bónda og fræðimanns á Skarðsá

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	152
2. Lögbókin gamla, Jónsbók .....	152
3. Þörf fyrir lögbókarskýringar .....	153
4. Nánar um lögbókarskýringar Páls Vídalíns .....	155
5. Prentaðar útgáfur lögbókarskýringa Páls lögmans .....	157
6. Örlítið um Björn á Skarðsá .....	158
7. Lagaskrif Skarðsárbónda .....	159
8. Skýringar á dimmum fornyrðum lögbókar .....	161
9. Lokaorð .....	162



## 1. Inngangur<sup>[1]</sup>

Góðir áheyrendur

Það hefur fallið í minn hlut að fara hér í dag örfáum orðum um lögfræðiskrif tveggja merkra fræðimanna, sem bjuggu á Norðurlandi, annar á 17. öld en hinn á þeirri 18. Annar þeirra, *Páll lögmaður Vídalín* bjó hér nærlendis, það er í Víðidalstungu í Húnaþingi vestra, eins og það er nú nefnt, en hinn átti sína ævidaga hérna hinum megin við fjallgarðinn, í Skagafirði, nánar tiltekið á bænum Skarðsá í Sæmundarhlíð.

Lífskjör þessara tveggja manna voru um margt ólík:

*Páll Vídalín* var stórættaður maður og af auðugu og kunnu höfðingsfólki kominn, háskólagenginn (reyndar í guðfræði) frá kóngsins Kaupmannahöfn, vel efnu búinn og gegndi lögmannsembætti um langt skeið. Hann var á sinni tíð einn af helstu fyrirmönnum landsins, af mörgum talinn lögfróðasti maður sinnar samtíðar og jafnframt var hann kunnur sem skáld. Eftir hann liggur mikið *safn lögskýringa*, sem gefið var út á prenti á sinni tíð.

*Björn Jónsson*, forfaðir minn í 10. lið, var óskólagenginn alþýðumaður, sem var á fullorðinsárum sínum leiguliði á fremur smárrí jörð en var haldinn ríkri ástríðu til að rita um margvísleg fræði, þar á meðal annál, sem kenndur er við bæ hans (*Skarðsárannáll*), sem þykir vandað verk og mun lengi halda nafni hans á lofti. Sá annáll er aðgengilegur í góðri prentútgáfu í safni annála frá 1400 til 1800 og er mörgum kunnur. Á sinni tíð var Björn þó að minnsta kosti ekki síður kunnur og vel metinn fyrir *lögskýringar* sínar, sem gengu víða milli manna í uppskriftum og hafa vafalaust gagnast ýmsum þeim, sem á þurftu að halda.

## 2. Lögbókin gamla, Jónsbók

Lögbókin forna, *Jónsbók*, frá 1281, hafði um margra alda skeið að geyma meginreglur íslensks réttar á flestum sviðum, og er þá átt við veraldlegan rétt.

Lögfræðiskrif íslenskra manna snerust á fyrri öldum einkum um skýringar á *torskildum orðum* í lögbókinni gömlu, en annars konar lögfræðileg ritgerðasmíð þekktist einnig. Elsta íslenska lögfræðiritgerðin, sem nú er varðveitt, er frá miðri 16. öld og fjallar um *framsærslu*, en eldri ritgerðir hafa þó vafalaust verið til. Menn voru

---

1. Erindi sem flutt var á málþingi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir Norðurland vestra, á Skagaströnd, 19. september 2015.

svo að fást við þessi skýringarskrif fram undir aldamótin 1800, en um þær mundir var lögbókin gamla að vísu orðin bísna „götótt“, ef svo má að orði komast, og mörg ákvæði hennar gengin úr gildi.

En hvað um það: Jónsbók var meginheimild íslensks réttar um margra alda skeið, allar götur fram á 18. öld og jafnvel einnig fram á þá 19. – og talið er, að enn séu nokkur ákvæði hennar í gildi og hefur verið vitnað til þeirra í dómum fram til síðari tíma. En lögbókin gat af sér mikil fræðiskrif, svo sem nú verður vikið að.

Höfum í huga, að alveg fram á 19. öld var bersýnilega mjög mikill og almennur áhugi meðal fjölmargra Íslendinga, lærðra sem leikra, á þjóðlegri lögfræði, sem byggðist einkum á Jónsbók. Prentaðar útgáfur hennar voru ekki sérlega margar og urðu torfengnar með tímanum, en uppskriftir af henni voru til úti um allt land, í hundruðum talið – og enn í dag eru meira að segja varðveitt hundruð handrita af henni.

Það er vel þekkt, að börn lærðu víða að *lesa* á lögbókina gömlu og þar á meðal var einmitt önnur söguhetja okkar í dag, þ.e.a.s. Páll lögmaður Vídalín. Ég er hræddur um, að þetta þætti víst þurr lesning fyrir smábörn nú á tímum!

### 3. Þörf fyrir lögbóarskýringar

Við skulum hafa hugfast, að „Jónsbókartímabilið“ varaði í mörg hundruð ár. Á lögmannsdögum *Páls Vídalíns* var lögbókin t.d. orðin meira en fjögur hundruð ára gömul. Á svo löngum tíma breytist tungumálið óhjákvæmilega eitthvað – þótt íslenskan hafi haldið sínum hlut afar vel, þegar á heildina er lítið, á sama tíma og grannþjóðir okkar í veldi Danakonungs glötuðu sinni fornu tungu að mestu leyti. Enda þótt Jónsbók væri rituð á góðu og skýru máli hlaut svo að fara, að einstaka atriði í málfari hennar fjarlægðust með tímanum daglegt mál manna og þannig reyndist mönnum smám saman torvelt að skilja sumt í bókinni, sem e.t.v. hefur verið mönnum almennt auðskilið um það leyti sem hún var samin. Fór svo, að menn tóku að tala um „myrk og torræð fornyrði lögbókar“, auk þess sem ýmislegt annað en einstök orð gat verið vandskýrt úr bókinni, m.a. rétt lögfræðilegt samhengi ýmissa efnisatriða, sem varð að hafa á hreinu vegna réttarframkvæmdarinnar.

Smám saman tóku lögvisir menn að leitast við að skýra ýmis þau orð lögbókarinnar, sem mönnum þóttu torveld, og rita þar um skýringar, ásamt útlistunum ýmissa efnisatriða með öðrum hætti, það er í ritgerðaformi. Meðal algengra ritgerðarefna

voru þá lögfræðileg skrif um *framfærslu* manna, en það efni brann bersýnilega á mörgum.

Var þetta upphaf íslenskra lögfræðirannsókna og íslenskra lögfræðiritra. Gengu skrif þessara manna, sem sumir voru úr hópi skólagenginna fyrimanna en aðrir greindir og gegnir alþýðumenn, óskólagengnir, milli manna og voru bersýnilega mjög eftirsótt eins og sá fjöldi handrita, er geyma þau og enn eru varðveitt, vitnar best um – en vafalaust hefur þó aragrúi þeirra glatast.

Af mönnum, er stunduðu þess háttar fræðistörf á fyrri hluta 17. aldar, má nefna *Dorstein Magnússon*, sýslumann í Þykkvabæjarklaustri, sem var talinn lögspakasti maður sinnar samtíðar, og *Björn Jónsson á Skarðsá*, lögréttumann úr bændastétt, en eftir báða liggja mikil rit, sem höfðu verulegt gildi í lögfræðilegri merkingu. Þeir rituðu að sjálfsögðu á íslensku um fræði sín og er tungutak þeirra í ritunum yfirleitt hreint og skýrt þótt sumum muni nú þykja það heldur óþjált. Margir aðrir koma hér einnig við sögu á 17. öldinni (og í einstaka tilfellum á 16. öld), þótt hér verði ekki nefndir.

Hvergi náðu þessi lögfræðiskrif í gömlum stíl þó meiri „hæð“ en í skýringum Páls Vídalíns við torráðin fornryði hinnar öldnu lögbókar, eins og brátt verður vikið nánar að. Páll er með vissum hætti síðasti stóri sprotinn á meiði hinna gömlu íslensku lögfræðinga, áður en formleg lagamenntun til embættisprófs í háskóla kom til sögu, og hann sótti fræðilegt afl sitt, tungutak og fyrirmynd að mestu til fyrirrennara sinna, hinna eldri lagamanna, enda sjálfmenntaður í lögum eins og þeir, þótt háskólagenginn guðfræðingur væri. Hann stendur því „á herðum þeirra“, ef svo má að orði komast, enda þótt rit hans beri að ýmsu leyti af ritum eldri manna að lærdómi og einnig varðandi notkun heimilda.

Nokkrum árum eftir að Pál lögmann leið, þ.e. frá 1736, var farið að kenna lögfræði með formlegum hætti við Kaupmannahafnarháskóla, og þeir íslenskir lagamenn, sem næst á eftir Páli sömdu mikil rit um lögfræðileg efni, þeir *Sveinn Sölvason lögmaður á Munkapverá* og *Jón Árnason sýslumaður á Ingjaldsbóli*, tilheyrðu yngri kynslóð og höfðu lokið háskólaprófi í lögum. Rit þeirra, þótt ófullkomin muni nú þykja um margt, miðað við nútímakröfur til fræðiritra, eru (a.m.k. að vissu marki) byggð upp með kerfisbundnum og rökfræðilegum hætti, nokkuð í áttina við það, sem nú er um lögfræðilegar bækur, og efnistökin líkjast á engan hátt því, sem á við um fornryðaskýringar eða annars konar ritsmíðar Páls Vídalíns og fyrirrennara hans meðal íslenskra lagamanna, sem voru með orðabókarsniði.

#### 4. Nánar um lögbókarskýringar Páls Vídalíns

*Páll Vídalín* stóð á mörkum 17. og 18. aldar, ef svo má að orði komast, fæddur 1667 og dáinn 1727. Rétt er þó að skipa honum hér með fræðimönnum 18. aldar, því að ætla má að rit sín hafi hann samið eftir 1700.

Jafnframt umfangsmiklum embættisstörfum og málavafstri um langt árabil auðnaðist Páli að sinna ritstörfum í ríkum mæli, eins og hér hefur verið dregið á, og ber þar hæst skýringar hans yfir fornyrði lögbókar, sem hann hefur unnið að þegar tækifæri gafst allan síðari hluta ævi sinnar. Þegar litið er til umfangs og margbreytilegs efnis þeirra skýringargreina, sem varðveist hafa, og voru, nær allar, gefnar út í umsjá Þórðar Sveinbjarnarsonar um miðbik 19. aldar, fer ekki á milli mála, að mikill tími hefur farið til þessara ritstarfa. Víða er seilst fanga um heimildir, enda þótt vafalaust hafi höfundur að einhverju leyti golið þess að sitja í nokkurri einangrun norður í Víðidal fremur en við fræðabúrin og -lindirnar í Kaupmannahöfn eins og vinur hans Árni Magnússon, handritasafnari og samstarfsmaður Páls við *Jarðabókina* miklu. Fornyrðaskýringarnar, eins og þær blasa við í prentuðu útgáfunni, bera í senn með sér mikið starfsþrek og nær einstæðan fræðaáhuga, auk alls lærdómsins, sem hvarvetna skín í gegn um skrifin.

Áberandi er, að skýringar lögmansins eru oft langorðar og höfundurinn leitar mjög víða fanga, t.d. sagnfræðilegra, bókmenntafræðilegra og málfræðilegra heimilda.

Að þessu leyti er yfirbragð verksins með allt öðrum hætti en t.d. lögbókarskýringa *Björns á Skarðsá*, þeirra sem varðveittar eru, þar sem allt er að jafnaði knappt um stíl, efnistöð og form, auk þess sem þær eru alls ekki sambærilegar, þegar á heildina er litið, um umfang og fjölda atriðisorða (uppsláttarorða). Skýringasafn Páls lögmans er margfalt að stærð miðað við varðveittar skýringar Skarðsárþónda eða nokkurs annars lagamanns fyrir hans daga, en eftir dag Páls dró mjög úr frumsamningu fornyrðaskýringa af þessu tagi og heyrði hún síðan brátt sögunni til.

Að mínu mati er ekki rétt að nálgast þetta rit hins lífsreynda lögmans með því hugarfari einu að leita þar að „beinhörðum“ lagaskýringum. Lesandinn fer ekki að njóta ritsins fyrr en hann hefur – stundum eftir nokkrar atrennur, enda bókin ekki auðtekin – öðlast skilning á því, að þegar á allt er litið eru það einmitt „umbúðirnar“ um lagakjarnann, öll lærdóms-kollstökkinn og málalengingarnar, sem eiginlega skipta mestu máli og verða eftirminnilegar! Með þeim hætti auðnast

höfundinum að tengja lögfræði sína með óvenjulegum en um leið ógleymanlegum hætti við margvíslega þætti þjóðmenningar hans tíma sem og við fornmenntirnar. Af þessum sökum er ritið sérstæð perla í fræðibókmenntum Íslendinga.

Það var ein af embættisskyldum lögmanna – a.m.k. samkvæmt venju og hefð, sem átti sér fornar rætur – að veita leiðbeiningar varðandi lögskýringar og um úrlausn lagalegra vandamála. Sóttu margir ráð til þeirra um þau efni. Algengt var, að lögmenn fengju skriflegar beiðnir eða fyrirspurnir í þessa veru, sem þeir svöruðu síðan skriflega (án nokkurs endurgjalds, eftir því sem helst verður vitað). Þannig urðu í reynd til styttri sem lengri lögfræðiritgerðir, þótt þær væru í formi álitserða eða sendibréfa. Þessi svör lögmanna – sem og annarra lagamanna, er leitað var til með svipuðum hætti – fóru síðan smám saman fleiri manna á milli, sem tóku af þeim afrit, og þannig koll af kalli. Sumir lögðu bersýnilega stund á að koma sér upp söfnum þess háttar lagaskýringa eftir einn kunnan lagamann eða fleiri.

Lögbókarskýringar Páls Vídalíns verður að skoða í því ljósi, að þær voru vafalítið í fyrstu m.a. afsprengi fyrirspurna um ráð og álitserðir, eftir venjunni, en ljóst er að síðan fékk hann, við gerð þeirra, útrás fyrir hinn mikla fræðihuga sinn og víðtæku þekkingu, ekki einvörðungu í lögum heldur einnig á ýmsum sviðum norræna „fornfræða“, þar sem hann gat jafnframt nýtt þekkingu sína á klassískum heimildum. Hann hefur því bæði verið knúinn af nauðsyn og brennandi áhuga, en að sjálfsgöðu gat hann engra launa vænst fyrir þessa starfsemi. En víst er, að skýringarnar eignuðust brátt marga áhugasama lesendur og gengu manna á milli í afskriftum, svo hundruðum skipti.

Almennt má segja, að fornyrðaskýringar Páls Vídalíns séu ritaðar á mjög *góðu og skjýru máli*, enda er augljóst að hann hefur almennt viljað vanda vel til þeirra. Þar má hann teljast í fremstu röð samtímamanna sinna. Hann byggir á gömlum og traustum grunni og getur ausið af brunni fornsagna og annarra „gullaldarrita“. Þangað gat hann sótt fyrirmyndir stílbragða sinna og málfars, bæði beint og óbeint. Ef borið er saman við lögfræðiskrif þeirra höfunda, er næstir komu á eftir Páli, svo sem *Sveins Sölvasonar* (þegar hann ritaði á sinni bjöguðu og hörmulegu íslensku), ber Páll einnig af eins og gull af eiri, enda tók málfar embættismanna mjög að spillast, einkum vegna danskra áhrifa, eftir því sem líða tók á 18. öldina. Margt er beinlínis fjörlega og lipurlega ritað í skýringum Páls (sem ekki er nú kannski að jafnaði talið til einkenna á lögfræðiskrifum, frá öllum tímum!) – og reyndar

oft skeiðað langt af beinustu braut – en annað kann mönnum að finnast nokkuð framandlegt í málfari og efnistöfum, ef nútímamælikvarði er á það lagður, sem er þó ekki sanngjarnt. Sem dæmi um mjög vel orðaða og skemmtilega skýringu (hvað sem líður upprunafræðinni) skal hér tekin greinin um „lög“, en niðurlag hennar hljóðar svo:

„Því heita þau *lög*, að þau *laga* félagsskapinn, og halda honum í *lögum* þeirri, sem þau skipa, eins og tré þau tvö, sem annað er íhvolft, en annað með ávölum sveip, samanfeld *laga* blöð á hornspónum, og heita því spónalög, að þeirra *lögum* er á spónablaðinu. Svo skal *lögum laganna* vera á athöfnum manna og misverkanna brotum“.

## 5. Prentaðar útgáfur lögbókarskýringa Páls lögmans

Ekkert kom á prent af skýringum Páls lögmans meðan hann var lífs.

Í 2. árgangi af „*Ritum þess Íslenska Lærdóms-Lista Felags*“ (fyrir árið 1781), sem út voru gefin í Kaupmannahöfn, hófst hins vegar skipuleg útgáfa úrdrátta margra greina úr fornryðasafni Páls lögmans og annaðist *Dórarinn Sigvaldason Liliendabl* þá útgáfu. Kom þetta fornryðasafni alls í sjö árgöngum ritsins, seinast í 8. árgangi, fyrir árið 1787. Var þetta allmyndarleg útgáfa, á sinnar tíðar vísu, þótt aðeins væri um að ræða stutta úrdrætti, sem höfðu að geyma „kjarna“ skýringanna, að mati útgefandans, eða um 190 blaðsíður alls, að vísu í smáu broti og ekki sérlega mikið efni á hverri síðu.

Líðu nú svo allmargir tugir ára að ekkert birtist á prenti af skýringargreinum Páls, eftir því sem best er vitað, en af varðveittum handritum verður þó ráðið, að einstaka menn voru að skrifa upp skýringar hans yfir fornryði fram um 1830 a.m.k.

Þegar komið var fram á fimmta tug 19. aldar átti *Þórður Sveinbjarnarson* háyfirdómari frumkvæði að því, að gefið var út mjög stórt safn fornryðaskýringa lögmansins. Var sú útgáfa gerð á vettvangi Reykjavíkurdeildar *Hins íslenska bókmenntafélags*. Fólu forsvarsmenn deildarinnar honum, ásamt *Sveinbirni Egilssyni rektor*, að sjá um útgáfu ritsins, en mest hvíldi útgáfustarfið þó á Þórði. Árið 1847, að ætla má, tók Reykjavíkurdeildin að gefa út hið mikla rit, „*Skýringar yfir Fornryði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast, samdar af Páli lögmanni Vídalín*“ og var þeirri útgáfu lokið 1854 og það ártal haft á hinu endanlega titilblaði. Var bókin prentuð í Reykjavík „á kostnað hins

íslenska bókmenntafélags í prentsmiðju Íslands, hjá Einari Þórðarsyni“ eins og segir á titilsíðunni. Ritið hefur komið út í heftum, þótt þess sé ekki getið á titilsíðu<sup>2</sup>.

*Þórður Sveinbjarnarson* samdi ýtarlegan formála að ritinu, sem ber heitið „Æfisaða Páls lögmanns Jónssonar Vídalíns“, og er það gagnleg ritmið enn í dag.

## 6. Örlítið um Björn á Skarðsá

*Björn Jónsson* fæddist á bænum Ingveldarstöðum á Reykjaströnd í vestanverðri Skagafjarðarsýslu, að því er ætla má 1574. Hann var af alþýðufólki kominn. Hann fór að búa á Skarðsá árið 1614, eftir því sem næst verður komist, var þar leiguliði Reynistaðarklausturs, sem átti jörðina, uns hann andaðist 1655, þá orðinn blindur. Hann missti föður sinn 8 ára gamall og var þá komið í fóstur á Reynistað í Skagafirði, hjá Sigurði Jónssyni sýslumanni Skagfirðinga. Ekki er vitað til þess, að Birni hafi verið haldið neitt sérstaklega til mennta meðan hann átti heimilisfesti á Stað.

Á fullorðinsárum var Björn *lögréttumaður* í Hegranesþingi um langt skeið og reið því til Alþingis ár hvert og sinnti þar þeim trúnaðar- og skyldustörfum, sem lögréttusetunni fylgdu.

Á *Reynistað* hefur áreiðanlega verið „*menningarlegt umbverfi*“, eins og nú myndi sagt, að minnsta kosti að talsverðu marki umfram það sem gerðist á venjulegum bóndabæjum. Þar mátti lesa ýmsan fróðleik og þangað kom fjöldi gesta, sem höfðu frá ýmsu fróðlegu að segja. Þar voru að mörgu leyti ákjósanlegar aðstæður fyrir gáfaðan, fróðleiksfúsan og minnugan dreng eins og Björn. Fer ekki á milli mála, að til verunnar á Stað hefur Björn sótt þroska sinn og þekkingu sem ungur maður og þar var, með einum eða öðrum hætti, lagður grunnur að ævistarfi hans á akri fræðanna. Svo mikið er víst, að aðstæður á *Skarðsá* síðar hafa, að þessu leyti, verið nokkuð ólíkar því, sem hann hafði kynnst í uppeldi sínu. Skarðsá var að vísu alls ekki einangraður bær (þótt nú sé hann á sveitarenda miðað við samgönguæðina þangað), því að þar hjá garði lá allfjölfarin leið úr Sæmundarhlíð yfir Reykjaskarð og upp á Vatnsskarð eða yfir til Húnavatnssýslu eftir öðrum fjalla- og dalaleiðum. Þar hefur því stundum verið nokkuð gestkvæmt á dögum Björns þótt ekki jafnaðist það á við hlutverk Reynistaðar sem menningarmiðstöðvar í vestanverðum Skagafirði.

---

2. Alls er ritið 658 bls. auk formála á bls. III-X og III-LXIV.

## 7. Lagaskrif Skarðsárþónda

Í dag er Björn á Skarðsá einkum kunnur af *annál* sínum hinum mikla, sem við Skarðsá er kenndur og er öllum aðgengilegur í hinu prentaða safni annála frá 1400 til 1800. Hann nær yfir tímabilið frá því um 1400 og fram til 1645. Þykir annállinn vandaður og traustur og er oft til hans vitnað í skrifum fræðimanna. En einnig fékkst Björn við margvísleg önnur ritstörf og jafnframt var hann skáldmæltur, þótt ekki verði fjallað frekar um það á þessum blöðum.

Hér skal lögð áhersla á, að eftir hann liggja meðal annars fjölmörg rit *lögfræðilegs eðlis*. Þau eru fjölbreytt að efni og lengd. Til efni þess, að þau voru færð á blað, eru vafalaust einnig margvísleg. Sumt hefur hann samið sjálfum sér til ánægju, iðulega fyrir innri hvöt góðs fræðimanns en vafalaust oft eftir hvatningu annarra manna, er hann hefur metið mikils. Önnur verkin eru rituð að beiðni tiltekinna manna, þá iðulega sem svör við spurningum lagalegs eðlis, er beint var til hans. Sýnir það betur en margt annað, hvert álit merkra manna var á lögfræðikunnáttu hans.

Að sjálfsögðu verðum við að hafa í huga, að á þessum tímum hafði enginn Íslendingur akademíska menntun í lögum, lagaprófi (embættisprófi í lögfræði) við Kaupmannahafnarháskóla var ekki komið á fyrir en 1736 eins og fyrir var getið um, eða löngu eftir daga Björns og samtíðarmanna hans. Sú lögfræði, sem rit hans snerust um – hvort heldur sem voru skýringar fornyrða úr lögbókinni, lögfræðilegar álitserðir (t.d. svör við aðsendum spurningum) eða annað – var í hæsta máta „þjóðleg“ lögfræði, einvörðungu grunduð á ákvæðum okkar gömlu og æruverðugu lögbókar, Jónsbókar, sem og nokkrum öðrum lagastöfum frá ýmsum tímum.

Áhugi Björns á lögbókinni og skýringum hennar hefur vafalaust kviknað á Reynistað, valdsmannssetrinu þar sem hann ólst upp hjá umboðsmanni hins lagalega valds. Þar hefur hann m.a. átt greiðan aðgang að lögbókinni fornu, *Jónsbóke*, sem hafði að geyma meginkjarna íslenskra réttarreglna fram yfir daga hans, þótt óvíst sé, að hann hafi verið látinn læra að lesa á hana eins og mörg dæmi voru þó um varðandi lestrarkennslu ungra drengja og átti t.d. við um Pál lögmann, eins og fyrir sagði. Má vel vera, að hann hafi lagt efni lögbókarinnar á minnið að verulegu leyti, svo greindur og áhugasamur sem hann var. Á Stað hefur hann orðið vitni að ýmsum lagagerningum, dómsstörfum og öðru, sem sýslumaðurinn, fóstri hans, hafði með höndum. Síðan starfaði hann, verkefnabundið, sem ritari og aðstoðarmaður Jóns Sigurðssonar, sonar fósra hans, en Jón tók við sýslumannsembætti föður síns að



<p>Indl. B. 18          Ep. er ort forð          hód sp. 2. jar          ls 2          Fa m. h. 26          Ep. m. h. 26          v. d. h. g. od. 27          Jarl 2. 27          man 27</p>	<p>gap Hákön ky Hákönson          Bifson þorvaldsson jarls-          nafn yf i fnd. þv á þi          sta ári. Sins þimta yf          kgdöms Sins i Bifson jarl          Gypdi xxx Samgeingna          m. h. v. s. dagtja S. S. S. S. S.          di 2. h. d. am. 2. á i fndi.          2. S. S. v. m. i i fndinga se          (gu up Bifson)          Bifson jarl deydi Á 1268          Dó 2. g. m. á Reme stad          2. S. S. onála i fndi 2. S. S.          Bifson jarls:</p>	<p>flann v. g.          á hnd. v. m. þ.          Dat. 12. 1268          esörn in þora          in horal. S. S.          flann. v. g. 2          þyn. g. l. d. 2          tók þá v. S.          Bifson jarl          Hallverð          Sullþór þá          m. k. g. m. á          Hákön og          magnúsi          þedga 27</p>
<p>Indl. B. 25          Ep. grad. 27          lít. 2. 27          Jalk. 2. d. andz          þ. v. a. g. ill. d.          Ep. Jalk. bit          g. h. 2. b. ana          þ. v. g. 2. g. ill. d.</p>	<p>[Jalkun] S. S. á ad þ. h. i. g. f.          fad. k. m. / S. S. nafn ap          fad. h. i. og er dnygid og          toggi. f. m. þ. h. 2. g. m. / S. S. g.          g. m. u. l. log v. S. S. f. 2. S. S.          te fad. k. m. v. p. yf þ. S. S.          er xij v. e. t. t. f. h. d. 2. þ. á m. m.          af þ. v. á þ. m. "</p>	
<p>Indl. B. 3.          Ep. 2. þ. i. om.          v. d. 2. apt. v. e. l. b. a.          v. m. h. 2. v. o. r.          la. m. u. h. 2. v. e. t.          knáþ þ. v. á 27</p>	<p>[knáþ] S. S. v. m. á - þ. i. t.          ed. 2. f. m. á - d. r. e. i. n. g. "</p>	<p>S. S. h. e. f. t. 2. þ.          la. m. m. u. d. i. a          knáþ g. e. m. g.          v. p. á S. S. 27          f. h. e. i. t. v. p.          g. v. a. d. i. e. r. e. f. m.          S. S. S. S. S. S. S.          knáþ a. d. b. l.</p>
<p>Indl. B. 3. 17.          f. á f. á t. x. l.          S. m. á b. e. r. a          f. h. u. d. k. i. r. t. i. l. 27          S. m. á f. m. á          2. x. x. x. m. á b. e. r. a          þ. m. g. S. h. v. n. v. a.          k. á þ. v. t. v. i. d. g. n. á</p>	<p>[kirtill] S. S. S. S. f. i. t. n. a. p. n.          ap þ. S. S. er þ. r. o. n. g. 2. S. S. d. i. n.          ad. v. e. er ad. þ. h. o. r. v. m. / k. o. r. t. i. l.          l. e. i. d. i.          [kára] S. S. nafn ap.          S. v. i. o. / e. g. y. þ. r. e. g. r. i. p. p.          "</p>	<p>v. e. s. t. g. a. p. a. f.          2. k. a. l. l. a. d. h. d. 27          v. u. f. m. á v. d. s.          v. p. S. S. S. S. S.          v. e. s. t. h. i. d. i. t.</p>

Síða úr lögskeyringahandriti Björns á Skarðá.

honum látnum og varð einnig lögmaður síðar. Á þeim vettvangi mátti greindur og fróðleiksfús maður vissulega læra margt í lögum. Þá má heldur ekki gleyma því, að Björn var lengi lögréttumaður og tók þannig beinan þátt í dómstörfum á Alþingi undir umsjá lögmanns, sem hefur verið vel að sér í lögum, og hefur það tvímælalaust verið lærdómsríkt og, ásamt öðru, hvatt mann eins og Björn til frekari hugleiðinga og fróðleiksöflunar um lagaleg efni. Með þessum hætti, sem hér var getið um, hefur smá saman skapast með honum hvati til sjálfstæðra lagaiðkana í formi ritstarfa.

## 8. Skýringar á dimmum fornryðum lögbókar

Í geymslum Stofnunar Árna Magnússonar í Árnagarði í Reykjavík er merkilegt pappírshandrit, sem Björn fræðimaður á Skarðsá ritaði á sínum tíma, að mestu með eigin hendi. Á sinni tíð var það varðveitt í safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, þangað komið frá Magnúsi Arasyni 1704, en er nú komið heim til landsins kalda, þar sem það varð til í torfbæ norður í Skagafirði. Ber það safnauðkennið *AM 61 a 8vo*. Handritið er, með öðrum orðum, í átta blaða broti, sem kallað er, og því lítið um sig. Það er vel varðveitt og hefur nýlega hlotið góða viðgerð og nýtt band. Þar fer mest fyrir merkilegu safni *fornryða lögbókar*, sem samið er af Birni og bundið inn í eitt hefti með nokkrum öðrum lögfræðiskrifum hans. Skriftin er sæmilega læsileg en smá og þétt. Ljóst er, að Björn hefur sjálfur skrifað allmörg blöð en síðan tekur við önnur rithönd.

Orðasafn Björns er ekki sérlega digurt í síðum eða blöðum talið, því að það telur einungis blöð, sem númeruð eru frá 1 upp í 27 (því liðlega 50 blaðsíður). Þetta safn hefur Björn sjálfur setið við að færa á blöð, sem nú eru gulnuð af elli en þó enn sæmilega heilleg. Sé tekinn samanburður við hið mikla fornryðasafn Páls lögmanns Vídalíns, sem einnig byggist á Jónsbók, skal þess getið, að það er margfalt stærra, sjálfsagt meira en tíu sinnum lengra, eins og sést af því að prentuð gerð þess varð rúmlega 650 síður. Það, sem gerir þetta safn Björns merkilegt – einnig í samanburði við hið mikla safn lögmannsins, sem var fæddur meira en 90 árum eftir komu Björns í þennan harða heim – er það, að við vitum ekki um eldra safn einstakra hugtaka úr *Jónsbók*, og er jafnvel ólíklegt að um eldra safn, sambærilegt, hafi nokkru sinni verið að ræða, þótt vitað sé um eldri skýringar nokkurra fornryða lögbókar. Hér er því um að ræða *frumlegt* verk, sem ber höfundu þess gott vitni um þekkingu, hugkvæmni og framtak.

## 9. Lokaorð

Hafa ber hugfast, að enda þótt lagarit *Björns á Skarðsá* þættu gagnleg á 17. og eitthvað fram á 18. öld og væru í margra manna höndum fóru svo leikar, að lögskýringar annars manns, *Páls lögmanns Vídalín*, sem fæddur var rúmum 90 árum eftir að Björn leit dagsins ljós og lifði nokkuð fram á 18. öld, náðu meiri vinsældum og útbreiðslu en sambærileg skrif Björns.

Páll lögmaður var á sinni tíð hinn mikilvirkasti skýrandi fornra landslaga okkar, enda þótt safn skýringa hana á fornyrðum Jónsbókar kæmi ekki á prent fyrr um miðja 19. öld. Fornyrðaskýringar þeirra beggja, má að sumu leyti bera saman en um annað er samanburður hins vegar örðugur. Yfirbragð skýringarverka þeirra er um margt ólíkt, því að rit Björns eru að jafnaði knöpp um stíl, efnistöð og form, en skýringar lögmannsins oft afar ýtarlegar og aðföng dregin mun víðar að en hjá Birni, enda varð lærdómi og bókakosti þeirra ekki jafnað saman. Í samanburði við lögbókarskýringar Páls eru sambærileg rit Björns sannast sagna lítil að umfangi. Efnisorð (þar er atriðisorð úr lögbókinni, sem fá sína skýringu) eru margfalt fleiri hjá lögmanninum en hjá Skarðsárþóndanum, enda varð prentútgáfa skýringa lögmannsins stór og viðamikil bók, en skýringasafn Björns yrði aðeins dálítið kver, ef prentað væri. Engu að síður eru skýringar Björns allrar athygli verðar. Verður þá m.a. að hafa í huga, að þar er um að ræða elsta varðveitta safn íslenskra lögbókarskýringa, sem nú er þekkt, og er ekki vitað til, að önnur slík söfn hafi áður verið tekin saman. Þetta starf hans var því í flestum eignum *frumlegt*, enda ekki til nærtækra fyrirmynda að sækja.

Í vissum skilningi stóð lögmaðurinn, háttsettur fyrirmaður, langmenntaður úr háskóla, „á herðum Björns“, óskólagengins alþýðumanns, þegar kom til lögbókarskýringa. Að sjálfsögðu hafði lögmaður handrit fornyrðaskýringa Björns á Skarðsá sér til hliðsjónar við fræðastörf sín. Vitnar hann mjög oft til skrifa og skoðana bóndans á Skarðsá og leggur þá mat sitt á. Afstaða höfðingjans í Víðidalstungu til skrifa Björns ber þó með sér sérkennilegt sambland mikillar virðingar, annars vegar, og hins vegar harðrar gagnrýni á stundum. Það er stundum eins og höfðinginn tali svolítið niður til almúgabóndans, eins og þegar hann segir „minn góði Björn“ – áður en gagnrýnin kemur!

Báðir voru þeir, Páll Vídalín og Björn á Skarðsá, kunnir menn og virtir á sinni tíð. Báðir voru þeir góðir fræðimenn. Báðir fóru þeir með trúnaðarstörf á Alþingi,

en þangað stefndu þeir fákum sínum ár hvert um áratuga skeið. Við skyldustörfin á allsherjarþingstaðnum var þó annar sveipaður lögmansskykkju en hinn vaðmálskufli.

Aðstæður þeirra voru ólíkar um margt. Annar var hátt settur embættismaður, sem sat á höfuðbóli og hafði allmikil veraldarumsvif, umvafinn vinnufólki til allra verka, en hinn var leiguliði á miðlungsjörð og varð að bjargast þar eins og best lét. Annar hafði ætíð skrifara til að ritfæra fræði þau, er hann samdi, sem og annað, er skrifa þurfti, en hinn mátti halda sjálfur um fjaðurpena sinn, er hann rýndi í forn fræði og samdi ritsmíðar sínar. Sameiginlegur þáttur í eðli beggja mannanna var þó sterk löngun til fræðistarfa, sem birtist í ritum, sem halda nafni þeirra á lofti.



# Heimildaskrá

Alenfelder, Klaus Michael: Akademische Gerichtsbarkeit, Baden-Baden 2000.

Alexander Jóhannesson: Ár og friður. Lögrétta 1. desember 1932, bls. 478 og áfr.

Alþingistíðindi.

Amira, Karl von: Nordgermanisches Obligationenrecht – Westnordisches Obligationenrecht, Leipzig 1895 (endurútgefin 1973).

Anna Dögg Ágústsdóttir og Guðni Valberg: Reykjavík sem ekki varð, Reykjavík 2014.

Árni Múli Jónasson og Erling Sigtryggsson: Reglur Grágásar um kaupsamninga. Námsritgerð frá 1991 á Háskólabókasafni.

Baldur Óskarsson: Hitabylgja, Reykjavík 1960.

Biskupa sögur – gefnar út af Hinu íslenska bókmenntafélagi I., Kaupmannahöfn 1858.

Björn Th. Björnsson: Íslensk myndlist á 19. og 20. öld – Drög að sögulegu yfirliti, II, Reykjavík 1973.

Björn Þórðarson: Landsyfirdómurinn 1800-1919 – Sögulegt yfirlit, Reykjavík 1947

Brandt, Fr.: Forelæsninger over den norske Retshistorie I, Kristiania 1880.

Einar Arnórsson: Afbrigðileg meðferð einkamála, 2. útg., Reykjavík 1942.

Einar Arnórsson: Almenn meðferð einkamála í héraði, Reykjavík 1941.

Einar Arnórsson: Dómstólar og réttarfar á Islandi, Reykjavík 1911.

Einar Arnórsson: Sáttatilaunir sáttanefnda. Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1952, bls. 245 og áfr.

Grágás – Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík 1992. (Vilhjálmur Finsen annaðist útgáfuna), Kaupmannahöfn 1852-1883.

Guðjón Friðriksson: Nýjustu fréttir! – Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga, Reykjavík 2000.

Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: Kvosin – Byggingasaga miðbæjar Reykjavíkur, Reykjavík 1987.

Haraldur Sigurðsson: Kortasaga Íslands – Frá lokum 16. aldar til 1848, Reykjavík 1978.

Hrafnhildur Schram: Nína S – Nína Sæmundsson 1892-1965 – Fyrsti íslenski kvenmynhöggarinn, Reykjavík 2015.

Hæstaréttardómar.

Íslendinga sögur I (Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason bjuggu til prentunar), Akranesi 1968.

Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum).

Jónsbók – Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 (Ólafur Halldórsson annaðist útgáfuna), Kaupmannahöfn 1904.

Kóran (í þýðingu Helga Hálfðanarsonar), Reykjavík 1993.

Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid.

Lovsamling for Island.

Maack, Heinrich: Grundlagen des studentischen Disziplinarrechts, Freiburg in Breisgau 1956.

Magnús Már Lárusson: Handarband; handsal. Kulturhistorisk leksikon VII, bls. 113.

Magnús Stephensen: Athugasemdir við Sætta-Stiptanir og Forlíkunar-Málefni á Íslandi – Handqver Embættismaða, Sættanefnda, Málsþarta etc. Viðey 1819.

- Matzen, Henning: Kjøbenhavns Universitets Retshistorie 1479-1879, Første Del, Kaupmannahöfn 1879.
- Oberdörfer, Eckhard: Der Heidelberger Karzer, Köln 2005.
- Ólafur Þór Þorsteinsson: Saga íslensku hljómplötunnar 1910-1958. Námsritgerð frá 2006 á Háskólabókasafni.
- Páll Briem: Hundraðatal á jörðum. Lögfræðingur IV., bls. 1 og áfr.
- Páll Sigurðsson: Fjölmiðlaréttur – Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna, Reykjavík 1997.
- Páll Sigurðsson: Höfundaréttur – Meginreglur íslensks réttar um höfundavernd, Reykjavík 1994.
- Páll Sigurðsson: Jarðaleiga samkvæmt fornum rétti – Frá þjóðveldistímum til síðari alda. Lagastaður – Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum, Reykjavík 2013, bls. 223 og áfr.
- Páll Sigurðsson: Laganám í Bologna á miðöldum og áhrif fræðastarfsins þar. Lagapættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum, Reykjavík 1993, bls. 361 og áfr.
- Páll Sigurðsson: Lögvísi við aldaskil – Lagaleg fræði- og útgáfustörf Magnúsar Stephensens dómstjóra. Lagapræðir – Greinar um lög og menn, Reykjavík 2006, bls. 239 og áfr.
- Páll Sigurðsson: Straumhvörf í kirkjurétti. Lagaslóðir – Greinar um lög og rétt, Reykjavík 2005, bls. 181 og áfr.
- Páll Sigurðsson: Tjáningarfrelsi akademískra starfsmanna. Lagavangur – Um forn lög og ný, Reykjavík 2012, bls. 47 og áfr.
- Páll Vídalín: Sjá Rit þess Íslenska [...]
- Páll Vídalín: Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast, samdar af Páli lögmanni Vídalín (Þórður Sveinbjarnarson og Sveinbjörn Egilsson önnuðust útgáfuna), Reykjavík 1854.



Pizan, Christine de: The Book of the City of Ladies. Penguin Classics, 2000.

Rit þess Íslenska Lærdóms-Lista Felags 2.-8. árg., Kaupmannahöfn 1781-1787.  
(Úrdráttur úr lögbókarskýringum Páls Vídalíns í umsjá Þórarins Sigvaldasonar Liliendahls).

Stein, Friedrich: Die akademische Gerichtsbarkeit in Deutschland, Leipzig 1892.

Stjórnartíðindi.

Toll, Heinz-Joachim: Akademische Gerichtsbarkeit und akademische Freiheit,  
Neumunster 1979.

Universitetet 1479-1979, Bind II – Almindelig historie 1788-1936, Leif Grane og  
Kai Hørby önnuðust um útgáfuna, Kaupmannahöfn 1993.

Þorvaldur Thoroddsen: Landfræðissaga Íslands III, Kaupmannahöfn 1902.

Þórður Jónasson: Um sættamál á Íslandi, Reykjavík 1847.

Þórður Sveinbjarnarson: Æfisaga Páls lögmanns Jónssonar Vídalíns, formáli að  
ritinu Skýringar yfir Fornyrði [...], sjá þar.

Öldin okkar – Minnisverð tíðindi 1931-1950, Reykjavík 1951.

# Skrá um bækur eftir Pál Sigurðsson

1. *Brot úr réttarsögu* (Reykjavík 1971)
2. *Um tjón af völdum skipa – Lagasjónarmið um sjóréttarlega bótaábyrgð, einkum utan samninga, og skyld efni* (Reykjavík 1973, fylgirit með Úlfjóti, XXVI. árg. 4. tbl. 1973)
3. *Þróun og þýðing eids og heitvinningar í réttarhari* (Reykjavík 1978)
4. *Fyrirlestrar um samningarétt, almenna hlutann* (Reykjavík 1978)
5. *Fyrirlestrar um kauparétt, lausafjárkaup* (Reykjavík 1978)
6. *Þættir úr fjármunarétti I* (Reykjavík 1978)
7. *Þættir úr fjármunarétti II* (Reykjavík 1978)
8. *Verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1982)
9. *Álitsgerð Kirkjueignanefndar* (Reykjavík 1984, aðalhöfundur)
10. *Hliðsjónarrit í samninga- og kauparétti I-XX* (Reykjavík 1982-1986)
11. *Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands - Heimildir um hugmyndir, aðdraganda og framkvæmdir fram yfir 1940* (Reykjavík 1986, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1985-1986)
12. *Samningaréttur – Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Reykjavík 1987)
13. *Kauparéttur – Meginreglur íslensks réttar um lausafjárkaup* (Reykjavík 1988)
14. *Háskólamálið og lagaskólamálið – Úrval heimilda um aðdraganda að stofnun háskóla á Íslandi* (Reykjavík 1989)
15. *Kringsjá – Þættir um erlendan rétt og samanburðarlögfræði* (Reykjavík 1989)
16. *Verksamningar – Meginreglur íslensks verktakaréttar* (Reykjavík 1991)
17. *Raunsjá – Raunhaf verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1991)

18. *Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands II – Draumsýnir, framkvæmdir og sviptmyndir af háskólasamfélagi 1940-1990* (Reykjavík 1991, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1989-1991)
19. *Kröfuréttur – Almennur bluti* (Reykjavík 1992)
20. *Sviptmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Reykjavík 1992)
21. *Lagaþættir – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
22. *Lagaþættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
23. *Lagaþættir III – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1994)
24. *Höfundaréttur – Meginreglur íslensks réttar um höfundarvernd* (Reykjavík 1994)
25. *Fjallvegafélagið – Ágrip af sögu þess* (Reykjavík 1994)
26. *Leiguréttur I – Meginreglur íslensks réttar um leigusamninga auk nokkurra sérsviða* (Reykjavík 1995)
27. *Ferð á frændaslóðir – Hjaltland og Orkneyjar frá sjónarhóli Íslendinga* (Reykjavík 1996)
28. *Hveravallamálið og önnur málefni hálandisins* (Reykjavík 1996)
29. *Ávörp og greinar af vettvangi Ferðafélagsins* (Reykjavík 1996)
30. *Fjölmiðlaréttur – Meginþættir réttarumbverfis fjölmiðlanna* (Reykjavík 1997)
31. *Erfðaréttur – Yfirlit um meginefni erfðaréttar* (Reykjavík 1998)
32. *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs – og aftökur dæmdra manna* (Reykjavík 2000)
33. *Skæðadrífa – Safn stuttra greina um lög og samfélag* (Reykjavík 2003)
34. *Lagaskuggsjá – Greinar um lög og sögu* (Reykjavík 2004)
35. *Lagabeimur – Greinar um samanburðarlögfræði* (Reykjavík 2004)
36. *Lagaslóðir – Greinar um lög og rétt* (Reykjavík 2005)
37. *Lagaþræðir – Greinar um lög og menn* (Reykjavík 2006)

38. *Um lög og rétt – Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (meðhöfundur) (Reykjavík 2006; 2. útg. Reykjavík 2009)
39. *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Reykjavík 2008, ritstjóri)
40. *Lagасыn – Greinasveigur um lög, lönd og sögu* (Reykjavík 2009, prentuð bók og netbók, vistuð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands)
41. *Mannhelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar* (Reykjavík 2010)
42. *Lagavangur – Um forn lög og ný* (Reykjavík 2012)
43. *Skagafjörður vestan Vatna – Frá Skagatá að Jökli*. Árbók Ferðafélags Íslands 2012 (Reykjavík 2012)
44. *Lagastaður – Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2013)
45. *Skagafjörður austan Vatna I – Frá Jökli að Furðuströndum*. Árbók Ferðafélags Íslands 2014 (Reykjavík 2014)
46. *Minningaleiftur – Vörður á vegferð* (Reykjavík 2015)
47. *Skagafjörður austan Vatna II – Frá Hjaltadal að Úlfsdölum*. Árbók Ferðafélags Íslands 2016 (Reykjavík 2016)
48. *Lagaþankar – Safn greina um réttarframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2016, prentuð bók og netbók, vistuð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands)
49. *Úr hugarranni – Minningabrot og þættir* (Í útgáfuferli)

*Afmalísrit til heiðurs Páli Sigurðssyni sjötugum 16. ágúst 2014 var gefið út í Reykjavík 2014*

# LAGAÐANKAR



## Safn greina um réttarframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum

Bókin hefur að geyma safn tíu frumsaminnna greina, sem á einn eða annan hátt fjalla um lög og lögfræði, en þó með misjafnlega nánum tengslum við hefðbundnar greinar lögfræðinnar. Ýmsar greinarnar eru sögulegs eðlis og fjalla um áhugaverðar menningarminjar, er snerta löggjöf á ýmsum tímum, lögfræðina, réttarframkvæmdina og sögu háskólanna. Greinaheiti bókarinnar eru sem hér segir: Dómhúsið sem gufadi upp, Höfuðbúnaður kvenna, sem mótast af trúarlegum ástæðum, Jarðakaup að fornum rétti, Lögfræði og kvenleg fegurð, Löggjöfin, siðgæðið og þjóðarsálin, Satt eða logið – áreiðanleiki fréttar í fjölmiðlum, Sáttanefndir, Sjálfstæði háskólanna og réttarstaða háskólaborgara fyrr á tíð, Stóri bróðir og listin – hvað leyfist og hvað ekki, Tveir norðlenskir lögskýrendur.



Bókarhöfundur, Páll Sigurðsson, var prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands í rúmlega fjörutíu ár en lét af störfum haustið 2014. Áður en hann hóf störf við deildina haustið 1973 hafði hann stundað framhaldsnám í lögfræði erlendis um fjögurra ára skeið. Hann lauk doktorsprófi í lögum 1978. Páll hefur ritað fjölda bóka og ritgerða á sviði lögfræði en einnig meðal annars þætti og bækur úr sögu Háskóla Íslands og árbækur Ferðafélags Íslands um Skagafjörð. Páll hefur kennt margar greinar í háskóladeild sinni og hefur gegnt fjölbreyttum trúnaðarstörfum innan Háskóla Íslands jafnt sem utan hans.